# FRÉTTABLAÐIÐ

53. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 3. MARS 2018




# Bíddu, ertu ekki þjónn?

Konur hafa sífellt meiri áhrif í karllægum matreiðslubransa. ➝ 28

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Látum ekki hafa okkur að fíflum



Verkafólk segir frá lífi sínu og kjörum. ➝36



## Hverjir eiga skilið Óskar?

Óskarsverðlaunin verða afhent á sunnudaginn. ➝28



## Ábyrgð og samkennd

Andrey Zvyagintsev leikstjóri í viðtali. ➝56

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


GLAMOUR

ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT




SMÁRALIND



ALLT FYRIR FERMINGUNA

OPIÐ TIL 18 Í DAG

## Veður




Áframhaldandi norðaustanátt með éljum á norðan- og austanverðu landinu en bjart og fallegt veður sunnan jökla og á vestanverðu landinu. SJÁ SÍÐU 52

# Bestu myndirnar dregnar fram



**Undirbúningur fyrir fréttaljósmyndasýninguna Myndir ársins 2017 var í fullum gangi í Hörpu í gær. Sýningin hefst í dag. Við opnunina er jafnan spenna því þá eru veitt verðlaun fyrir vinningsmyndir ársins. Sýningin verður aðgengileg á opnunartíma Hörpu næstu þrjár vikur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Borgaralaun ekki til góða

**STJÓRNMÁL** Draga má sterklega í efa að það að láta alla einstaklinga, 18 ára og eldri, fá skilyrðislaust 300 þúsund krónur í borgaralaun á mánuði úr ríkissjóði leiði til bættrar afkomu þeirra verst settu. Mun líklegra er að þeir sem lakast standa fari verst út úr slíkum kerfisbreytingum. Þetta segir fjármálastjóri Reykjavíkurborgar í umsögn um þingsályktunartillögu Pírata um skilyrðislausa grunnframfærslu, betur þekkta sem borgaralaun.

Í umsögninni er bent á að árlegur kostnaður ríkisins við að greiða tæplega 260 þúsund manns 300 þúsund krónur á mánuði yrði rúmir 930 milljarðar. Eða ríflega 110 milljörðum meira en nemur áætluðum útgjöldum A-hluta ríkissjóðs 2018.

Hugmyndir um borgaralaun eru í umsögninni kallaðar „félagslegt tilraunaverkefni“. **– smj**

## Þorskur fari ekki á uppboð

**FISKVEIÐAR** Stjórn Sjómannasambands Íslands er andvíg lagafrumvarpi þingmanna Samfylkingarinnar og Pírata um að umframkvóti á þorski fari í útboð. Það sé skaðlegt fyrir hagsmuni sjómanna.

Samkvæmt frumvarpinu á umframkvóti af þorski að fara á uppboð ef heildarafli á þorski verður aukinn. Leigugjald fyrir aflahlutdeildir sveiflist sjálfkrafa með arðsemi veiða og dragi úr líkum á pólitísku inngripi. Þá væri ekki verið að hygla neinum.

Stjórn Sjómannasambandsins segir fjölda sjómanna hafa lífsviðurværi af fiskveiðum. Þorskveiðiheimildirnar séu mikilvægar í því sambandi og „því óásættanlegt að stjórnmálamenn vilji sí og æ skerða tekjumöguleika þeirra sem þegar hafa atvinnu af sjómennsku með því að færa fiskveiðiheimildir frá þeim til einhverra annarra.“ **– sa**

## Alma skipuð nýr landlæknir

**HEILBRIGÐISMÁL** Alma Dagbjört Möller hefur verið skipuð nýr landlæknir frá og með 1. apríl næstkomandi af Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra.



**Alma Dagbjört Möller.**

Alma verður fyrst kvenna til að gegna þessu embætti hér á landi en sex sóttu um stöðuna og var Alma önnur tveggja sem lögskipuð hæfnisnefnd mat hæfasta.

Skipunartíminn er fimm ár en Alma mun taka við af Birgi Jakobssyni sem er á leið í heilbrigðisráðuneytið að verða aðstoðarmaður Svandísar. **– smj**





Ökuland ehf.
Ökuskóli

12.–15. apríl 2018

Akstursþjálfun
hjá Mercedes-Benz í Þýskalandi
fyrir ökumenn og eigendur vörubíla
sem og aðra áhugasama

- Metin til endurmenntunar bílstjóra
- Heimsókn í vörubílaverksmiðju
- Tæknisafnið í Speyer

Fararstjóri: Guðni Sveinn 899 1779
gudni@okuland.is
Verð: 185.000.kr.
Hægt er að sækja um styrki til ferðarinnar.

**Nánari upplýsingar um ferðatilhögun: www.okuland.is**
**Skráningu fer að ljúka.**


# Sami verktaki gleymdi fötluðu stúlkunni 2015

**Sama fyrirtæki ber ábyrgð á að kona gleymdist í bíl ferðaþjónustu fatlaðra í vikunni og í sambærilegu atviki 2015. Framkvæmdastjóri Strætó segir að ítrekað hafi verið við alla verktaka við aksturinn að fara yfir leiðbeiningar og reglur.**

**SAMFÉLAG** Bílstjóri sem gleymdi mikið fatlaðri konu í bíl ferðaþjónustu fatlaðra á þriðjudag vinnur fyrir sama fyrirtæki og gleymdi 18 ára stúlku í sjö klukkustundir 2015.

Þetta staðfestir framkvæmdastjóri Strætó bs. sem telur þó að líklega sé aðeins tilviljun að svo hafi hitt á. Eina skýringin sem fundist hafi á atvikinu í vikunni sé einbeitingarleysi bílstjóra.

Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., segir að farið hafi verið yfir málið strax þegar það kom upp. Svo virðist sem allt hafi farið úrskeiðis, ekki hafi verið farið eftir leiðbeiningum og verklagsreglum svo brýna þurfi fyrir verktökum sem sinna Ferðaþjónustu fatlaðra fyrir Strætó bs. að fræða starfsmenn sína.

„Það er ekki hægt að segja að leiðbeiningarnar séu óskýrar eða tækin og tólin ófullnægjandi. Það er óskiljanlegt hvernig svona getur gerst enda erum við með tæki þar sem fólk er stimplað inn og út úr bílnum, bílarnir eru litlir þannig að yfirsýn yfir bílinn ætti að vera auðveld. Þetta er óskiljanlegt atvik og svo sem engin ein skýring. Við finnum ekki aðra skýringu en að þarna hafi ákveðið einbeitingarleysi átt sér stað.“

Aðspurður hvort viðkomandi bílstjóri hafi verið sendur í leyfi vegna málsins segir Jóhannes að fyrirtækið tjái sig ekki um slíkt.

Fyrirtækið sem um ræðir heitir All Iceland Tours, einn 20 verktaka sem sinnir akstri fatlaðra fyrir Strætó. Aðspurður hvort tilefni sé til að endurskoða þjónustu þess fyrirtækis, í ljósi þess að þetta er í annað skipti sem fötluð kona gleymist í bílum þess, segir Jóhannes að leiðbeiningar hafi verið ítrekaðar við alla verktaka og mælst til þess að þeir fari ítarlega yfir þær, verklagsreglur og viðbragðsáætlun áður en þeir sendi menn af stað í keyrslu.



**Tvenn stór mistök ferðaþjónustu fatlaðra urðu hjá sama verktakanum undir Strætó. Myndin tengist efni fréttarinnar ekki beint.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Við finnum ekki aðra skýringu en að þarna hafi ákveðið einbeitingarleysi átt sér stað.**
>
> Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs.



„Það er það sem við gerðum gagnvart öllum í þessu ferli. En það er líklega bara tilviljun að þetta kemur svona upp.“

Jóhannes kveðst ekki hafa heyrt af mikilli starfsmannaveltu hjá fyrirtækjunum sem sinna akstrinum, í það minnsta ekki óeðlilegar tölur.

Vissulega hafi menn haldist illa í þessu starfi eftir byrjunarörðugleikana 2015, álagið hafi verið mikið og öll mistök ratað í fjölmiðla sem ekki allir hafi höndlað.

„Okkur sýnist við vera með nokkuð reyndan hóp í þessum akstri. Flestir þessara verktaka hafa sinnt þessu í áratugi, það er mikil reynsla og gamalreyndir starfsmenn, en auðvitað einhverjir nýir.“

**mikael@frettabladid.is**

GILDIR TIL 05.03.18

# TAX FREE




## AF ÖLLUM VÖRUM
## Í ÖLLUM BÚÐUM

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM. TAX FREE TILBOÐ JAFNGILDIR 19,35% AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN ER Á KOSTNAÐ RÚMFATALAGERSINS. VIRÐISAUKA ER AÐ SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ TIL RÍKISSJÓÐS.

ERUM Á 6 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - BÍLDSHÖFÐA - GRANDA - AKUREYRI - SELFOSSI

**TÖLUR VIKUNNAR** 25.02.2018 TIL 03.03.2018

**32%** karla | **27%** kvenna

féllu í fyrra undir þá skilgreiningu að vera með skaðlegt neyslumynstur á áfengi. Sé hlutfallið heimfært upp á þjóðina er um að ræða 40 þúsund karla og 33 þúsund konur.

**47%**

þeirra sem afstöðu tóku í könnun Fréttablaðsins og frettabladid.is telja að nýr Landspítali eigi ekki að rísa við Hringbraut. **39%** segja að spítalinn eigi að rísa við Hringbraut. **13%** kváðust vera hlutlaus.

**milljarð**

króna rúmlega fengu lykilstjórnendur stóru viðskiptabankanna þriggja samanlagt í laun, hlunnindi og árangurstengdar greiðslur í fyrra.

**31,5 milljónir**

króna var kostnaður við árshátíð ríkisfyrirtækisins Isavia. Rúmlega **1.400** manns starfa hjá fyrirtækinu og dótturfyrirtækjum.

**285.200**

voru gistinætur á hótelum í janúar síðastliðnum. Er það eins prósents samdráttur frá sama mánuði árið áður.

**520**

þúsund krónur á mánuði voru meðalneysluútgjöld á heimili árin 2013 til 2016. Á heimili búa á milli 2,7–2,9 einstaklingar að meðaltali. Ráðstöfunartekjur meðalheimilis í rannsókninni voru 857 þúsund krónur á mánuði (verðlag 2016).

## Þrjú í fréttum
## Fangelsi, vopn og kvikmyndir

**Páll Winkel**
*forstjóri Fangelsismálastofnunar*



sagði að skilgreina þyrfti heilbrigðisþjónustu í fangelsum, fjármagna hana og veita. Búið væri að gera úttektir og skýrslur og fyrir lægi að óháðir eftirlitsaðilar hefðu ítrekað gert alvarlegar athugasemdir við heilbrigðisþjónustu og sérstaklega geðheilbrigðisþjónustu fanga.

**Rósa Björk Brynjólfsdóttir**
*alþingismaður*



sagði grafalvarlegt að íslensk stjórnvöld hefðu heimilað flugfélaginu Air Atlanta að flytja vopn til Sádi-Arabíu þaðan sem þau gætu borist til Sýrlands og Jemen. Fráfarandi mannréttindastjóri SÞ hefði lýst löndunum sem sláturhúsum. Íslensk lög og alþjóðasáttmálar hefðu lagt bann við að vopn væru flutt til svæða þar sem þau væru notuð gegn almenningi.

**Margrét Örnólfsdóttir**
*formaður Félags leikskálda og handritshöfunda*



kvaðst telja það óheilbrigt fyrir kvikmyndagerð að í Kvikmyndaráði sæti alltaf sama fólkið og stýrði því hvernig myndir væru gerðar, hvaða sögur væru sagðar og hvernig þær væru sagðar. Hún sagðist telja gott ef þak yrði sett á lengd setu ráðgjafa.

# Staða forstöðumanns ekki laus vegna mistaka fyrir ellefu árum

**Embætti forstöðumanns Kvikmyndasjóðs verður ekki auglýst. Ástæðan er mistök sem gerð voru í menntamálaráðuneytinu fyrir meira en áratug. Ráðherra segir niðurstöðuna valda vonbrigðum enda sé eðlilegt að auglýsa. Hagsmunaaðilar vildu að staðan yrði auglýst en Laufey Guðjónsdóttir á nú rétt á henni til 2023.**

**STJÓRNSÝSLA** „Það er mín skoðun að almennt eigi að auglýsa stöður forstöðumanna ríkisins til að tryggja faglegt mat, eðlilega endurnýjun og gagnsæi í opinberri stjórnsýslu. Þess vegna eru það vonbrigði að við höfum ekki getað auglýst þetta vegna þessara mistaka sem má rekja allt til ársins 2007,“ segir Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.

Fréttablaðið greindi frá því hinn 24. janúar að hagsmunaaðilar í kvikmyndaiðnaðinum hefðu skorað á mennta- og menningarmálaráðherra að auglýsa starf forstöðumanns Kvikmyndamiðstöðvar Íslands laust til umsóknar áður en skipunartími Laufeyjar Guðjónsdóttur rynni út. Ef auglýsa á starfið þarf, samkvæmt 23. grein laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, að tilkynna núverandi forstöðumanni það sex mánuðum áður en skipunartíminn rennur út.

Vegna mistakanna sem Lilja vísar til verður staðan ekki auglýst. Þau felast í því að í bréfi menntamálaráðuneytisins sem dagsett var 8. ágúst 2007 var skipunartími Laufeyjar sagður framlengjast til 17. ágúst 2013 í stað 17. febrúar 2013 eins og hefði átt að vera. Sú lokadagsetning var skráð í ráðuneytinu. Endurskipan Laufeyjar árið 2013 var svo skráð 17. ágúst 2013 til 17. ágúst 2018, en hefði átt að vera til 17. febrúar. Þetta þýðir að það hefði átt að vera búið að auglýsa stöðuna fyrir 17. ágúst á síðasta ári en ekki 17. febrúar síðastliðinn.

Ráðuneytið telur sig eiga að bera hallann af mistökunum. Því framlengist ráðningartími Laufeyjar sjálfkrafa til ársins 2023. Ráðuneytið fékk auk þess utanaðkomandi lögfræðiálit sem staðfesti þessa túlkun.



Kristján Þór Júlíusson var menntamálaráðherra áður en Lilja Alfreðsdóttir tók við. Ef auglýsa hefði átt stöðu forstöðumanns Kvikmyndamiðstöðvar, þá hefði þurft að gera það á meðan Kristján var ráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Lilja tekur fram að afstaða sín um að auglýsa eigi stöður forstöðumanna sé grundvallarafstaða en hafi ekkert með störf núverandi forstöðumanns að gera. Árleg framlög ríkissjóðs til Kvikmyndamiðstöðvar nema rétt rúmlega 1,1 milljarði króna. „Mér finnst eðlilegt þegar verið er að útdeila svona miklum peningum inn í svona þröngan geira að það sé skipt um mann í brúnni reglulega,“ sagði Snorri Þórisson, stjórnarformaður Pegasusar framleiðslufyrirtækis, þegar Fréttablaðið ræddi við hann á dögunum. Hann sagði líka að forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar þyrfti að berjast fyrir því að fá meiri fjármuni í sjóðinn til að hafa úr meiru að moða. „Ég hef ekki orðið var við að það hafi gerst,“ sagði Snorri.

jonhakon@frettabladid.is






Það er engin tilviljun að Toyota Corolla er mest seldi bíll í heimi. Hann byggir á gömlum og traustum grunni, en breytist um leið í takt við tímann og tækninýjungar hverju sinni. Þess vegna eiga allar kynslóðir sína Corollu. Nú færð þú hana á góðu verði með veglegum kaupauka – **ferð til Evrópu fyrir tvo með Icelandair og Canon EOS 800D myndavél, alls að verðmæti 257.900 kr.**

Kynntu þér Toyota FLEX, frábæra leið til að eignast nýja Toyota bifreið á www.toyota.is

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ
FLEX

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

origo
ICELANDAIR

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

## MEST LESIÐ



1 Gefur besta vini sínum nýra

2 Segja allt hafa verið betra í gamla daga

3 Leiktæki lokað við Ísaksskóla: „Ég vil gera allt rétt“

4 Heiðar kaupir fyrir 100 milljónir í Vodafone

5 Skrifaði frétt um „rígmontinn“ litla bróður sinn

## Stormurinn hrellir Evrópu enn



Óveður og kuldi halda áfram að hrella Evrópubúa og er tala látinna í álfunni undanfarna daga komin upp í 59. Þar af 23 í Póllandi einu. Röskun hefur í þokkabót orðið á samgöngum. Til að mynda var öllum flugferðum til og frá Írlandi aflýst í gær. Stormurinn, sem hefur til að mynda verið kallaður „Skepnan úr austri“, á uppruna sinn í Síberíu og hafa Evrópubúar alveg suður að Miðjarðarhafi fundið vel fyrir honum. NORDICPHOTOS/AFP

# Biskupinn segist engan afslátt geta gefið

**Agnes M. Sigurðardóttir biskup segist munu leggja sig fram við að skýra aðkomu sína að málum Ólafs Jóhannessonar sóknarprests verði einhverju af fimm málum sem tengjast honum áfrýjað. Biskup hljóti ávallt að taka ásakanir um óviðeigandi háttsemi alvarlega.**

**KIRKJUMÁL** Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, vísar gagnrýni úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar, um að hún sem biskup og fagráð um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar hafi ekki farið að settum reglum varðandi meðferð í málum sem beindust gegn séra Ólafi Jóhannssyni, á bug.

Að mati biskups er mikilvægt að standa vörð um rétt brotaþola og senda menn í leyfi hið snarasta, leiki grunur á því að um kynferðislega áreitni sé að ræða.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar hefði gagnrýnt málsmeðferð fagráðs og biskups í einu málinu. Agnes, sem yfirmaður sóknarprestsins og annarra brotaþola, sendi prestinn í leyfi á meðan kærur gegn honum voru rannsakaðar.



**Dögg Pálsdóttir er formaður úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar.**

Taldi úrskurðarnefndin að ekki hefði verið farið eftir stjórnsýslureglum. Séra Ólafur Jóhannsson, sóknarprestur í Grensáskirkju, var sakaður af fimm konum um að hafa áreitt þær kynferðislega. Einnig á hann sér sögu og hefur í tvígang leitað sér sálfræðimeðferðar vegna samskipta við konur.

> **Það er í mínum huga óhugsandi, að æðsti embættismaður kirkjunnar stígi til hliðar og bregðist ekki við ef einstaklingur leitar til embættisins eftir hjálp við að leysa úr erfiðum og viðkvæmum málum.**
>
> Agnes M. Sigurðardóttir, biskup



„Mín afstaða er skýr. Biskup hlýtur ávallt að taka ásakanir um óviðeigandi háttsemi presta eða annarra starfsmanna kirkjunnar alvarlega. Það á sérstaklega við þegar grunur leikur á áreitni af kynferðislegum toga eða öðru ofbeldi. Það er í mínum huga óhugsandi, að æðsti embættismaður kirkjunnar stígi til hliðar og bregðist ekki við ef einstaklingur leitar til embættisins eftir hjálp við að leysa úr erfiðum og viðkvæmum málum,“ segir Agnes í yfirlýsingu sem birt var á heimasíðu kirkjunnar.

„Samskipti presta við sóknarbörn og samstarfsfólk á vettvangi kirkjunnar eiga að vera hafin yfir allan vafa. Þar verður að ríkja algjört traust,“ segir enn fremur í yfirlýsingu biskups.

Líklegt þykir að einhverju málanna fimm verði skotið á næstu þremur vikum til áfrýjunarnefndar kirkjunnar. Biskup hyggst nýta sér það svigrúm til að útskýra mál sitt.

„Komi til áfrýjunar í umræddu máli mun ég leggja mig fram um að skýra aðkomu mína og afstöðu fyrir áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar, enda get ég engan afslátt gefið þegar ásakanir um alvarlegan trúnaðarbrest, áreitni eða ofbeldi koma upp,“ segir Agnes.

**sveinn@frettabladid.is**

FLOREALIS

Viðurkennt jurtalyf gegn vægum gigtarverkjum




Fullorðnir: 2 hylki tvisvar á dag. Ekki nota Harpatinum ef þú ert með ofnæmi fyrir jarðhnetum eða soja, eða ert með sár í maga eða þörmum. Ef þú hefur gallsteina eða liðverki samhliða bólgum, roða eða hita, skaltu hafa samband við lækni áður en þú notar Harpatinum. Leitaðu til læknis ef þú finnur fyrir aukaverkunum eða ef einkenni eru viðvarandi eða hafa versnað (2 vikur við vægum meltingartruflunum, 4 vikur við vægum gigtarverkjum). Hvorki ætlað börnum yngri en 18 ára né þunguðum konum eða konum með barn á brjósti. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Fæst í öllum helstu apótekum án lyfseðils

florealis.is/harpatinum

# Meira eftirlæti



### Eiginleikar jarðarberja

Jarðarber eru góð fersk í salatið, með kökunni, ísnum og rjómanum og ekki síst í bústið. Í jarðarberjum er mikið af mikilvægum steinefnum, einkum járni og kalki. Þau eru hitaeiningasnauð en innihalda einnig nokkuð af A-, B- og C-vítamíni.



**Jarðarber**

1 kg af safaríkum jarðarberjum

**1.199 kr/ks**

Tilboð gilda út 4. mars.

### Eiginleikar Mangó

Mangó er ríkt af C-vítamíni. Einnig inniheldur það talsvert af A- og B-vítamínum, steinefnum og járni. Mangó er tilvalið eitt og sér sem og í salöt og eftirrétti.



ávöxtur mánaðarins

**Mangó**

**699 kr/kg**




**Karolines Køkken**

Vanillusósa með ekta bourbon vanillu

**399 kr/stk**




**Forum Bisquits**

Gómsætar eftirréttaskálar

**verð frá 499 kr/pk**



**T'a Milano**

Ekta ítalskt gæða súkkulaði. 50 g

**499 kr/stk**

24

**Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni**

HAGKAUP

*Meira svona alla daga*

**Flutningur læknastofu**

Læknastofa mín að Melhaga hefur flutt í Domus Medica, Egilsgötu 3, 101 R. Sími 563 1000.

***Árni Tómas Ragnarsson læknir***
***Sérgrein: Gigtlækningar***

**Aðalfundur Íslandsdeildar Amnesty International**

**verður haldinn miðvikudaginn 14. mars 2018 kl. 20:00 í húsnæði deildarinnar, Þingholtsstræti 27, 101 Reykjavík, 3. hæð.**

**Dagskrá:**
**Najmo Cumar Fiyasko frá Sómalíu**
Najmo er tvítug stúlka sem var gefin í hjónaband í heimalandinu aðeins 11 ára gömul. Þrettán ára flýði hún land og hefur síðan unnið ötullega að því að berjast gegn barnabrúðkaupum. Hún kom til Íslands 16 ára gömul sem fylgdarlaust barn. Najmo deilir átakanlegri sögu sinni. Erindið fer fram á ensku

**Aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum deildarinnar**

AMNESTY INTERNATIONAL

**AÐALFUNDUR**
**Félags iðn- og tæknigreina 2018**

**verður haldinn í Borgartúni 30, 6. hæð, laugardaginn 10 . mars kl. 11.00.**

**Dagskrá:**
1. Skýrsla félagsstjórnar um starf félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til umræðu og afgreiðslu.
3. Ákvarðanir teknar um ávöxtun sjóða félagsins.
4. Kjöri stjórnar lýst.
5. Kosning trúnaðarráðs, kjörstjórnar, skoðunarmanna reikninga, og uppstillinganefndar.
6. Kosning endurskoðenda.
7. Tillögur um fulltrúa á ársfundi lífeyrissjóða sem FIT er aðili að.
8. Önnur mál.

Hádegismatur í boði félagsins.

**Stjórnin**

Félagið veitir ferðastyrk til þeirra félagsmanna sem búa í meira en 40 km fjarlægð frá fundarstað.

FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA



**Uppbygging Landspítala við Hringbraut er í fullum gangi en enn er deilt um staðsetninguna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Segir meiri umferð af íbúabyggð en spítala

Efasemdir um staðsetningu Landspítala eðlilegar, segir borgarstjóri, en tilhneiging til að skipta um skoðun eftir nánari athugun. Eyþór Arnalds segir galla á staðsetningunni vegna rýmis og samgangna og kallar eftir staðarvalsgreiningu.

**SKIPULAGSMÁL** „Það eru mjög eðlileg fyrstu viðbrögð að hafa efasemdir um staðsetninguna,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri aðspurður um niðurstöður könnunar um afstöðu borgarbúa til staðsetningar nýs Landspítala sem birtar voru í Fréttablaðinu í gær.

Niðurstöðurnar sýna að 47 prósent þeirra sem taka afstöðu telja spítalann ekki eiga að rísa á núverandi stað við Hringbraut.

„Það var líka reynslan í umfjöllun borgarstjórnar á sínum tíma en eftir að hafa farið ítarlega yfir öll sjónarmið og gögn í málinu, þá var líka merkilegt að það varð þverpólitísk samstaða í borgarstjórninni um að þessi staðsetning væri rétt,“ segir Dagur og vísar til samstöðu á síðasta kjörtímabili er þessi hluti skipulags fyrir viðbótina var kláraður.

„Það var ekki allt óumdeilt í því deiliskipulagi en það varð þverpólitískt sátt um staðsetninguna, þó svo hafi ekki verið í upphafi umræðunnar,“ segir Dagur.

„Í fyrsta lagi þá er nauðsynlegt að velja framtíðarstaðsetningu fyrir spítalann og fara í staðarvalsgreiningu sem fyrst um framtíðaruppbyggingu Landspítalans,“ segir Eyþór Arnalds, oddviti framboðslista Sjálfstæðisflokksins fyrir komandi borgarstjórnarkosningar.

Eyþór segir staðsetningu spítalans í dag hafa ákveðna galla, bæði hvað varðar rými og samgöngur. Hún hafi upphaflega verið í útjaðri en borgin var miklu minni en í dag.

„Til framtíðar eigum við að stefna á að bæði stofnanir og fyrirtæki séu líka austarlega í borginni. Það er betri og heilbrigðari þróun sem léttir á samgöngukerfinu og styttir ferðatíma fyrir okkur,“ segir Eyþór.

Aðspurður segir Eyþór mikilvægt að tefja ekki framkvæmdir sem þegar séu á framkvæmdastigi.

„En umferðarlega er spítalinn á röngum stað og þess vegna er mikilvægt að staðarvalið fari fram, þannig að spítalinn sjálfur og aðrir geti hugað að uppbyggingunni á nýjum stað,“ segir Eyþór. „Þessi staðarvalsgreining þarf ekki að taka mjög langan tíma en þarf að vera gerð faglega og þá sjá menn uppbygginguna til framtíðar.“

Dagur segir raunveruleikann um samgöngurnar í rauninni allt annan en halda mætti af umræðunni.

„Vaktaskipti á spítalanum eru utan háannatíma í umferðinni til dæmis á morgnana, inniliggjandi sjúklingar ferðast lítið á milli staða og gestakomur dreifast á allan daginn. Umferðarröskun er því ekki eins mikil eins og halda mætti af umræðunni,“ segir Dagur og bætir við:

Þegar farið var yfir þetta þá var líka skoðað hver áhrifin yrðu af því að hafa aðra atvinnustarfsemi eða íbúabyggð á svæðinu ef spítalinn færi annað. Og í ljós kom að undantekningarlaust hefði önnur uppbygging skapað meiri umferð á svæðinu en uppbygging spítalans mun hafa í för með sér.

Það myndi auðvitað hafa mjög miklar afleiðingar fyrir verkefnið og ég held að þeir, sem er alvara um verkefnið, hljóti að nálgast alla slíka umræðu af ábyrgð,“ segir Dagur inntur eftir því hvort raunhæft sé að breyta staðsetningunni.

„En þetta er stór ákvörðun og gildir til langs tíma og eðlilegt að menn hafi efasemdir í fyrstu. En þeirri umfjöllun borgarstjórnar lauk með því að allir voru sammála um að staðsetningin styddist við mjög traust rök og ítarlega skoðun.“

**adalheidur@frettabladid.is**

### Viltu að nýr Landspítali rísi á núverandi stað við Hringbraut?

39% Já
13% Hlutlaus
47% Nei

Undantekningarlaust hefði önnur uppbygging skapað meiri umferð á svæðinu en uppbygging spítalans mun hafa í för með sér.



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

# Kæru vegna Hvalárvirkjunar vísað frá

**UMHVERFISMÁL** Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vísaði frá kæru Landverndar vegna Hvalárvirkjunar á Ströndum. Kæran laut að ákvörðun Orkustofnunar frá 21. janúar í fyrra um að framlengja rannsóknarleyfi við virkjunina.

Úrskurðarnefndin féllst á þau rök Orkustofnunar að Landvernd ætti ekki lögvarinna hagsmuna að gæta í málinu. Landvernd væri ekki á neinn hátt aðili að málinu og því bæri að vísa kærunni frá nefndinni.

Hvalárvirkjun var sett í nýtingarflokk í rammaáætlun fyrir sjö árum. Hún var þá einn virkjanakosta á Vestfjörðum sem voru metnir af öllum faghópum rammaáætlunar. Einnig var talið að orkuöryggi á Vestfjörðum ykist við virkjunina sem á að vera um 55 MW.

Salome Hallfreðsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar, sagðist í samtali við Fréttablaðið í gær ekki telja tímabært að ræða úrskurðinn. **– sa**



**Hvalárvirkjun á Vestfjörðum er umdeildur virkjunarkostur.**




KIA

The Power to Surprise

## Hæsta einkunn í gæðakönnun J.D. Power

Við fögnum því að Kia Rio er í efsta sæti í flokki smábíla í nýrri áreiðanleikakönnun bandaríska greiningarfyrirtækisins J.D. Power. Þessi árangur kemur okkur reyndar lítið á óvart. Kia Rio er fyrir löngu orðinn vel þekktur á Íslandi fyrir gæði og áreiðanleika ásamt því að vera þægilegur í akstri, sparneytinn og góður í endursölu. **Verðlaunabíllinn Kia Rio fæst nú á einstöku tilboðsverði í takmarkaðan tíma.**

**Komdu í Öskju og reynsluaktu Kia Rio. Við tökum vel á móti þér.**

Kia Rio LX verð:

**2.390.777 kr.**

Verð áður: ~~2.590.777 kr.~~

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Von á skýrslu Ríkisendurskoðunar um heilbrigðismál fanga í lok mánaðarins

**FANGELSISMÁL** Ríkisendurskoðun skilar skýrslu til Alþingis í lok mánaðarins um heilbrigðisþjónustu fanga en stofnunin ákvað í haust að hefja aðalúttekt um þjónustuna.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær, hefur Ríkisendurskoðun ítrekað gert athugasemdir við geðheilbrigðisþjónustu í fangelsum landsins; fyrst árið 2010 í skýrslu um skipulag og úrræði í fangelsismálum þar sem þeim tilmælum var beint til velferðarráðuneytis að meta þyrfti og mæta þörfum fanga með geðræn vandamál og að móta þyrfti heildarstefnu í málefnum geðsjúkra, fatlaðra og aldraðra dómþola. Tilmælin voru ítrekuð í eftirfylgniskýrslu árið 2013 og aftur 2016.

Í kjölfarið kvaðst velferðarráðuneytið þá hafa unnið að úrbótum en Ríkisendurskoðun taldi árangur lítinn og því rétt að fylgja málinu eftir og hefja forkönnun á heilbrigðisþjónustu fanga.

**Samkvæmt upplýsingum á vef Ríkisendurskoðunar bentu niðurstöður til að fangar nytu viðunandi almennrar heilbrigðisþjónustu en úrbóta væri þörf vegna geðheilbrigðisþjónustu og áfengis- og vímuefnameðferðar.**



Sveinn Arason, ríkisendurskoðandi.

Samkvæmt upplýsingum á vef Ríkisendurskoðunar bentu niðurstöður til að fangar nytu viðunandi almennrar heilbrigðisþjónustu en úrbóta væri þörf vegna geðheilbrigðisþjónustu og áfengis- og vímuefnameðferðar. Því væri stefnumörkun enn ábótavant. Því var ákveðið að hefja aðalúttekt á heilbrigðisþjónustu fanga.

Markmið úttektarinnar er að svara því „hvernig stjórnvöld sjá til þess að fangar fái þá heilbrigðisþjónustu sem þeim ber, hvort skipulag heilbrigðisþjónustu fanga tryggi að henni sé sinnt á hagkvæman og skilvirkan hátt og hvort sú þjónusta skili viðunandi árangri.“ **– aá**


EFLING STÉTTARFÉLAG

## Stjórnarkosningar
## The Union Board Elections
## Wybory do zarządu

**Stjórnarkosningar í Eflingu-stéttarfélagi** fara fram **mánudaginn 5.** og **þriðjudaginn 6.** mars 2018 á neðangreindum stöðum og tímum.

**The union board elections for Efling workers' union** is on **Monday the 5th** and **Tuesday the 6th** of March 2018 at the listed locations below. Time and places of the election polls are located at four different locations:

**Wybory do zarządu związków zawodowych Efling odbędą** się w **poniedziałek 5** i **wtorek 6** marca 2018 w niżej podanych lokalach wyborczych i czasie:

**Kjörstaðir og tími – Election Polls and time – Lokale wyborcze oraz czas**

| | | |
|---|---|---|
| **Skrifstofa Eflingar í Reykjavík**<br>**Guðrúnartún 1, 4. hæð** | **Mánud. 5. mars**<br>**kl. 09:00–20:00** | **Þriðjud. 6. mars**<br>**kl. 09:00–20:00** |
| **Skrifstofa Eflingar í Hveragerði**<br>**Austurmörk 2, 2. hæð** | **kl. 10:00–18:00** | **kl. 10:00–18:00** |
| **Kiwanishúsið Þorlákshöfn**<br>**við Óseyrarbraut** | **kl. 10:00–18:00** | **Lokað** |

*Reykjavík, 1. mars 2018*

**Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags** – Electoral commission of Efling Workers' Union
– Komisja wyborcza do związków zawodowych Efling



MENNTAMÁLASTOFNUN

## Innritun í framhaldsskóla á haustönn 2018

**Forinnritun nemenda í 10. bekk mun standa yfir dagana 5. mars til 13. apríl**
Forinnritun nemenda í 10. bekk (fæddir 2002 eða síðar) hefst mánudaginn 5. mars og lýkur föstudaginn 13. apríl. Nemendur fá bréf frá Menntamálastofnun með veflykli að innritunarvef og leiðbeiningum sem afhent verður í grunnskólunum. Foreldrar/forráðamenn nemenda fá bréf í pósti frá Menntamálastofnun með upplýsingum um innritunina. Nemendur í 10. bekk eru eindregið hvattir til að taka þátt í forinnrituninni.

**Innritun annarra en 10. bekkinga mun standa yfir 6. apríl til 31. maí**
Innritun eldri nemenda (fæddir 2001 eða fyrr) sem eru ekki í framhaldsskóla sem stendur eða ætla að skipta um skóla hefst þriðjudaginn 3. apríl og lýkur fimmtudaginn 31. maí. Umsækjendur 17 ára og eldri nota auðkenni frá island.is eða rafræn skilríki á greiðslukorti. Ef sótt er um Íslykil á netinu er hægt að velja um að fá hann sendan á lögheimili, sem tekur 2-5 virka daga eða í netbanka, sem skilar sér samdægurs (undir „rafræn skjöl“). Rafræn persónuskilríki er hægt að sækja um hjá viðskiptabanka.

**Lokainnritun nemenda í 10. bekk verður 4. maí til 8. júní**
Nemendur í 10. bekk hafa frest til sækja um nám í framhaldsskóla eða breyta umsóknum úr forinnritun til miðnættis föstudagsins 8. júní. Einkunnir þeirra verða sendar rafrænt frá grunnskólum til framhaldsskóla eftir skólaslit.

**Fjar- og dreifnám og nám í kvöldskóla**
Innritun í fjar- og dreifnám og í kvöldskóla fer fram samkvæmt fyrirkomulagi sem einstakir framhaldsskólar auglýsa.

**Nánari upplýsingar má fá í síma 514 7500 eða með því að senda póst á innritun@mms.is**





Stundum eru í dómum atvikalýsingar þar sem er vitnað, jafnvel orðrétt, í trúnaðarsamtöl barna við sálfræðinga og viðtöl í Barnahúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Huga betur að persónuvernd í dómabirtingu

**Nöfn brotaþola og vitna hafa oft slæðst með í dómum þar sem brotið er gegn börnum. Nákvæmar atvikalýsingar eru líka oft birtar. Umboðsmaður barna og Dómstólasýslan ræða úrbætur á þessu.**

**DÓMSTÓLAR** Tryggja þarf betur persónuvernd við birtingu dóma sem varða alvarleg brot gegn börnum. Þetta er mat umboðsmanns barna sem ræddi málið við stjórn Dómstólasýslunnar fyrr í vikunni.

„Það sem er alvarlegt við þetta er í fyrsta lagi að það eru dæmi um að nafnhreinsun í alvarlegum brotamálum gagnvart börnum sé óvönduð. Til dæmis að nöfnin eru að mestu tekin út en svo slæðist með nafn á einum stað eða tveimur og þá er nafnhreinsunin náttúrlega til einskis. Síðan er oft ekki hugað að því að taka út staðhætti eða að nöfn á fámennum stöðum eru gefin upp og þá er stundum hægt að rekja málið til einstaklinga. Þá samsvarar það persónugreiningu,“ segir Salvör Nordal, umboðsmaður barna.

Þriðja atriðið sem Salvör nefnir og segir miklu máli skipta er að stundum eru nákvæmar atvikalýsingar þar sem er vitnað, jafnvel orðrétt, í trúnaðarsamtöl barna við sálfræðinga og viðtöl í Barnahúsi.

„Síðan er þetta birt í fjölmiðlum daginn sem þessir dómar birtast. Þessir dómar fylgja börnunum alla tíð og geta sett mark sitt á líf þeirra fyrir utan það að þau eru þolendur í þessum málum.“

Salvör segir viðfangsefnið ekki nýtt. Fyrri umboðsmaður barna hafi áður getið þess í ársskýrslum. Nú verði málin rædd áfram.

„Við erum að skoða þetta hjá okkur og fara yfir það hvernig þetta er gert í nágrannalöndunum. Svo munum við eiga frekara samtal við Dómstólasýsluna og fleiri sem koma að þessu máli á næstunni. Við erum ekki með fullmótaðar tillögur nákvæmlega um það hvernig eigi að gera þetta en það er það sem við munum fara í núna,“ segir Salvör sem segist hafa mætt miklum skilningi vegna þessa máls hjá stjórn Dómstólasýslunnar.

jonhakon@frettabladid.is

## Eitt dæmi um vandann

Fréttablaðið sagði frá því á þriðjudaginn að í gæsluvarðhaldsúrskurði Landsréttar vegna fyrrverandi starfsmanns Barnaverndar, sem grunaður er um kynferðisbrot, hefði birst upplýsingar um skyldleika sakbornings við einn kærandann. Þá gerði réttargæslumaður þriggja kærenda athugasemd við að upplýsingar úr skýrslutöku hjá lögreglu væru birtar í úrskurðinum. Salvör segir þennan úrskurð ekki hafa verið tilefni fundarins með stjórn Dómstólasýslunnar. „En þetta er enn ein birtingarmynd vandans sem við erum að glíma við og þetta er ekki alveg ný umræða hjá embættinu,“ segir Salvör.

**Þessir dómar fylgja börnunum alla tíð og geta sett mark sitt á líf þeirra fyrir utan það að þau eru þolendur.**



Salvör Nordal, umboðsmaður barna

RENAULT
Passion for life

# Nýr Renault **CAPTUR**

## Einn vinsælasti bíllinn í sínum flokki




## KOMDU OG REYNSLUAKTU RENAULT CAPTUR Í DAG

Renault Captur er einn af vinsælustu bílum landsins í sínum stærðarflokki. Þessi sparneytni og snaggaralegi bíll hefur slegið í gegn hjá kaupendum sem vilja bíl sem þægilegt er að stíga inn í, þeir sitja hátt í og sjá vel út um alla glugga.

Renault Captur er fáanlegur beinskiptur eða sjálfskiptur með bensín eða dísilvélum sem nota einungis frá 3,7l/100 km* í blönduðum akstri.

**Komdu og reynsluaktu nýjum Captur í dag.**

RENAULT CAPTUR ZEN

**Verð: 2.750.000 kr.**

**Verð á mánuði: 31.037 Kr.****

**Miðað við reiknivél lykill.is á Lykilláni til 84 mánaða og 30% innborgun.
Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,36%. Nánari upplýsingar um lánakostnað á lykill.is

E F

**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT"**

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM86899

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. | BL söluumboð |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 |

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



**Lögmenn mættu án sakborninganna til dómsuppsögu.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Dæmdir sekir um umboðssvik

**DÓMSMÁL** Allir fimm sakborningarnir í markaðsmisnotkunarmáli Glitnis voru fundnir sekir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Lárusi Welding, fyrrverandi bankastjóra Glitnis, var hins vegar ekki gerð refsing. Þetta kom fram á frettabladid.is í gær.

Jóhannes Baldursson, fyrrverandi framkvæmdastjóri markaðsviðskipta, var dæmdur í tólf mánaða fangelsi. Þrír starfsmenn eigin viðskipta bankans hlutu skilorðsbundna dóma. Jónas Guðmundsson hlaut tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi, Valgarð Már Valgarðsson níu mánaða skilorðsbundið fangelsi og Pétur Jónasson sex mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Enginn ákærðu var viðstaddur dómsuppkvaðninguna. Fimmmenningarnir voru ákærðir fyrir markaðsmisnotkun en Lárus var einnig ákærður fyrir umboðssvik.

Aðalmeðferð málsins fór fram í janúar. Ákæruvaldið fór fram á allt að átján mánaða fangelsi yfir starfsmönnum eigin viðskipta, en krafðist ekki refsingar yfir Lárusi því hann hefur náð hámarksrefsingu í öðrum hrunmálum, sem er sex ára fangelsi. Jóhannes Baldursson hafði áður hlotið fimm ára fangelsi. **– sks**

# Reykjavík breyst úr úthverfisbæ í iðandi og nútímalega borg

Einar Logason, formaður Samfylkingarinnar, segir þrekvirki hafa verið unnið við að reisa flokkinn aftur upp á hnén eftir mikið reiðarslag. Samfylkingin og R-listinn hafi breytt Reykjavík úr umkomulitlum úthverfabæ í nútímalega borg. Samfylkingin eigi að verða „aftur sá burðarflokkur sem almenningur þarfnist“.

**STJÓRNMÁL** „Ég veit ekki hvort þið gerið ykkur grein fyrir því hvaða þrekvirki hvert og eitt ykkar hefur unnið. Saman hefur okkur tekist að reisa flokkinn upp á hnén aftur,“ sagði Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, er hann setti landsfund flokksins í gær. Logi var endurkjörinn með öllum greiddum atkvæðum. Heiða Björg Hilmisdóttir var endurkjörin varaformaður.

„Það voru alls ekki allir sem spáðu því. Og fyrir það vil ég þakka ykkur öllum. Við erum mætt aftur til leiks, ætlum okkur góðan árangur í sveitarstjórnarkosningum í vor og verða aftur sá burðarflokkur í íslenskum stjórnmálum sem almenningur þarfnast,“ sagði formaðurinn.

Logi sagði að niðurstaða Samfylkingarinnar í þingkosningum haustið 2016 hefði verið reiðarslag. Þrátt fyrir það hefði flokkurinn náð að lifa af, meðal annars vegna þess að sveitarstjórnarfólkið hefði haldið fánanum á lofti, en eins og kunnugt er fjölgaði þingmönnum flokksins úr þremur í sjö í kosningunum í haust.

„Án þeirra hefði þetta allt verið svo mikið erfiðara. Við stýrum sveitarfélögum víða um land og þá hafa fulltrúar okkar í minnihluta sýnt hressilegt andóf. En það er auðvitað á engan hallað þó ég nefni sérstaklega borgarstjórnarflokkinn í Reykjavík, sem vegna stærðar er okkar mikilvægasta vígi. Á okkar vakt og Reykjavíkurlistans hefur Reykjavík gjörbreyst, frá umkomulitlum úthverfabæ í iðandi, nútímalega borg. Þar hefur þétting byggðar skipt miklu og borgarlína mun reka smiðshöggið á,“ segir Logi.




**Formaður Samfylkingarinnar segir getuleysi ríkisstjórnarinnar til að fjármagna bætt kjör almennings vera ömurlegt.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þessa þróun sagði Logi ekki bara skynsamlega af fjárhagslegum ástæðum. Borgin væri orðin fallegri og heilsusamlegri. Þá væru þessi áform líkleg til að bjarga ríkisstjórninni fyrir horn í loftslagsmálum.

„Ekkert er minnst á hið byggða umhverfi í stjórnarsáttmálanum og nýr umhverfisráðherra hefur ekki gefið nein skýr fyrirheit í þeim efnum. Þrátt fyrir að þar sé einna mest að sækja í aðgerðum gegn loftslagsvánni. Það er því mikilvægt að okkur vegni vel í vor: Í þeim kappleik munu eigast við fortíðin og framtíðin,“ sagði Logi.

Formaðurinn gagnrýndi ríkisstjórnina hart fyrir að hafa ekki eflt félagslegan stöðugleika. „Það að langstærstu aðildarfélögin innan ASÍ vilji segja upp kjarasamningum segir ákveðna sögu. Getuleysið til að fjármagna bætt kjör almennings er ömurlegt og ógnar félagslegum og efnahagslegum stöðugleika,“ sagði hann og gagnrýndi að vopnaflutningur til stríðshrjáðra landa væri heimilaður en framlög til þróunarmála og móttaka flóttamanna væru langt frá eðlilegum viðmiðum.

Svo sagði Logi þingið ekki hafa bönd á sjálftöku þingmanna og birta upplýsingar seint eða alls ekki. „Skýrslum er leynt og stjórnsýslan stenst illa skoðun. Og loks situr dómsmálaráðherra brött, þrátt fyrir að hafa fengið á sig hæstaréttardóm vegna skipanar heils nýs dómstigs.“

jonhakon@frettabladid.is

## Brutu ekki lög í vopnaflutningi

**STJÓRNMÁL** Þórólfur Árnason, forstjóri Samgöngustofu, sagði við frettabladid.is í gær að engin lög hefðu verið brotin er flugfélaginu Atlanta var heimilað að flytja vopn til Sádi-Arabíu. Sérfræðiþekking á málaflokknum væri þó takmörkuð hjá stofnuninni.

„Það hafa engin lög verið brotin og það hefur verið farið eftir öllum reglugerðum. Allir flutningsaðilar hafa staðið sína plikt samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum,“ sagði Þórólfur. Hins vegar séu breytt viðhorf til alþjóðamála.

Þórólfur sat í gær sameiginlegan fund utanríkismálanefndar Alþingis og samgöngunefndar, þar sem rætt var um flutning vopna frá Íslandi til Sádi-Arabíu, sem heimilaður var af íslenskum stjórnvöldum. Sagði Þórólfur að skilningur allra hefði verið sameiginlegur – breyta ætti verkferlum, þannig að málaflokkurinn myndi framvegis heyra undir utanríkisráðuneytið, ekki samgönguráðuneytið.



**Þórólfur Árnason, forstjóri Samgöngustofu.**

Aðspurður sagði Þórólfur ýmislegt mega betur fara. Til dæmis væri sérfræðiþekkingu á vopnum hjá Samgöngustofu talsvert ábótavant. Stofnunin hefði reynt eftir bestu getu að setja sig inn í málin.

Þórólfur hefur engin gögn viljað afhenda um málið, og Samgöngustofa neitað að tjá sig. Hann kvaðst ekki vilj baka Samgöngustofu mögulega skaðabótaskyldu.

„Ég persónulega treysti mér ekki til þess að veita upplýsingar út á við nema að fyrir liggi einhvers konar úrskurðir,“ sagði Þórólfur.

**– sks**

SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

FJÁRMÁLAUMHVERFI HEILBRIGÐIS-ÞJÓNUSTUNNAR

Málþing á vegum Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

mánudaginn 5. mars kl. 13.30



Pétur Magnússon



Willum Þór Þórsson



Eybjörg Hauksdóttir



María Heimisdóttir



Ásgerður Th. Björnsdóttir



Steingrímur Ari Arason



Svanbjörn Thoroddsen



Erna Indriðadóttir

DAGSKRÁ

| | |
|---|---|
| 13.30 - 13.40 | **Setning málþings** Pétur Magnússon, formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og forstjóri Hrafnistuheimilanna |
| 13.40 - 13.55 | **Ávarp frá formanni fjárlaganefndar** Willum Þór Þórsson |
| 13.55 - 14.10 | **Greiðslur og kröfur í heilbrigðisþjónustu** Eybjörg Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu |
| 14.10 - 14.25 | **Barnið vex en brókin ekki - þróun eftirspurnar og fjárveitinga** María Heimisdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landspítalans |
| 14.25 - 14.40 | **Upplýsingar og stefnumótun** Ásgerður Th. Björnsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs SÁÁ |
| 14.40 - 14.55 | **Sjúkratryggingar og nýju lögin um opinber fjármál** Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands |
| 14.55 - 15.10 | **Erum við að mæta þörfum sjúklinga með því að fjármagna stofnanir?** Svanbjörn Thoroddsen, stjórnarformaður KPMG á Íslandi |

Að framsögum loknum verða pallborðsumræður.

**Fundarstjóri:** Erna Indriðadóttir, fjölmiðlakona

Málþingið verður haldið á Icelandair hótel Reykjavík Natura, þingsal 2, mánudaginn 5. mars nk. kl. 13.30-15.45.

Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.




# LYKILL NÁTTÚRUNNAR AÐ GÓÐRI HEILSU




## Einstaklega bragðgóð blanda af öflugu andoxunarefninu astaxanthin og síldarlýsi

- Stuðlar að bættri heilsu hjarta, heila og augna
- Minnkar bólgur í vefjum líkamans
- Verndar og stuðlar að fallegri húð
- Talið bæta þrek og endurheimt

## KeyNatura færir þér astaxanthin úr íslenskum þörungum

Góð heilsuáhrif lýsis eru vel þekkt og nú bjóðum við tilbúna blöndu af hágæða síldarlýsis og hinu magnaða andoxunarefni Astaxanthin

**Astaxanthin** er eitt öflugasta andoxunarefni náttúrunnar og hefur margvísleg heilsubætandi áhrif á líkamann. Astaxanthin frá **KeyNatura** er framleitt á Íslandi úr hágæða hráefni í hreinu umhverfi.

AstaLýsi frá KeyNatura er einstök blanda af íslensku astaxanthin og síldarlýsi. AstaLýsi er bragðgott og meinhollt en það inniheldur 2 mg af astaxanthin, 900 mg af omega-3 og 20 µg af D-vítamíni í hverri teskeið. Góð heilsuáhrif lýsis eru vel þekkt og nú er búið að bæta við hinu magnaða andoxunarefni Astaxanthin.

AstaLýsi stuðlar að bættri heilsu hjarta, hefur góð áhrif á sjón og heilastarfsemi ásamt því að auka þol og endurheimt. 34 dagskammtar eru í flösku.

Þú færð vörur KeyNatura í Fjarðarkaupum, Mamma Veit Best, Systrasamlaginu, Heilsuhúsinu, flestum lyfjaverslunum á höfuðborgarsvæðinu og í vefverslun okkar, keynatura.is.

Ford · VOLVO · mazda · PEUGEOT · CITROËN

# BÍLAFJÖR BRIMBORGAR

## LAUGARDAG FRÁ 12-16

Komdu í Bílafjör Brimborgar í dag.
Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla,
frábært verð og framúrskarandi þjónustu.
***– við eigum rétta bílinn fyrir þig!***

**GLÆSILEGIR NÝIR BÍLAR!**



## ÚRVAL OG ÞJÓNUSTA

### CITROËN C3 AIRCROSS
**TILNEFNDUR SEM BÍLL ÁRSINS 2018 Í EVRÓPU**

CAR OF THE YEAR 2018 FINALIST

Verð frá: 2.990.000 kr.



### MAZDA CX-3
**SÖLUHÆSTI BÍLLINN Í SÍNUM FLOKKI Á EINKABÍLAMARKAÐI**

Verð frá: 2.920.000 kr.



### PEUGEOT 3008
**BÍLL ÁRSINS Á ÍSLANDI 2018**

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA · BÍLL ÁRSINS 2018

Verð frá: 3.790.000 kr.



# BRIMBORG ÚRVAL, REYNSLA OG ÞJÓNUSTA

Brimborg hefur veitt víðtæka bílaþjónustu í yfir 50 ár og er í hópi stærstu bílaumboða landsins.




# ALLT Á EINUM STAÐ

## VOLVO XC60

**JEPPI ÁRSINS Á ÍSLANDI 2018**
**VALINN ÖRUGGASTI BÍLL Í HEIMI!**

BÍLL ÁRSINS 2018
EURO NCAP – BEST OVERALL PERFORMER 2017

Verð frá: 6.790.000 kr.



## FORD FIESTA

**MEST SELDI SMÁBÍLL Í EVRÓPU Í MÖRG ÁR!**

MEST SELDI SMÁBÍLL Í EVRÓPU

Verð frá: 2.250.000 kr.




***SKOÐAÐU ÚRVALIÐ FRÁ FORD, VOLVO, MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT HJÁ BRIMBORG***

Ekki missa af fjörinu!
***– Komdu í Brimborg í dag***

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5

**brimborg.is**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Segir auðvelt að vinna viðskiptastríð

**Ákvörðun ríkisstjórnar Donalds Trump Bandaríkjaforseta um að leggja innflutningstolla á ál og stál vekur reiði Evrópu, Kanada, Mexíkó, Kína og Brasilíu. Bandaríkjaforseti stendur fast á sínu og segir viðskiptastríð af hinu góða. Þau sé í þokkabót auðvelt að vinna.**

**BANDARÍKIN** Viðskiptastríð eru góð fyrir almenning og það er auðvelt að vinna þau. Þetta sagði Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, í gær þegar hann brást við ósætti annarra ríkja við ákvörðun forsetans um að setja 25 prósenta innflutningstoll á stál og tíu prósent á ál.

„Við verðum að vernda landið okkar og verkamennina okkar. Stáliðnaðurinn okkar er í slæmu standi. EF ÞÚ ERT EKKI MEÐ STÁL ERTU EKKI MEÐ RÍKI,“ tísti forsetinn. Jafnframt sagði hann að ekki væri skynsamlegt að leggja tolla á innfluttar vörur þegar önnur ríki legðu tolla á vörur sem fluttar eru þangað frá Bandaríkjunum.

Trump sagði aukinheldur að þar sem Bandaríkin væru með milljarða dala viðskiptahalla gagnvart nærri hvaða ríki sem er væri þörf á viðskiptastríði.

„Til dæmis, þegar við erum með hundrað milljarða dala viðskiptahalla gagnvart ákveðnu landi ættum við að hætta þeim viðskiptum. Við vinnum stórsigur. Það er auðvelt!“

Yfirvöld bæði í Kanada og Evrópusambandinu hafa nú þegar tilkynnt um að ráðist verði í gagnaðgerðir af einhverju tagi. Þá eru Mexíkó, Kína og Brasilía að velta fyrir sér að gera slíkt hið sama.

Theo Leggett, fréttaskýrandi BBC, var í gær ósammála fullyrðingu forsetans. „Ef viðskiptastríð væru í raun og veru góð og það væri auðvelt að vinna þau væri Alþjóðaviðskiptastofnunin ekki til,“ sagði í skýringu Leggetts. Flestar þjóðir teldu ákjósanlegra að semja um ágreiningsmál. Verndarstefna gæti skaðað alla hlutaðeigandi aðila.

Bruno Le Maire, fjármálaráðherra Frakklands, sagði í gær að ákvörðun Trumps væri óásættanleg.

„Bandaríkin þurfa að átta sig á því að ef þau fylgja þessu eftir mun Evrópusambandið svara því á samhæfðan hátt. Einhliða aðgerð sem þessi er óásættanleg. Slíkar aðgerðir gætu haft mikil og varanleg áhrif á evrópskt hagkerfi.“

Talsmaður breska forsætisráðuneytisins sagði Bretlandsstjórn nú ræða við Trump um hvað fælist í aðgerðunum.

„Við höfum sérstakar áhyggjur af því hvernig þetta gæti bitnað á breskum ál- og stáliðnaði.“

thorgnyr@frettabladid.is



**Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, hefur engar áhyggjur af komandi viðskiptastríði.** NORDICPHOTOS/AFP

Bjarmaland ferðaskrifstofa

RÚSSLAND 2018 - HM Á FERJU
15. - 27. júní | 12 nætur
Moskva - Stalíngrad/Volgograd - Rostov-á-Don
Sigling á milli borganna sem Ísland leikur í, HM 2018 í Rússlandi
VERÐ frá 230 000 kr.



FÓTBOLTAHÁTÍÐ Í RÚSSLANDI
15.- 23. júní | 8 nætur




Flug og hótel innifalið
VERÐ frá 276 000 kr.

ÆVINTÝRALJÓMI TRANSILVANÍU
19.- 26. maí | 7 nætur
VERÐ 169 700 kr.



í fótspor Drakúla greifa í Karpatafjöllum

HIÐ ÓÞEKKTA INDÓKÍNA
6. - 21. október | 15 nætur
Víetnam og Kambódía
VERÐ 598 000 kr.



Einnig: Georgía & Azerbædsjan, siglingar Moskva - Pétursborg ofl.

Bjarmaland ferðaskrifstofa
www.bjarmaland.is sími 770 50 60
bjarmaland@bjarmaland.is



**Herinn barðist við skæruliða í Ouagadougou.** NORDICPHOTOS/AFP

## Ráðist á Ouagadougou

**BÚRKÍNA FASÓ** Skæruliðar réðust í gær á nokkrar stofnanir í Ouagadougou, höfuðborg Búrkína Fasó, og voru franska sendiráðið og höfuðstöðvar búrkínska hersins á meðal skotmarka. Í yfirlýsingu frá búrkínsku ríkisstjórninni sagði að fjórir árásarmannanna hefðu verið felldir í sendiráðinu og að minnsta kosti tveir á herstöðinni. Nokkrir her- og lögreglumenn væru særðir en engar tilkynningar um andlát hefðu borist.

Enginn hefur lýst yfir ábyrgð á árásinni. Remis Fulgance Dandijnou upplýsingamálaráðherra sagði í viðtali við ríkissjónvarp Afríkuríkisins að allt benti til þess að um hryðjuverk væri að ræða. BBC greindi frá því að vitni hefðu séð þungvopnaða menn stíga út úr bíl sem snarhemlaði. Þeir hófu þá skothríð og héldu í átt að franska sendiráðinu.

Armand Béouindé, borgarstjóri Ouagadougou, sagði við franska blaðið Le Monde að árásarmenn hefðu sömuleiðis skotið á ráðhús borgarinnar og að gluggarnir á skrifstofu borgarstjóra hefðu brotnað þegar skotið var á bygginguna. „Mér skilst að þetta séu íslamskir öfgamenn,“ sagði borgarstjórinn. **– þea**

## Geta ekki allir fengið allt

**BRETLAND** Það geta ekki allir aðilar fengið allt sem þeir vilja í samningaviðræðum Bretlands og Evrópusambandsins um útgöngu Bretlands, svokallað Brexit. Þetta sagði Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, í ræðu í Lundúnum í gær. Sagði May jafnframt að þótt viðræðurnar væru vissulega erfiðar væri það öllum í hag að komast að góðri niðurstöðu og að stutt væri í að samkomulag um aðlögunarferlið næðist.

Á meðal þess sem kom fram í ræðu forsætisráðherrans var að Bretland væri vissulega á leiðinni út af innri markaði Evrópusambandsins. Það myndi breyta ýmsu í daglegu lífi Breta. Ítrekaði May þar afstöðu sína með svokölluðu „hörðu Brexit“ en ýmsir úr Íhaldsflokki May sem og flestir úr öðrum flokkum vilja heldur „mjúkt Brexit“ sem felur í sér áframhaldandi veru á innri markaðnum og í tollabandalaginu.

Í ljósi hins harða Brexit munu Bretar þurfa að komast að samkomulagi við ríki ESB um fríverslunarsamninga og sagði May að þeir þyrftu að vera sanngjarnir og með ákveðnum skuldbindingum. „Við gætum til að mynda valið að innleiða Evrópureglugerðir á ýmsum sviðum stjórnsýslu okkar, til að mynda reglur um samkeppni á markaði.“

Sagði hún Breta vilja frelsi til þess að semja um sína eigin fríverslunarsamninga og stýra eigin löggjöf auk þess sem landamæragæsla á landamærum Írlands og Norður-Írlands ætti að vera eins lítil og mögulegt væri. **– þea**



**Theresa May, forsætisráðherra Bretlands**

skattur.is




# Þú afgreiðir framtalið þitt á aðeins fimm mínútum

## Skilafresti lýkur 13. mars

*Á Íslandi sparar rafræna tæknibyltingin framteljendum mikinn tíma frá því sem áður var. Nú geta fjölmargir yfirfarið skattframtalið sitt á örfáum mínútum. Framtalið þitt er tilbúið og aðgengilegt á skattur.is með rafrænum skilríkjum eða veflykli RSK með innsendum upplýsingum frá launagreiðendum, fjármálastofnunum og fleirum.*

***Aðstoð verður veitt í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:00-15:30. Afgreiðslur eru opnar á sama tíma.***

***Auk þess verða afgreiðslur RSK á Laugavegi og á Akureyri opnar til kl. 18:00 mánudaginn 12. mars, þriðjudaginn 13. mars og föstudaginn 16. mars.***

***Framtalsaðstoð er einnig veitt í síma á sama tíma.***

**Þú einfaldlega...**

***...opnar framtalið***

***...ferð yfir allar upplýsingar***

***...breytir ef ástæða er til***

***...staðfestir***

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI | rsk@rsk.is | 442 1000 | FYRIRMYNDARSTOFNUN 2017

# Fyrstu bílalestirnar til Austur-Ghouta

**Búist er við að Sýrlandsstjórn heimili hjálparsamtökum að senda nauðsynjar til Douma í Austur-Ghouta. Nærri 200.000 þurfa nauðsynlega á hjálp að halda.**

**SÝRLAND** Líklegt þykir að ríkisstjórn Bashars al-Assad, forseta Sýrlands, heimili hjálparsamtökum að flytja nauðsynjar með bílalest til særðra og þurfandi í bænum Douma í Austur-Ghouta á sunnudaginn. Frá þessu greindi Geert Cappelaere, forstöðumaður UNICEF í Mið-Austurlöndum, í gær. Til stendur að lestin flytji nauðsynjar fyrir nærri 200.000 manns en samkvæmt Cappelaere er þörf á frekari bílalestum til að aðstoða 400.000 almenna borgara á svæðinu.

„Sýrlenska ríkisstjórnin hefur gefið í skyn að bílalestin fái að fara inn í Austur-Ghouta þann 4. mars. Við vonumst til þess að orð þeirra verði að skuldbindingu og erum tilbúin hvenær sem er,“ sagði Cappelaere. Hann bætti því við að í ljósi sögunnar þyrftu hjálparsamtök þó að vera raunsæ. Benti hann á að stjórnarliðar hefðu oft hirt birgðir úr bílunum.

Rússar fyrirskipuðu í vikunni daglega fimm klukkustunda pásu á þessum hörðu átökum, sem hafa kostað nærri 600 lífið á tæpum tveimur vikum, í því skyni að leyfa hjálparsamtökum að koma inn á svæðið og almennum borgurum að flýja. Þau markmið hafa þó ekki náðst og hafa hjálparsamtök og erindrekar Sameinuðu þjóðanna sagt tímann allt of skamman. Enn bólar svo ekkert á innleiðingu ályktunar Öryggisráðs SÞ um 30 daga vopnahlé í Sýrlandi.

Herforingi stjórnarliða í Austur-Ghouta sagði í gær að markmið þeirra væri nú að endurheimta svæðið, skref fyrir skref. Eftirlitssamtök sögðu í gær að það gengi vel hjá stjórnarliðum.

thorgnyr@frettabladid.is



Ungur drengur, sem missti hönd í átökunum, liggur í sjúkrahúsrúmi í Austur-Ghouta. NORDICPHOTOS/AFP






# IÐNÞING 2018

## ÍSLAND Í FREMSTU RÖÐ
## EFLUM SAMKEPPNISHÆFNINA

**Silfurberg í Hörpu fimmtudaginn 8. mars kl. 13.30–17.00**

Samkeppnishæfni ríkja breytist stöðugt og því er stefnumótun mikilvægasta verkefni stjórnvalda hverju sinni. Með skýrri sýn og eftirfylgni má vinna að raunverulegum umbótum í samfélaginu og efla samkeppnishæfni Íslands. Þannig er lagður grunnur að auknum lífsgæðum landsmanna.

**Ávarp ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra**

- Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

**Ávarp formanns SI**

- Guðrún Hafsteinsdóttir

**Virkjum tækifærin**

- Gestur Pétursson, forstjóri Elkem á Íslandi
- Sesselja Vilhjálmsdóttir, stofnandi og forstjóri Tagplay
- Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

**Fjárfesting í dag er hagvöxtur á morgun**

- Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra
- Ólöf Helgadóttir, rafmagnsverkfræðingur hjá Lotu
- Sigurður R. Ragnarsson, forstjóri ÍAV

**Menntakerfið er ekki eyland**

- Finnur Oddsson, forstjóri Origo
- Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra
- Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto á Íslandi

**Leitin að stöðugleika**

- Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar
- Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra
- Eva Hlín Dereksdóttir, framkvæmdastjóri Raftákns

**Áræðni, ný hugsun og djörf framtíðarsýn**

- Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI

Skráning á si.is

SI Samtök iðnaðarins

# Frelsi



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Nokkrir þingmanna Viðreisnar og Pírata hafa lagt fram þingsályktunartillögu um frelsi á leigubílamarkaði. Þingmennirnir vilja afnema hámarksfjölda atvinnuleyfa til leigubílaaksturs, fækka kvöðum fyrir veitingu þeirra og opna fyrir aukna samkeppni. Í reynd þýðir þetta að opna ætti íslenskan markað fyrir alþjóðlegum fyrirtækjum á borð við Uber eða Lyft.

Leigubílamarkaðurinn á Íslandi er einokunarbransi. Eingöngu með því að hafa atvinnuleyfi frá Samgöngustofu og vera tengdur bifreiðastöð má aka leigubifreið. Gjaldskrá leigubíla er sömuleiðis samræmd. Sama gjald er greitt hvar sem stigið er upp í bílinn. Bílstjórar þurfa líka að hafa akstur leigubifreiðar að aðalatvinnu, að vera eigendur eða fyrstu umráðamenn bílsins sem notaður er og mega ekki hafa verið dæmdir til refsivistar.

Færa má rök fyrir því að öll þessi skilyrði séu úrelt. Þau tvö fyrstu dæma sig sjálf og í tilviki þess þriðja má velta fyrir sér hvort það að fólk hafi misstigið sig einhvern tíma á lífsleiðinni eigi að leiða til þess að það sé útilokað frá því að verða atvinnubílstjóri um aldur og ævi.

Einkafyrirtæki á borð við Uber gera strangar kröfur til bílstjóra og bifreiða. Bifreiðarnar þurfa að standast kröfur um hámarksaldur og lágmarksgæði, og gerðar eru kröfur um að bílstjórar séu með óflekkað mannorð.

Notendur geta valið um flokk bifreiða eftir því hvort þeir vilja lítinn rafmagnsbíl, þurfa pláss fyrir farangur eða vilja ferðast með glæsibifreið. Kostnaður er ljós fyrirfram og er greiðsla innheimt í samræmi við gæði bíls, lengd ferðar, tíma dags og svo framvegis. Ókunnugir geta deilt leigubíl kjósi þeir svo og skipt kostnaðinum gegnum Uber-snjallforritið. Bæði farþegar og bílstjórar gefa svo hvor öðrum einkunn, þannig að óvinsælir bílstjórar kemba yfirleitt ekki hærurnar í starfi.

Í íslenska einokunarkerfinu er þessu öðruvísi farið. Sama háa gjald er greitt óháð gæðum bifreiðar eða þjónustu. Hvati fyrir bílstjóra til að skara fram úr starfssystkinum sínum er enginn.

Umræðan um þessi mál hefur alltof oft snúist um upphrópanir. Auðvitað myndu neytendur njóta góðs af því ef leigubílastarfsemi yrði gefin frjáls. Atvinnubílstjórar ættu heldur ekki að mótmæla eðlilegum framförum heldur fagna þeim. Þeirra baráttumál ættu að snúast um að alþjóðlegir risar á borð við Lyft eða Uber sýni réttindum bílstjóra virðingu, en það hefur stundum vantað.

Gleymum því ekki að leigubifreiðar eru í samanburði nokkuð hagkvæmur samgöngukostur. Ef þeir eru hóflega verðlagðir og einfaldir í notkun til að verða raunverulegur kostur, getur það orðið til þess að fækka bílum, með jákvæðum áhrifum á umhverfi og umferðarþunga.

Í borg eins og Reykjavík, sem óneitanlega á við samgönguvanda að etja, væri akkur í frjálsri leigubílastarfsemi. Kannski ættum við meira að segja að ganga skrefinu lengra og gera það að skilyrði að leigubílar séu knúnir nýjum vistvænum orkugjöfum eins og rafmagni. Hvað sem slíkum bollaleggingum líður er ljóst að leigubílaþjónusta verður að endingu frjáls hér á landi. Eftirlitsstofnun ESA hefur þegar komist að þeirri niðurstöðu að sambærileg leigubílalög í Noregi stríði gegn EES-samningnum.

Þingmenn standa því væntanlega frammi fyrir því hvort þeir vilji sýna frumkvæði til frelsis eða bíða valdboðsins að utan.

**Í íslenska einokunarkerfinu er þessu öðruvísi farið. Sama háa gjald er greitt óháð gæðum bifreiðar eða þjónustu.**

Gerðu þér mat úr Facebook
Opin ráðstefna og vinnustofa um milliliðalaus viðskipti með matvörur
Finnski bóndinn og frumkvöðullinn **Thomas Snellman** heldur erindi í Hörpu á vegum Matarauðs Íslands og Bændasamtakanna.
**Björtuloft**, efsta hæð í Hörpu
**sunnudaginn 4. mars**
**kl. 14:00-16:30**
**Skráning fer fram á bondi.is**
**Aðgangur er ókeypis.**
Matarauður Íslands
BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS
bondi.is

## Gunnar




## Mín skoðun
Guðmundur Steingrímsson



# Um umræðuna um umskurð

Í vikunni þegar ég var á leið í háttinn var ég tekinn í bólinu. „Hvað finnst þér um að drengir séu umskornir?“ spurði konan mín af rælni upp úr vefsíðuvafri. „Ha?“ hváði ég. Ég kom af fjöllum. „Hver var að umskera hvern?“ Ég hafði lítið fylgst með umræðunni. Af eðlislægri hvöt til karllægra hrútskýringa reyndi ég þó auðvitað að hugsa hratt og segja eitthvað mjög fræðandi og spaklegt við konu mína um umskurð drengja, sögu umskurðar, fjölmenningarleg álitamál og svo framvegis. Það mistókst. Það er skemmst frá því að segja að ég fór mjög illa út úr þessari samræðu, sagði margt vanhugsað og fór ringlaður að sofa.

### Úti á þekju

Af hverju á maður allt í einu að hafa skoðun á umskurði? Hvað gerðist? Af hverju missti ég? Málið er þetta: Alls konar ágreiningsmál skjóta jafnan upp kollinum í samfélaginu án þess að maður nái almennilega að undirbúa sig. Svo staldra þau stutt við. Ég lendi ítrekað í því að maður er rétt byrjaður að mynda sér skoðun þegar flestir eru farnir að tala um eitthvað allt annað. Núna fyndist mér til dæmis hallærislegt af mér að fara að básúna einhverjar skoðanir um umskurð rétt í sömu andrá og fólk er almennt að fara að tala um vopnaflutninga. Ég hef hins vegar ekki náð að kynna mér almennilega staðreyndir um vopnaflutningamálið, sem þó lítur vægast sagt ekki vel út. Þannig lendir maður ítrekað milli skips og bryggju sem almennur borgari þessa lands. Of seinn að mynda sér skoðun, of seinn að átta sig á nýjum málum.

### Ópið

Þegar verst lætur breytist maður í manneskjuna í Ópinu eftir Munch. Maður stendur á brú milli tveggja hitamála, þess sem sem er að hverfa og þess sem er að koma, og bara heldur um höfuð sér og æpir. Ópið er þetta: Ég hef hvorki djúpa skoðun á þessu né þekkingu! Ég var að hugsa um aðra hluti!

Auðvitað er þetta full dramatísk samlíking, en þó með sannleikskorni. Sagt er að skoðanir séu eins og afturendar. Allir hafi svoleiðis. Ég er svolítið sammála því. Mér finnst þessi mál öll sem skjóta upp kollinum oftast vera mjög áhugaverð og mig langar oftast að vita meira. Mér finnst áhugavert að heyra báðar hliðar. Mig langar að vita staðreyndir málsins. Mér finnst hins vegar oft ríkja algjört offramboð af mjög heitum skoðunum um þessi mál. Ég skil stundum ekki á hverju þær eru byggðar.

### Hlutverk þingsins

Mig grunar að löngun margra til að mynda sér skoðun á málum sé ekki í réttu sinki við hraðann sem ríkir á miðlunum. Víkur þá sögunni að Alþingi Íslendinga og hinu raunverulega markmiði þessa pistils. Ég hyggst nú reyna að auka virðingu þingsins.

Í veröld hinna ófyrirsjáanlegu hvirfilbylja hitamála er Alþingi frábært fyrirbrigði. Þegar flestir eru að hætta að tala um umskurð er Alþingi rétt að byrja. Einungis fyrsta umræða um umskurð hefur farið fram þar. Núna fer málið í nefnd og auglýst er eftir ígrunduðum umsögnum allra þeirra sem hafa eitthvað um málið að segja. Í þingnefndinni er hlustað á allar hliðar. Svo skrifa nefndarmenn álit. Svo er önnur umræða. Svo atkvæðagreiðsla. Svo getur málið farið aftur í nefnd. Svo er kannski aftur umræða í þingsal. Svo er aftur atkvæðagreiðsla.

Alþingi er þannig kærkomið mótvægi við Facebook. Ég fíla það. Þetta tekst auðvitað ekki alltaf en pælingin er góð. Stundum er gott að mynda sér skoðun hægt.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*




Heimsferðir bjóða nú í fyrsta sinn sólarferðir til strandbæjanna Loutraki & Isthmia á meginlandi Grikklands í beinu flugi til Aþenu. Loutraki er gamall og fallegur strandbær við Corinth-flóa en skammt frá kúrir Isthmia strandbærinn við Saronic-flóa. Hér er að finna ekta gríska stemmningu en strendurnar í Grikklandi eru alveg einstaklega fallegar og góðar. Sjórinn er einstaklega tær og blár á þessum slóðum en hér er töfrandi andrúmsloft og óvenjulegt landslag, sérstök náttúrufegurð og eitt besta loftslag í heiminum. Hér eru veitingastaðir á vogskornum klöppum meðfram strandlengjunni sem töfra fram Miðjarðarhafsrétti af sinni alkunnu snilld en Grikkir leggja mikið upp úr hollu fæði, góðum kryddum og olíum í matargerðinni. Það er einnig að finna við strandlengjuna kaffihús, bari og lifandi tónlist má heyra óma. Hér sækja ferðamenn í töfrandi umhverfi sem býr yfir óviðjafnanlegri náttúrufegurð, áhugaverðum stöðum, á sögulegum og mögnuðum slóðum.




### King Saron Hotel

**Frá kr. 108.665 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 108.665 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í gistingu. Netverð á mann frá kr. 122.995 m.v. 2 fullorðna í gistingu.
21. maí í 7 nætur. Einnig brottför 28. maí.




### Ramada Poseidon Resort

**Frá kr. 112.995 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 112.995 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í gistingu. Netverð á mann frá kr. 145.995 m.v. 2 fullorðna í gistingu.
21. maí í 7 nætur. Einnig brottför 28. maí.




### Wyndham Poseidon Resort

**Frá kr. 122.795 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 122.795 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í gistingu. Netverð á mann frá kr. 149.695 m.v. 2 fullorðna í gistingu.
21. maí í 7 nætur. Einnig brottför 28. maí.

595 1000 • heimsferdir.is

Heimsferðir
-fáðu meira út úr fríinu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA • NM86906

## SPAN

Vandaður hægindastóll með ljósgráu slitsterku áklæði. Svört grind og fætur.



**30%** AFSLÁTTUR

**76.993 kr.** ~~109.990 kr.~~

## CITY BUTTERFLY

Einstakur hægindastóll. Koníaksbrúnt leður og svört stálgrind.



**40%** AFSLÁTTUR

**29.994 kr.** ~~49.990 kr.~~

## ACURA

Borðstofustóll. Dökkgrátt áklæði með svörtum stálfótum eða aski.



**50%** AFSLÁTTUR

Áklæði með stálfótum

**17.995 kr.** ~~35.990 kr.~~

Áklæði með viðarfótum

**19.995 kr.** ~~39.990 kr.~~

# HELGAR SPRENGJA

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

## frá fimmtudegi 1. til mánudags 5. mars



**35%** AFSLÁTTUR

## WARREN

Sófasett frá Broyhill. Hágæða brúnt leður.

2ja sæta: 170 × 95 × 92 cm

**259.994 kr.** ~~399.990 kr.~~

3ja sæta: 225 × 95 × 92 cm

**279.494 kr.** ~~429.990 kr.~~

Stóll: 116 × 95 × 92 cm

**207.994 kr.** ~~319.990 kr.~~



## HUDSON

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Grátt slitsterkt áklæði. Stærð: 286 x 239 x 99 cm

**188.993 kr.** ~~269.990 kr.~~

**30%** AFSLÁTTUR



## BRENNER

2,5 og þriggja sæta sófi. Hvítt og svart savoy/split leður.

**30%** AFSLÁTTUR

2,5 sæta leður: 165 x 97 x 82 cm

**181.993 kr.** ~~259.990 kr.~~

3ja sæta leður: 230 x 97 x 82 cm

**237.993 kr.** ~~339.990 kr.~~



## GENOA

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Svart, grátt eða brúnt leður. Stærð: 295 x 163 x 93 cm

**227.994 kr.** ~~379.990 kr.~~

**40%** AFSLÁTTUR

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri Dalbraut 1** — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 4. febrúarr eða á meðan birgðir endast.*

## ACURA
Borðstofustóll.
Svart leður með svörtum stálfótum eða aski.



**50%** AFSLÁTTUR

Leður með stálfótum
**19.995 kr.** ~~39.990 kr.~~
Leður með viðarfótum
**21.995 kr.** ~~43.990 kr.~~

## ALBERTA
Borðstofustóll, svart eða grátt PVC áklæði.



**30%** AFSLÁTTUR

**6.293 kr.**
~~8.990 kr.~~

## ADAM
LA-Z-BOY Live life comfortably

La-z-boy hægindastóll. Grátt eða brúnt áklæði.
Stærð: 82 × 98 × 104 cm



**30%** AFSLÁTTUR

**76.993 kr.** ~~109.990 kr.~~

# HELGARSPRENGJU
# TAXFREE
## af allri SMÁVÖRU* og öllum STÓLUM*



## FOUR
Borðstofuborð. Eikarplata með svartri grind og fótum. Einnig fáanlegt með svörtum linolium toppi og svörtum fótum. Stærð: 205 x 100 cm.

Borð
**114.995 kr.**
~~229.990 kr.~~

Stækkanir
**24.995 kr.**
~~49.990 kr.~~

Stækkanlegt í 305 cm með tveimur 50 cm stækkunum sem seldar eru sér.

**50%** AFSLÁTTUR

IDdesign



## EASY
Tungusófi. Tunga getur verið bæði vinstra og hægra megin. Ljós- eða dökkgrátt áklæði. St.: 232 x 145 x 85 cm

**110.494 kr.** ~~169.990 kr.~~

**35%** AFSLÁTTUR



## BOYD
Þriggja sæta sófi. Grátt sléttflauel.
Stærð: 215 × 87 × 78 cm

**83.993 kr.** ~~119.990 kr.~~

**30%** AFSLÁTTUR

* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti. Gildir hvorki af Iittala né sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Færð enga hjálparkúta í djúpu lauginni

Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins, var vonsvikinn yfir skorti á kjarki og áræðni framan af í leik Íslands og Japans í gær. Hann vonaði að yngri leikmennirnir myndu grípa tækifærið og öðlast reynslu gegn einu af bestu landsliðum heims.



Sara kom með baráttu inn af bekknum en náði á sama tíma að róa taugar íslenska liðsins og koma meiri yfirvegun í spilamennskuna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið var fimm mínútum frá því að ná í gott jafntefli gegn Japan á Algarve-mótinu en þurfti að sætta sig við svekkjandi 1-2 tap. Stelpurnar okkar náðu að jafna metin korteri fyrir leikslok og var jafnræði með liðunum þegar Japan komst aftur yfir með skallamarki stuttu fyrir leikslok eftir slakan varnarleik hjá íslenska liðinu.

**Vantaði hugrekki framan af**

Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska liðsins, gerði tíu breytingar á byrjunarliðinu fyrir leikinn. Vildi hann gefa yngri leikmönnum tækifæri til að ýta við eldri leikmönnum og auka breiddina. Honum fannst vanta kjark í spilamennsku liðsins í fyrri hálfleik þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær.

„Við gerðum tíu breytingar til að dreifa álaginu en líka til að gefa nýjum leikmönnum tækifæri. Eitt af markmiðum okkar er að gefa tækifæri og auka breiddina en á sama tíma skapa samkeppni um byrjunarliðssætin. Til þess að sanna þig á efsta stigi verður þú að fá tækifæri og vera óhrædd. Í fyrri hálfleik fannst mér vanta hugrekki og frumkvæði hjá stelpunum. Það virtist vera smá sviðsskrekkur í þeim.“

**Færð enga kúta á þessu stigi**

Freyr vonast til þess að yngri leikmenn liðsins nýti sér reynsluna sem fæst af því að spila gegn bestu liðum heims þótt þetta sé aðeins æfingamót. Stærri verkefni bíði handan hornsins.

„Leikmenn mega gera mistök hér en lykillinn er hvort þú lærir af þeim, á þessu stigi er þetta bara eins og að hoppa út í djúpu laugina. Þú verður að geta synt og færð enga kúta til að bjarga þér. Eftir þetta verða þær að verða tilbúnari þegar komið er að keppnisleikjum,“ sagði Freyr sem var ekki ánægður með varnarleikinn í báðum mörkunum.

„Það eru mistök alls staðar á vellinum í fyrsta markinu, það var lélegur varnarleikur frá fremsta manni alveg aftur til Guðbjargar í markinu. Svo í seinna markinu er þetta bara klaufagangur hjá okkur, við getum ekki leyft okkur að klúðra svona hlut gegn jafn sterkum mótherja,“ sagði Freyr svekktur.

## Vináttulandsleikur

**Japan 2-1 Ísland**
(1-0)

**1-0** Yuika Sugasawa (15.), **1-1** Glódís Perla Viggósdóttir (74.), **2-1** Rumi Utsugi (85.).
**Byrjunarlið Íslands (3-5-2):** Guðbjörg Gunnarsdóttir; Anna Björk Kristjánsdóttir, Guðný Árnadóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir (46. Glódís Perla Viggósdóttir) ; Selma Sól Magnúsdóttir, Andrea Rán Snæfeld Hauksdóttir (70. Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir), Katrín Ásbjörnsdóttir (60. Rakel Hönnudóttir), Andrea Mist Pálsdóttir (60. Sara Björk Gunnardóttir), Anna Rakel Pétursdóttir; Hlín Eiríksdóttir (85. Svava Rós Guðmundsdóttir), Berglind Björg Þorvaldsdóttir (46. Agla María Albertsdóttir).

**Þorðum loksins að líta upp**

Íslenska liðið náði betri tökum á leiknum í seinni hálfleik. Hann sagði leikmennina loksins hafa farið eftir fyrirmælum sem gefin voru fyrir leik.

„Við áttum að gera betur í fyrri hálfleik en það var allt annað að sjá til okkar í seinni. Við fórum að gera það sem við lögðum upp með fyrir leik, loka á miðjuna og reyna að ýta þeim út á kantana. Fara í návígi af krafti en ekki af hálfum hug. Sóknarlega fórum við að líta upp og reyna að finna plássið í staðinn fyrir að hreinsa blint upp völlinn. Eftir að við jöfnum metin finnst mér leikurinn jafn þar til þær skora þetta mark sem reyndist sigurmarkið.“

**kristinnpall@frettabladid.is**

> **Yngri leikmennirnir mega gera mistök á æfingarmótum en lykillinn er að þú hafir lært af þeim þegar kemur að keppnisleikjum.**
>
> Freyr Alexandersson




# Við getum létt undir

Umönnun foreldra er gefandi en getur tekið á vegna annríkis í daglegu lífi.
Við getum létt undir með sveigjanlegri aðstoð á heimilinu og ráðgjöf.

- Heimahreyfing – sérsniðin styrktarþjálfun
- Aðstoð við böðun
- Innlit
- Viðvera
- Aðstoð við heimilishald
- Útréttingar og bæjarferðir

**Persónuleg og sveigjanleg þjónusta**

Hjúkrunarfræðingur kemur heim og saman finnum við þjónustuúrræði fyrir þínar þarfir. Fyrsta heimsókn án skuldbindingar og kostnaðar.

Sóltún HEIMA
Heilsa • Vellíðan • Daglegt líf

**NÁNARI UPPLÝSINGAR:**
Sími 563 1400
soltunheima@soltunheima.is
www.soltunheima.is

# Óska eftir að bærinn greiði fyrir vinnu erlendra leikmanna

**FÓTBOLTI** Landsbankinn og Loftorka sögðu nýverið upp samningi við meistaraflokk Aftureldingar í fótbolta en samkvæmt bréfi flokksins til bæjarins kemur fram að samningurinn hafi verið metinn á 4,7 milljónir.

Fer deildin fram á að Mosfellsbær komi til móts við hana og auki framlag sitt um 700 þúsund krónur sem verði þannig 1,2 milljónir. „Þannig er mál með vexti að undanfarin ár höfum við fengið hluta styrks frá Tungubökkum fyrir leikmenn meistaraflokks og fyrir þessa vinnu hefur bærinn greitt 600 þúsund,“ segir meðal annars í bréfinu. Félagið fékk að bæta við einum leikmanni og fylgdi aukafjárveiting upp á 100 þúsund krónur.

> **Það er ódýrara að fá Spánverja, útvega íbúð og bíl heldur en að fá Íslending í sama gæðaflokki.**
> Ásbjörn Jónsson, formaður meistaraflokksráðs Aftureldingar

Ætlar Afturelding að láta erlenda leikmenn sína sjá um sláttinn.



**Fjársveltir Mosfellingar stefna hátt á komandi tímabili.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ásbjörn Jónsson, formaður meistaraflokksráðs, segir að félagið hafi verið með samkomulag við bæjaryfirvöld um eitt stöðugildi þar sem leikmaður hefur séð um að slá og merkja velli og annað tilfallandi. „Við höfum fengið pening frá bænum fyrir eitt stöðugildi og við erum að biðja núna um annað.“ Málið verður tekið fyrir innan bæjarráðs.

Afturelding var komin með tvo leikmenn en annar þurfti að hætta við af persónulegum ástæðum og hinn hefur verið settur í smá bið. „Það er ódýrara að fá Spánverja og útvega honum íbúð og smá starf heldur en að fá íslenskan leikmann í sama gæðaflokki. Þá er ég að tala um leikmann sem er hálfgerður svindlkall að gæðum fyrir aðra deildina. Svoleiðis íslenskur leikmaður er mjög dýr og þeir biðja um mikla peninga.“

Hann segir að þótt staðan sé erfið þá sé stefnan klárlega að fara upp um deild. „Menn eru að berjast. Við drögum úr kostnaði ef við náum ekki að fylla í gatið. Auðvitað þurfum við að ná í 20 styrktaraðila núna í staðinn fyrir þessa tvo. En stefnan er alltaf að fara upp.“ – **bb**

## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**Tindastóll - KR 105-80**

**Tindastóll:** Antonio Hester 24, Pétur Rúnar Birgisson 15, Sigtryggur Arnar Björnsson 13, Viðar Ágústsson 11, Axel Kárason 11, Chris Davenport 8, Helgi Rafn Viggósson 7.
**KR:** Kristófer Acox 17/12 fráköst, Kendall Pollard 17, Brynjar Þór Björnsson 16, Jón Arnór Stefánsson 10, Björn Kristjánsson 10, Darri Hilmarsson 8.

**Þór Þ. - Höttur 94-66**

**Þór Þ.:** Chaz Calvaron Williams 28, Emil Karel Einarsson 17, Halldór Garðar Hermannsson 15, Davíð Arnar Ágústsson 11, Þorsteinn Már Ragnarsson 7.
**Höttur:** Hreinn Gunnar Birgisson 17, Sigmar Hákonarson 14, Bergþór Ægir Ríkharðsson 10, Mirko Stefan Virijevic 10/11 fráköst, Brynjar Snær Grétarsson 8.

**Þór Ak. - Valur 71-77**

**Þór Ak.:** Ingvi Rafn Ingvarsson 15, Bjarni Rúnar Lárusson 14, Marques Oliver 12, Júlíus Orri Ágústsson 11, Nino D. Johnson 10, Hilmar Smári Henningsson 5.
**Valur:** Urald King 35/15 fráköst, Austin Magnus Bracy 18, Oddur Birnir Pétursson 7,

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 32 | Stjarnan | 20 |
| Tindastóll | 30 | Keflavík | 20 |
| KR | 28 | Þór Þ. | 16 |
| ÍR | 28 | Valur | 14 |
| Njarðvík | 22 | Þór Ak. | 6 |
| Grindavík | 22 | Höttur | 4 |

## Átjánda hola felldi Valdísi

**GOLF** Valdís Þóra Jónsdóttir, kylfingur úr Golfklúbbnum Leyni, komst ekki í gegnum niðurskurðinn í Ástralíu á NSW Open á Evrópumótaröðinni, næststerkustu mótaröð heims. Annan daginn í röð var það átjánda holan sem reyndist Valdísi erfið í gær. Valdís þurfti að eiga frábæran hring í gær eftir að hafa leikið á fimm höggum yfir pari á fyrsta degi en skolli á fyrstu var engin óskabyrjun.



Valdís lék næstu sextán holur á þremur höggum undir pari og virtist ætla að komast í gegnum niðurskurðinn en aftur reyndist átjánda holan henni erfið. Valdís fékk skramba í gær, aðeins degi eftir að hafa fengið þrefaldan skolla á sömu holu. Lauk hún leik á fimm höggum yfir pari en ef átjánda holan er dregin frá var hún á pari á hinum sautján. Þetta var 5. mót Valdísar í Ástralíu í röð en nú færist mótaröðin til Afríku. – **kpt**




FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN

# Gæfa og gjörvileiki fara ekki alltaf saman á Óskarnum

Kvikmyndabransinn heldur árshátíð í Los Angeles á sunnudagskvöld. Heimsbyggðin fylgist andaktug með er Ólympsguðir vorra tíma stíga niður til jarðar og verðlauna þá fremstu í sínum röðum. Kvikmyndaspekingar Fréttablaðsins skera úr um hverjir eiga heiðurinn skilinn og hverjir ekki.





Þórarinn Þórarinsson
thorarinn@frettabladid.is

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is





## Besti leikari í aðalhlutverki

**Timothée Chalamet –** Call Me by Your Name

**Daniel Day-Leis –** Phantom Thread

**Daniel Kaluuya –** Get Out

**Gary Oldman –** Darkest Hour

**Denzel Washington –** Roman J. Israel, Esq.

**Kolbrún Bergþórsdóttir:** Ég tel nokkuð víst að Gary Oldman fái Óskarinn fyrir afar sterka túlkun á Winston Churchill. Ég mun sannarlega ekki harma þá niðurstöðu. Daniel Day-Lewis fær hins vegar mitt atkvæði fyrir stórkostlegan leik sinn í Phantom Thread.

**Þórarinn Þórarinsson:** Gary Oldman fer með himinskautum sem Churchill í The Darkest Hour. Vel má vera að Daniel Day-Lewis verðskuldi verðlaunin frekar en ég held með Oldman og Churchill. Ég verð fúll ef Gary og Winston taka þetta ekki.

## Besta leikkona í aðalhlutverki

**Sally Hawkins –** The Shape of Water

**Frances McDormand –** Three Billboards Outside Ebbing, Missouri

**Margot Robbie –** I, Tonya

**Saoirse Ronan –** Lady Bird

**Meryl Streep -** The Post

**Kolbrún Bergþórsdóttir:** Í Three Billboards Outside Ebbing, Missouri sannar Frances McDormand enn á ný hversu góð leikkona hún er. Hún er næstum því ógnvænleg í túlkun sinni á syrgjandi og reiðri móður sem krefst aðgerða eftir óupplýst morð dóttur sinnar. Óskarinn er hennar.

**Þórarinn Þórarinsson:** Sally Hawkins heillaði mig gjörsamlega í The Shape of Water. Næm túlkun hennar á þöglum harmi og heitum tilfinningum aðalpersónunnar er mögnuð. Hún á að vinna.

## Besta myndin

**Call Me by Your Name**

**Darkest Hour**

**Dunkirk**

**Get Out**

**Lady Bird**

**Phantom Thread**

**The Post**

**The Shape of Water**

**Three Billboards Otside Ebbing, Missouri**

**Kolbrún Bergþórsdóttir:** Meistaraverkið The Shape of Water er tvímælalaust besta myndin í þessum flokki. Óvenjuleg, hjartnæm og átakanleg. Einu réttu úrslitin eru sigur þessarar ógleymanlegu og áleitnu myndar del Toro.

**Þórarinn Þórarinsson:** Okkur greinir ekki á um þetta. The Shape of Water er eitt af þessum sjaldgæfu dæmum þar sem allt smellur saman í kvikmynd og myndar stórkostlega heild. Ótrúleg ástarsaga og ótrúlega falleg. Þetta er E.T. fyrir fullorðna.

## Einu sinni var



**17. mars 1997, mjólkurstríð við Örnólf á Snorrabraut og mjólk sem verkfallsverðir sendu á Hrafnistu. Verkfallsvaktin að störfum.** MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR. LJÓSMYNDARI: SVEINN ÞORMÓÐSSON.

## Um helgina, af hverju ekki að ...



Seng Luangrath

### FARA ÚT AÐ BORÐA

Seng Luangrath, kokkur og eigandi Bangkok Golden, leiðir Lao matarhreyfinguna í Washington og kemur á Food and Fun. Seng eldar á Kitchen and Wine í 101. Hún er í viðtali á frettabladid.is í dag og á sér magnaða sögu. Hún lærði að elda tólf ára gömul í flóttamannabúðum en er nú farsæll stjörnukokkur.

### SETJA NIÐUR FRÆ

Með meiri birtu má fara að virkja græna fingur. Nú er gott að setja niður blómafræ eins og morgunfrú og fjólu og sá fyrir kryddjurtum, t.d. basilíku og steinselju. Mæla má með nýútkominni bók um inniræktun matjurta eftir Ziu Allaway. Í henni er að finna nákvæmar leiðbeiningar um hentuga staðsetningu á jurtum innanhúss og leiðum til ræktunar auk skemmtilegra uppskrifta.



## Besta leikkona í aukahlutverki

**Mary J. Blige –** Mudbound

**Allison Janney –** I, Tonya

**Lesley Manville -** Phantom Thread

**Laurie Metcalf –** Lady Bird

**Octavia Spencer –** The Shape of Water

**Kolbrún:** Allison Janney er frábær í túlkun sinni á hinni illu og orðljótu móður skautadrottningarnnar Tonyu Harding. Það er ekki hægt að hafa augun af henni svo mögnuð er frammistaða hennar. Svo hef ég sterkar taugar til Octaviu Spencer sem fer einstaklega fallega með hlutverk sitt í The Shape of Water.

**Þórarinn Þórarinsson:** Sammála aftur. Við erum eiginlega vandræðalega í takt en Octavia Spencer er ekki síður vel að verðlaununum komin. Hún var fantagóð í The Shape of Water. Og þar sem sú mynd er með flestar tilnefningar, þrettán talsins, er vel mögulegt að þetta verði kvöldið hennar og þá gætu stytturnar raðast á leikara hennar.



## Besti leikari í aukahlutverki

**Willem Dafoe –** The Florida Project

**Woody Harrelson –** Three Billboards Outside Ebbing, Missouri

**Richard Jenkins –** The Shape of Water

**Christopher Plummer –** All the Money in the World

**Sam Rockwell – T**hree Billboards Outside Ebbing, Missouri

**Kolbrún Bergþórsdóttir:** Hér er erfitt að velja. Ég held að Sam Rockwell fái Óskarinn og hann er góður í Three Billboards en ég held með Richard Jenkins.

**Þórarinn Þórarinsson:** Hér eru saman komnir yfirburða leikarar sem erfitt er að gera upp á milli. Ég held að Kolla hafi rétt fyrir sér hér en ég tek undir með henni með Jenkins. Þessi geðþekki og trausti aukaleikari í áratugi. Hann er dásamlegur í The Shape of Water og það væri voða krúttlegt ef hann fengi verðlaunin.

## Besti leikstjórinn

**Christopher Nolan –** Dunkirk

**Jordan Peele –** Get Out

**Greta Gerwig –** Lady Bird

**Paul Thomas Anderson –** Phantom Thread

**Guillermo del Toro –** The Shape of Water

**Kolbrún Bergþórsdóttir:** Guillermo del Toro er sannur listamaður. Það er hneyksli ef gengið verður fram hjá honum.

**Þórarinn Þórarinsson:** Sennilega stendur enginn Guillermo del Toro framar í hárfínum línudansi töfraraunsæis á mörkum draums og veruleika, raunveruleika og súrrealisma, hins mögulega og hins ómögulega. Hann á skilið að hampa Óskarsverðlaunastyttunni.



### SKOÐA MYNDIR ÁRSINS

Ljósmyndasýningin Myndir ársins 2017 verður opnuð í Hörpu á laugardaginn og verða veitt verðlaun fyrir vinningsmyndir ársins klukkan 15. Fréttaljósmyndarar Íslands hafa tekið mikinn fjölda stórkostlegra ljósmynda á síðasta ári og gefst þarna tækifæri til þess að skoða þær sem þóttu allra bestar. Sýningin verður uppi í þrjár vikur og er aðgengileg á opnunartíma Hörpu.






FRAMLAG ORKU- OG VEITUFYRIRTÆKJA TIL LOFTSLAGSMÁLA

6. MARS KL. 15-17 Á HILTON REYKJAVÍK NORDICA

DAGSKRÁ

ÁVARP Helgi Jóhannesson, formaður stjórnar Samorku

ÁVARP Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar

FRAMLAG ORKU- OG VEITUSTARFSEMI TIL LOFTSLAGSMÁLA Í FORTÍÐ, NÚTÍÐ OG FRAMTÍÐ
Inga Dóra Hrólfsdóttir, framkvæmdastjóri Veitna og Kristín Vala Matthíasdóttir, framkvæmdastjóri auðlinda HS Orku

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING ORKU- OG VEITUTÆKJA UM KOLEFNISHLUTLEYSI ÁRIÐ 2040
Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra og Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, veita yfirlýsingunni viðtöku

STÓRA VERKEFNIÐ
Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs

STATE OF GREEN – NATION BRANDING AND STORYTELLING
Finn Mortensen, framkvæmdastjóri

FUNDARSTJÓRI: Páll Erland, framkvæmdastjóri Samorku




SKRÁNING Á SAMORKA.IS – ALLIR VELKOMNIR!

# Shirley Temple og hin *Óskarsverðlaunabörnin*

Óskarsverðlaunahátíðin fer fram á sunnudagskvöld. Það að vera tilnefndur til verðlaunananna er önnur mesta viðurkenning sem kvikmyndaleikarar hljóta á ferlinum, hin er að hreppa styttuna gylltu og góðu.

**Fjölmörg börn hafa verið tilnefnd fyrir hlutverk sín í gegnum árin og hreppt styttuna góðu. Yngsti leikarinn sem fengið hefur Óskar var barnastjarnan Shirley Temple en hún var einungis sex ára gömul.**



**Sólskinsstúlkan**
Hin tíu ára Abigail Breslin var tilnefnd sem besta leikkona í aukahlutverki fyrir túlkun sína á hinni óviðjafnanlegu Olive Hoover í Little Miss Sunshine árið 2006. Myndin sló í gegn og var valin sem opnunarmynd á Sundance-kvikmyndahátíðinni sama ár.



**Er enn að leika**
Stórleikkonan Jodie Foster var árið 1976 tilnefnd sem besta leikkona í aukahlutverki í kvikmyndinni Taxi Driver. Þar fór hún með hlutverk kornungrar vændiskonu en mótleikari hennar var Robert De Niro.



**Hann sá dáið fólk**
Barnastjarnan Haley Joel Osment var tilnefndur fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni The Sixth Sense árið 1999. Hann fór þar með hlutverk á móti Bruce Willis sem var í aðalhlutverki. Ein þekktasta tilvitnun kvikmyndanna hin síðari ár kemur úr þeirri mynd en það var persóna Haleys sem sagði: I see dead people.



**Fékk Óskarinn**
Feðginin Tatum og Ryan O'Neal léku feðgin í kvikmyndinni Paper Moon árið 1973 og fyrir frammistöðu sína hlaut hún tilnefningu sem besta leikkona í aukahlutverki. Hún þótti bera af það árið og fór heim með styttuna góðu.



**Fór heim með styttu**
Anna Paquin var einungis 11 ára gömul þegar hún hlaut verðlaun sem besta leikkona í aukahlutverki í kvikmyndinni The Piano árið 1993. Hún fór með hlutverk stúlkunnar Flóru og lék á móti Holly Hunter sem fór aðalhlutverkið í myndinni.



**Yngst allra til að fá verðlaun**
Ein skærasta stjarna Hollywood fyrr og síðar, barnastjarnan Shirley Temple, fékk sérstök heiðurs-Óskarsverðlaun fyrir ungt fólk árið 1935 en þá var Shirley einungis sex ára. Hún er enn yngsti verðlaunahafinn sem hefur fengið Óskarsverðlaun.

**SHIRLEY TEMPLE HELDUR ENN TITLINUM SEM YNGSTI ÓSKARSVERÐLAUNAHAFINN. HÚN FÉKK ÓSKARINN AÐEINS SEX ÁRA GÖMUL.**

# Aulahrollur á Óskarsverðlaunahátíð

**Stóra klúðrið 2017**
Á síðustu Óskarsverðlaunahátíð urðu mistök sem falla seint í gleymskunnar dá.

Kynnarnir Warren Beatty og Fay Dunaway tilkynntu að La La Land hefði sigrað. Aðstandendur myndarinnar fylktu liði upp á svið og höfu svífandi glaðir að flytja langar þakkarræður. En eftir nokkrar mínútur þurfti kynnir hátíðarinnar, Jimmy Kimmel, að leiðrétta mistökin og tilkynna að kvikmyndin Moonlight hefði sigrað. Endurskoðunarfyrirtækið PricewaterhouseCoopers viðurkenndi seinna mistök og að rangt umslag hefði verið sent til hátíðarinnar.

**Kyndugt klapp**
Mistökin féllu nánast í skuggann af öðru atviki á hátíðinni. Nefnilega klappi Nicole Kidman. Margir vildu líkja hreyfingum hennar við sel að slá saman hreifum sínum. Seinna sagði Nicole að hún hefði gætt sín vegna dýrra skartgripa sem hún hafði fengið að láni. Þá hefði líklega linsa myndavéla leikið hana grátt.

**Og þá vil ég þakka ... Ræða Gwyn árið 1999**
Það er tilfinningarík stund að taka við Óskarsverðlaunum og skiljanlegt að þá verði menn meyrir og þakklátir. Gwyneth Paltrow lét tilfinningarnar bera sig ofurliði þegar hún tók við verðlaunum fyrir aðalhlutverk í Shakespeare In Love árið 1999. Ræðan var afar löng og hún nefndi nánast hvern einasta fjölskyldumeðlim sinn og þakkaði, sumum þakkaði hún reyndar tvisvar.

**Angelina og bróðir hennar árið 2000**
Angelina fór svo hjartnæmum orðum um hálfbróður sinn Johnny Haven við afhendingu Óskarsverðlaunanna árið 2000, þegar hún fékk verðlaun sem besti aukaleikari í myndinni Girl Interrupted, að ýmsir túlkuðu orð hennar á þann veg að þau hálfsystkinin ættu beinlínis í ástarsambandi. Ekki bætti úr skák innileg atlot þeirra á rauða dreglinum á Golden Globe nokkru áður.

**John Travolta káfar á Scarlett Johansson 2014**
John Travolta var ansi mistækur þegar hann kyssti vinkonu sína Scarlet Johansson á rauða dreglinum árið 2014. Hann þótti heldur bósalegur í aðförum sínum og Scarlet vandræðaleg. Seinna kom hún honum þó til varnar, sagði John góðan vin og henni þætti hann aldrei óviðeigandi eða skrýtinn.

**Jafnvægisleysi Jennifer 2013 og 2014!**
Jennifer Lawrence þótti krúttleg þegar hún féll í fögrum kokteilkjól þegar hún tók við Óskarsverðlaunum árið 2013. Hún þótti síður krúttleg þegar hún féll aftur á rauða dreglinum ári seinna.

**Gróft grín Ellenar um Lizu 2014**
Flestir fyrirgefa Ellen DeGeneres grófa brandara. Enda slá þeir iðulega í gegn. Margir fundu þó til með Lizu Minelli þegar Ellen var kynnir hátíðarinnar 2014, benti út í sal á hana og sagði: „Þetta er ein besta Lizu Minelli eftirherma sem ég hef séð á ævi minni, vel gert herra minn!"

## Fjölbreyttar kræsingar í boði



Maturinn sem reiddur verður fram í Ray Dolby Ballroom eftir Óskarsverðlaunahátíðina er ekkert slor, frekar en fyrri árin. Um 1.500 manns munu setjast að snæðingi eftir að hátíðinni er lokið.

Stjörnukokkurinn **Wolfgang Puck** sá um að setja saman matseðil fyrir veisluna og á seðlinum kennir ýmissa grasa.

Um 60 réttir verða í boði þannig að enginn ætti að fara svangur heim. Krabbakjöt, reyktur lax, edamame-baunir og nautatartar er meðal þess sem verður í boði. Þá verða eftirréttirnir ekki af verri endanum en gestir geta gætt sér á voða flottum handgerðum ísrétti, einhvers konar kavíar-parfait, fjölbreyttu bakkelsi, bleiku súkkulaði og öðru gúmmelaði.



**Warren Beatty með umslagið með vitlausum upplýsingum í og umkringdur aðstandendum La La land sem voru komnir upp á svið.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Nicole Kidman bar því við að hún hefði verið að gæta mikilla djásna og því hefði hún kannski klappað svolítið hallærislega. (Eins og selur!)**




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5







# Stórsý









## Fullt hús hjá HEKLU

### Láttu sjá þig í dag milli kl. 12 og 16!

Úrvalið af jeppum og jepplingum frá Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi hefur aldrei verið meira í HEKLU. **Því blásum við til stórsýningar í dag milli kl. 12 og 16.** Nýr **Mitsubishi Eclipse Cross** verður frumsýndur, fjöldinn allur af tilboðum verða í gangi, veltibíllinn og ljúffengar veitingar. Stórsýning HEKLU verður á sama tíma hjá **Bílasölu Selfoss**, **Bílasölu Austurlands Egilsstöðum** og **Höldi Akureyri**. Á Laugaveginum getur þú tekið þátt í lukkuleik með frábærum vinningum; **vígalegt götuhjól frá Skoda** og **gjafakort frá 66N**, **Everest** og **Icelandair**. Komdu og gerðu þér glaðan dag með okkur. Hlökkum til að sjá þig!




**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



PHEV
T-Roc
ýning
Tiguan Allspace
Frumsýning!
L200
Eclipse Cross
HEKLA
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd



Iðunn, Ylfa og Margrét ræða um ástríðu sína og hvernig matreiðslubransinn er að breytast á Íslandi með betri möguleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Bylting í matreiðslubransanum

Kokkarnir **Hrefna**, **Iðunn** og **Ylfa** og kokkaneminn **Margrét** segja byltingu hafa orðið í matreiðslubransanum sem ekki sjái fyrir endann á. Konur hafi sífellt meiri áhrif í karllægum matreiðslubransa.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Ylfa Helgadóttir er yfirmatreiðslumeistari og eigandi Kopars, veitingastaðar við Gömlu höfnina í Reykjavík. Hún er í kokkalandsliðinu og hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga.

Iðunn Sigurðardóttir er yfirkokkur á Matarkjallaranum og hefur einnig hlotið fjölda viðurkenninga þrátt fyrir ungan starfsaldur. Margrét Bjarnadóttir er nýliði í bransanum, er kokkanemi á Geira Smart og á bakgrunn í næringar- og hjúkrunarfræði.

Hrefnu Sætran matreiðslumeistara þekkja landsmenn flestir. Hún er eigandi tveggja veitingastaða, Fisk- og Grillmarkaðarins, og starfar á báðum stöðum. Hún var tíu ár í kokkalandsliðinu. Hrefna er stödd í Japan og tekur því þátt í spjalli um bransann í gegnum netið.

### Fékk bakþanka

*Hvernig lá leið ykkar í bransann? Hvar lærðuð þið?*

**Ylfa:** Ég kláraði stúdentsprófið áður. Og gerði það á þremur árum. Það var rétt áður en það bauðst að klára prófið á tveimur árum. Ef það hefði verið í boði, þá hefði ég gert það. Ég var að drífa mig svo í kokkinn. Þegar ég útskrifaðist var ég samt ekki lengur viss um að ég vildi leggja þetta fyrir mig. Það var lítið talað um þetta starf á þessum tíma, lítil umræða og það var töluvert minni markaður en er núna.

Ég fór að vinna á bar í miðbænum sem lagði líka áherslu á veitingar og sótti um nám í hótelstjórnun í Bandaríkjunum. Yfirþjónn barsins ræddi við mig um framtíðaráætlanir mínar og spurði mig hvort ég vildi verða kokkur. Ég sagði já. En ég sæi ekki tækifærin hér heima.

Hann sagði þá við mig: Heyrðu, það er verið að opna nýjan stað hérna hinum megin við götuna. Kíkjum á þá. Og það var Fiskmarkaðurinn. Þetta átti greinilega að verða.

### Hafði aldrei farið út að borða

**Iðunn:** Ég var tvö ár í Fjölbrautaskóla Suðurlands og var staðráðin í því að verða kokkur. Ég ákvað það bara einn daginn að verða kokkur. Ég hafði ekki einu sinni farið út að borða, nema á American Style! Ég var svo ung að ég mátti ekki flytja að heiman. Ég var því send í Fjölbrautaskóla Suðurlands þar sem ég hreinlega beið eftir því að tíminn liði svo ég gæti byrjað í kokkanámi. Ég kom svo hingað til Reykjavíkur. Ég vissi ekkert um bransann þegar ég byrjaði og sótti um á fjölda veitingastaða. Það var slembilukka að ég komst að á Fiskfélaginu. Ég gekk þar fram hjá og hugsaði með mér: Þetta lítur út eins og veitingastaður. Ég fór þangað inn að sækja um starf, sem ég fékk.

### Hætti í hjúkrunarfræði

**Margrét:** Ég tók stúdentspróf frá FG, svo tók ég hálft ár í næringarfræði. Það var draumurinn fyrst. Það reyndist hins vegar alveg sjúklega leiðinlegt. Ég fór eftir það í hjúkrunarfræði og hætti þar á öðru ári. Enginn skildi hvað ég var að gera í þessu námi. Ekki ég heldur. Fólk fór að spyrja hvað ég ætlaði að gera eftir námið og þá sagðist ég ætla að vinna í eldhúsi. Ég hef nefnilega alltaf haft áhuga á matreiðslu og ætlaði alltaf í kokkinn. Mér fannst ég samt þurfa að hafa stúdentshúfuna og einhverja gráðu á blaði. Því það er normið. Þess vegna fór ég í hjúkrunarfræðinám sem átti engan veginn við mig. En sem betur fer áttaði ég mig, það er engin þörf á því að gera hlutina eins og næsti maður. Ég hætti á miðvikudegi í hjúkrun og var komin á samning hér á fimmtudegi.



ÞAÐ SEM MÉR FANNST FYNDNAST VAR AÐ ÉG ÆTLAÐI EKKERT AÐ FARA AÐ EIGNAST BÖRN ÞARNA NÍTJÁN ÁRA GÖMUL. HAFÐI EKKI EINU SINNI HUGSAÐ ÚT Í ÞAÐ OG VAR EKKI Í FÖSTU SAMBANDI.

Hrefna

### Fólk hættir vegna álags

*Förum aðeins yfir tölurnar: 194 konur hafa útskrifast frá upphafi úr matreiðslunámi á meðan karlmennirnir eru 1.406 talsins. 87 nemendur eru skráðir í matreiðslunám á vorönn 2018 í MK og VMA. Þar af eru 23 konur. Er eitthvað að í þessum bransa?*

**Iðunn:** Það hætta mjög margar konur eftir útskrift. Ég held að það sé af því að það er svo lítið í boði fyrir konur með börn. Sem vilja vinna með barneignum og kringum það. Ég á nokkrar vinkonur sem hafa lent í þessu.

**Margrét:** Já, ég líka. En karlar hætta líka. Veit um nokkra sem hafa hætt en fundið sér annan vettvang tengdan mat og tóku sér pásu frá eldhúsinu. Vinnutíminn er auðvitað ófjölskylduvænn, því miður.

**Ylfa:** Það sem mun ekki breytast er vinnutíminn. Veitingastaðir eru opnir á kvöldin. Mesta álagið er þegar leikskólarnir eru að loka.

Auðvitað er hægt að setja upp alls konar formúlur þar sem einhver sem er með sérþarfir fær að fara heim til að sinna börnum. Hvort sem þú ert karl eða kona. En þegar allt kemur til alls þá þarftu að taka kvöldin. Þá gerist allt sem skiptir máli. Bæði karlar og konur hætta vegna þessa álags.

### Stimpill á konum vegna barneigna

*Var erfitt að fá samning? Hafið þið mætt hindrunum eða mætt mótstöðu?*

**Hrefna:** Já, það var aðallega þegar ég var að reyna að komast á samning sem ég fann fyrir því. Það var stimpill á konum í sambandi við barneignir. Það var víst algengt að þær sem byrjuðu að læra yrðu óléttar á þessum fjórum árum sem námið tekur og það er smá vesen að brúa það bil fyrir atvinnurekandann því nemaplássið er frátekið þó svo að manneskjan sé í leyfi og bara x mörg pláss á hverjum stað. Námið fer að miklu leyti fram á veitingastaðnum sem þú ert á samningi hjá. Það sem mér fannst fyndnast var að ég ætlaði ekkert að fara að eignast börn þarna nítján ára gömul. Hafði ekki einu sinni hugsað út í það og var ekki í föstu sambandi. Svo allt í einu voru allir að spyrja mig hvort ég ætlaði nokkuð að verða ólétt!

Ég þurfti að ganga á milli margra staða, fá þessa spurningu í andlitið og svo neitun í kjölfarið.

Svo fékk ég vinnu í eldhúsinu á Apótekinu gamla, sem var ekki með nemaleyfi. Ég ákvað samt að stökkva á það og yfirkokkurinn þar, Sigurður Ólafsson, mikill meistari og snillingur, sótti svo um leyfi fyrir mig þegar ég var búin að sanna mig þar í fjóra mánuði.

Ég eignaðist svo fyrra barnið mitt 31 árs eftir að hafa opnað tvo veitingastaði og verið í kokkalandsliðinu í tíu ár.

### Breyttur bransi

**Ylfa:** Það gekk vel hjá mér. Ég held að þetta hafi breyst mikið frá því að Hrefna gekk á milli staða. Það er stærri markaður og fleiri tækifæri. Sem betur fer eru þessi viðhorf á undanhaldi.

**Margrét:** Ég fékk samning strax hér.

**Iðunn:** Mér gekk vel að finna mér stað. Ég held að það sé rétt hjá Ylfu að það hafi margt breyst. Sem betur fer. En viðhorfin eru samt kannski enn til staðar.

### „Takk, en getur þú fyllt á vatnið?“

*Fáið þið stundum spurninguna, biddu, ertu ekki þjónn?*

**Iðunn:** Jú, ég fæ hana mjög oft. Þó að ég sé í kokkabúningnum. Augljóslega allt öðruvísi klædd en þjónarnir sem ➡

➡ eru í svörtu. Þá heldur fólk bara að maður sé þjónn.

**Margrét:** Jú, ég lendi reyndar ekki í þessu, það gæti verið vegna þess hvað kokkabúningurinn er áberandi hér.

**Hrefna:** Já margoft, Ég man eftir fyrsta skiptinu. Ég ákvað að fara sjálf með einn rétt fram í sal og útskýra mjög ítarlega hvað væri á disknum og hvernig ég hefði eldað réttinn. Ég vandaði mig mjög mikið. En svo sagði fólkið bara: Takk, en geturðu fyllt á vatnið. Ég varð mjög hissa.

Svo var líka algengt að það var hringt og beðið um yfirkokkinn. Ég kom í símann. Nei, yfirkokkinn takk, fékk ég þá að heyra. Ég svaraði þá að ég væri yfirkokkurinn og stundum gekk þetta nokkrum sinnum fram og til baka þar til fólk áttaði sig á því að jú, kona gæti verið yfirkokkur!

**Ylfa:** Ég hef frekar lent í því að sextán ára strákurinn og neminn sem stendur við hliðina á mér fær þakkir fyrir matinn þó að ég standi við hliðina á honum. Annars tek ég reyndar oft þjónavaktir í kokkagallanum. Ég tók örugglega heilt ár þar sem það var mikið að gera og þá hjálpaði ég til. Þannig að kannski er skiljanlegt að einhver hafi nú haldið að ég væri þjónn. En annars gengur maður bara í burtu og heldur andliti. Ég vil ekki láta kúnnann verða vandræðalegan. Þetta er viðhorf sem er í mörgum stéttum og í báðar áttir.

> ÉG ÁKVAÐ ÞAÐ BARA EINN DAGINN AÐ VERÐA KOKKUR. ÉG HAFÐI EKKI EINU SINNI FARIÐ ÚT AÐ BORÐA, NEMA Á AMERICAN STYLE!
>
> Iðunn



**Hvað er það sem þarf til? Harka, ósérhlífni, úthald, virðing og ákveðið jafnaðargeð í bland við ástríðu fyrir matreiðslu, segja Margrét, Iðunn og Ylfa um þá góðu eiginleika sem koma sér vel í kokkastarfinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

### Að læra á góðum stað

*Skiptir máli hvar maður lærir?*

**Ylfa:** Ég er alltaf að tala um þetta. Þessi ákvörðun. Hvar þú ætlar að læra. Hún skiptir mestu máli. Það er ekkert sem skiptir meira máli en hvar þú lærir. Fólk veit ekkert. Nema þú þekkir einhvern í bransanum. Og það er meira að segja ekki bara staðurinn. Þetta getur verið staður sem hefur gott orðspor en svo eru kannski ekki nógu góðir kokkar á staðnum.

**Margrét:** Þetta skiptir öllu máli. Þegar að við höfum skipt um kokk þá er eins og ég sé allt í einu komin á annan vinnustað. Það er svart og hvítt, maður finnur mikill mun. Sá sem er yfir setur í rauninni andrúmsloftið á vinnustaðnum, sem er mikilvægt að sé gott þar sem maður er að vinna svona langa vinnudaga yfirleitt með sama fólkinu.

**Iðunn:** Ég vissi ekki neitt. En við vorum allar heppnar. Það má kannski leiða hugann að hinum, sem eru ekki jafn heppin. Og lenda á stöðum þar sem er ekki hugsað vel um nema. Þar sem þeir fá ekki næga kennslu. Of mikil keyrsla og það gefst ekki tími til að kenna.

**Margrét:** Maður hefur heyrt um fólk sem festist í því að gera ískúlur allan daginn.

**Ylfa:** Maður sér það líka í skólanum. Krakkar kunna ekki að gera hluti sem eru beisikk.

**Margrét:** Fólk sem er í skólanum talar mikið um þetta. Hvað það sé mikill munur á milli veitingastaða.

**Iðunn:** Þú getur líka keyrt þetta sjálf áfram. Þó að þú lendir ekki á besta staðnum, þá þarft þú að koma þér áfram. Lesa bækur, skoða hvað aðrir eru að gera úti í heimi, horfa á netinu. Nota áhugann til að keyra þig áfram. Það eru dæmi um þannig fólk líka.

### Að finna eigin rödd

*Hverjar eru fyrirmyndir ykkar?*

**Ylfa:** Það tengist svo margt hjá mér. Ég á líka fyrirmyndir mínar í fólki sem rekur staðina sína vel. Svo á ég aðrar fyrirmyndir í fólki sem gerir sitt vel og lætur aðra ekki hafa áhrif á sig. Svo er líka fólk sem er að sinna þessu sem áhugamáli meira heldur en vinnu. En aðalmálið er að þú getur ekki gert allt vel. Fólk verður að finna eigin styrkleika og vinna með þá.

**Iðunn:** Ég er sammála því sem Ylfa segir. En sú manneskja sem ég hugsa oftast til er Haffi kokkur. Hann er svo rólegur. Hann dettur ekki í ójafnvægi í mestu keyrslunni. Það er svo auðvelt að missa stjórnina en það er miklu meira töff að halda ró sinni. Þú afkastar líka meiru ef þú gerir það. Ég horfi líka til hans og fólks sem getur ekki stjórnað skapinu. Hvernig á ekki að gera hlutina.

**Margrét:** Ég læri af mörgum. Hverjum og einum hverju sinni. Bæði gott og slæmt. Stundum lærir maður líka af mistökum annarra og getur minnt sig á að fara ekki sömu leið. Og öfugt. Að taka sér jafnaðargeðið til fyrirmyndar. Maður finnur hvað það skiptir gríðarlega miklu máli þegar kemur að því að standa undir álagi. Fólk þarf að geta talað saman. En svo þarf maður að finna sitt. Verða einlægur í því sem maður er að gera.

### Food and Fun góð tilbreyting

*Food and Fun er að byrja. Er eitthvað sem þið eruð spenntar fyrir? Skiptir máli að hitta konurnar sem eru að koma á hátíðina?*

**Margrét:** Ég er mjög spennt fyrir Kitchen and Wine á föstudegi til sunnudags. Þar verður Seng Luangrath með japanskt fusion. Mér finnst hún mjög áhugaverð. Já, og það er mikilvægt. Það eru þrjár til fjórar konur sem koma á hátíðina. Þetta er skemmtileg tilbreyting. Það myndast góður andi. Við höfum samt fæst tíma til að sinna þessu almennilega.

**Ylfa:** Ég var líka búin að sjá þennan seðil, hann er spennandi. Við vorum að ræða það um daginn að það væri svakalega mikið af flottum kokkum að koma. Til okkar á Kopar kemur frönsk kona, Amandine Chaignot. Mjög spennandi. Ég fer á Apótekið. Þar verður argentínskur töffari að elda, Javier Rodriguez. Þetta er skemmtilegt ef maður nýtir þessa hátíð rétt, sem reyndar fæstir gera því það er svo mikið að gera. Þetta er gert til að efla tengslanetið.

**Iðunn:** Mér finnst líka spennandi dagskráin á Apótekinu í ár.

### Fjórtán tíma vinnudagur

*Hvernig er er vinnudagurinn? Er hann mjög langur?*

**Margrét:** Það er bara ótrúlega misjafnt en vinnudagurinn er eiginlega aldrei styttri en 12 tímar og oftast um 14 tímar. Dagurinn líður mjög hratt. Maður er þreyttur fyrstu dagana. En svo venst þetta.

**Ylfa:** Það er algengt þegar fólk er að byrja að það verður mjög þreytt. Nokkrir sem haltra fyrstu dagana af því að standa svona lengi. Auðvitað er enginn sextán, sautján ára sem er vanur að vinna svona langar vaktir. En það gefur augaleið að ef þú ert mætt í vinnu klukkan 10 að það er enginn farinn klukkan 10 um kvöldið.“

### Eina stelpan í eldhúsinu

*Er bransinn að breytast?*

**Hrefna:** Bransinn er alltaf að breytast með mismunandi áherslum í þjóðfélaginu. Það er eitthvað nýtt á hverjum degi sem við þurfum að fást við. Nú eru opnaðir veitingastaðir í hverri viku og mikil fjölbreytni. Veitingastaðir lifa líka lengur en þeir gerðu áður fyrr og það koma fleiri gestir á hverjum degi sem er gott fyrir alla.

**Iðunn:** Mér finnst viðhorfið líka að breytast. Það eru engir fordómar lengur. Og það er einfaldlega af því að slík hegðun gengur ekki upp ef fólk ætlar að vinna saman og gera sitt besta. Það dregur úr liðinu. Það eru heldur engin rök fyrir því að sýna konum vanvirðingu bara af því að þær eru konur.

**Margrét:** Ég er eina stelpan í eldhúsinu. Það kemur aldrei upp í hausinn á mér. Nema þegar fólk spyr.

**Ylfa:** Aðrir hafa meiri áhuga á því en við hvað við erum fáar. Við erum bara að vinna.

**Margrét:** Ég tek því heldur ekkert persónulega þótt ég sé ávörpuð eins og strákarnir. Þegar það er kallað: Strákar! Þá svara ég bara: Já!

> ÉG TEK ÞVÍ HELDUR EKKERT PERSÓNULEGA ÞÓTT ÉG SÉ ÁVÖRPUÐ EINS OG STRÁKARNIR. ÞEGAR ÞAÐ ER KALLAÐ: STRÁKAR! ÞÁ SVARA ÉG BARA: JÁ!
>
> Margrét

### Harka, jafnaðargeð og ósérhlífni

*Hvað eiginleikum verða góðir kokkar að búa yfir og hvaða ráð gefið þið ungum konum sem vilja leggja þetta fyrir sig?*

**Margrét:** Mér finnst gott að búa yfir ákveðnu jafnaðargeði. Að geta unnið með öðru fólki. Alls konar fólki. Og hafa opinn huga. Ég held að það sé mjög jákvætt.

**Ylfa:** Ég myndi segja að þú verðir að vera svolítið hörð og ósérhlífin. Það sem við erum að gera er nokkuð sem ekki allir geta gert. Þú þarft líka að vera svolítið á tánum, snögg og þola gagnrýni. Já, og þótt það sé æskilegt að allir kokkar séu með jafnaðargeð þá er það alls ekki þannig alltaf. Það er ekkert persónulegt þegar það er öskrað í eldhúsinu. Það er bara til að láta hlutina ganga.

**Margrét:** Já, það er aldrei persónulegt. Þótt það sé hávaði stundum þá þarf bara að láta hlutina ganga.

**Iðunn:** Þegar vaktin er búin, þá er þetta bara búið. Það er líka gott að halda í húmorinn. Hann er gott tæki í gegnum þetta allt saman.

### Skrýtið að heyra konu öskra

**Hrefna:** Það er orðið algengara að sjá konur í stjórnunarstöðum í eldhúsi í dag. Það var ekki þannig áður fyrr. Ég man að þjónarnir sögðu oft hvað þeim fannst skrýtið að heyra konu öskra og stjórna eldhúsinu þegar ég var yfirkokkur á Sjávarkjallaranum. Í dag kippir enginn sér upp við það.

Þegar þú byrjar þá ættir þú að vera alveg viss um að þetta sé það sem þú vilt gera. Námið tekur frá þér ýmsa hluti en á sama tíma gefur það þér svo mikið. Þetta er fjögurra ára nám og það er mjög eðlilegt að fólk fái bakþanka alla vega einu sinni á því tímabili. Veit ekki um neinn sem hefur ekki fengið þá. En það er mikilvægt að halda áfram og komast yfir þann hjalla. Það er svo sorglegt þegar fólk hættir eftir 2-3 ár. Ég veit að lítill hluti af því klárar svo námið. En muna að á þessum tíma ertu að læra. Læra að vinna, læra á veitingahúsaumhverfið sem er góður skóli. Að vinna á veitingastað kennir þér svo margt, sama hvaða stöðu þú gegnir. Mannleg samskipti, aga, stundvísi, vinna sem ein heild að sama markmiðinu. Það er góð hugmynd að reyna að fá að koma í prufu á veitingastað. Þá sérðu hvort þetta á við þig eða ekki.

# Það besta og flottasta af stærstu snjallsímaráðstefnu heimsins

Risarnir á snjallsímamarkaði komu saman í Barcelona í vikunni til að kynna nýjustu vörur sínar og hugmyndir um framtíðina á ráðstefnunni Mobile World Congress. Ódýrir símar, ný flaggskip og loforð um innleiðingu 5G farsímanets voru áberandi á ráðstefnunni. Nokia var áberandi á flestum sviðum og kynnti til leiks annan nostalgíusíma.




**Þórgnýr Einar Albertsson**
thorgnyr@frettabladid.is


## Aftur til fortíðar




Á MWC á síðasta ári kynnti Nokia til leiks uppfærða og nútímalega útgáfu af gömlu meistaraverki, Nokia 3310. Nú ákvað fyrirtækið að leika sama leik og er von á uppfærðri útgáfu af bananasímanum svokallaða, Nokia 8110. Síminn er einna þekktastur úr Matrix-myndunum.

Þótt ekki sé um hefðbundinn snjallsíma að ræða býr þessi gamaldags takkasími yfir mörgum þeirra nútímaþæginda sem nútímamaðurinn hefur vanist. 4G farsímanettenging er í símanum sem og forrit fyrir Facebook og Google Maps. Þá á rafhlaðan einnig að endast mun lengur en rafhlöður snjallsíma nútímans. Öfugt við flesta síma nútímans er takkaborð á 8110, skjárinn er lítill og síminn sjálfur úr plasti. Í þokkabót verður hann talsvert ódýrari en meðalsnjallsíminn.

## Höfðað til fátækari ríkja heims með Go

Google tilkynnti í maí síðastliðnum um að stýrikerfið Android Go væri væntanlegt. Go er einfaldað afbrigði af Android, sérstaklega gert til þess að hámarka afköst ódýrari síma. Þessi tilkynning fór vel í framleiðendur og voru allnokkrir ódýrir Android Go símar tilkynntir í vikunni.

Með því að bjóða upp á ódýra snjallsíma, sem keyra vel á Go-stýrikerfinu, vilja framleiðendur höfða til fátækari neytenda til þess að hámarka útbreiðslu snjallsíma. Flestir þeirra síma sem kynntir voru munu því kosta um eða undir 10.000 krónum.

Alcatel 1X er innlegg franska framleiðandans Alcatel í þetta kapphlaup. Frakkarnir kynntu reyndar allnokkra ódýrari síma á ráðstefnunni en 1X er sá ódýrasti og mun hann kosta um 100 evrur.

ZTE Tempo Go er annar og Nokia 1 þriðji. Þeir munu kosta um 80 evrur hvor.

Enginn þessara síma er útbúinn fingrafaraskanna, vinnsluminni þeirra er lítið og örgjörvarnir kraftlitlir miðað við flaggskipin. Hins vegar mun stýrikerfið sjá til þess að símarnir verði ákjósanlegur valkostur fyrir þá efnaminni.



## Búið ykkur undir 5G farsímanet

Frá því 4G farsímanet var innleitt víðast hvar hefur snjallsímanotkun breyst. Hægt er að streyma háskerpumyndböndum og spila tölvuleiki án þess að vera á heimilisnetinu enda er hraði 4G farsímanets umtalsverður. Það verður því fróðlegt að sjá hvernig notkunin breytist enn frekar þegar 5G farsímanet verður loks innleitt.

Líkt og á flestum tækniráðstefnum undanfarinna missera var mikið rætt um 5G tæknina. Intel tilkynnti að fyrirtækið ynni með Spreadtrum að því að þróa 5G farsímanet og á þeirri vinnu að vera lokið í lok 2019. Þá er Intel jafnframt að vinna með Dell, HP, Lenovo og Microsoft að því að undirbúa næstu kynslóðir snjallsíma og fartölva undir 5G farsímanet.

Huawei varð fyrsta fyrirtækið til þess að kynna 5G beini. Sagði fyrirtækið a beinirinn myndi virka bæði með 4G og 5G neti þegar það yrði loks innleitt og hélt því fram að prufur fyrirtækisins sýndu fram á að niðurhalshraði 5G netsins væri tvítugfaldur á við 4G netið.

Þá tilkynnti ástralska fjarskiptafyrirtækið Telstra um að 5G farsímanet þess færi í loftið á næsta ári. Kínverski framleiðandinn ZTE sagðist vonast til þess að geta boðið upp á 5G síma fyrir árslok 2018 og hið bandaríska Spring sagðist ætla að innleika 5G farsímanet í sex bandarískum borgum í apríl næstkomandi.




**5G farsímanet er á leiðinni og verður mun hraðara en 4G.** NORDICPHOTOS/AFP

## Sérsniðnir, sérstakir og einkar vel útbúnir

Nokkrir símar voru kynntir á MWC í ár sem eru sérstaklega hannaðir fyrir þröngan markhóp. Tveir þeirra koma frá breska fyrirtækinu Bullitt og eru þeir smíðaðir annars vegar fyrir vinnuvélaframleiðandann CAT og hins vegar bifreiðaframleiðandann Land Rover.

CAT-síminn, CAT S61, er útbúinn tækni sem meðalmaðurinn þarf varla á að halda í sínu daglega lífi. Auk þess að vera einstaklega sterklega byggður er hann meðal annars útbúinn FLIR-hitamyndavél, leysigeisla til mælinga og loftgæðamæli.

Myndavélin skynjar hitastig þess sem henni er beint að, allt frá -20 til 400 gráða. Hægt er að streyma upptökunni beint á Facebook. Þá er leysigeislinn notaður til þess að mæla vegalengdina frá símanum og að því sem geislanum er beint að. Loftgæðamælirinn mælir svo loftgæði á hálftíma fresti og varar eiganda símans við ef hættuleg efni finnast í skaðlegu magni í andrúmsloftinu.

**S61**

**SÍMINN FRÁ CAT ER MEÐAL ANNARS MEÐ HITAMYNDAVÉL OG LEYSIGEISLA**

Land Rover-síminn, Land Rover Explore, er sömuleiðis afar sterkbyggður. Samkvæmt TechCrunch virðist hann sérsniðinn að útivistarfólki. Rafhlöðuendingin þykir stórkostleg og þá er hann útbúinn tækni sem gerir símanum kleift að tengjast farsímaneti þar sem aðrir símar gætu það síður.

Öfugt við Bullitt-símana tvo er nýi síminn sem Sikur kynnti, Sikur-Phone, ekki sniðinn að iðnaðarmönnum eða útivistarfólki. Sikur vildi þess í stað einbeita sér að gagnaöryggi og rafmyntum. Er síminn því með innbyggðu rafmyntaveski auk þess sem hann dulkóðar skilaboð og gögn. Halda Sikur-menn því fram að ekki verði hægt að hakka símann til að stela gögnum.

Kínverska fyrirtækið Vivo kynnti síma að nafni Apex. Þó er ekki um væntanlega söluvöru að ræða, einungis hugmynd. Var sýnieintakið á MWC meðal annars útbúið tvöföldum fingrafaraskanna og sjálfumyndavél sem smellur upp úr efsta hluta símans svo hægt sé að nota alla framhliðina undir skjáinn.





**AR Emoji er ein af nýjungum Galaxy S9.** NORDICPHOTOS/AFP

## Flaggskipin áberandi eins og venjulega

Dýrustu og best búnu snjallsímar hvers fyrirtækis eru í daglegu tali vestan hafs nefndir flaggskip. Tvö slík vöktu einna mesta athygli á MWC í vikunni, annars vegar Samsung Galaxy S9 og S9+ og hins vegar Nokia 8 Sirocco.

S9, og þar af leiðandi S9+ líka, er afar vel búinn. Öflugur örgjörvi, þrjár myndavélar, háskerpuskjár sem þekur alla framhliðina og svo framvegis og svo framvegis. Hann fylgir helstu straumum í snjallsímatækni í dag, hefur nýtt nærri allt pláss á framhliðinni undir skjáinn og losað sig við heyrnartólatengið.

Helsti munurinn á vélbúnaði símans er líklegast fólginn í myndavélunum. Trusted Reviews komst svo að orði að þær breytingar væru það eina sem greindi símann frá öðrum sambærilegum símum. Í staðinn fyrir að ljósopið sé alltaf eins stillt er hægt að velja stillingu. Þá er önnur myndavélin á bakhliðinni sérstaklega til þess gerð að hægt sé að auka aðdrátt svo um munar.

Til að elta Apple, sem býður upp á svokallaða Animoji í iPhone X, býður Samsung notendum sínum upp á svokallaða AR Emojis. Skannar síminn þá andlit þitt og breytir í teiknimynd sem hermir eftir hreyfingum þínum svo þú getir brugðist við skilaboðum og stöðuuppfærslum vina og vandamanna á skemmtilegan hátt.

Eftir að hafa rutt sér til rúms á farsímamarkaðinum á ný á síðasta ári ætlar fallni finnski risinn Nokia nú að setja stefnuna á toppinn. Því var vel við hæfi að fyrirtækið kynnti nýtt flaggskip, Nokia 8 Sirocco. Síminn er að mestu svipaður og flaggskip helstu keppinautanna og útbúinn sama innvolsi að mestu.

Sérstaða 8 Sirocco er þó fólgin í tvennu. Annars vegar keyrir síminn á hinu nánast sótthreinsaða Android One stýrikerfi. Eru því einungis örfá forrit, fæst þeirra gagnslaus, innbyggð í símann, mun færri en þau mörgu gagnslausu forrit sem koma til að mynda með símum frá Samsung.

Þá á síminn einnig að vera sérstaklega sterkbyggður. Kallast það á við fortíð finnska risans sem þekktur var hér áður fyrr fyrir nánast óbrjótandi síma á borð við Nokia 3310.






**Husqvarna Tribute 145M**
Einföld og þægileg vél með 22 saumum
Ræður við öll efni
3 aukafætur fylgja
Verð áður: 69.900 kr.
▶ **Tilboð: 57.900 kr.**



**Pfaff Ambition 155**
Fullkomin vél með innbyggðum yfirflytjara
20 cm fríarmur • 136 saumar • 27 bútasaumspor
2 aukafætur fylgja
Verð áður: 109.900 kr.
▶ **Tilboð: 89.900 kr.**



**Husqvarna Tribute 145C**
Fullkomin vél með 200 saumum
20 cm fríarmur • 50 bútasaumspor
3 aukafætur fylgja
Verð áður: 109.900 kr.
▶ **Tilboð: 89.900 kr.**

Netgíró
Betri leið til að versla

**PFAFF** - Grensásvegi 13 - 108 Reykjavík
Sími 414 0400 - www.pfaff.is - www.facebook.com/pfaffsaumavelar
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-18 OG Á LAUGARDÖGUM KL. 11-16

# KJARABÍLAR

## Nýir sýningar- og reynsluakstursbílar á sérkjörum



### HYUNDAI i10 COMFORT

Bensín, beinskiptur, ekinn 1.000 km.

Listaverð: 1.990.000 kr.

**Sérkjör: 1.690.000 kr.**



### RENAULT CLIO ZEN

Dísil, beinskiptur, ekinn 0 km.

Listaverð: 2.550.000 kr.

**Sérkjör: 2.290.000 kr.**



### DACIA LOGAN MCV

Dísil, beinskiptur, ekinn 0 km.

Listaverð: 2.590.000 kr.

**Sérkjör: 2.290.000 kr.**



### NISSAN PULSAR VISIA

Dísil, beinskiptur, ekinn 0 km.

Listaverð: 2.850.000 kr.

**Sérkjör: 2.590.000 kr.**



### HYUNDAI i10 STYLE

Bensín, beinskiptur, ekinn 0 km.

Listaverð: 2.140.000 kr.

**Sérkjör: 1.947.000 kr.**



### RENAULT GRAND SCENIC

Dísil, sjálfskiptur, ekinn 0 km.

Listaverð: 4.390.000 kr.

**Sérkjör: 3.990.000 kr.**



### SUBARU LEVORG

Bensín, sjálfskiptur, ekinn 0 km.

Listaverð: 4.990.000 kr.

**Sérkjör: 4.190.000 kr.**



### BMW i3 94Ah

Rafmagn, sjálfskiptur, ekinn 3.096 km.

Listaverð: 5.205.000 kr.

**Sérkjör: 4.250.000 kr.**



### NISSAN X-TRAIL

Dísil, sjálfskiptur, ekinn 0 km.

Listaverð: 5.790.000 kr.

**Sérkjör: 5.250.000 kr.**



### HYUNDAI i20 CLASSIC

Dísil, beinskiptur, ekinn 0 km.

Listaverð: 2.390.000 kr.

**Sérkjör: 2.140.000 kr.**



### SUBARU OUTBACK

Dísil, sjálfskiptur, ekinn 0 km.

Listaverð: 5.990.000 kr.

**Sérkjör: 5.290.000 kr.**



### SUBARU FORESTER

Bensín, sjálfskiptur, ekinn 100 km.

Listaverð: 5.890.000 kr.

**Sérkjör: 5.290.000 kr.**

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

# HELGI

n til afhendingar strax!

## GERÐU GÓÐ KAUP

Með Kjarabílum BL gefst viðskiptavinum kostur á að gera óvenjugóð kaup á völdum nýjum bílum auk þess sem vel með farnir og lítið eknir reynsluakstursbílar eru einnig í boði.




### RENAULT MEGANE ZEN

Dísil, beinskiptur, ekinn 0 km.

Listaverð: 3.050.000 kr.

**Sérkjör: 2.690.000 kr.**




### NISSAN JUKE

Bensín, sjálfskiptur, ekinn 0 km.

Listaverð: 3.750.000 kr.

**Sérkjör: 3.290.000 kr.**



### DACIA DUSTER Black edition

Dísil, beinskiptur, ekinn 0 km.

Listaverð: 3.710.000 kr.

**Sérkjör: 3.450.000 kr.**



### MINI COOPER

Bensín, sjálfskiptur, ekinn 1.000 km.

Listaverð: 3.990.000 kr.

**Sérkjör: 3.490.000 kr.**




### RENAULT TALISMAN

Dísil, sjálfskiptur, ekinn 0 km.

Listaverð: 4.990.000 kr.

**Sérkjör: 4.590.000 kr.**



### MINI COUNTRYMAN

Rafmagn/bensín, sjálfskiptur, ekinn 2.736 km.

Listaverð: 5.890.000 kr.

**Sérkjör: 4.750.000 kr.**




### RENAULT TALISMAN

Dísil, sjálfskiptur, ekinn 0 km.

Listaverð: 5.990.000 kr.

**Sérkjör: 5.190.000 kr.**




### HYUNDAI i10 STYLE

Bensín, sjálfskiptur, ekinn 1.000 km.

Listaverð: 2.340.000 kr.

**Sérkjör: 2.040.000 kr.**




### NISSAN X-TRAIL

Dísil, sjálfskiptur, ekinn 0 km.

Listaverð: 6.490.000 kr.

**Sérkjör: 5.950.000 kr.**




### RENAULT MASTER

Dísil, beinskiptur, ekinn 0 km.

Listaverð: 6.690.000 kr.

**Sérkjör: 5.890.000 kr.**



### BMW 5 - 520d

Dísil, sjálfskiptur, ekinn 4.000 km.

Listaverð: 12.350.000 kr.

**Sérkjör: 7.990.000 kr.**




### NISSAN MICRA

Dísil, beinskiptur, ekinn 0 km.

Listaverð: 2.390.000 kr.

**Sérkjör: 2.190.000 kr.**

Athugið að kjörin gilda eingöngu fyrir bíla sem til eru á lager og eru auglýstir á síðunni og í sumum tilfellum er einungis um að ræða einn bíl.

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndbrengli.

ENNEMM / SÍA / NM87013

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16 • VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR**

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Látum ekki hafa okkur að fíflum

Barbara er í tveimur störfum, stundum vinnur hún nánast allan sólarhringinn. Daníel segist vera að missa af börnunum sínum, vinnudagurinn er svo langur. Guðmundur starfar sem rútubílstjóri á lágum launum og veltir fyrir sér græðgi í ferðamannaiðnaði og Sólveig er ófaglærður starfsmaður á leikskóla og getur ekki lifað af laununum.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Sólveig Anna Jónsdóttir sem fer fyrir B-framboði til stjórnar Eflingar stéttarfélags býður upp á kaffi á heimili sínu í austurborginni. Þangað eru mætt Barbara Sawka, stuðningskona framboðsins, Guðmundur Baldursson og Daníel Örn Baldursson sem eru á listanum, til að segja frá lífi sínu og kjörum. Þau eiga það öll sameiginlegt að vilja breytingar í Eflingu stéttarfélagi.

Mikill titringur er vegna framboðs svonefnds B-lista til stjórnar Eflingar og stjórnar félagsins. Sólveig Anna Jónsdóttir leiðir listann en Ingvar Vigur Halldórsson leiðir A-listann. Þetta er í fyrsta sinn í sögu félagsins sem verður kosið um nýja stjórn. Meðlimir Eflingar eru hátt í þrjátíu þúsund og þeir sem taka þátt í framboðinu með Sólveigu segja verkalýðsfélögin hafa samþykkt láglaunastefnu og vilja harðari baráttu fyrir betri kjörum. Fyrir nokkrum árum stefndi í það að kjarasamningum sem eiga að halda til áramóta yrði sagt upp. Það fór næstum svo. Meirihluti félagsmanna vildi fella kjarasamninga vegna algjörs forsendubrests. En meirihluti formanna félaganna vildi bíða og undirbúa kjarabaráttu.

Þið hafið væntanlega fylgst með þessu?

Sólveig Anna: Það er mikil óánægja meðal félagsmanna vegna kjarasamninga. Átta af hverjum tíu sem starfa á leikskólum borgarinnar eru óánægð eða mjög óánægð með kjör sín. Yfirgnæfandi meirihluti og það segir margt.

Daníel Örn: Þekkir þú einhverja sem vinnur á leikskóla og er ekki í annarri vinnu? Margar sem ég þekki eru að skúra kvöldin.

Sólveig Anna: Þetta er rosalegur þrældómur.

Guðmundur: Ég heyrði ágæta skýringu um daginn á því að við eigum met í geðlyfjanotkun. Það er af því að við erum oft í mörgum störfum og vinnum langan vinnudag. Mér finnst það sennileg skýring.

## Á aldrei frí

*Segið mér frá ykkur. Barbara, hvað gerir þú?*

Barbara: Ég vinn á Landakoti. Ég er félagsliði þar og vinn við aðhlynningu. Hef gert það í átján ár. Ég vinn líka sem félagsliði í Kópavogi á sambýli fyrir heilabilaða. Það hefur komið fyrir að ég hafi unnið nærri því allan sólarhringinn. Tekið dagvakt á Landakoti og næturvakt í Kópavogi. En ég reyni að gæta mín. Ég er í 100% starfi á Landakoti og 30% starfi í Kópavogi. Þannig að ég vinn 130% starf. En með yfirvinnu má segja að ég sé í 200% starfi.

Grunnlaun mín á Landakoti þar sem ég vinn 80% næturvaktir til að fá álag eru 405 þúsund krónur. Ég fæ svo útborgaðar 80 þúsund krónur á mánuði eftir skatt fyrir vinnu mína á sambýlinu í Kópavogi. Það svíður. Af hverju á ég að borga fullan skatt fyrir aukavinnuna? Það er ekki hægt að bjarga sér. Ég vinn allar helgar og á aldrei frí.

Einhver gæti spurt mig: Hvers vegna gerir þú þetta? Svarið er að ég á ekkert val. Ég hef alltaf verið ein með mínar tvær hendur. Ég hefði aldrei komist af í einni vinnu. Ég hefði ekki getað greitt leigu. Ég hefði ekki getað séð fyrir börnunum mínum tveimur. Og get það varla í dag. Nú er ég orðin amma og dóttir mín er núna föst í fátæktargildrunni. Hún er á leigumarkaði. Greiðir 200 þúsund krónur fyrir kytru og fær 240 þúsund krónur útborgaðar. Þegar hún var nýbökuð móðir var ekkert til. Bara ekkert! Og enga aðstoð að fá. Þegar hún reyndi að leita eftir aðstoð félagsyfirvalda þá var hún spurð: Áttu ekki foreldra sem geta hjálpað þér?

Sólveig: Þannig virkar það á Íslandi.

Barbara: Ég var brjáluð. Ég fór og spurði: Hvar eru skattpeningarnir mínir? Allt sem ég borga í skatt? Eins og ég vinn mikið. Ég vil fá þá til að aðstoða dóttur mína.

Sólveig: Frænka mín missti húsnæði sitt og var í miklum vandræðum og þetta voru svörin sem hún fékk. Þú verður bara að leita til fjölskyldunnar. Annars er það bara Kvennaathvarfið. Þetta er ótrúlegt.

## Fjarlægi pabbinn

Daníel: Ég er bílstjóri og vinn við það að bjarga geðheilsu landans. Ég ferðast á milli vinnustaða og hef eftirlit með kaffivélum. Ég vinn níu tíma á dag. Vinnustaðurinn er í Hafnarfirði en ég bý í póstnúmeri 104. Ég þarf því að leggja af stað klukkan hálf átta á morgnana. Ég hef þannig ekki tækifæri til að koma börnunum mínum í leikskóla eða til dagmömmu. Ég er búinn að vinna klukkan fimm og er ekki kominn heim fyrr en um hálf sex leytið. Ég er ekki hoppandi hamingjusamur með launin og ég er að missa af börnunum mínum. Upp á síðkastið hef ég hugsað sífellt meira um þetta. Til hvers er þetta allt saman? Ef ég get ekki einu sinni verið með börnunum? Ég kem heim, elda matinn og svo fara þau í háttinn. Þetta er bara örlítil stund sem ég á með þeim. Ég kann ekki að meta það að vera fjarlægi pabbinn. Það á enginn að þurfa að vinna svona. Konan mín er í tveimur vinnum, vinnur hjá Þjóðskrá og er líka með ráðgjöf hjá Stígamótum. Hún kemur líka krökkunum í leikskóla og til dagmömmu og sækir þau svo. Þið getið rétt ímyndað ykkur álagið á henni.

## Ábyrgðin skilar sér ekki

Guðmundur: Ég vinn sem rútubílstjóri og hef gert síðastliðin fimm ár. Ég er ansi langt fyrir neðan ykkur hin í launum. Föst laun mín í dagvinnu eru 283.000 krónur. Af hverju eru menn í þessu? mætti spyrja. Í fyrsta lagi þá er þetta skemmtilegt starf. Mikið af fólki og maður er á ferðinni um landið. En þetta er gríðarlega mikil vinna og mikil ábyrgð. Við höfum stundum verið að bera okkur saman við flugstjóra, sem bera mikla ábyrgð. Með fjölda manns í flugvélinni. Við erum líka með mikinn fjölda manns, 60 manns, í bílunum. Við berum líka ábyrgð en það sést ekki á laununum.

Og talandi um ábyrgð. Bankamenn bera líka ábyrgð. En svo þegar allt fer til andskotans þá bera þeir enga ábyrgð. Við berum hins vegar ábyrgð alla leið og þó með þessi smánarlaun. Ef ég lendi í slysi þá er hægt að saka mig um manndráp af gáleysi. Þá er sótt á mig. Þetta er smánarlegt.

Fyrir síðustu kjarasamninga var ég í samninganefnd. Við vildum fá sér kjarasamninga fyrir rútubílstjóra og Sigurður Bessason vildi taka sér góðan tíma í að skoða það. Og kallaði svo á okkur og sagði að það væri ekki hægt. Það væri ekki innan lagaramma Eflingar. Svo sagði hann: En þið eruð með ágætis meðallaun.

Meðallaun? svaraði ég þá. Áttu ekki að spyrja um dagvinnulaun? Atvinnurekendur vilja bara ræða þessar tölur. Enda eru þær hærri með yfirvinnu. Það gengur ekki. Ung hjón geta hvorugt unnið bara dagvinnu. Þau lifa ekki af því. Geta ekki rekið heimili. En ef við förum fjörutíu til fimmtíu ár aftur í tímann þá var ein fyrirvinna. Af hverju er þetta svona breytt?

## Konur í tveimur vinnum

Sólveig: Ég vinn á leikskóla og er ekki leikskólakennari. Launin hafa verið rosalega lág. Ég reyndar tók að mér að vera deildarstjóri. Ástæðan fyrir því er einmitt þessi flótti leikskólakennara úr kerfinu. Þeir flýja vegna lágra launa og álags. Leikskólarnir eru minna og meira reknir á vinnu þessa ófaglærða fólks. Er reyndar langoftast ekki ómenntað en bara ekki með nákvæmlega þessa menntun.

Ég fékk að sjá launaseðil konu í þessari stöðu um daginn og hún var með 309 þúsund krónur í laun fyrir skatt. Hún fékk inn á reikninginn sinn um 250 þúsund krónur. Þetta eru fyrst og fremst konur. Og þær eru oft í tveimur vinnum. Ein sam-



Guðmundur, Sólveig, Daníel og Barbara fyrir utan heimili Sólveigar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ÉG ER AÐ MISSA AF BÖRNUNUM MÍNUM. UPP Á SÍÐKASTIÐ HEF ÉG HUGSAÐ SÍFELLT MEIRA UM ÞETTA. TIL HVERS ER ÞETTA ALLT SAMAN? EF ÉG GET EKKI EINU SINNI VERIÐ MEÐ BÖRNUNUM?

Daníel




990.-




2990.-




1990.-







1490.-




1699.-




2490.-




990.-




9990.-




1290.-




1490.-




2490.-

starfskona mín var í annarri vinnu með samfleytt í átta ár og skúraði. Hún vann í átta tíma, svo skúraði hún. Svo tók hún strætó heim til sín. Þetta gerði hún í átta ár bara til að komast af. Önnur vinkona mín, fráskilin, vann á hóteli í veitingasölu eftir sinn vinnudag. Meira að segja aðstoðarleikskólastjórinn á leikskólanum sem ég starfa á er í aukavinnu. Einstæð móðir og getur ekki annað. Hún vinnur næturvinnu á vistheimili líka til að geta séð fyrir sér og börnunum sínum.

### Vinna í sumarfríinu

*Hver er lausnin á þessu?*

Barbara: Lausnin er bara svona. Skattakerfið, lagið það! Launin, lagið þau! Ég er ein manneskja í tveimur störfum. Af hverju borga ég fullan skatt af seinni vinnunni? Hvers vegna er fólki refsað svona? Hvernig á maður að eignast eitthvað. Það er ekki hægt? Ef við búum við svona kerfi, hvernig samfélag er það? Það er samfélag þar sem fólk slítur sér út á vinnu. Án þess að komast áfram, án þess að eignast eitthvað. Og börnin þeirra munu gera það líka því keðjan heldur áfram. Því þau alast upp í fátækt og íslenskt samfélag virkar ekki án þess að foreldrar greiði fyrir líf barna sinna. Nám, fasteignir og annað. Fólk fer ekki einu sinni í sumarfrí. Það vinnur í fríinu sínu. Þetta er grátlegt.

Sólveig: Ég hef unnið inn í sumarfríið mitt. Ég er með svo lágar tekjur að ég verð að gera það.

Daníel: Ég var að vinna á leikskóla og var ekki menntaður leikskólakennari. Ég varð að hætta og fór á atvinnuleysisbætur. Það breyttist ekki neitt. Þetta voru um það bil sömu laun. Ég væri til í styttri vinnudag eins og er í Skandinavíu.

Sólveig: En þá þarf að tryggja að fólk geti lifað af dagvinnulaunum sínum og geti séð fyrir fjölskyldu sinni. Þá er tímabært að tala um styttingu vinnudagsins og vikunnar. Má ekki vera bara trix fyrir pólitíkusa til að gera þetta áferðarfallegt. Við þurfum að tryggja undirstöðurnar.

Fólk í láglaunastöðum getur ekki leyft sér neitt. Nú er fermingartíminn að nálgast og láglaunafólk sem á börn á fermingaraldri kvíðið. Því það getur ekki veitt börnum sínum það sem er viðmiðið í þessu samfélagi. Án þess að skuldsetja sig.

Það er ömurlegt að horfa upp á þetta. Ekki aðeins erum við með lág laun heldur er fólk að skuldsetja sig til að vera með í samfélaginu.

### Fátæktargildran og kynslóðir

Guðmundur: Það er gríðarlegt álag á fjölskylduna. Og svona haldast fjölskyldur lengi í fátæktargildrunni. Kynslóð eftir kynslóð.

Barbara: Þegar barnabarnið mitt fæddist átti dóttir mín ekkert. Ekki einu sinni samfesting til að klæða barnið sitt í. Hún fékk gefins föt frá tengdafjölskyldu sinni eftir strák. Þetta varð stelpa en það þurfti að duga. Því það var ekkert til. Ekki fyrir fæði, ekki fyrir klæðum og ekki fyrir húsaskjóli.

Guðmundur: Við erum alin upp við þá hugsun að við ættum helst aldrei að taka lán. Að við eigum bara að kaupa okkur það sem við höfum safnað okkur fyrir. Það sé á okkar ábyrgð ef við skuldsetjum okkur mikið. En það er ekki hægt í dag að lifa án þess að skuldsetja sig fyrir því sem er nauðsynlegt.

### Græðgi og forréttindablinda

Sólveig: Þetta eru gildi sem ég og fólk af minni kynslóð erum líka alin upp við. Það var bara ekki keypt úlpa ef það var ekki til fyrir henni. En þegar fólk segir þetta í dag, að svona verði fólk bara að haga sínum málum, þá lýsir það rosalegri forréttindablindu. Þá þekkir það ekki hvernig það er að vera vinnandi manneskja í láglaunastöðu.

Guðmundur: Ég er á með á milli 1.700 og 1.800 krónur á tímann. Ég var einu sinni að keyra og kom við á ferðamannastað á Suðurlandi. Ætlaði að kaupa mér rúnnstykki. Það var svo dýrt að ég hefði verið hálftíma að vinna mér fyrir því. Það er svo mikil græðgi í þessu samfélagi. Allt er svo dýrt, en launin í botni.

Sólveig: Svo er svona ákveðið taktleysi. Björt umhverfisráðherra fór í kjól sem kostaði 250 þúsund. Mér fannst það lýsandi dæmi um stéttaskiptingu á Íslandi. Launin mín voru svipuð. Og þegar borgin hélt veislu af því að kona var að skipta um vinnu, Svanhildur Konráðsdóttir, þá voru keypt blóm og veitingar fyrir fjögur hundruð þúsund. Ég upplifi þetta sem persónulega móðgun við mig.

Og svo eru það alvarlegir brestir. Ég hef í gegnum tíðina talið mér trú um að ég borgi skatta með glöðu geði. En ég er komin með efasemdir um það á meðan íslensk auðstétt flytur peninga úr landi til þess að byggja upp sín fjölskylduveldi, svo börnin þeirra hafi aðgang að einhverjum auðæfum. Ég er einmitt alin upp við þetta. Þú borgar skatta og ert stolt af því að taka þátt í að reka samfélagið.

Flest verkafólk sem ég þekki er brjálæðislega duglegt en þetta svíður.

### Dýr dagmamma

Daníel: Nú er ég tiltölulega ungur. Ég hafði ekki efni á að leigja. Við konan mín vorum svo ótrúlega „heppin“ að við lentum í bílslysi og gátum keypt okkur íbúð fyrir bæturnar.

Sólveig: Þið hefðuð getað dáið!

Daníel: Já, ég veit þetta er fáránlegt. Það er bara fyrir einhverja ótrúlega skrýtna hendingu sem fólk á borð við mig getur keypt sér íbúð. Við fengum bætur.

Nú er ég líka með barn hjá dagmömmu. Það kostar 86 þúsund á mánuði. Og dagmömmur taka sex vikna sumarfrí. Þetta er bara sturlun. Og bara ekki hægt eins og hver maður sér!

Barbara: Ég vildi að ég gæti notað tímann betur í þessu lífi. Til dæmis með barnabarninu. En það er ekki hægt. Og mér svíður hvernig dóttir mín býr. Hún getur ekki framfleytt sér.

*Þessu viljið þið breyta. Hvað ætlið þið að gera?*

### Sögð handbendi karla út í bæ

Sólveig: Það þarf að herða baráttuna verulega. Og það þarf beinar aðgerðir. Við viljum standa með okkar fólki.

Guðmundur: Það þarf að setja hömlur á græðgina.

Sólveig: Við gerum það ekki fyrr en við stígum fram og segjumst vilja leggja á okkur til að berjast fyrir betri kjörum.

Guðmundur: Við eigum líka að nota hugmyndafræði beinna aðgerða. Við erum svo mörg, ef að við stöndum saman þá neyðist fólk til að koma til móts við kröfur okkar.

*Finnið þið fyrir titringi? Mótstöðu?*

Sólveig: Já, við erum búin að fá þessa ótrúlega sorglegu gagnrýni að við séum ekki í þessu af hugsjón og okkar raunverulegu djúpu löngun til að breyta. Heldur séum við handbendi einhverra karla úti í bæ. Til dæmis Vilhjálms eða Gunnars Smára eða Ragnars. Það er niðurlægjandi og sárlega móðgandi fyrir konu eins og mig. Fyrir okkur öll. Ástæðan fyrir því að við erum í þessari baráttu er að við lifum öll og störfum sem láglaunafólk á Íslandi. Við höfum reynslu af því hvernig það er að funkera í þessu samfélagi. Við eigum okkar eigin rödd. Það er ekki hægt að horfa framan í eitt einasta okkar og segja okkur vera að ljúga. Það er ekki hægt.

Daníel: Það er ótrúlegt að hlýða á fólk halda þessu fram. Það er ómaklegt. Við erum hér, fólk á öllum aldri og með mismunandi bakgrunn.

Sólveig: En við eigum það sameiginlegt að vinna láglaunastörf. Við erum ósátt, og af hverju er félaginu ekki beitt frekar í okkar þágu?

Guðmundur: Ég fór á dögunum í hús Eflingar. Og ég átti ekki eitt einasta orð yfir íburðinum, skrifstofunum. Þetta fólk á að vera í vinnu fyrir okkur og virðist ekki hafa minnsta áhuga á því.

Daníel: Það þarf að lýðræðisvæða Eflingu.

Sólveig: Við gerðum allt rétt. Við fylgdum öllum reglum. Söfnuðum 600 undirskriftum. Þetta er svo ómakleg gagnrýni sem við höfum fengið. Hún lýsir málefnaþurrð og mikilli örvæntingu. Ég hlustaði á viðtal við eina stjórnarkonu nýverið í morgunútvarpinu. Hún ræddi um laun á leikskóla. Hún var spurð: Er hægt að lifa á þessum launum? En hún neitaði að svara. Og sagði: Það fer bara eftir því í hvaða stöðu fólk er! Í alvöru, ef það er ekki pólitískur tilgangur í að neita að svara þá veit ég ekki hvað það er. Það er pólitík þegar þú ert farinn að snúa út úr eins og ekkert sé, gegn hagsmunum félagsmanna þinna. Neita að svara heiðarlega. Ég átti ekki orð yfir þessu. En finnst það lýsandi fyrir viðhorfin sem við mætum og viljum breyta.

*Eruð þið full baráttugleði?*

Daníel: Við ætlum að vinna þetta.

Sólveig: Við finnum fyrir ótrúlegum stuðningi. Fólk vill breytingar.

### Raunsæismanneskja

Barbara: Einhver sagði við mig, já þú ert kommúnisti. Ég svaraði. Nei, ég er það ekki, ég er raunsæismanneskja. Ég horfist bara í augu við stöðuna og geri eitthvað í því.

Sólveig: Þetta finnst mér vel sagt hjá Barböru. Því þegar þú ert orðin fullorðin og fattar hversu viðbjóðslega ósanngjarnt kerfið er, að þú ert fórnarlamb í grimmu kerfi sem ætlar bara að mjólka þig þangað til þú deyrð, þá viltu berjast. Og við ætlum að gera það, vinna og svo að nota þetta risastóra stéttarfélag sem hamarinn sem það er og virkja samtakamáttinn.



Daníel segist spyrja sig æ oftar til hvers þetta allt saman sé. Hann sé að missa af börnunum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**VIÐ EIGUM LÍKA AÐ NOTA HUGMYNDAFRÆÐI BEINNA AÐGERÐA. VIÐ ERUM SVO MÖRG, EF VIÐ STÖNDUM SAMAN ÞÁ NEYÐIST FÓLK TIL AÐ MÆTA KRÖFUM OKKAR.**

Guðmundur



**ÞEGAR HÚN VAR NÝBÖKUÐ MÓÐIR VAR EKKERT TIL. BARA EKKERT! OG ENGA AÐSTOÐ AÐ FÁ. ÞEGAR HÚN REYNDI AÐ LEITA EFTIR AÐSTOÐ FÉLAGSYFIRVALDA ÞÁ VAR HÚN SPURÐ: ÁTTU EKKI FORELDRA SEM GETA HJÁLPAÐ ÞÉR?**

Barbara



**ÞEGAR ÞÚ ERT ORÐIN FULLORÐIN OG FATTAR HVERSU VIÐBJÓÐSLEGA ÓSANNGJARNT KERFIÐ ER, AÐ ÞÚ ERT FÓRNARLAMB Í GRIMMU KERFI SEM ÆTLAR BARA AÐ MJÓLKA ÞIG ÞANGAÐ TIL ÞÚ DEYRÐ, ÞÁ VILTU BERJAST.**

Sólveig



# Fólk
## Helgin

LAUGARDAGUR 3. MARS 2018



ENZYMEDICA.
Söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum




# Nýtur lífsins hjá Spotify

Höfuðstöðvar sænska tæknirisans Spotify eru í Stokkhólmi en þar hefur Jökull Jóhannsson starfað í rúmlega eitt ár. Lífið í Stokkhólmi er dásamlegt og það fer mjög vel um fjölskylduna í stórborginni. →2




habitat
TEKK COMPANY
TEKK COMPANY OG HABITAT | SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 |
OPIÐ MÁN-FÖS 10-18 | LAU 11-17 OG SUN 13-17 | VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Framhald af forsíðu ➡

Jökull Jóhannsson hefur um rúmlega eins árs skeið starfað hjá Spotify sem er stærsta tónlistarveita heims og um leið eitt þekktasta tæknifyrirtæki heims. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Stokkhólmi í Svíþjóð.

Hann segir starfið vera spennandi og skemmtilegt auk þess sem Spotify sé mjög lifandi vinnustaður. Lífið í Stokkhólmi er auk þess dásamlegt, borgin er falleg og fjölskylduvæn og þar hefur fjölskyldan komið sér vel fyrir. „Í starfi mínu hjá Spotify starfa ég við rannsóknir á notendahegðun og greini hlustunarhegðun notenda. Ég bý til tölfræðimódel sem miðar að því að auðvelda notendum Spotify að finna það sem þeir eru að leita að, byggt á venjum þeirra.“

## Lifandi vinnustaður

Eins og við er að búast er Spotify mjög lifandi og spennandi fyrirtæki. „Spotify er þekkt um allan heim fyrir að vera skemmtilegur vinnustaður og hvað vel er hugsað um starfsmenn fyrirtækisins. Til að mynda eru tónleikar á skrifstofum fyrirtækisins reglulegir viðburðir, þar sem heimsfrægir tónlistarmenn koma fram. Starfsmenn hafa einnig aðgang að t.d. sýndarveruleikaherbergi, tölvuleikjaherbergi, karókíherbergi og mörgu fleira til að geta tekið sér frí frá annríki dagsins.“

## Byrjaði með Nintendo

Jökull er menntaður á sviði gervigreindar en hann lauk námi við Konunglega tækniháskólann í Stokkhólmi í vélrænu gagnanámi (e. machine learning) vorið 2017. Skólagangan hófst þó í Þingholtunum í Reykjavík þar sem hann stundaði nám við Austurbæjarskóla. „Á þessum árum eignaðist ég mína fyrstu leikjatölvu, Nintendo NES, sem átti hug minn allan. Strax eftir fermingu keypti ég mér fyrstu borðtölvuna mína og byrjaði að fikta við forritun og búa til vefsíður.“

## Breytti um plan

Eftir útskrift lá leiðin í Iðnskólann í Reykjavík þar sem hann lærði



Lífið í Stokkhólmi fer vel í fjölskylduna. Hér er Bára Kristgeirsdóttir, eiginkona Jökuls, ásamt börnunum tveimur, Tóbíasi Ingvarssyni og Urði Jökulsdóttur.



Fjölskyldan kann vel við sig í Svíþjóð og ætlar að nýta næsta sumar í frekari ferðalög innanlands. Hér er Jökull ásamt eiginkonu sinni, Báru Kristgeirsdóttur, og yngra barninu, Urði Jökulsdóttur.

grunninn í tölvunarfræði ásamt öðrum raungreinum. Draumurinn var þó alltaf að læra gervigreind og þangað stefndi hann á fyrsta degi. „En á öðru ári í tölvunarfræði varð ljósmyndun aðaláhugamálið og skipti ég þá yfir og útskrifaðist sem ljósmyndari úr Iðnskólanum.“

Næst lá leiðin til Danmerkur þar sem Jökull lærði ljósmyndun ásamt því að vinna sem aðstoðarmaður ljósmyndara í Kaupmannahöfn. „Haustið 2008 flutti ég aftur heim til Íslands með það í huga að stofna eigið stúdíó og koma undir mig fótunum sem ljósmyndari. Nokkrum dögum eftir að ég lenti á Íslandi horfði ég svo á Geir H. Haarde blessa Ísland. Þá rann upp fyrir mér að tímasetningin væri líklegast ekki rétt til að opna ljósmyndastúdíó og fór ég því að íhuga aðra möguleika.“

## HR er frábær skóli

Jökull ákvað að setjast aftur á skólabekk og þá lá beinast við að klára tölvunarfræðina. „Ég hóf nám í Háskólanum í Reykjavík sem er frábær skóli sem heldur vel utan um nemendur sína og býður upp á frábær tækifæri.

Þar gafst mér tækifæri til þess að kenna sem aðstoðarkennari meðfram námi og taka þátt í skemmtilegum verkefnum tengdum því sem ég var að læra, t.d. verkefninu Almannaróm sem unnið var í samstarfi við Google og kafbátakeppni sem haldin er á vegum ameríska sjóhersins.“

## Draumurinn endurvakinn

Eftir útskrift hóf hann störf hjá Advania við samþættingu gagna á milli kerfa hjá viðskiptavinum þeirra. Nokkrum árum síðar skipti hann yfir til Meniga þar sem hann starfaði sem bakendaforritari. „Eftir nokkur ár þar fannst mér ég þurfa að láta drauminn verða að veruleika og hóf að horfa út fyrir landsteinana í leit að námi í gervigreind sem leiddi mig síðar til Stokkhólms árið 2015.“

## Spotify heillaði

Þegar Jökull fluttist til Svíþjóðar var efst í huga hans að starfa hjá Spotify enda hefur fyrirtækið náð mjög langt og er í fararbroddi þegar kemur að tæknilegri nýsköpun að hans sögn. „Þegar kom að því að leita að lokaverkefni hafði ég samband við fyrirtækið með það í huga að vinna lokaverkefnið mitt fyrir þá. Þau voru mjög jákvæð og áhugasöm og voru til í leyfa mér að vinna verkefnið með sér. Í kjölfarið var mér svo boðið starf hér.“

## Fer vel um fjölskylduna

Hann segir frábært að búa í Svíþjóð og vel sé hugsað um fjölskyldufólk. „Ég bý á Kungsholmen í Stokkhólmi ásamt tveimur börnum og eiginkonu minni Báru Kristgeirsdóttur sem starfar sem grafískur hönnuður hjá einni stærstu hönnunarstofu Stokkhólms. Samgöngukerfið hér er mjög gott og ekki þarf að eiga bíl. Velferðar- og heilbrigðiskerfið er með þeim bestu í heiminum og skólarnir eru mjög góðir enda eru börnin alsæl.“

## Saknar sundlauganna heima

Sumrin í Stokkhólmi eru auk þess frábær segir Jökull, þar sem fólk lætur fara vel um sig í almenningsgörðum og syndir í sjónum inni í borginni. „Það sem ég sakna þó mest frá Íslandi er að geta farið í sund hvenær sem er. Hér fer fólk í sund til þess að synda og því er ekki lögð mikil áhersla á heita potta eða leiksvæði fyrir börn. Annars eru frekari ferðalög fram undan í sumar með fjölskyldunni innan Svíþjóðar og þá viljum við sjá meira af því frábæra landslagi sem Svíþjóð hefur upp á að bjóða.“




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Máté Dalmay,** mate@frettabladid.is, s. 512 5442 ,

# Lífið tók miklum breytingum

Bio-Kult Candéa hylkin veita öfluga vörn gegn Candida sveppnum í meltingarvegi. Unnur og Kolbrún segja að notkun hylkjanna sé það eina sem hafi virkað í baráttunni við meltingaróþægindi.

Candida albicans er svokallaður tækifærissveppur (sem er ákveðið form af geri) og er hann í litlum mæli í munni og þörmum til að aðstoða við meltingu. Hann er í raun eðlilegur hluti af hópi þeirra örvera sem lifa í meltingarveginum en ef hann fær að vaxa óhindrað verður hann orsök fjölda óæskilegra einkenna eins og t.d. þreytu, liðverkja, loftmyndunar, þyngdaraukningar og löngun í sykruð matvæli og drykki eykst.

### Meltingartruflanir, sveppasýkingar eða þunglyndi?

Afar mikilvægt er að þarmaflóran okkar sé heilbrigð og í jafnvægi en það er stundum hægara sagt en gert því það er svo margt í nútímasamfélaginu sem hefur áhrif þar á og kemur á ójafnvægi í þörmunum. Þar ber helst að nefna sýklalyf, óreglulegan svefn, streitu, mikla kaffi- og áfengisneyslu og að sjálfsögðu neyslu sykurs og einfaldra kolvetna. Ef það verður ójafnvægi á þarmaflórunni og það dregur úr vexti heilbrigðra bakteríu myndast kjöraðstæður fyrir þær óæskilegu og er Candida-sveppurinn þá ofarlega á blaði. Ef hann fær að vaxa óhindrað veldur hann oft miklum usla og einkennin leyna sér ekki. Það getur t.d. verið:

- Meltingartruflanir
- Uppþemba
- Óeðlilegar hægðir
- Húðvandamál
- Sveppasýkingar (einkum hjá konum)
- Tímabundið ofnæmi
- Hugsanlegt þunglyndi



Kolbrún Hlín Hlöðversdóttir mælir með því að taka inn Bio-Kult Candéa til að bæta meltinguna og losa fólk við óþægindin sem geta fylgt notkun sýklalyfja.



Unnur segir notkun á BioKult Candéa hylkjunum hafa breytt lífi sínu. Hún er laus við síendurtekin óþægindi af Candida sem hrjáðu hana áður í mörg ár.




Bio-Kult Candéa hefur reynst fólki með meltingarvandamál mjög vel.

### Laus við sviða og vanlíðan

Unnur Gunnlaugsdóttir fékk fyrst sveppasýkingu fyrir fjórtán árum og fékk í kjölfarið síendurtekin óþægindi. „Ég hef prófað allt til að losna við Candida sveppinn, allt frá grasalækningum til lyfseðilsskyldra lyfja til að losna við þennan ófögnuð en ekkert hefur virkað. Ég minnkaði líka mjög neyslu á einföldum kolvetnum en það hafði ekkert að segja. Tímabilið í kringum blæðingar var algjör hryllingur, stanslaus sviði og vanlíðan, ég var orðin mjög þunglynd,“ segir Unnur.

Hún segir líf sitt hafa tekið miklum breytingum eftir að hún fór að taka inn Bio-Kult Candéa hylkin. „Ég er algjörlega laus við sviða og kláða og önnur óþægindi sem fylgja Candida sveppnum. Að auki get ég loksins farið í sund og nýt þess að fara í sund reglulega með börnunum mínum, þvílíkur munur. Ég mun hiklaust halda áfram að nota Bio-Kult Candéa og mæli með Bio-Kult Candéa hylkjunum.“

> „Ég varð himinlifandi þegar ég áttaði mig á því að ég fékk ekki kláða og pirring þegar ég var á sýklalyfjakúr, blæðingum eða eftir samfarir eins og ég var vön, og það eina sem ég hafði breytt út af vananum var að nota hylkin frá Bio-Kult Candéa.
>
> Kolbrún Hlín Hlöðversdóttir

### Ánægð með árangurinn

Kolbrún Hlín Hlöðversdóttir var gjörn á að fá sveppasýkingar, hún var mjög viðkvæm og fékk kláða og óþægindi ef hún notaði dömubindi eða túrtappa. „Ég varð himinlifandi þegar ég áttaði mig á því að ég fékk ekki kláða og pirring þegar ég var á sýklalyfjakúr, blæðingum eða eftir samfarir eins og ég var vön, og það eina sem ég hafði breytt út af vananum með var að nota hylkin frá Bio-Kult Candéa. Venjulega þegar ég hef ég verið á sýklalyfjakúr hef ég tekið inn margfalda skammta af mjólkursýrugerlum (acidophilus), en það virkar miklu betur fyrir mig að nota Bio-Kult Candéa hylkin. Eftir að ég kynntist Bio-Kult Candéa hef ég ekki notað neina aðra mjólkursýrugerla þar sem þessi blanda virkar langbest fyrir mig. Ég er mjög ánægð með árangurinn“.

Bio-Kult Candéa er öruggt og hentar öllum vel, einnig barnshafandi konum, mjólkandi mæðrum og börnum. Pakkinn inniheldur 60 hylki og ef um fyrirbyggjandi meðferð er að ræða, duga 2 hylki á dag (1 hylki tvisvar á dag). Ef Candida sýkingin hefur þegar blossað upp þá er í lagi að taka tvö hylki tvisvar á dag.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

SUNSTAR
G·U·M
HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.®

Hvítari tennur
með GUM Original White

Inniheldur ekki bleikiefni.

Tannlæknar mæla með GUM tannvörum




Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

# Íslenskt skart í PhotoVogue

**Skartgripahönnuðurinn og gullsmiðurinn Ragnhildur Sif Reynisdóttir og Anna Ósk ljósmyndari hafa unnið saman í bráðum áratug og þetta samstarf rataði á vefsíðu ítalska Vogue.**

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Anna Ósk er búsett í Gautaborg og hafa myndir hennar birst á ýmsum vettvangi. Samstarf þeirra Ragnhildar hefur verið farsælt og myndir eftir Önnu Ósk þar sem skartgripir Ragnhildar koma mikið við sögu birtust á dögunum á PhotoVogue sem er vettvangur á vegum ítalska Vogue þar sem ljósmyndarar geta sent inn myndir en aðeins brot af aðsendum myndum endar á síðunni.

„Ég sendi Önnu Ósk nýjungar sem ég var að vinna með og hún fór með þær með sér í myndatöku á tískuviku á Möltu,“ segir Ragnhildur. „Við Anna Ósk höfum unnið saman hátt í tíu ár. Mér finnst mikilvægt að ná ákveðinni stemmingu fyrir skartgripina mína því það skiptir mig máli hvernig fólk sér þá svo ég var að leita mér að ljósmyndara til að vera í samstarfi við. Við Anna Ósk hittumst í hádegismat og allt small saman. Ég heillaðist af þessum heimi og stemmingu sem hún nær að skapa.“

Hún segir að skartgripirnir á myndunum séu flestir úr línum sem hún er að selja. „Á einni myndinni er men frá 2010 sem ég gerði þegar ég var að ljúka framhaldsnámi í Bretlandi og það er bara til þetta eina. Ég smíða alla skartgripi sjálf og þeir eru hluti af línum sem allar heita ákveðnum nöfnum.“

Ragnhildur vill helst að skartgripirnir hennar séu tímalausir. „Ég vil ekki eltast um of við það sem er helst í tísku hverju sinni. En auðvitað er ég undir áhrifum frá mínum samtíma. Stundum held ég að ég sé að koma með hugmynd að skartgrip sem ég held að ég hafi hvergi séð. Þegar ég fer að skoða betur fer ég að sjá sambærilega skartgripi alls staðar. Það er eins og eitthvað liggi í loftinu, einhver hugmynd sem margir grípa á sama tíma, mjög merkilegt og stundum frekar svekkjandi.“

Hún segir innblásturinn koma úr öllum áttum og stundum óvæntum. „Sumar línur koma mjög fljótt og mér reynist auðvelt að vinna þær, aðrar taka langan tíma, oft upp í nokkur ár og geta verið mjög snúnar. Mér finnst nauðsynlegt að stunda hreyfingu, það er stór partur af mér og þá fer flæðið af stað og ímyndunaraflið á ferð. Ég þarf líka inn á milli að vera ein með sjálfri mér, er það að hluta á vinnustofunni og í göngutúrum. Eins hef stundað ég hugleiðslujóga frá því fyrir tvítugt og leita oft þangað.“



Ragnhildur Sif Reynisdóttir er komin af gullsmiðum í marga ættliði og hannar nú skartgripi sem hún selur meðal annars á skartgripir.is en myndir af þeim hafa birst meðal annars á vefsíðu ítalska Vogue. MYND/ANNA ÓSK

Hér má sjá Hlín Gísladóttur, dóttur Ragnhildar, með skartgripi úr línu sem heitir Auður í höfuðið á móður Ragnhildar. MYND/ANNA ÓSK



> Ég vil ekki eltast um of við það sem er helst í tísku hverju sinni. En auðvitað er ég undir áhrifum frá mínum samtíma.
>
> Ragnhildur Sif Reynisdóttir

Ragnhildur lærði gullsmíði fyrst á Íslandi hjá föður sínum, Reyni Guðlaugssyni gullsmíðameistara. „Síðan fór ég til Bretlands í skartgripahönnun með fjölskylduna með mér því maðurinn minn var einnig í námi. Eftir nokkur ár fluttum við heim en ég var ekki komin með nóg og fór í mastersnám í skartgripahönnun.“

Hún lýsir hönnun sinni sem einfaldri og hreinni. „ Eins finnst mér gaman að hægt sé að nota skartgripina á fleiri vegu en einn, til dæmis að hægt sé að nota hálsmen líka sem armband. Eins langt og það nær. Svo reyni ég að hafa stóru menin með einhverja „merkingu“ eða skemmtilegt notagildi. Ég kalla menin mín nöfnum eins og Lykill að velgengni, Lífið er list, Njóttu og Pendúll. Mér finnst gaman að gera fallegan hlut sem er ekki allur þar sem hann er séður.“

Skartgripi Ragnhildar er hægt að kaupa á heimasíðunni skartgripir.is eða gegnum Facebooksíðuna Sif skartgripir. Hún verður einnig með opið hús í tengslum við HönnunarMars en allar upplýsingar um það er hægt að nálgast á Facebooksíðunni Sif skartgripir.




Myndin sem var valin inn á PhotoVogue. Fyrirsætan heitir Julia Summut og myndin var tekin á Möltu. MYND/ANNA ÓSK

GLAMOUR
ÁSKRIFTARTILBOÐ




5 tölublöð af Glamour, send heim að dyrum
+ EGF Serum frá Bioeffect á aðeins
9.990 kr.
Heildarverðmæti pakkans er 19.900 kr.





Brandtex®

## Opnunarhátíð alla helgina - Fullt af frábærum opnunartilboðum!

Nú hefur **Brandtex opnað nýja og stórglæsilega verslun á 2.hæð Kringlunnar**. Léttar veitingar, Dj Dóra Júlía spilar góða tónlist og Dísa og stelpurnar úr Laugum Spa kynna það nýjasta úr snyrtilínunni sinni frá klukkan 12 til 15 í dag

Hlökkum til að sjá ykkur **í nýrri Brandtex verslun í Kringlunni!**

Sími: 558 2800 Brandtex Ísland

























Brandtex SIGNATURE® Jensen IMITZ CÍSO

# Stjörnufans í Höllinni

**Úrslitin í Söngvakeppninni 2018 fara fram í Laugardalshöllinni í kvöld. Eurovision-stjörnurnar Emmelie de Forest og Robin Bengtsson munu koma fram og syngja fyrir áhorfendur.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Emmelie Charlotte-Victoria de Forest heillaði Evrópubúa upp úr skónum með laginu Only Teardrops árið 2013 sem hún söng af einlægni á sviðinu í Malmö í Svíþjóð og færði henni fyrsta sætið fyrir hönd Danmerkur. Það var í þriðja sinn sem Danir stóðu uppi sem sigurvegarar Eurovison-söngvakeppninnar. Svíar voru einnig kátir með sigur Emmelie því faðir hennar er sænskur en mamma hennar er dönsk. Lagið náði vinsældum hérlendis en Íslendingar gáfu því 12 stig í keppninni.

### Líka lagahöfundur

Emmelie hefur náð góðum árangri sem lagahöfundur en í fyrra samdi hún lagið Never Give Up on You sem Lucie Jones flutti fyrir hönd Bretlands í keppninni sem fram fór í Kíev í Úkraínu en það endaði í fimmtánda sæti. Hún skrifaði undir plötusamning við Universal Music árið 2013 og fyrsta platan hennar kom út það vorið en leiðir hennar og útgáfurisans skildi fyrir nokkru. Hún er núna með samning við sænsku útgáfuna Cosmos Music. Í febrúar kom út önnur platan hennar, History, og hefur hún þegar vakið athygli í Danmörku. Emmelie segist hafa unnið lengi að þessari plötu og hún sé algjörlega eftir hennar eigin höfði. Lögin á plötunni má finna á Spotify.



Robin Bengtsson varð í fimmta sæti í keppninni í Kíev í fyrra.



Emmelie Charlotte-Victoria de Forest heillaði Evrópubúa upp úr skónum með laginu Only Teardrops árið 2013 sem hún söng af einlægni með fagurri röddu.

### Kom fyrst fram í Idol-keppninni

Tónlistin hefur lengi leikið stórt hlutverk í lífi Svíans Robins Bengtsson. Hann vakti fyrst athygli í Svíþjóð þegar hann tók þátt í Idol-keppninni þarlendis árið 2008, 17 ára að aldri. Robin vakti athygli fyrir flauelsmjúka, þroskaða rödd og ekki spillti útlitið fyrir honum en hann hafnaði í þriðja sæti í keppninni. Robin varð faðir tveimur árum eftir Idol-keppnina þegar sonur hans William fæddist. Hann deilir forræðinu með móður hans og segist leiður yfir því að geta ekki alltaf verið með hann.

Robin tók þátt í sænsku útgáfunni af Wipeout-keppninni í sjónvarpinu og varð þar í öðru sæti. Hann tók svo þátt í Melodifestivalen 2016, sem er sænska undankeppnin í Eurovison með laginu Constellation Prize sem varð númer fimm. Robin vakti mikla athygli þegar hann tók þátt í Eurovison-keppninni í Kíev í fyrra og þótti afar sigurstranglegur en fimmta sætið varð hans. Hann söng lagið I Can't go On en myndbandið við lagið sló algjörlega í gegn.

Robin er mikill íþróttamaður, stundar motocross og segir að með þátttöku í Eurovison-keppninni hafi gamall draumur úr æsku hans ræst.


# Viltu kaupa fasteign á Spáni?

**Hafðu samband við okkur hjá Masa International, fáðu sendan bækling og kynntu þér möguleikana í skoðunarferðum til Costa Blanca.**

MASA International hefur starfað á fasteignamarkaði á Spáni frá árinu 1981 og hjálpað yfir 35.000 manns að finna sitt annað heimili í sólinni.

**MASA International á Íslandi**
**Sími 555 0366**

MASA INTERNATIONAL





Masa International - masaiceland@gmail.com - www.masainternational.is


DIGEL
THE MENSWEAR CONCEPT
Ný sending af glæsilegum Digel jakkafötum, skyrtum, skóm og fylgihlutum
VERSLUN
Guðsteins Eyjólfssonar
Síðan 1918
Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34

# Að bródera byltingu

**Hannyrðapönk á vaxandi vinsældum að fagna meðal ástríðuvirkja eða aktívista. Á Kynjaþingi sem fram fer í dag verður Sigrún Bragadóttir, kennari og listakona, með vinnustofu í hannyrðapönki eða craftivism eins og það kallast á ensku.**

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Klippimyndir teljast til hannyrðapönks og hér má sjá eitt femínískt klippiverk eftir Sigrúnu. MYND/ANTON BRINK



Sigrún Bragadóttir verður með hannyrðapönksvinnustofu á Kynjaþingi. MYND/ANTON BRINK




Hér má sjá gott dæmi um hvernig falleg handavinna gefur kraftmikil skilaboð.

Ég ætla að vera með tveggja tíma vinnustofu í hannyrðapönki sem er lausleg íslensk þýðing mín á orðinu craftivism sem er talið hafa verið notað fyrst árið 2003, samsett úr orðinu craft eða hannyrðir og activism og er eignað konu sem heitir Betsy Greer. Má segja að Tinna Þóru- og Þorvaldsdóttir, einnig þekkt sem Tinna Hekl, sé frumkvöðull í þessu sem og yarnbombing hérna á Íslandi,“ segir Sigrún en bætir við: „Auðvitað hafa konur sett sögu sína og mótmæli í hannyrðir í aldanna rás.“ Sem dæmi nefnir hún að þegar Bandaríkjamenn réðust inn í Afganistan fór að bera á myndum af litlum skriðdrekum í mynstrunum í teppunum sem konurnar ófu. „Það er mikil uppsveifla í hannyrðapönki í Bretlandi og Bandaríkjunum vegna ástandsins í stjórnmálunum,“ segir Sigrún og nefnir sem dæmi bleiku „pussy“ húfurnar sem konur í Bandaríkjunum prjónuðu sér og gengu með í risastóru kvennagöngunni í fyrra.

„Mér finnst svo fallegt hvernig hægt er að taka listsköpun sem gegnum mannkynssöguna var dæmd sem eitthvert kvennadútl og nota nú í byltingartilgangi,“segir Sigrún. „Það er meira að segja til manifesto hannyrðapönksins þar sem stendur að þessi tegund aktívisma sæki einmitt ýmislegt til pönksins.“ Á Kynjaþingi á morgun ætlar Sigrún að sitja í anddyri Tækniskólans þar sem þingið er haldið og bjóða upp á saumaklúbbsstemmingu. „Ég verð með útsaumsstriga, efnisbúta úr afgöngum, ég verð með tvinna og nálar og býð upp á aðstoð ef fólk vill. Hannyrðapönk þarf ekki að vera flókið, og getur verið allt frá vel ígrunduðu flottu verkefni sem tekur tíma en svo geturðu líka saumað helvítis fokking fokk í útsaumsstriga og hengt á ljósastaur. Í raun og veru er ímyndunaraflið það eina sem stoppar því þetta snýst um að taka sér pláss í almenningsrýminu á hátt sem vekur fólk til umhugsunar og bendir á hvað má bæta. Þetta snýst um að virkja kraftinn, hugarflugið og sköpunina því það er hægt að hafa áhrif, þó það sé bara ein manneskja með nál og þráð,“ segir Sigrún og tekur dæmi: „Ég saumaði út og hengdi á ljósastaur fyrir utan Alþingishúsið, #höfum hátt og #metoo. Með hannyrðapönki er ekki verið að brjóta rúður eða skemma, það er verið að bera virðingu fyrir umhverfinu en það er verið að tala, ekki þegja.“

Sigrún er grunnskólakennari sem hefur verið að skapa í höndunum frá því hún var krakki. „Síðasta eitt og hálfa árið hefur hannyrðapönkið átt hug minn allan. Ég nota það til að vekja athygli á kynjamisrétti, höfum hátt og metoo, brjóta þessa þagnarmúra sem umlykja kynferðisofbeldi og afleiðingar kynferðisofbeldis og líka til að brjóta upp stöðluð kynhlutverk með því að setja kraftmikil slagorð í búning mjúkra hannyrða. Ég lít svo á að við séum að bródera byltingu!“

Kynjaþingið er lýðræðislegur og femínískur vettvangur fyrir almenning sem stendur yfir frá 12-18 í dag í Tækniskólanum á Skólavörðuholti. Aðgangur er ókeypis. Nánar á www.kynjathing.is.



Hundruð þúsunda kvenna í Bandaríkjunum prjónuðu sér bleikar kisuhúfur og báru í kvennagöngunni miklu í janúar 2017 til að mótmæla Trump forseta.



## Tæknimaður

**Loftorka Reykjavík ehf óskar eftir að ráða verk eða tæknifræðing til starfa í starfstöð okkar í Miðhrauni 10, 210 Garðabæ.**

**Starfsvið:**
• Tilboðs og uppgjörsmál.
• Undirbúningur og áætlunargerð.
• Mælingar og útsetningar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
• Byggingartæknifræðingur B.Sc. eða Byggingarverkfræðingur, M.Sc
• Reynsla af verkefnastjórnun og/eða vegagerð er kostur.
• Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
• Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu.
• Frumkvæði og faglegur metnaður.
• Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi.
• Góð íslenskukunnátta.

Loftorka Reykjavík ehf. er jarðvinnu og malbikunarverktaki sem starfar á höfuðborgarsvæðinu í framkvæmdum fyrir byggingar og opinbera aðila.

Umsóknir berist Loftorku Reykjavík ehf, á netfangið loftorka@loftorka.com

Upplýsingar veitir Andrés Sigurðsson í síma 893 2277
Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem gerð eru til starfsins, þar með talið menntunar- og starfsferilsskrá.

**Loftorka Reykjavík ehf.**
**Miðhrauni 10**
**210 Garðabæ.**

LOFTORKA

---

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.

ESA is an international organisation, independent of the States, which safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 500 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States.

ESA is based in Brussels. It currently employs 76 staff members of 16 nationalities. ESA is led by a College consisting of three members, each appointed for a period of four years by the three participating EFTA States.

## Information Technology Officer

**Role Description**
ESA is recruiting an Information Technology Officer to join its Administration Department. The successful candidate will report to the Director of Administration and will work alongside the other Information Technology Officer and Registry Officer.

Administration is responsible for strategy, planning, procurement, implementation and maintenance of the complete Information and Communication technology (ICT) infrastructure of the Authority.

The main responsibilities of the vacant position are day-to-day operations of the Authority's Document Management System (GoPro), as well as other ICT systems mainly based on Microsoft products, monitor associated working routines for different departments and assist in the operation and maintenance of IT infrastructure.
The successful candidate might be required to participate in unannounced inspections in the field of competition, involving forensic IT.

JOB REFERENCE 08/2018

**Deadline for applications:** 25 March 2018

**Start date:** September 2018 or earlier if possible

For full details of this position and to apply, please visit: **https://jobs.eftasurv.int**

---



Valka

**valka.is**

# Hefur þú áhuga á hátækni?

## Framendaforritari

Við erum að leita að hæfileikaríkum framendaforritara til að þróa með okkur að glænýja lausn. Viðkomandi þarf að hafa ástríðu fyrir hönnun á notendavænum vefviðmótum

**Hæfnikröfur:**
- Skilningur á góðri notendaupplifun
- Þekking á hönnunarmynstrum og hugbúnaðarhönnun
- Góð kunnátta á nýlegu Javascript, HTML, CSS, SASS
- Góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð og lausnamiðuð hugsun

**Eftirfarandi kostir æskilegir:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af „responsive“ viðmótshönnun fyrir vef og síma
- Reynsla af PHP og SQL
- Þekking á Symfony Framework

## Tækjaforritari

Við leitum af liðsmanni í teymi tækjaforritara sem þróar nýjar lausnir og vinnur að stöðugum umbótum á núverandi kerfum. Viðkomandi þarf að hafa ástríðu fyrir tækjabúnaði af ýmsum gerðum og metnað til að þróa framúrskarandi tækjastýringar.

**Hæfnikröfur:**
- Reynsla og kunnátta í C/C++ og Linux
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Greiningarhæfni
- Góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð og lausnamiðuð hugsun

**Eftirfarandi kostir æskilegir:**
- Robotics / Kinematics þekking
- Reynsla af Structured Text forritun skv. IEC 61131-3 staðli
- Þekking á raf- og stýribúnaði ásamt hæfni í bilanagreiningu
- Að viðkomandi sé tilbúin(n) í uppsetninga- og þjónustuferðir innanlands og utan
- Þekking á Symfony Framework

Nánari upplýsingar um störfin veitir Einar Björn Jónsson, vöruþróunarstjóri, **einar@valka.is**

Umsóknir sendist á **einar@valka.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 8. mars 2018**

Hlutverk okkar er að hanna og framleiða hátæknilausnir fyrir vinnslu á fiski með það að markmiði að auka afköst, nákvæmni og framleiðni í samræmi við óskir viðskiptavina okkar.

Framtíð fyrirtækisins byggir á hæfu, heiðarlegu og framsæknu starfsfólki sem axlar ábyrgð og sýnir frumkvæði í starfi.

Kría hönnunarstofa www.kria.is

---

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna
MARINE & FRESHWATER RESEARCH INSTITUTE

## Sérfræðingur á sviði ferskvatnslífríkis

Hafrannsóknastofnun óskar eftir sérfræðingi til starfa við rannsóknir á fiskum í ám og vötnum. Markmið starfsins er að bæta grunn vísindalegrar þekkingar um vistfræði fiska í fersku vatni á Íslandi þ.m.t. áhrif umhverfisþátta og nýtingar sem leiði til verndar og sjálfbærrar nýtingar stofna.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
Umsækjandi skal hafa meistara- eða doktorspróf í fiskifræði eða skyldum greinum. Æskilegt er að umsækjandi hafi þekkingu á sviði lífríkis í ferskvatni og reynslu af rannsóknarvinnu. Þá þarf umsækjandi að hafa hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu og færni í mannlegum samskiptum.
Í umsókn skulu vera upplýsingar um menntun (afrit af prófskírteinum) og fyrri störf, ásamt nöfnum tveggja meðmælenda sem leita má til varðandi frekari upplýsingar.

Um er að ræða fullt starf og heyrir staðan undir sviðsstjóra ferskvatnslífríkis. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og viðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl n.k.**
Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og nöfnum tveggja meðmælenda skulu sendar á póstfangið umsokn@hafogvatn.is eða skilað á skrifstofu Hafrannsóknastofnunar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík. Konur, jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Helgadóttir, mannauðsstjóri (kristin.helgadottir@hafogvatn.is) og Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri ferskvatnslífríkis (gudni.gudbergsson@hafogvatn.is)

Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafs og vatna. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur auk aðalstöðva í Reykjavík starfsstöðvar vítt og breytt um landið, tilraunaeldisstöð, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 190 starfsmenn í þjónustu sinni.

# Byggingastjóri viðhalds

Akureyrarbær

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða byggingarstjóra í viðhaldi og endurbótum eigna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Umsóknarfrestur
**19. mars**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6451**

Starfssvið
- Umsjón með viðhaldi og endurbótum fasteigna. Gerð viðhaldsáætlana.
- Stýring framkvæmda.
- Eftirlit með framkvæmdum.
- Samskipti og þjónusta við leigutaka og þjónustuaðila.
- Tilfallandi verkefni á Umhverfis- og mannvirkjasviði.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Meistaranám á byggingarsviði eða önnur haldgóð menntun sem nýtist í starfið. Þekking a byggingaframkvæmdum.
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta kostur.
- Góðir skipulagshæfileikar og frumkvæði.
- Hæfni til ákvarðanatöku og sjálfstæðra vinnubragða.
- Jákvætt hugarfar og hæfni í mannlegum samskiptum.

Akureyri er stærsti bær landsins utan höfuðborgarsvæðisins og eru íbúar um 18.500. Akureyri er mikill menningar- og skólabær. Bærinn er miðstöð athafnalífs og þjónustu fyrir allt Norðurland og iðar af mannlífi allan ársins hring. Fyrir utan hið eiginlega bæjarland Akureyrar við botn Eyjafjarðar eru eyjarnar Grímsey og Hrísey hluti sveitarfélagsins. Bæjarstjórn leggur áherslu á að veita íbúum bæjarfélagsins góða þjónustu á öllum sviðum og hlúa þannig að samfélagi sem er gott til búsetu.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Sviðsstjóri

UMHVERFIS STOFNUN

Umhverfistofnun leitar að leiðtoga fyrir nýtt svið loftlagsmála og græns samfélags. Stofnunin gegnir mikilvægu hlutverki í þessum ört vaxandi málaflokkum og er gert ráð fyrir að sviðsstjóri  verði leiðandi í stefnumótun og breytingum á þessu sviði innan stofnunarinnar.

Umsóknarfrestur
**19. mars**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/xxxx**

**Helstu verkefni**
- Dagleg stjórnun og rekstur sviðs loftslagsmála og græns samfélags.
- Þróun og stefnumótun sem tengist sviðinu í samstarfi við forstjóra.
- Áætlanagerð, eftirfylgni stefnu og markmiða stofnunarinnar.
- Samskipti við Alþingi, ráðuneyti og stofnanir f.h. Umhverfisstofnunar.
- Eftirfylgni og ábyrgð á að störf séu unnin í samræmi við vottaða gæðastefnu stofnunarinnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Meistarapróf á háskólastigi sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnunarstörfum.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu.
- Þekking og/eða reynsla af málaflokkum sviðs.
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar.
- Leiðtogahæfni, jákvæðni og metnaður.

Umhverfisstofnun stuðlar að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

Föst starfsaðstaða getur verið, allt eftir búsetu, í Reykjavík, Hellissandi, Patreksfirði, Ísafirði, Akureyri, Mývatni, Egilsstöðum, Hellu eða Vestmannaeyjum. Gert er ráð fyrir að gagnkvæmur reynslutími sé sex mánuðir frá ráðningu.

Konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið. Æskilegt er að starfsmaðurinn geti hafið störf sem fyrst.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Verkefnastjóri á nýframkvæmdadeild

Akureyrarbær

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða verkefnastjóra í nýframkvæmdir og endurbætur eigna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Umsóknarfrestur
**19. mars**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6452**

Starfssvið
- Umsjón með nýframkvæmdum og endurbótum fasteigna- og gatnamannvirkja.
- Gerð nýframkvæmdaáætlana.
- Stýring framkvæmda.
- Eftirlit með framkvæmdum.
- Tilfallandi verkefni á umhverfis- og mannvirkjasviði.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Gerð er krafa um háskólapróf í verk-, tækni- eða byggingarfræði, eða sambærilegt háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking á gatna- og byggingaframkvæmdum.
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur.
- Góðir skipulagshæfileikar og frumkvæði.
- Hæfni til ákvarðanatöku og sjálfstæðra vinnubragða.
- Jákvætt hugarfar og hæfni í mannlegum samskiptum.

Akureyri er stærsti bær landsins utan höfuðborgarsvæðisins og eru íbúar um 18.500. Akureyri er mikill menningar- og skólabær. Bærinn er miðstöð athafnalífs og þjónustu fyrir allt Norðurland og iðar af mannlífi allan ársins hring. Fyrir utan hið eiginlega bæjarland Akureyrar við botn Eyjafjarðar eru eyjarnar Grímsey og Hrísey hluti sveitarfélagsins. Bæjarstjórn leggur áherslu á að veita íbúum bæjarfélagsins góða þjónustu á öllum sviðum og hlúa þannig að samfélagi sem er gott til búsetu.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Við leitum að ráðgjafa

Okkur vantar liðsauka í öflugt teymi ráðgjafa hjá Capacent ráðningum, öflugustu ráðningastofu landsins. Við leitum að starfsmönnum sem geta hafið störf sem fyrst.
Eitt mikilvægasta verkefni stjórnenda er að manna hópinn sinn rétt og aðstoða ráðgjafar Capacent fjölda innlendra sem og erlendra fyrirtækja með það verkefni.

Umsóknarfrestur
**11. mars**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6450**

Ef þú....
- hefur lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi
- fylgist með því sem er að gerast á vinnumarkaði
- hefur reynslu sem nýtist í starfið
- býrð yfir góðum sölu- og samskiptahæfileikum
- getur unnið sjálfstætt og í krefjandi aðstæðum
- hefur brennandi áhuga á fólki og frammistöðu
- býrð yfir frumkvæði, drift og metnaði

Þá bjóðum við þér:
- fjölbreytt verkefni
- mikil samskipti
- tækifæri til að nýta þekkingu þína og reynslu
- krefjandi vinnuumhverfi þar sem þú getur haft áhrif
- skemmtilegan og lifandi vinnustað

Capacent er norrænt ráðgjafafyrirtæki og er það með skrifstofur á Íslandi, í Svíþjóð og í Finnlandi. Hjá því starfa um 150 sérfræðingar. Á Íslandi er Capacent með skrifstofu í Reykjavík og á Akureyri. Capacent hefur sterka stöðu sem norrænt ráðgjafafyrirtæki og er leiðandi sem slíkt á mörgum sviðum. Ráðgjafar Capacent vinna að greiningu, mótun og innleiðingu margvíslegra lausna á sviði stefnumótunar, stjórnunar, ráðninga, rekstrar, fjármála og upplýsingatækni.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

## Fjármálastjóri

# Slær hjartað fyrir Hörpu?

HARPA

Harpa - tónlistar og ráðstefnuhúsið í Reykjavík ohf. auglýsir laust til umsóknar starf fjármálastjóra.

Leitað er eftir öflugum og lausnamiðuðum einstaklingi með góða menntun og reynslu á sviði fjármála og rekstrar. Við leitum að manneskju sem hefur brennandi áhuga á Hörpu og að starfa í fjölbreyttu og krefjandi starfsumhverfi.

Fjármálastjóri hefur yfirumsjón með fjárreiðum, bókhaldi, rekstraruppgjörum, áætlanagerð, kostnaðareftirliti ásamt launabókhaldi félagsins og dótturfélaga. Fjármálastjóri tekur einnig þátt í að leiða viðskiptaþróun Hörpu.

Umsóknarfrestur
**14. mars**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6449**

**Helstu verkefni**
- Ábyrgð á fjármálastjórn félagsins og dótturfélaga.
- Yfirumsjón með bókhaldi, fjárhagslegri skýrslugerð til stjórnar og gerð ársreikninga.
- Viðskiptaþróun í samvinnu við aðra lykilstjórnendur og rekstraraðila í Hörpu.
- Yfirumsjón með verkefnabókhaldi, kostnaðareftirliti og fjárfestingum.
- Ábyrgð á innheimtum, launabókhaldi og greiðslum.
- Umsjón með rekstri miðasölu.
- Samskipti við ýmsa rekstraraðila í Hörpu, viðskiptastjóra og lykilstjórnendur.
- Samskipti við fjármálafyrirtæki og endurskoðendur.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf á sviði viðskipta og/eða fjármála.
- Mikil reynsla af fjármálastjórnun, rekstri og stjórnun mannauðs.
- Góð þekking á verkefnabókhaldi.
- Reynsla af breytingastjórnun og hagræðingarverkefnum.
- Frumkvæði, nákvæmni og metnaður til að ná árangri.
- Jákvætt viðhorf og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla og hæfni í að vinna undir álagi og með margvísleg ólík verkefni í einu.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Hlutverk Hörpu er að vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf sem og hvers konar ráðstefnur, fundi og samkomur, innlendar og erlendar. Hlutverk hússins er jafnframt að vera miðstöð menningarlífs fyrir alla landsmenn og áfangastaður innlendra og erlendra ferðamanna. Félagið er hlutafélag í eigu ríkis (54%) og Reykjavíkurborgar (46%) og er starfsemin grundvölluð á eigendastefnu þessara aðila. Markmið félagsins er að efla íslenskt tónlistar- og menningarlíf, styrkja stöðu Íslands á sviði ráðstefnuhalds og ferðaþjónustu og stuðla að öflugu mannlífi í miðborginni.

Harpa hefur hlotið fjölda viðurkenninga m.a. hin virtu Mies van der Rohe verðlaun árið 2013.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**

# MATREIÐSLUMAÐUR OG MATRÁÐUR

## í nýtt mötuneyti hjá viðhaldsþjónustu Icelandair í Keflavík

ÍSLENSKA SIA.IS ITS 87715 03/18




Við leitum að öflugu og jákvæðu fólki í stöðu matreiðslumanns og matráðs í nýtt mötuneyti starfsmanna í flugskýli okkar. Mötuneytið er nýtt og öll aðstaða til fyrirmyndar.

### Matreiðslumaður

Viðkomandi mun leiða starfsemina og taka þátt í mótun hennar.

**STARFSSVIÐ:**

- Yfirumsjón með eldhúsi
- Ábyrgð á starfsmönnum eldhússins
- Innkaup og birgðastýring
- Umsjón kostnaðar- og rekstraráætlunar í samstarfi við stjórnendur
- Matargerð

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Réttindi og reynsla
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Öguð, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð samskiptafærni
- Útsjónarsemi og þjónustulund
- Skilningur á gæðamatreiðslu
- Skilningur á rekstri og kostnaði
- Góð öryggisvitund

### Matráður

**STARFSSVIÐ:**

- Undirbúningur máltíða og frágangur
- Matargerð

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Reynsla sem matráður eða úr sambærilegu starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð öryggisvitund

**Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 11. mars nk.**

Gott væri að viðkomandi aðilar gætu hafið störf sem fyrst.

**Nánari upplýsingar veita:**
Einar Már Guðmundsson | forstöðumaður viðhaldsþjónustu | einarmg@its.is
Sveina Berglind Jónsdóttir | mannauðsstjóri | sveinaj@icelandair.is

ICELANDAIR

# SÖLUMAÐUR ÓSKAST

Múrefni ehf. og Vínylparket.is óska eftir sölumanni sem jafnframt afgreiðir á lager .

Vinnutími er frá 08-17 og æskilegt að hann hafi reynslu af byggingariðnaði

**Umsóknir sendast á alda@murefni.is fyrir 15. mars.**

múrefni ehf

# STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Flataskóli**

- Bókasafns- og upplýsingafræðingur
- Tónmenntakennari og kórstjóri
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Skólaliði

**Kirkjuból**

- Starfsmaður í eldhúsi frá kl. 08:45-13:30

**Lundaból**

- Leikskólakennari eða þroskaþjálfi

**Íþróttamiðstöðvar Garðabæjar**

- Ásgarður - eftirlit og ræsting
- Sumarstörf við sundlaugar Garðabæjar

**Öldrunar- og heimaþjónusta sumarafleysingar**

- Dagþjálfun Ísafoldar
- Jónshús, félags- og íþróttastarf fyrir eldri borgara

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is.**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

# Áhugaverð störf

Traust og öruggt fyrirtæki í Reykjavík, staðsett við Vesturlandsveg, leitar að dugmiklum og jákvæðum einstaklingum til starfa í níu manna teymi á fjármálasviði fyrirtækisins. Markmið fyrirtækisins er að vera leiðandi í sölu- og þjónustu á sínu sviði.

Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 100 manns. Það er öflugt starfsmannafélag og góður starfsandi.

## STARFSMAÐUR Í TOLLAMÁL

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6453**

Starfssvið

- Tollafgreiðsla.
- Afstemmingar.
- Ýmis tilfallandi skrifstofustörf.

Hæfniskröfur

- Reynsla af tollafgreiðslu og af almennu bókhaldi kostur.
- Menntun á sviði viðskipta kostur.
- Góð tölvukunnátta og góð íslenskukunnátta skilyrði.

## STARFSMAÐUR Í BÓKHALD

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6454**

Starfssvið

- Færsla bókhalds.
- Afstemmingar dagsuppgjörs.
- Ýmis tilfallandi skrifstofustörf.

Hæfniskröfur

- Reynsla af almennu bókhaldi skilyrði.
- Menntun á sviði viðskipta kostur.
- Góð tölvukunnátta og góð íslenskukunnátta skilyrði.

Umsóknarfrestur
**12. mars**

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

SAF

# Framkvæmdastjóri

**Samtök ferðaþjónustunnar óska eftir að ráða framkvæmdastjóra.** Starfið er krefjandi og fjölbreytt leiðtogastarf. Þörf er á öflugum einstaklingi sem er tilbúinn að leggja sitt af mörkum við að leiða áframhaldandi uppbyggingu íslenskrar ferðaþjónustu.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Talsmaður SAF
- Dagleg stjórnun og rekstur SAF
- Eftirfylgni ákvörðunar stjórnar, stefnu og aðgerðaráætlunar SAF
- Samskipti við hagsmunaaðila, stjórnvöld, fjölmiðla og félagsmenn
- Kynningarmál og samskipti við fjölmiðla
- Gerð kjarasamninga í samvinnu við SA

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Víðtæk þekking og reynsla af rekstri og stjórnun
- Frumkvæði, metnaður, sjálfstæði og agi í vinnubrögðum
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Þekking á kjaramálum er kostur
- Leiðtogahæfni
- Færni í að greina og miðla upplýsingum
- Traust og trúverðug framkoma
- Góð færni í íslensku og ensku

**Upplýsingar veitir:**
**Katrín S. Óladóttir**
katrin@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 18. mars nk.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



FRÍHÖFNIN

# INNKAUPAFULLTRÚI

## Snyrti- og hreinlætisvörur

Fríhöfnin leitar að metnaðarfullum, árangursdrifnum og skipulögðum starfsmanni með góða hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til að takast á við krefjandi og skemmtileg verkefni ásamt því að vera jákvæður og áreiðanlegur. Um er að ræða spennandi starf í síbreytilegu og alþjóðlegu umhverfi.

### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Ábyrgð á innkaupa- og birgðamálum
- Vinnsla og eftirfylgni pantana
- Yfirumsjón með vöruvali og að tryggja að vöruframboð sé í samræmi við stefnu félagsins
- Gerð innkaupaáætlana
- Samskipti og samningar við birgja

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi, háskólamenntun er kostur
- Reynsla af innkaupum, vörustýringu og áætlanagerð
- Góð tölvukunnátta og færni í að lesa úr og túlka töluleg gögn
- Aðlögunarhæfni, árangursdrifni og lausnamiðuð hugsun
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta bæði í töluðu og rituðu máli

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferlisskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknum skal skilað inn rafrænt á **www.dutyfree.is/atvinna.**

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 12. MARS**

www.dutyfree.is

» Ráðningarþjónusta

# Söluráðgjafi - Lúxusferðir

Ferðaþjónustufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða öflugan og reynslumikinn söluráðgjafa til starfa. Um fullt starf er að ræða.

Fyrirtækið býður uppá vandaðar, sérhannaðar ferðir um Ísland fyrir erlenda ferðamenn, einkum frá N-Ameríku.

## » Starfssvið

- Hönnun og sala á vönduðum ferðum um Ísland
- Samskipti við erlendar ferðaskrifstofur og söluaðila sem sérhæfa sig í lúxus-ferðum
- Gerð ferðagagna
- Önnur tilfallandi störf

## » Hæfniskröfur

- Reynsla af hönnun og sölu ferða um Ísland
- Góð þekking á íslenskri ferðaþjónustu
- Framúrskarandi enskukunnátta í ræðu og riti
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund
- Mjög góð tölvukunnátta, einkum á Word, Excel og Outlook
- Nákvæm vinnubrögð, sjálfstæði, frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu kostur, t.d. viðskiptafræði eða sambærilegt



HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# Sölu- og þjónustu-fulltrúi



Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf á spennandi þjónustumarkaði fyrir íslensk iðn-fyrirtæki og athafnalíf.

Við leitum að drífandi og laghentum einstakling með mikla þjónustulipurð og vilja til að vaxa í starfi. Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af vinnu með ýmsan vökva- og loftbúnað, lagnaefni, drifbúnað og skyldar vörur.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á:
**landvelar@landvelar.is** fyrir **9. mars.**

LANDVÉLAR

Smiðjuvegi 66 • 200 Kópavogi • Sími 580 5800 • www.landvelar.is

# Sérfræðingur í markaðsmálum

www.intellecta.is
Síðumúla 5 - 108 Reykjavík

Traust og öflugt upplýsingatæknifyrirtæki sem starfar meðal annars í útflutningi eigin lausna óskar eftir að ráða markaðsfulltrúa í sölu- og markaðsdeild fyrirtækisins. Starfið felst í fjölbreyttum verkefnum sem snúa bæði að ytra og innra markaðsstarfi.

## Helstu verkefni

- Umsjón með fréttabréfi og öðru útsendu efni, s.s. markpósti
- Umsjón með efni á ytri vefjum fyrirtækisins
- Umsjón með efni á samfélagsmiðlum
- Leitarvélabestun
- Þátttaka í og undirbúningur fyrir viðburði og sýningar

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af markaðsmálum
- Góð þekking og reynsla af vefumsjónarkerfum
- Góð þekking á helstu samfélagsmiðlum, þekking á Google Adwords er kostur
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni
- Góð enskukunnátta
- Mjög góð tölvukunnátta og áhugi á að tileinka sér þekkingu á lausnum fyrirtækisins

Spennandi starf í boði fyrir einstakling sem nýtur sín í kröfuhörðu og framsæknu umhverfi.

*Nánari upplýsingar veita Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**) og Bylgja Björk Pálsdóttir (**bylgja@intellecta.is**) í síma 511 1225.*

*Umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi óskast fyllt út á **www.intellecta.is** fyrir 12. mars 2018.*

***Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

LYFJAVER

*Lyfjaver er leiðandi í vélskömmtun lyfja á Íslandi og skammtar lyf fyrir fólk um allt land, bæði heilbrigðisstofnanir og einstaklinga í heimahúsum.*

*Fyrirtækið rekur einnig apótek á Suðurlandsbraut 22 ásamt Heilsuveri og heildsölu.*

*Hjá fyrirtækinu starfa um 50 manns.*

*Nánari upplýsingar um Lyfjaver má finna á **www.lyfjaver.is***

# Framkvæmdastjóri

Lyfjaver óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til að stýra og bera ábyrgð á daglegum rekstri fyrirtækisins. Leitað er að öflugum stjórnanda sem sýnir frumkvæði, hefur þekkingu á mannauðsmálum og góða samskiptahæfni.

## Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Mannauðsmál
- Þátttaka í markaðsmálum
- Samskipti við opinbera aðila
- Eftirfylgni með þróun tæknilausna

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda
- Frumkvæði
- Reynsla af lyfjamarkaði er æskileg
- Stjórnunarreynsla
- Reynsla af mannauðsmálum
- Reynsla eða þekking á markaðsmálum
- Samskiptahæfni

*Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 12. mars 2018. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.*

***Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511-1225***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir




# PROGRAM/PROJECT MANAGER

## In Global Program Management Office

We are looking for a highly ambitious and independent individual to join our team as Program/Project Manager. The Global Program Management Office is responsible for end to end management of global and cross-functional strategic programs and projects.

### RESPONSIBILITIES

- Program management
- Project management
- Program/project scoping
- Program/project planning
- Budgeting, forecasting and management of Program/Project financials
- Program/project execution
- Stakeholder management
- Communication & reporting
- Resource management
- Management of all program/project documentation
- Maintenance of best practices & toolkits

### QUALIFICATIONS & SKILLS

- University education
- Minimum of 5 years relevant experience
- PMI or IPMA (C or B level) certification desirable
- Strong analytical, consultative and problem solving capabilities
- Project management skills, flexibility and ability to work independently
- Leadership skills
- Experience in stakeholder management
- Experience in business case creation
- Excellent oral and written communication skills
- Highly proficient in spoken and written English

Application period ends March 14th, 2018.
Please apply on our website: ossur.is/mannaudur under the appropriate position.
For further information contact Human Resources +354 515 1300.

JAFNLAUNAMERKIÐ

2010–2017 Framúrskarandi fyrirtæki

Össur is a leading global provider of non-invasive orthopaedics with 3000 employees in over 25 countries worldwide.
The core values of the company are Honesty – Frugality – Courage.

WWW.OSSUR.COM

---

VINNUEFTIRLITIÐ

*Vinnueftirlitið er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu og byggir starf sitt á samþættingu eftirlits, fræðslu og rannsókna.*

*Vinnueftirlitið heyrir undir velferðarráðuneytið og starfar samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað nr. 46/1980.*

*Hlutverk Vinnueftirlitsins er að stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi sem jafnan skal vera í samræmi við félagslega framþróun og bestu þekkingu á hverjum tíma. Sérstök áhersla er lögð á að efla markvisst vinnuverndarstarf á vinnustöðunum sjálfum.*

*Gildi Vinnueftirlitsins eru frumkvæði, forvarnir og fagmennska.*

*Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar www.vinnueftirlit.is.*

# Vilt þú starfa í öflugum hópi?

**Vinnueftirlitið óskar eftir að ráða þrjá starfsmenn í öflugan hóp eftirlitsmanna.**

Áherslur starfanna þriggja í sérhæfingu í eftirliti eru á eftirfarandi: Vélar og tæki, mannvirkjagerð og félagslegt vinnuumhverfi.

Eftir starfsþjálfun fer starfið fram í teymi eftirlitsmanna með starfsstöð í Reykjavík. Næsti yfirmaður er sviðsstjóri. Starfshlutfall er 100% og fela störfin í sér ferðalög að hluta.

**Störf: Mannvirkjagerð, Vélar og tæki**
**Helstu verkefni:**

- Eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum
- Rannsókn vinnuslysa
- Eftirlit, leiðbeiningar og upplýsingagjöf á sviði vinnuverndar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. byggingafræði, véla- eða tæknimenntun
- Reynsla á vinnumarkaði
- Þekking og reynsla á sviði vinnuverndar er æskileg
- Góð íslenskukunnátta og þjálfun í framsetningu ritaðs máls
- Frumkvæði, skipuleg vinnubrögð og sjálfstæði
- Sveigjanleiki, góð samskipta- og samstarfshæfni
- Góð almenn tölvufærni

**Starf: Félagslegt vinnuumhverfi**
**Helstu verkefni:**

- Eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum
- Rannsókn vinnuslysa
- Eftirlit, leiðbeiningar og upplýsingagjöf á sviði vinnuverndar
- Þátttaka í uppbyggingu og mótun eftirlits með félagslegum aðbúnaði á vinnustöðum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. félagsfræði, hjúkrunarfræði eða sálfræði
- Framhaldsmenntun á háskólastigi er æskileg
- Þekking og reynsla á sviði vinnuverndar er æskileg
- Góð íslenskukunnátta og þjálfun í framsetningu ritaðs máls
- Frumkvæði, skipuleg vinnubrögð og sjálfstæði
- Sveigjanleiki, góð samskipta- og samstarfshæfni

Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna.
Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um störfin.

*Nánari upplýsingar um störfin veita Svava Jónsdóttir sviðsstjóri (svava@ver.is) í síma 550 4600 og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 19. mars 2018. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.*

***Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Staða leikskólastjóra við leikskólann Vinagerði

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Vinagerði lausa til umsóknar.**

Vinagerði er þriggja deilda leikskóli við Langagerði í Reykjavík. Leiðarljós leikskólans eru gleði, hvatning og nærgætni. Áhersla er lögð á skapandi starf og að umhverfi barnanna veki forvitni þeirra og vellíðan. Markvisst er unnið með umhverfismennt og stærðfræði í leik með því að skoða liti, form, tegundir og fjölda í umhverfinu og náttúrunni. Endurvinnanlegur efniviður er hluti af leikefni barnanna og er nýttur bæði úti og inni. Vinagerði er Grænfánaskóli, útileiksvæði leikskólans er gott og vel skipulagt og stutt í opið leiksvæði í Grundargerðisgarði. Unnið er með fjölbreyttan barnahóp og heimamenningu barna og öll börn eru með ferilmöppu.

**Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Vinagerði.**

**Meginhlutverk leikskólastjóra er að:**
- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

**Ráðið verður í stöðuna frá 1. maí 2018. Umsóknarfrestur er til og með 19. mars 2018.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.
Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

## VALITOR ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA STARFSÞRÓUNARSTJÓRA TIL STARFA

Valitor er traust og framsækið þekkingarfyrirtæki á sviði greiðslumiðlunar og greiðslulausna sem er stöðugt að skapa nýjar lausnir fyrir viðskiptavini sína. Valitor starfar á alþjóðlegum vettvangi, í nánu samstarfi við fjártæknifyrirtæki (Fintech) í fremstu röð. Gildin okkar – frumkvæði, traust og samvinna – knýja samhentan hóp um 350 starfsmanna á starfsstöðvum Valitor á Íslandi, Bretlandi og í Danmörku.

**Starfsþróunarstjóri er ábyrgur fyrir gerð og framkvæmd starfsþróunaráætlunar og þjálfun starfsmanna Valitor.**

**Ábyrgðarsvið:**
- Þróa og skipuleggja náms- og kennsluefni
- Starfs- og stjórnendaþróun
- Umsjón með nýliðafræðslu
- Umsjón með starfsmannasamtölum og gerð starfslýsinga

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- A.m.k. fimm ára reynsla af mannauðstengdu starfi eða ráðgjöf
- Reynsla af símenntun og notkun námsaðferða sem mæta nútímakröfum
- Alþjóðleg reynsla af ofangreindum ábyrgðarsviðum er æskileg
- Framúrskarandi færni í íslensku og ensku

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Valitor **www.valitor.is**
Umsóknarfrestur er til og með 17. mars 2018.
Nánari upplýsingar veitir Stefán Ari Stefánsson, mannauðsstjóri, sími **525 2000**.

VALITOR

## MATRÁÐUR
### LÍTILL LEIKSKÓLI

Lítinn einkarekinn leikskóla í Kópavogi vantar matráð frá 9:30 - 13:30
***Jákvæðni, snyrtimennska og ísl.kunnátta skilyrði.***

**Uppl. UNDRALAND s. 554-0880, 9-16**

## FASTEIGNASALA / FASTEIGNASALAR

Við á Fasteignalandi í Faxafeni 10 Reykjavík ætlum að bæta við okkur þremur starfsmönnum við sölu á fasteignum. Góð aðstaða, tæki og staðsetning.

**Nánari upplýsingar veitir Halldór Ingi í s: 897 4210 og halldor@fasteignaland.is**

Fasteignaland
Faxafen 10 - 108 Reykjavík - sími 599 6700 www.fasteignaland.is

ÍSAFJARÐARBÆR

## Laus störf á skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær er bær í sókn og hefur upp á margt að bjóða. Má þar nefna öfluga grunnskóla og leikskóla, menntaskóla, fjölbreytt íþrótta- og tómstundastarf, öflugt tónlistar- og menningarlíf, eitt besta skíðasvæði landsins og endalausa möguleika á að njóta einstakrar náttúrfegurðar svæðisins. Í Ísafjarðarbæ búa um 3700 íbúar og þar eru fimm leikskólar og fjórir grunnskólar í fjórum byggðakjörnum. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf milli skólanna en þó sjálfstæði og fjölbreytni.

Ísafjarðarbær auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar:

**Grunnskólinn á Ísafirði**
- Umsjónarkennarar á öllum stigum 100%
- Þroskaþjálfi 100%
- Íþróttakennari 50-80%
- Kennari í myndmennt 50-80%
- Dönskukennari 50-80%
- Smíðakennari 50-80%
- Tónmenntakennari 50-80%

**Grunnskólinn á Suðureyri**
- Grunnskólakennarar á mið- og yngra stigi 50-100%
- Íþróttakennari 40-100%

**Grunnskóli Önundarfjarðar**
- Grunnskólakennarar 50-100%
- Íþróttakennari 25-50%

**Grunnskólinn á Þingeyri**
- Íþróttakennari 60-100%

**Leikskólinn Grænigarður Flateyri**
- Deildarstjóri 100%
- Leikskólakennari 100%

**Heilsuleikskólinn Laufás Þingeyri**
- Deildarstjóri 100%
- Starfsmaður í leikskóla 60-100%

**Leikskólinn Sólborg Ísafirði**
- Leikskólakennarar 100%

**Leikskólinn Tjarnarbær Suðureyri**
- Leikskólakennari 100%

Umsóknarfrestur um ofangreind störf er til og með **23. mars 2018.** Frekari upplýsingar um störfin má nálgast á vef Ísafjarðarbæjar (www.isafjordur.is) undir *„Laus störf“*. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.

***-Við þjónum með gleði til gagns-***

# VILT ÞÚ VERÐA HLUTI **AF GÓÐU FERÐALAGI?**

Dagný starfar hjá farþegaþjónustu á Keflavíkurflugvelli. Hún er hluti af góðu ferðalagi.




## FRAMTÍÐARSTÖRF **Í FARÞEGAAKSTRI**

Isavia óskar eftir að ráða bílstjóra. Helstu verkefni eru rútuakstur með flugfarþega til og frá flugstæðum að Flugstöð Leifs Eiríkssonar ásamt umhirðu rútu og bíla.

Um framtíðarstarf er að ræða í vaktavinnu.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Guðbergsson hópstjóri, **olafur.gudbergsson@isavia.is**.

**Hæfniskröfur**

- Próf á hópferðabifreið er skilyrði
- Fullnaðarskírteini fyrir B réttindaflokk í ökuskírteini
- Vandvirkni og skipulag er nauðsynlegt
- Góða færni í íslensku og ensku

Vegna kröfu reglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnskoðunar lögreglu og vera með hreint sakavottorð. Nánari upplýsingar er að finna á isavia.is.

## UMSJÓNARMAÐUR **REKSTRARINNVIÐA**

Isavia óskar eftir að ráða umsjónarmann rekstrarinnviða á Keflavíkurflugvöll. Helstu verkefni er að annast rekstur gatnakerfis, opinna svæða, vatns- og fráveitukerfa og annarra innviða á Keflavíkurflugvelli.

Nánari upplýsingar veitir Stefán Jónson, forstöðumaður skipulagsmála, **stefan.jonsson@isavia.is**.

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Menntun sem nýtist í starfi
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð samstarfs- og samskiptahæfni

## **BÓKARI** SUMARSTARF

Isavia óskar eftir að ráða bókara í sumarstarf. Helstu verkefni felast í skráningu, merkingu og bókun reikninga, afstemmingu lánadrottna og öðrum tilfallandi verkefnum.

Nánari upplýsingar veitir Helga Erla Albertsdóttir, deildarstjóri reikningshalds, **helga.albertsdottir@isavia.is**.

**Hæfniskröfur**

- Viðurkenndur bókari eða menntun sem nýtist í starfi er kostur
- Reynsla af bókhaldi er skilyrði
- Þekking og reynsla af vinnu við Navision bókhaldskerfið er kostur
- Kunnátta í öllum helstu tölvuforritum
- Skipulögð og öguð vinnubrögð

**Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.**

**Isavia hefur hlotið gullmerki PwC fyrir launajafnrétti og við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um þau störf sem í boði eru.**

STARFSSTÖÐ: **KEFLAVÍK**

UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

UMSÓKNARFRESTUR: **18. MARS**

isavia

# VÉLABORG

## STÖRF Á VERKSTÆÐI OG Í VARAHLUTAVERSLUN / JOBS AVAILABLE:

**VÉLVIRKI, BIFVÉLAVIRKI EÐA VANUR VIÐGERÐAMAÐUR**

Við leitum að vönum mönnum með reynslu af viðgerðum á lyfturum, vinnuvélum og/eða landbúnaðarvélum. Enskukunnátta og almenn tölvuþekking æskileg.

**/ MECHANIC OR EXPERIENCED WORKSHOP PEOPLE**

We are looking for individuals with experience repairing forklifts, vehicles and heavy machinery. English and general computer knowledge necessary.

**SÖLUMAÐUR Í VARAHLUTAVERSLUN**

Við leitum að framtakssömum, metnaðarfullum og drífandi einstakling til framtíðarstarfa í verslun. Reynsla af sölumennsku, tölvuþekking og enskukunnátta nauðsynleg.

Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn ásamt ferilskrá á netfangið **gunnarbj@velaborg.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **12. mars**.

/ Applicants are asked to submit an application along with a CV to **gunnarbj@velaborg.is**.

Deadlines for applications is **March 12**.

Vélaborg er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í alhliða þjónustu við verktaka og flutningsaðila. Meðal helstu umboða eru: Jungheinrich, Ferrari, Sennebogen og Case. Í dag starfa um 25 manns hjá fyrirtækinu.

/ Vélaborg is one of Iceland's largest companies in all around service to contractors and transport companies. We are servicing Jungheinrich, Ferrari, Sennebogen and Case to name a few.

Járnháls 2–4, 110 Reykjavík    www.velaborg.is    sími: 414 8600

**VELABORG.IS**



## SÉRFRÆÐINGUR Á TÆKNIBORÐ SENSA

Við erum að leita að öflugum tæknimanni með góða þekkingu og reynslu af rekstri Microsoft stýrikerfa. Ef þú hefur brennandi áhuga á tækni og þróun, ert með góða öryggisvitund og vilt vinna hjá framsæknu tæknifyrirtæki þá viljum við fá þig í okkar lið. Í starfinu felast rekstur á miðlægum Microsoftþjónum viðskiptavina, rekstur útstöðva og annarra jaðartækja ásamt því að þjónusta viðskiptavini gegnum fjartengingu.

**Hefur þú:**

- ► Góð þekking og reynsla í rekstri miðlægra kerfa.
- ► Hæfileiki til að vinna skipulega að mörgum verkefnum á sama tíma.
- ► Hæfileiki til að læra og aðlagast nýrri tækni.
- ► Sjálfstæð vinnubrögð og góðir samskiptahæfileikar.
- ► Microsoft og Cisco gráður kostur, en ekki nauðsynlegar.

Sendu okkur fyrirspurn eða umsókn á starf@sensa.is fyrir 16. mars.
Fullum trúnaði er heitið.

Sensa er í fararbroddi í hýsingar-, rekstrar- og samskiptalausnum þar sem sterk liðsheild, hátt þekkingarstig og verðmæt viðskiptasambönd spila stórt hlutverk. Sensa er Cisco Gold Partner og stærsti sölu- og þjónustuaðili Cisco samskiptabúnaðar á Íslandi. Þá er Sensa eini samstarfsaðili Microsoft á Íslandi sem er með Premier samning. Mikil áhersla er lögð á velferð starfsmanna, góðan starfsanda og hvetjandi og skemmtilegt starfsumhverfi, m.a. með því að veita starfsmönnum tækifæri til að vaxa með þjálfun og símenntun. Sensa leggur áherslu á vönduð og fagleg vinnubrögð og hefur ávallt þarfir viðskiptavina í fyrirrúmi.

sensa




ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
*National Museum of Iceland*

## Verkefnastjóri húsasafns

Þjóðminjasafn Íslands auglýsir laust til umsóknar starf verkefnastjóra húsasafns. Helstu verkefni verkefnastjóra tengjast viðgerðum og viðhaldi á húsum í húsasafni Þjóðminjasafns, s.s. áætlunargerð, samningsgerð, öryggismál, samstarf við rekstraraðila, fræðsla, þátttaka í rannsóknarvinnu, skýrslugerð og eftirliti með viðhaldsframkvæmdum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, æskilegt að það sé á sviði byggingalistar.
- Reynsla af skipulagningu og verkstjórn verkefna í byggingariðnaði.
- Þekking á íslenskum byggingararfi nauðsynleg, en þekking á torfhúsum og viðhaldi þeirra góður kostur.
- Reynsla af rannsóknarstörfum og skýrslugerð æskileg.
- Lipurð í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.
- Starfinu fylgja talsverð ferðalög um landið og er bílpróf nauðsynlegt.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. mars 2018.**
Upplýsingar um starfið, helstu verkefni og umsóknarferli má finna á vef Þjóðminjasafns Íslands www.thjodminjasafn.is og á www.starfatorg.is

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur L. Hafsteinsson sviðsstjóri húsasafns (gudmundur.luther@thjodminjasafn.is) og Hildur Halldórsdóttir starfsmannastjóri (hildur.halldorsdottir@thjodminjasafn.is), s. 530 2200.

*Húsasafn Þjóðminjasafns Íslands veitir innsýn í húsakost þjóðarinnar á seinni öldum og þróun húsagerðar á Íslandi. Húsasafnið er kjarni safnkosts Þjóðminjasafns Íslands á landsbyggðinni. Meðal húsa eru allir stærstu og merkustu torfbæir landsins og allar þær torfkirkjur sem eru í upprunalegri gerð.*

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Grunnskólar**

- Frístundaleiðbeinendur í dægradvöl Salaskóla
- Heimilisfræðikennari í Snælandsskóla
- Kennari í Kópavogsskóla
- Kennari í Snælandsskóla
- Myndmenntakennari óskast í Snælandsskóla
- Sérkennari í Snælandsskóla
- Skólaliði í mötuneyti og ræstingar í Salaskóla

**Leikskólar**

- Leikskólakennari/verkefnisstjóri í Læk
- Leikskólinn Lækur óskar eftir deildarstjóra

**Velferðarsvið**

- Starfsmenn á heimili fyrir fatlað fólk
- Starfsmenn óskast í íbúðarkjarna fyrir fatlað fólk

**Annað**

- Starfsmaður hjá Sundlaug Kópavogs

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær

kopavogur.is

Sjóvá | 440 2000 | sjova.is

# Hefur þú áhuga á bílum?

Við leitum að einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á bílum, til starfa í deild ökutækjatjóna. Um er að ræða krefjandi starf sem felst meðal annars í kaupum og sölu ökutækja eftir tjón.

**Við leitum að einstaklingi með**

› menntun á sviði bílgreina
› reynslu og þekkingu af viðskiptum með notuð ökutæki
› reynslu af tjónaviðgerðum ökutækja
› mikla þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
› góða samningatækni og færni í að vinna sjálfstætt

**Starfið felur meðal annars í sér**

› kaup og sölu ökutækja sem lent hafa í tjóni
› ráðgjöf og þjónustu við viðskiptavini og verkstæði
› yfirferð tjónamats frá verkstæðum

Umsóknarfrestur er til og með **15. mars nk.**
Sótt er um starfið á **www.sjova.is/starfsumsoknir.**

Nánari upplýsingar veitir Hjalti Þór Guðmundsson, forstöðumaður ökutækjatjóna, í síma **440 2000** eða **hjalti.gudmundsson@sjova.is.**

Hjá Sjóvá starfar sterkur og skemmtilegur hópur fólks sem kappkostar að veita viðskiptavinum afburðaþjónustu. Kannanir sýna að starfsánægja hjá Sjóvá er með því allra mesta sem mælist hérlendis.

**Sjóvá er efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni. Við gleðjumst yfir því að viðskiptavinir okkar séu ánægðari.**

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

SJÓVÁ



TÆKIFÆRI Í NÝSKÖPUN

# VÉLAHÖNNUÐUR Í VÖRUÞRÓUN Í FISKIÐNAÐI

**Marel er frumkvöðull í þróun hátæknilausna fyrir matvælavinnslu. Við leggjum áherslu á að þróa tæki sem mæta síbreytilegri þörf markaðarins fyrir sjálfvirkar lausnir í allri virðiskeðjunni. Í því skyni leggjum við að meðaltali 5-6% af veltu í rannsóknar- og þróunarstarf á ári hverju, sem er hæsta hlutfall sem fyrirfinnst í greininni.**

**Nú erum við í sókn og leitum að framsýnum vélahönnuði til að taka þátt í hönnun á nýjum lausnum fremst í virðiskeðjunni. Viðkomandi mun verða hluti af vöruþróunarhóp fiskiðnaðar og taka þátt í þróun á nýjum tækjabúnaði til hausunar og flökunar á hvítfiski. Vandvirkni, útsjónarsemi og lausnarmiðuð hugsun eru mikilvægir kostir.**

**Starfssvið:**

- Þróun og hönnun á nýjum vélbúnaði og vinnslulausnum
- Uppsetningar og prófanir á nýjum tækjabúnaði
- Samskipti við verkefnastjóra og starfsmenn framleiðslu
- Þjónusta og viðhald á vélbúnaði

**Hæfniskröfur:**

- Vélaverkfræði eða sambærilegt
- Að lágmarki 3-5 ára sambærilega starfsreynslu
- Þekking á 3D teikniforritum eins og Solid Works er kostur
- Hæfni í samskiptum og rík þjónustulund
- Mjög góð enskukunnátta

**Umsóknarfrestur er til og með 12. mars.** Sótt er um starfið rafrænt á heimasíðu Marel, **marel.com/34982**.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnar Tjörvi Sigurðsson, gunnar.sigurdsson@marel.com, 563-8000.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með um 5.100 starfsmenn, þar af um 600 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaiðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkur öflugt fólk, konur og karla, sem hafa áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, glæsilegt mötuneyti, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

marel

# Viðskiptaþjónusta PwC – laus störf

## Framtíðarstarf í Reykjanesbæ
## Sumarstarf í Reykjavík

### Helstu verkefni:

- Færsla bókhalds og afstemmingar.
- Uppgjör og vsk skýrslur.
- Launavinnsla og skattframtalsgerð.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla af notkun DK viðskiptahugbúnaðar, Navision eða TOK er kostur.
- Samviskusemi og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Sjálfstæði, frumkvæði og samskiptahæfni.

**Umsóknarfrestur er til 5. mars 2018.**

**Nánari upplýsingar á vef PwC.**

pwc

PwC | Skógarhlíð 12 | 105 Reykjavík | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem skilgreinir sig sem þekkingarfyrirtæki sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

# Spennandi störf í boði hjá traustu fyrirtæki

## Söluráðgjafi á landbúnaðarsviði

Lífland óskar eftir öflugum söluráðgjafa til starfa á landbúnaðarsviði fyrirtækisins. Um er að ræða skemmtilegt og fjölbreytt starf sem felur m.a. í sér sölu á fóðri og öðrum landbúnaðarvörum til bænda.

**Starfssvið:**

- *Ráðgjöf og sala til viðskiptavina*
- *Undirbúningur söluferða*
- *Heimsóknir til viðskiptavina*
- *Áætlanagerð*
- *Eftirfylgni*
- *Önnur tilfallandi verkefni*

**Hæfniskröfur:**

- *Menntun sem nýtist í starfi, búfræðimenntun er kostur*
- *Þekking á íslenskum landbúnaði er kostur*
- *Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum*
- *Góðir söluhæfileikar og eldmóður*
- *Öguð og vönduð vinnubrögð*
- *Góð almenn tölvuþekking og þekking á Navision er kostur*

## Starf í fóðurverksmiðju Líflands

Lífland leitar að öflugum og handlögnum manni til að sinna ýmsum verkefnum í fóðurverksmiðju Líflands á Grundartanga. Um er að ræða dagvinnustarf og tilfallandi afleysingar á vöktum.

**Starfssvið:**

- *Umsjón með hráefnalager*
- *Sekkjun í smásekki og stórsekki*
- *Þrif á verksmiðju*
- *Ýmis tilfallandi verkefni*

**Hæfniskröfur:**

- *Vinnuvélaréttindi æskileg*
- *Tölvukunnátta æskileg*

## Verktaki í tækjadeild - Norðurland

Vegna aukinnar sölu leitar Lífland að verktaka (rafvirkja og/eða vélstjóra) fyrir tækjadeild fyrirtækisins með starfsstöð á Norðurlandi.

**Starfssvið:**

- *Viðhald, eftirlit og viðgerðir á búnaði sem Lífland selur*
- *Framkvæmd þjónustuskoðana á GEA mjaltaþjónum*
- *Vinna við uppsetningar á búnaði*
- *Ýmis önnur tilfallandi verkefni*

**Hæfniskröfur:**

- *Sveinspróf eða sambærileg menntun*
- *Sjálfstæði í vinnubrögðum*
- *Góð tölvukunnátta*
- *Þekking á PLC-stýringum er kostur*
- *Þekking á kælikerfum er kostur*

## Meiraprófsbílstjóri

Lífland óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra með C og CE réttindi í fullt starf.

## Sumarstörf hjá Líflandi

Lífland leitar að starfsmönnum í sumarafleysingar. Um er að ræða meiraprófsbílstjóra (með C og CE réttindi), afleysingar í fóðurverksmiðju á Grundartanga og í verslanir Líflands á höfuðborgarsvæðinu.

**Umsóknarfrestur starfanna er til og með 11. mars nk.**
Nánari upplýsingar um störfin veitir Rannveig Hrólfsdóttir í síma 540-1119 eða rannveig@lifland.is.

**Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda umsókn og ferilskrá á atvinna@lifland.is.**
Vinsamlegast takið fram hvaða starf sótt er um. Við hvetjum bæði konur og karla að sækja um störf hjá Líflandi.

LÍFLAND Stofnað 1917

Sala og ráðgjöf Sími 540 1100 | www.lifland.is lifland@lifland.is | Reykjavík Lynghåls | Akureyri Óseyri | Borgarnes Borgarbraut | Blönduós Efstubraut | Hvolsvöllur Ormsvöllur

ALÞINGI

## Skrifstofa Alþingis

óskar eftir bókara á fjármálaskrifstofu í fullt starf. Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

# Jarðvinnu-verkstjóri

**Loftorka Reykjavík ehf óskar eftir að ráða jarðvinnuverkstjóra til starfa.**

**Starfsvið:**
- Stjórnun á jarðvinnuframkvæmdum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Reynsla og menntun sem nýtist í starfi.
- Bílpróf og vinnuvélaréttindi.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu.
- Frumkvæði og faglegur metnaður.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi.
- Stundvísi.

Loftorka Reykjavík ehf. er jarðvinnu og malbikunarverktaki sem starfar á höfuðborgarsvæðinu í framkvæmdum fyrir byggingar og opinbera aðila.

Umsóknir berist Loftorku Reykjavík ehf, á netfangið loftorka@loftorka.com

Upplýsingar veitir Andrés Sigurðsson í síma 893 227
Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem gerð eru til starfsins, þar með talið menntunar- og starfsferilsskrá.

**Loftorka Reykjavík ehf.**
**Miðhrauni 10**
**210 Garðabæ.**

LOFT ORKA

# Verkstæðismaður

**Loftorka Reykjavík ehf óskar eftir að ráða vél eða bifvélavirkja til starfa í starfstöð okkar í Miðhrauni 10, 210 Garðabæ.**

**Starfsvið:**
- Viðgerðir og viðhald vinnuvéla og vörubifreiða.
- Bilanagreiningar.
- Ýmis smíði og uppsetningar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Vél eða bifvélavirkjamenntun.
- Bílpróf.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu.
- Frumkvæði og faglegur metnaður.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi.
- Stundvísi.

Loftorka Reykjavík ehf. er jarðvinnu og malbikunarverktaki sem starfar á höfuðborgarsvæðinu í framkvæmdum fyrir byggingar og opinbera aðila.

Fæði á staðnum, heimkeyrsla á höfuðborgarsvæðinu.
Umsóknir berist Loftorku Reykjavík ehf, á netfangið robert@loftorka.com

Upplýsingar veitir Robert Andersen í síma 897 3433.
Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem gerð eru til starfsins, þar með talið menntunar- og starfsferilsskrá.

**Loftorka Reykjavík ehf.**
**Miðhrauni 10**
**210 Garðabæ.**

LOFT ORKA

## Blikksmíði ehf

**Óskar eftir blikksmiðum eða vönum mönnum í Blikksmíðavinnu, einnig aðstoðarmönnum.**

Upplýsingar í síma: 893 4640 eða blikksmidi@simnet.is

## Vefhönnuður óskar eftir 50% vinnu

**Óska eftir 50% starfi til að byrja með.**
**Er menntuð í margmiðlunarhönnun og vefþróun.**
**Hef einnig reynslu af umbroti og video-framleiðslu.**

**Nýt mín best í fjölbreyttu starfi.**
**Vefhonnun50@gmail.com**

Sérverk ehf
Byggingaverktakar

## Vegna mikilla verkefna vill Sérverk ráða í eftirfarandi stöður

- **Vana menn á trésmíðaverkstæði.**
- **Aðstoðarmenn á trésmíðaverkstæði**

**Trésmíðaverkstæðið er búið fullkomnustu tækjum sem völ er á til innréttingasmíða.**

- Góður starfsandi
- Góð starfsaðstaða í nýju húsi
- Nýjar fullkomnar vélar á verkstæði
- Mjög góð verkefnastaða framundan

**Umsóknir sendist á atvinna@serverk.is**

ÓBYGGÐANEFND

## Áskorun frá óbyggðanefnd

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur, fyrir hönd íslenska ríkisins, afhent óbyggðanefnd kröfur ríkisins um þjóðlendur á svonefndu svæði 9B, sem tekur til Snæfellsness ásamt fyrrum Kolbeinsstaðahreppi og fyrrum Skógarstrandarhreppi. Tilkynning um kröfurnar var birt í Lögbirtingablaðinu 23. febrúar síðastliðinn og er útdráttur úr efni hennar nú birtur hér í samræmi við 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Á svæði 9B eru eftirtalin sveitarfélög: Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Eyja- og Miklaholtshreppur, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær, hluti Borgarbyggðar (fyrrum Kolbeinsstaðahreppur) og hluti Dalabyggðar (fyrrum Skógarstrandarhreppur). Þjóðlendukröfur ríkisins ná til fimm sérgreindra hluta svæðisins, það er 1) Eyrarbotns, 2) Snæfellsjökuls, 3) lands sunnan og austan Snæfellsjökuls, 4) landsvæðis milli Hraunhafnardals, Mælifells og Bjarnarfossdals og 5) fjalllendis milli Elliða og Lágafells, auk Baulárvalla. Nánari lýsingu krafna og yfirlitskort er að finna á vefsíðunni obyggdanefnd.is og á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga og sýslumannsembættis.

**Skorað er á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á þeim svæðum sem ríkið gerir kröfur til að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, í síðasta lagi föstudaginn 25. maí 2018. Með kröfunum þurfa að fylgja þær heimildir og gögn sem aðilar byggja rétt sinn á.**

Leiðbeiningar um frágang kröfulýsinga, þ.á m. korta, er að finna á vefsíðunni obyggdanefnd.is og fást jafnframt á skrifstofu óbyggðanefndar.

Óbyggðanefnd er úrskurðarnefnd á stjórnsýslustigi. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt 7. gr. laga nr. 58/1998 er að 1) kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, 2) skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og 3) úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 verður yfirlýsingu um þjóðlendukröfur ríkisins þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar eru í þinglýsingabók og eru á viðkomandi svæði.

*Óbyggðanefnd*

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY

**JOB REFERENCE 09/2018**

**Deadline for applications:** 18 March 2018

**Start date:** to be agreed; position available from 1 May 2018

.

For full details of this position and to apply, please visit:
**https://jobs.eftasurv.int**

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.

ESA is an international organisation, independent of the States, which safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 500 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States.

ESA is based in Brussels. It currently employs 76 staff members of 16 nationalities. ESA is led by a College consisting of three members, each appointed for a period of four years by the three participating EFTA States.

## Legal & Executive Affairs Officer

ESA is recruiting a Legal & Executive Affairs (LEA) Officer able to contribute to the full breadth of the department's litigation and advisory work spanning all aspects of EEA law including internal market, competition and state aid law, while also contributing to policy formulation and communication functions.

Within ESA, LEA is responsible for providing legal advice and support with regards to policy formulation, co-ordination and communication. The department's lawyers in particular review all decisions of ESA and conduct litigation before the EFTA Court and the EU courts (Court of Justice of the EU and General Court of the EU).

The successful candidate will be fully involved in the legal review and litigation roles common to all the lawyers in the department, working in close cooperation with case-handlers in other departments of ESA and with Members of the College.

For this post, we are looking for an experienced advocate who combines solid litigation experience gained at least in part in front of the EFTA Court and/or the EU courts with broad specialist expertise in substantive, institutional and procedural EEA and EU law. Experience of the policy formulation process as well as the institutional workings of EFTA and/or EU institutions would be an advantage, as would be a track record of engaging with complex legal issues through speeches and publications.

The position presents a unique opportunity to run a broad range of challenging cases at the European level. It should appeal in particular to eloquent, dynamic and self-motivated advocates who enjoy analysing legal problems and embrace the responsibility of conducting litigation while at the same time being interested in policy formulation and implementation at both national and European level.

STARFSMAÐUR Í MÖTUNEYTI

# Ertu nærandi?

Við leitum að jákvæðum einstaklingi í mötuneyti okkar að Stuðlahálsi sem hefur ánægju af því að gefa svöngu fólki hollan og góðan mat að borða.

Viðkomandi þarf að geta leyst matreiðslumann af, meðal annars í sumarfríum, og því leitum við að einstaklingi sem er menntaður matráður eða hefur reynslu af eldamennsku fyrir stóran hóp.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Aðstoð við undirbúning hádegisverðar og kaffitíma
- Áfyllingar og afgreiðsla
- Uppvask og frágangur

**Í fjarveru matreiðslumanns**

- Matreiðsla á hádegisverði
- Yfirumsjón með morgun- og síðdegiskaffi
- Umsjón með mat- og veislufföngum fyrir fundi og uppákomur

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af sambærilegu eða tilheyrandi menntun
- Áhugi á heilsueflandi matargerð
- Snyrtimennska áskilin
- Góð framkoma og lipurð í samskiptum

Starfshlutfall er 75%. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. mars nk.** Umsóknir óskast fylltar út á **vinbudin.is**

**Nánari upplýsingar veitir:** Guðrún Símonardóttir – starf@vinbudin.is, 560 7700

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land og er með skrifstofur og dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi 2. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Við óskum einnig eftir fólki í sumarafleysingar við afgreiðslu í Vínbúðir um allt land. Nánari upplýsingar á vinbudin.is

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2017

VÍNBÚÐIN

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Læknar, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201803/498 |
| Læknar, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201803/497 |
| Sérnámsst. í heilsugæsluhjúkrun | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201803/496 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201803/495 |
| Ræstingar, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201803/494 |
| Hjúkrunarfræðingar, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201803/493 |
| Starfsm. í aðhlynningu, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201803/492 |
| Sjúkraliðar, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201803/491 |
| Hjúkrunarnemar, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201803/490 |
| Starfsmenn í eldhús, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201803/489 |
| Starfsmenn í ræstingu, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201803/488 |
| Móttökuritarar, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201803/487 |
| Hjúkrunarfræðingar, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201803/486 |
| Sjúkraliðar, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201803/485 |
| Starfsm. Í aðhlynningu, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201803/484 |
| Hjúkrunarnemar, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201803/483 |
| Starfsmenn í eldhús, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201803/482 |
| Hjúkrunarfræðingar, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Blönduós | 201803/481 |
| Starfsm. í aðhlynningu, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Blönduós | 201803/480 |
| Sjúkraliðar, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Blönduós | 201803/479 |
| Félagsliðar, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201803/478 |
| Heimahjúkrun, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201803/477 |
| Sjúkraþjálfari, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201803/476 |

HEILSUGÆSLAN | Háskólinn á Akureyri | HSN | HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS | HSA HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS



## Sérnámsstöður í heilsugæsluhjúkrun

Lausar eru til umsóknar tíu sérnámsstöður hjúkrunarfræðinga í heilsugæsluhjúkrun. Stöðurnar eru sex við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH), tvær við Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN), ein við Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) og ein við Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA). Hver sérnámsstaða er 80% og veitist frá 1. ágúst 2018 til eins árs.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. mars 2018**

Sérnám í heilsugæsluhjúkrun er í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Námið samanstendur af fræðilegu námi við Háskólann á Akureyri og klínískri þjálfun á heilsugæslustöð hjá HH, HSN, HSU eða HSA undir handleiðslu lærimeistara. Námið er skipulagt til eins árs og lýkur með diplóma gráðu.

### Markmið sérnáms

- Efla hæfni hjúkrunarfræðinga, meðal annars í þverfaglegu samstarfi á heilsugæslustöð
- Móta viðhorf og sýn til þjónustu heilsugæslunnar í komandi framtíð
- Veita nemendum tækifæri til að rýna í og innleiða gagnreynda starfshætti í daglegu starfi undir handleiðslu lærimeistara á heilsugæslustöð

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Almennt hjúkrunarleyfi, BS gráða (lágmarkseinkunn 7)
- Viðkomandi sé starfandi á heilsugæslustöð
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði

### Nánari upplýsingar veita

- Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Þróunarsviði HH, s. 513-5044 eða roe@hg.is
- Guðný Friðriksdóttir, framkvæmdarstjóri hjúkrunar HSN, s. 860-7750 eða gudnyf@hsn.is
- Unnur Þormóðsdóttir, hjúkrunarstjóri HSU, s. 432-2160 eða unnur.thormodsdottir@hsu.is
- Nína H. Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar HSA, s. 470-3054 eða ninahronn@hsa.is

**Nánari upplýsingar á www.starfatorg.is**

*Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun*

## Hársnyrtir óskast.

**Vegna aukinna verkefna á ört stækkandi miðbæ vantar okkur hársnyrti í stólaleigu á Rakarastofu Garðabæjar.**

**Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 861-1286 eða á sensei@isl.is.**

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

## Þrjár stöður sérfræðinga á sviði uppsjávarlífríkis

Breytingar á hafstraumum og sjávarhita við Ísland á undanförnum áratugum hafa haft áhrif á göngur og útbreiðslu margra fiskistofna. Þessi áhrif eru sérstaklega áberandi hjá uppsjávarfiskum og hefur m.a. haft veruleg áhrif á göngumynstur og útbreiðslu loðnu. Hafrannsóknastofnun auglýsir því eftir sérfræðingum í neðangreindar stöður. Um er að ræða fullt starf í öllum tilvikum með starfsstöð í Reykjavík og heyra stöðurnar undir sviðsstjóra uppsjávarlífríkis. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og viðeigandi stéttarfélags.

### Sérfræðingur í uppsjávarfiskum

Starfið felst m.a. í gerð rannsóknaáætlana, umsjón með rannsóknum, skipulagningu og þátttöku í rannsóknaleiðöngrum, úrvinnslu gagna og skrifum um niðurstöður. Unnið er að mestu í teymisvinnu en viðkomandi þarf einnig að geta unnið sjálfstætt við úrvinnslu og greiningu gagna sem og greinaskrif.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

Umsækjandi skal hafa meistara eða doktorspróf í fiskifræði, líffræði eða skyldum greinum. Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu og reynslu í notkun bergmálsmæla og úrvinnslu bergmálsgagna sem nýtist við magnbundið mat á stofnstærð fiskistofna (fisheries acoustics). Þá þarf umsækjandi að hafa hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu og færni í mannlegum samskiptum. Í umsókn skulu vera upplýsingar um menntun (afrit af prófskírteinum) og fyrri störf, ásamt nöfnum tveggja meðmælenda sem leita má til varðandi frekari upplýsingar.

### Sérfræðingur í bergmálstækni

Starfið felst í þátttöku og úrvinnslu gagna í leiðöngrum sem og umsjón með viðhaldi og kvörðun bergmálsmæla sem notaðir eru til rannsókna á lífríki sjávar. Einnig skal starfsmaðurinn annast úrvinnslu gagna í landi, samantektir á niðurstöðum og skrifum. Í starfinu felst jafnframt að fylgjast vel með þróun í mælitækni og hugbúnaði og annast umsjón með nauðsynlegu viðhaldi mælitækja.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
Háskólamenntun sem nýtist í starfi, Þá þarf umsækjandi að hafa hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu og færni í mannlegum samskiptum. Reynsla í notkun bergmálsmæla er mikill kostur. Í umsókn skulu vera upplýsingar um menntun (afrit af prófskírteinum) og fyrri störf, ásamt nöfnum tveggja meðmælenda sem leita má til varðandi frekari upplýsingar.

### Sérfræðingur í líkanagerð

Starfið felst meðal annars í gerð líkanna sem lýsa göngum og dreifingu uppsjávarfiskistofna, tengslum afræningja sem og áhrifum annarra umhverfis- og vistfræðiþátta á fiskistofna. Viðkomandi þarf einnig að taka þátt í teymisvinnu í rannsóknaleiðöngrum þar sem söfnun gagna fer fram.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
Umsækjandi skal hafa doktorspróf í fiskifræði, stærðfræði, líkanagerð, tölfræði, líffræði eða skyldum greinum. Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi mikla þekkingu á tölvuvinnslu og líkanagerð. Æskilegt er að umsækjandi hafi einhverja þekkingu á uppsjávarfiskum. Þá þarf umsækjandi að hafa hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu og vera góður í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til og með 26. mars n.k. Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og nöfnum tveggja meðmælenda skulu sendar á póstfangið umsokn@hafogvatn.is eða skilað á skrifstofu Hafrannsóknastofnunar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík. Konur, jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Helgadóttir, mannauðsstjóri (kristin.helgadottir@hafogvatn.is) og Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri uppsjávarlífríkis (thorsteinn.sigurdsson@hafogvatn.is)

Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafs og vatna. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur auk aðalstöðva í Reykjavík starfsstöðvar vítt og breytt um landið, tilraunaeldisstöð, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 190 starfsmenn í þjónustu sinni.

# SUMARSTÖRF HJÁ GARÐABÆ

## GARÐABÆR AUGLÝSIR LAUS TIL UMSÓKNAR EFTIRFARANDI SUMARSTÖRF ÁRIÐ 2018 FYRIR UNGT FÓLK

### GARÐYRKJUDEILD

**ALMENN GARÐYRKJUSTÖRF**
Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2000 eða fyrr.

**FLOKKSTJÓRAR VIÐ GARÐYRKJU**
Umsjón með garðyrkjuhópum.
Umsækjendur skulu vera fæddir árið 1997 eða fyrr.

**STÖRF Í SLÆTTI**
Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2000 eða fyrr.

**FLOKKSTJÓRI VIÐ SLÁTT**
Umsjón með sláttuhóp og tækjabúnaði.
Umsækjendur skulu vera fæddir árið 1997 eða fyrr.

### BÆJARSKRIFSTOFUR

**STARF VIÐ LAUNAVINNSLU**
Almenn launavinnsla, skönnun og frágangur gagna.
Umsækjendur skulu vera fæddir árið 1996 eða fyrr.

**AÐSTOÐ Á TÆKNIDEILD**
Skönnun og flokkun teikninga, gagnaskráning o.fl.
Umsækjendur skulu vera fæddir árið 1998 eða fyrr.

**STARF VIÐ SKRÁNINGU MYNDA**
Skrá myndefni í FotoWare o.fl. Gæti hentað t.d. nemum í sagnfræði, upplýsingafræði, íslensku eða ljósmyndun.

**AÐSTOÐ Á TÖLVUDEILD**
Símsvörun, skráning og úrvinnsla verkbeiðna, uppsetning tölvubúnaðar o.fl. Umsækjendur skulu hafa menntun og /eða reynslu á sviði tölvureksturs.

**AÐSTOÐ Í ÞJÓNUSTUVERI**
Móttaka viðskiptavina, gagnaskráning og almenn skrifstofustörf. Umsækjendur skulu vera fæddir árið 1997 eða fyrr.

### VINNUSKÓLINN

**YFIRFLOKKSTJÓRAR**
Skipulagning og stýring vinnuskóla í samvinnu við forstöðumann. Umsækjendur skulu vera fæddir árið 1993 eða fyrr.

**FLOKKSTJÓRAR**
Skipulagning og stýring á vinnuhópum unglinga við ýmis garðyrkjustörf. Umsækjendur skulu vera fæddir árið 1998 eða fyrr.

### FJÖLBREYTT SUMARSTÖRF

Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2001 eða fyrr. Hægt er að sækja um í umhverfishópum, fjölbreytt störf á stofnunum, störf í leikskólum, skapandi sumarstörf, atvinnutengd frístundarúrræði fyrir fötluð ungmenni, sem stuðningur við fatlað fólk og á sumarnámskeiðum íþrótta- og tómstundafélaga.

**VERKEFNASTJÓRI, AÐSTOÐARMAÐUR VERKEFNASTJÓRA OG FLOKKSTJÓRAR**

**Stuðningur við fatlað fólk**
Verkefnastjóri skal helst vera með þroskaþjálfamenntun og reynslu af störfum með fötluðu fólki. Aðstoðarmaður verkefnastjóra skal helst vera með þroskaþjálfamenntun og reynslu af störfum með fötluðu fólki.

**Skapandi sumarstörf**
Starf aðstoðarmanns verkefnastjóra felst í skipulagningu og stýringu á vinnu ungmenna í skapandi sumarstarfi í samvinnu við verkefnastjóra.
Umsækjendur skulu vera fæddir árið 1998 eða fyrr.

**Flokkstjórar í leikskólum**
Störfin felast í skipulagningu og stýringu í samvinnu við leikskólastjóra á vinnu ungmenna á aldrinum 17 – 20 ára sem eru við sumarstörf í leikskólum.
Umsækjendur skulu vera fæddir árið 1998 eða fyrr.

**Flokkstjórar umhverfishópa**
Störfin felast í að stýra hópum ungmenna við almenn garðyrkjustörf.
Umsækjendur skulu vera fæddir árið 1997 eða fyrr.

**BÓKASAFN**
Almenn afgreiðslustörf, aðstoð við upplýsingaleit o.fl.
Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2000 eða fyrr.

**HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS**
Flokkun safngripa, gagnaskráning, móttaka gesta o.fl.
Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2000 eða fyrr.

**STÖRF Á HEIMILI FATLAÐS FÓLKS**
Aðstoða þjónustunotendur við daglegar athafnir, tómstundaiðkun og heimilishald.
Umsækjendur skulu vera fæddir árið 1998 eða fyrr.

**ÞJÓNUSTA VIÐ ELDRI BORGARA Í DAGÞJÓNUSTU ÍSAFOLDAR OG JÓNSHÚSS**
Styðja og aðstoða gesti við athafnir daglegs lífs, þátttaka í félagsstarfi o.fl.
Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2001 eða fyrr.

### ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

**ALMENNIR VERKAMENN**
Umsækjendur skulu vera fæddir árið 2000 eða fyrr.

**Nánari upplýsingar og lýsingar á störfunum má finna á heimsíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.**

**Umsóknafrestur er til og með 1. apríl 2018.**
Umsækjendur skulu sækja um ofangreind störf rafrænt á ráðningarvef Garðabæjar https://starf.gardabaer.is.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS


Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!



HAGVANGUR

www.hagvangur.is

HEILSUGÆSLAN



## Sjúkraliði - hjúkrunarfræðingur - teymisstjóri

## Heimahjúkrun Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laus til umsóknar störf sjúkraliða, hjúkrunarfræðings og teymisstjóra hjá Heimahjúkrun.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. mars.**

Heimahjúkrun Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sér um heimahjúkrun fyrir Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð. Unnið er í þverfaglegum teymum sem hafa það að markmiði að gera sjúkum og/eða öldruðum kleift að dveljast heima. Teymin eru í miklu samstarfi við starfsfólk heilsugæslustöðva og sjúkrastofnana, aðila sem koma að málefnum aldraðra og fatlaðra í þessum þremur bæjarfélögum, ættingja og fleiri aðila.

### Hjúkrunarfræðingur - teymisstjóri

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins leitar eftir hjúkrunarfræðingi í starf teymisstjóra í heimahjúkrun í 100% dagvinnustarf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem frá og með 1. ágúst nk.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

Teymisstjóri í heimahjúkrun ber ábyrgð á hjúkrun ákveðins hóps skjólstæðinga. Starfssvið hans er stýring teymis sem veitir víðtæka hjúkrun í heimahúsum vegna langvinnra sjúkdóma, andlegrar og líkamlegrar skerðingar.

Teymisstjóri styður við einstaklinga og aðstandendur þeirra sem og samstarfsfólk. Hann skipuleggur og sér um verkstjórn og framkvæmd þeirrar hjúkrunar sem þörf er á hverju sinni. Einnig tryggir hann góð samskipti og samvinnu við aðrar sjúkrastofnanir og heilbrigðisstéttir með hagsmuni skjólstæðings að leiðarljósi.

#### Hæfniskröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Fjölbreyttri reynsla af hjúkrun
- Góð samskipta- og skipulagshæfni
- Faglegur metnaður og áhugi á teymisvinnu
- Gilt ökuleyfi
- Hreint sakavottorð
- Góð íslensku og enskukunnátta

#### Upplýsingar veitir

Sigrún K. Barkardóttir - 514-5900
sigrun.kristin.barkardottir@heilsugaeslan.is

Sjá nánar **www.starfatorg.is** og **www.heilsugaeslan.is**

### Sjúkraliði

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins óskar eftir að ráða sjúkraliða í heimahjúkrun í 80% ótímabundið starf á dag-, kvöld- og helgarvöktum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

Starfssvið í heimahjúkrun er að veita víðtæka hjúkrun í heimahúsum. Starfið er mjög fjölbreytt og gefandi. Sjúkraliði vinnur náið í teymi ásamt teymisstjóra, hjúkrunarfræðingi og öðrum sjúkraliðum. Teymisstjóri fer fyrir teyminu. Sjúkraliði mun hafa bifreið til afnota á vinnutíma.

#### Hæfniskröfur

- Íslenskt sjúkraliðaleyfi
- Reynsla af heimahjúkrun æskileg
- Mikil samskiptahæfni
- Faglegur metnaður og áhugi á að vinna við heimahjúkrun
- Sjálfstæði í starfi
- Gilt ökuleyfi
- Hreint sakavottorð
- Góð íslensku og enskukunnátta

#### Upplýsingar veitir

Sigrún K. Barkardóttir - 514-5900
sigrun.kristin.barkardottir@heilsugaeslan.is

Sjá nánar **www.starfatorg.is** og **www.heilsugaeslan.is**

### Hjúkrunarfræðingur

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins leitar eftir hjúkrunarfræðingi til starfa í heimahjúkrun í 80-100% starf eða eftir nánara samkomulagi, á dag-, kvöld- og helgarvöktum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

Hjúkrunarfræðingur vinnur náið með teymisstjóra. Starfssvið hjúkrunarfræðings í heimahjúkrun er að veita víðtæka hjúkrun í heimahúsum vegna langvinnra sjúkdóma, andlegrar og líkamlegrar skerðingar. Hjúkrunarfræðingur styður við einstaklinga og aðstandendur þeirra sem og samstarfsfólk. Hann skipuleggur og veitir þá hjúkrun sem þörf er á hverju sinni. Hann er í samskiptum og samvinnu við aðrar sjúkrastofnanir og heilbrigðisstéttir með hagsmuni skjólstæðings að leiðarljósi.

#### Hæfniskröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Fjölbreyttri reynsla af hjúkrun
- Góð samskipta- og skipulagshæfni
- Gilt ökuleyfi
- Hreint sakavottorð
- Góð íslensku og enskukunnátta

#### Upplýsingar veitir

Sigrún K. Barkardóttir - 514-5900
sigrun.kristin.barkardottir@heilsugaeslan.is

Sjá nánar **www.starfatorg.is** og **www.heilsugaeslan.is**

**Ábyrgð - Fagmennska - Traust - Þjónusta - Framþróun**

## Icelandic Times

**Laus staða í sölu-og markaðsdeild Icelandic Times og Lands & Sögu.**

**Hæfniskröfur**

- Góðir sölu- og samskiptahæfileikar
- Almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

**Icelandic Times, Land og Saga media** er gefið út á Fimm tungumálum; íslensku, ensku, frönsku, þýsku og kínversku. Það er að auki boðið upp á margvíslega þjónustu svo sem myndbandagerð, vefumfjallanir og vefsíður eru á fimm tungumálum. Fyrirtækið gefur út vönduð tímarit sem miða að því að upplýsa væntanlega ferðamenn og ennig þá er komnir eru til landsins um allt sem viðkemur ferðamennsku, menningu og viðskipti á Íslandi.

**Hlutverk sölumanns er að sinna helstu viðskiptavinum fyrirtækisins með tilliti til þarfa og lausna í kynningarmálum þess. Sölumaður ber ábyrgð á samskiptum við núverandi viðskiptavini ásamt þróun nýrra viðskiptasambanda. Viðkomandi þarf að vera söludrifinn, hugmyndaríkur og óhræddur við að afla nýrra viðskipta. Laun eru árangurstengd og geta því verið mjög góð fyrir réttan aðila.**

Áhugasamir sendið umsókn með ferilskrá á
**info@icelandictimes.com**

ICELANDIC TIMES LAND&SAGA
Síðumúli 1 • 108 Rvk • www.icelandictimes.com

## Starfsfólk óskast á Sæborg




Hjúkrunarheimilið Sæborg á Skagaströnd auglýsir eftir sjúkraliðum og starfsfólki við umönnun til starfa sem fyrst. Á Sæborg búa að jafnaði níu aldraðir einstaklingar.

**Helstu verkefni:**

- Veita íbúum stuðning og umönnun við athafnir daglegs lífs.

**Hæfniskröfur:**

- Þjónustulund, sveigjanleiki og jákvætt viðmót.
- Samskipta- og samstarfshæfni.
- Framtakssemi og samviskusemi.
- Að tala og skrifa íslensku
- Hreint sakavottorð.

**Í boði er:**

- Gefandi og lærdómsríkt starf.
- Aðstoð við að finna hentugt húsnæði
- Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.
- Vaktafyrirkomulag og starfshlutfall samkvæmt samkomulagi

**Umsókn:**

- Upplýsingar um starfið gefur hjúkrunarforstjóri, Jökulrós Grímsdóttir eða staðgengill, í síma 452 2810 / póstfang saeborg@simnet.is
- Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.

*Í Sveitarfélaginu Skagaströnd búa tæplega 500 manns. Þar er auðugt mannlíf, góður grunnskóli og leikskóli Hjallastefnunnar. Sjá nánar: www.skagastrond.is*



# LANDMARK
FASTEIGNAMIÐLUN

**LANDMARK fasteignamiðlun óskar eftir löggiltum fasteignasala til starfa við skjalavinnslu og samningsgerð en lögmaður með löggildingu til sölu fasteigna er mikill kostur.**

LANDMARK fasteignamiðlun var stofnuð árið 2010 en þar starfar reynslumikið starfsfólk sem býr að viðamikilli þekkingu á markaði. Við samruna LANDMARKS og SMÁRANS árið 2017 varð ein öflugasta fasteignamiðlun landsins. Á LANDMARK fasteignamiðlun er öflug liðsheild og góður starfsandi þar sem áhersla er lögð á framúrskarandi þjónustu við viðskiptavini og fagleg vinnubrögð.

**Starfssvið**
- Ábyrgð á skjalavinnslu, kaupsamningsgerð og uppgjöri
- Samskipti við starfsfólk og viðskiptavini

**Menntun og hæfniskröfur**
- Löggilding til sölu fasteigna
- Önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi er mikill kostur
- Reynslu af sölu fasteigna og kaupsamningsgerð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Góðir skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Hreint sakavottorð

**Umsóknir óskast sendar á thorey@landmark.is en umsóknarfrestur er til og með 10. mars. Umsóknir og fyrirspurnir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim öllum svarað.**

Hlíðasmára 2 | 201 Kópavogur | Sími 512 4900 | www.landmark.is



## Laus er staða skólastjóra Nesskóla í Fjarðabyggð

Leitað er að kraftmiklum og lausnamiðuðum leiðtoga sem er tilbúinn að leiða þróttmikið skólastarf og taka þátt í eflingu skólasamfélagsins í Fjarðabyggð. Nesskóli er 220 nemenda skóli í Neskaupstað með skólaútibú í Mjóafirði. Skólinn er skipaður góðu fagfólki og staðsettur í nýlegu húsnæði þar sem einnig eru tónlistarskóli og bókasafn bæjarins. Leikskólinn Eyrarvellir er í næsta nágrenni við skólann. Í skólanum ríkir góður starfandi og mikið og gott samstarf er á milli stofnana.

Sjá má nánar um menntunar- og hæfniskröfur á heimasíðu Fjarðabyggðar www.fjardabyggd.is og á ráðningarvefnum starf.fjardabyggd.is.
Nánari upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðu hans; www.nesskoli.is.

Allar frekari upplýsingar veitir Þóroddur Helgason, fræðslustjóri, í síma 860 8331 eða á netfanginu thoroddur.helgason@fjardabyggd.is.

**Umsóknir og umsóknarfrestur**
Staðan er laus frá 1. ágúst 2018. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Skólastjórafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**Umsóknarfrestur er til 18. mars.**
**Sótt er um starfið rafrænt á ráðningarvef Fjarðabyggðar: starf.fjardabyggd.is.**

Umsóknum skal fylgja greinargott yfirlit yfir nám og störf, leyfisbréf til kennslu, upplýsingar um frumkvæði á sviði fræðslumála, ábendingar um meðmælendur sem og almennar upplýsingar um viðkomandi.

*Veruleg uppbygging á sér stað í Fjarðabyggð, bæði í atvinnulífi og þjónustu. Íbúar sveitarfélagsins eru um 4.800 talsins í sex byggðarkjörnum, sem eru Mjóifjörður, Neskaupstaður í Norðfirði, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður.*

FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is

Jafnlaunaúttekt PwC

**BRUNNAR** NIÐURFÖLL
KJARNABORA **ÚTIVERA**
SKURÐIR **STEYPA**
**LAGNIR** TENGINGAR
EFTIRLIT **SUÐUVINNA**
SLÍPA **STEINSÖGUN**
ÞJAPPA **RIST** GRÖFTUR
**SANDGILDRA** MÚFFA
LEKAVIÐGERÐIR
**ÁSTANDSSKOÐUN**
NÝLAGNIR **KRANI**
SETTJÖRN **BRUNNLOK**
**JÁRNKALL** SKÓFLUR
KRANI **FLANGSAR**
**BOLTAR** DÆLINGAR
**STOFNLÖGN** RÖR
BRUNNJÁRN

## Iðnaðarmaður

**Leitum að jákvæðum og úrræðgóðum iðnaðarmanni** í hóp fagfólks fráveitu til að sinna m.a. ástandsgreiningu og bilanaleit.

## Ófaglærður starfskraftur

**Leitum að handlögnum starfskrafti** í teymi iðnaðarmanna fráveitu.

Við bjóðum fjölbreytt og krefjandi verkefni og fjölskylduvænan vinnutíma milli kl. 8.20 og 16.15

**Nánari upplýsingar á veitur.is**

**Kynntu þér vinnustaðinn Veitur á veitur.is og á Facebook**

VEITUR



# Tollafulltrúi og farmskrárfulltrúi hjá Jónum Transport

## Viltu vera hluti af Jóna fjölskyldunni?

Jónar Transport leita að áhugasömum, jákvæðum og metnaðarfullum starfsmönnum til framtíðar.

### Farmskrárfulltrúi

**Helstu verkefni**

- Móttaka og skráning sendinga í flutningakerfi fyrirtækisins
- Tekju- og kostnaðareftirlit vegna flutnings og þjónustu
- Frágangur farmbréfa og annarra pappíra
- Samskipti við innri og ytri viðskiptavini, farmflytjendur, tollembætti og samstarfsaðila

**Hæfniskröfur og reynsla**

- Stúdentspróf og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af flutningastarfsemi
- Gott vald á ensku og íslensku í ræðu og riti

### Tollafulltrúi

**Helstu verkefni**

- Ábyrgð á móttöku og frágangi á farmbréfum
- Tollskjalagerð og frágangur á vörureikningum
- Innheimta flutningsgjalda
- Samskipti við tollayfirvöld
- Þjónusta og aðstoð við viðskiptavini
- Umsjón með heimakstri

**Hæfniskröfur og reynsla**

- Stúdentspróf og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af tollafgreiðslu og þekking á tollalögum er kostur
- Gott vald á ensku og íslensku í ræðu og riti

Bæði störf krefjast góðrar almennrar tölvukunnáttu, heiðarleika og hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsækjendur eru beðnir um að skila inn ferilskrá ásamt greinargóðu kynningarbréfi á netfangið jobs@jonar.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. mars nk.**

Nánari upplýsingar veitir Kristján Pálsson, framkvæmdastjóri, kristjan@jonar.is

**Jónar Transport er leiðandi flutnings- og tollmiðlari á íslenska flutningamarkaðinum. Jónar hafa á að skipa reynslumiklu starfsfólki með ríka þjónustulund og frumkvæði í starfi.**

**Gildi Jóna eru: Áreiðanleiki – Frumkvæði – Þekking – Léttleiki. Við bjóðum upp á fjölbreytt starf í krefjandi umhverfi. Starfsemi Jóna samanstendur af traustum og stórum viðskiptavinahópi, öflugum samstarfsaðilum á Íslandi og erlendis og framúrskarandi þjónustulund starfsmanna með mikla samskiptahæfni.**

Jónar Transport

# Lestunarmaður í Reykjavík

Óskum eftir að ráða lestunarmann með meirapróf og lyftararéttindi með aðsetur í Reykjavík.

Nánari upplýsingar í síma 893-5444 hjá Birni Jónssyni rekstrarstjóra.

FÓÐURBLANDAN ...gæði í hverri gjöf!

# Komdu og vertu með í Fóðurblönduhópnum!

Vegna aukinna umsvifa vantar okkur viðbót í frábæran hóp framleiðslustarfsmanna.
Starfið felst m.a. í framleiðslu á húsdýra og fiskafóðri.
Viðkomandi þarf að vera þjónustulundaður og góður í samskiptum, tölvuvinnu, vinnu skv. gæðakerfum og hafa góðan skilning á vélbúnaði í framleiðslu.
Framleiðslan fer fram í iðntölvustýrðu umhverfi og er því tölvulæsi mikilvægt. Framleitt er á vöktum 5 daga vikunnar.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Daði Hafþórsson Frkv.stj. framleiðslusviðs, dadi@fodur.is

Fóðurblandan hf. | Korngarðar 12

# Starfsmaður í verslun

**Við leitum að öflugum og þjónustulunduðum einstaklingi til starfa í verslunum okkar á höfuðborgarsvæðinu. Rétt manneskja fær tækifæri til að vaxa í starfi og taka virkan þátt í uppbyggingu og rekstri fyrirtækisins. Vinnutími er frá kl 08.00 til 17.30.**
**Um framtíðarstarf er að ræða.**

**Starfssvið**

- Þjónusta viðskiptavini í verslun.
- Ábyrgð á móttöku sendinga.
- Ábyrgð með útstillingum og útliti verslana.

**Hæfniskröfur**

- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Þekking og áhugi á bílum er kostur.
- Reynsla af afgreiðslu á varahlutum eða reynsla í bifvélavirkjun kostur.
- Æskilegt að viðkomandi hafi bílpróf.
- Hreint sakavottorð

**Umsóknir sendist á atvinna@stilling.is**
**Umsóknarfrestur er til 8. mars.**

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

ráðum ráðningarstofa

# Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.



## Verkstæðisformaður Umhverfismiðstöðvar Akureyrar

Umhverfismiðstöð Akureyrar óska eftir að ráða drífandi einstakling í fjölbreytt starf verkstæðisformanns á vélaverkstæði Umhverfismiðstöðvarinnar.

Umhverfismiðstöð sér um rekstur strætisvagna, ferlibíla og gatna- og garðyrkjumál. Verkstæðið er til húsa við Rangárvelli og þar eru almennar viðgerðir á bifreiðum, vélum og tækjum ásamt fjölda annarra verkefna.

**Helstu verkefni eru:**
- Verkstjórn á verkstæði
- Viðhald á bifreiðum, vélum og tækjum sem eru í eigu Umhverfimiðstöðvar
- Viðhald malbikunarstöðvar
- Ábyrgð á innkaupum og rekstri verkstæðisins
- Tilfallandi verkefni fyrir Umhverfismiðstöð

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Meistararéttindi í bifvélavirkjun, vélsmíði eða vélvirkjun.
- Meirapróf og rúturéttindi
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði vinnubrögðum og frumkvæði í starfi
- Gerð er krafa um vammleysi umsækjanda

**Umsóknarfrestur er til og með 16. mars 2018**

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.**

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

# Spennandi störf í boði hjá traustu fyrirtæki

## Söluráðgjafi á landbúnaðarsviði

Lífland óskar eftir öflugum söluráðgjafa til starfa á landbúnaðarsviði fyrirtækisins. Um er að ræða skemmtilegt og fjölbreytt starf sem felur m.a. í sér sölu á fóðri og öðrum landbúnaðarvörum til bænda.

**Starfssvið:**
- *Ráðgjöf og sala til viðskiptavina*
- *Undirbúningur söluferða*
- *Heimsóknir til viðskiptavina*
- *Áætlanagerð*
- *Eftirfylgni*
- *Önnur tilfallandi verkefni*

**Hæfniskröfur:**
- *Menntun sem nýtist í starfi, búfræðimenntun er kostur*
- *Þekking á íslenskum landbúnaði er kostur*
- *Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum*
- *Góðir söluhæfileikar og eldmóður*
- *Öguð og vönduð vinnubrögð*
- *Góð almenn tölvuþekking og þekking á Navision er kostur*

## Starf í fóðurverksmiðju Líflands

Lífland leitar að öflugum og handlögnum manni til að sinna ýmsum verkefnum í fóðurverksmiðju Líflands á Grundartanga. Um er að ræða dagvinnustarf og tilfallandi afleysingar á vöktum.

**Starfssvið:**
- *Umsjón með hráefnalager*
- *Sekkjun í smásekki og stórsekki*
- *Þrif á verksmiðju*
- *Ýmis tilfallandi verkefni*

**Hæfniskröfur:**
- *Vinnuvélaréttindi æskileg*
- *Tölvukunnátta æskileg*

## Verktaki í tækjadeild - Norðurland

Vegna aukinnar sölu leitar Lífland að verktaka (rafvirkja og/eða vélstjóra) fyrir tækjadeild fyrirtækisins með starfsstöð á Norðurlandi.

**Starfssvið:**
- *Viðhald, eftirlit og viðgerðir á búnaði sem Lífland selur*
- *Framkvæmd þjónustuskoðana á GEA mjaltaþjónum*
- *Vinna við uppsetningar á búnaði*
- *Ýmis önnur tilfallandi verkefni*

**Hæfniskröfur:**
- *Sveinspróf eða sambærileg menntun*
- *Sjálfstæði í vinnubrögðum*
- *Góð tölvukunnátta*
- *Þekking á PLC-stýringum er kostur*
- *Þekking á kælikerfum er kostur*

## Meiraprófsbílstjóri

Lífland óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra með C og CE réttindi í fullt starf.

## Sumarstörf hjá Líflandi

Lífland leitar að starfsmönnum í sumarafleysingar. Um er að ræða meiraprófsbílstjóra (með C og CE réttindi), afleysingar í fóðurverksmiðju á Grundartanga og í verslanir Líflands á höfuðborgarsvæðinu.

**Umsóknarfrestur starfanna er til og með 11. mars nk.**
Nánari upplýsingar um störfin veitir Rannveig Hrólfsdóttir í síma 540-1119 eða rannveig@lifland.is.

**Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda umsókn og ferilskrá á atvinna@lifland.is.**
Vinsamlegast takið fram hvaða starf sótt er um.
Við hvetjum bæði konur og karla að sækja um störf hjá Líflandi.

LÍFLAND Stofnað 1917

Sala og ráðgjöf Sími 540 1100 | www.lifland.is lifland@lifland.is | Reykjavík Lyngháls | Akureyri Óseyri | Borgarnes Borgarbraut | Blönduós Efstubraut | Hvolsvöllur Ormsvöllur

## Skrifstofustjóri

**Laust er til umsóknar 100% starf skrifstofustjóra hjá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.**

**Helstu verkefni**
- Stýrir daglegum rekstri Miðstöðvarinnar í umboði forstjóra
- Gerir rekstraráætlanir, tekur þátt í mótun stefnu og markmiða Miðstöðvarinnar
- Ber ábyrgð á innkaupum fyrir rekstur svo og á hjálpartækjum.
- Ber ábyrgð á bókun reikninga og eignaskráningu.
- Hefur umsjón með tölvubúnaði og tölvukerfum.
- Umsjón með beiðnum og greiðslum dagpeninga og uppgjörum vegna ferða.
- Samskipti við Fjársýslu ríkisins varðandi mannauðsmál og launauppgjör.

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun á háskólastigi er æskileg.
- Reynsla af rekstri, stjórnun, innkaupum svo og teymisvinnu er mikilvæg.
- Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu er heppileg.
- Metnaður og vilji til að ná árangri.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Skapandi, gagnrýnin og sjálfstæð hugsun.

**Frekari upplýsingar um starfið:**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og kynningarbréf þar sem fram kemur

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Staða leikskólastjóra við leikskólann Steinahlíð

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Steinahlíð lausa til umsóknar.**

Steinahlíð er þriggja deilda leikskóli við Suðurlandsbraut í Reykjavík, stofnaður árið 1949 og er því einn af elstu leikskólum borgarinnar. Einkunnarorð leikskólans eru virðing, vellíðan og sköpun og áhersla er lögð á frjálsræði barna og samvinnu. Útivera og umhverfismennt skipa stóran sess í starfi Steinahlíðar. Leikskólinn hefur yfir að ráða stóru og fallegu landsvæði sem býður upp á marga möguleika til náms og leikja þar sem börnin fá tækifæri til að kynnast og fylgjast með fjölbreyttu dýra- og plöntulífi. Skoðunar- og rannsóknarleiðangrar skipa stóran sess í starfinu þar sem börnin fá að upplifa og njóta náttúrunnar og virkja öll skilningarvit sín.

**Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Steinahlíð.**

**Meginhlutverk leikskólastjóra er að:**
- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

**Ráðið verður í stöðuna frá 1. júní 2018. Umsóknarfrestur er til og með 19. mars 2018.**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.
Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

VAKA

# Vaka leitar að öflugum liðsmönnum

### Bílstjóri á dráttarbifreið

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Meirapróf
- Stundvísi og snyrtimennska
- Öguð vinnubrögð
- Góð mannleg samskipti
- Þjónustulund
- Vinnuvélaréttindi og/eða kranaréttindi kostur

### Sölumaður í varahlutaverslun

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Yfirgripsmikil þekking á bifreiðum
- Góð almenna tölvukunnátta
- Stundvísi og snyrtimennska
- Þjónustulund og gott viðmót
- Góð mannleg samskipti
- Vinnuvélaréttindi kostur

### Afgreiðsla í móttöku

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Góð almenn tölvukunnátta
- Stundvísi og snyrtimennska
- Þjónustulund og gott viðmót
- Góð mannleg samskipti

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Áhugasamir sendi inn umsókn á **starf@vakahf.is**

Vaka hf. er eitt elsta fyrirtækið í bílabransanum á Íslandi og er með fjölbreytta þjónustu við bíleigendur. Í dag starfar fyrirtækið á hinum ýmsu sviðum s.s. bíla- og tækjaflutningar, dekkjaverkstæði, varahlutasala, dekkjahótel og móttaka förgunarbifreiða.

Skútuvogi 8 | 104 Reykjavík | Sími: 567 6700 | vakahf.is

Umsóknarfrestur
**13. mars 2018**

# MATRÁÐUR
## LÍTILL LEIKSKÓLI

Lítinn einkarekinn leikskóla í Kópavogi vantar matráð frá 9:30 - 13:30

***Jákvæðni, snyrtimennska og ísl.kunnátta skilyrði.***

**Uppl. UNDRALAND s. 554-0880, 9-16**

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Stjórnandi vísindadeildar | Landspítali | Reykjavík | 201803/475 |
| Félagsráðgjafi | Landspítali, barna- og unglingageðd. | Reykjavík | 201803/474 |
| Sérnámsst. í heilsugæsluhjúkrun | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201803/473 |
| Lögreglumenn, sumarafleysing | Lögreglustjórinn á Vestfjörðum | Ísafjörður | 201803/472 |
| Sérnámsst. í heilsugæsluhjúkrun | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201803/471 |
| Sérfræðingar á uppsjávarlífríki | Hafrannsóknarstofnun | Reykjavík | 201803/470 |
| Lögreglumaður | Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum | Vestm.eyjar | 201803/469 |
| Sérfræðingar/eftirlit | Vinnueftirlitið | Reykjavík | 201803/468 |
| Starfsmaður í mötuneyti | ÁTVR | Reykjvík | 201803/467 |
| Lektor í heimspeki | Háskóli Íslands, Sagnfr.-/heimspekid. | Reykjavík | 201803/466 |
| Iðjuþjálfi | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Höfuðborgarsv. | 201803/465 |
| Hjúkrunarfræðingur, teymisstjóri | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Kópavogur | 201803/464 |
| Hjúkrunarfræðingur, heimahjúkrun | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Kópavogur | 201803/463 |
| Sjúkraliði, heimahjúkrun | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Kópavogur | 201803/462 |
| Sviðsstjóri | Umhverfisstofnun | Rvk/Landið | 201803/461 |
| Ræstingar, hlutastarf | Þjóðminjasafn Íslands | Reykjavík | 201803/460 |
| Varðstjóri | Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | Reykjanesbær | 201803/459 |
| Rannsóknarlögreglumaður | Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | Reykjanesbær | 201803/458 |
| Rannsóknarlögreglumaður | Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | Reykjanesbær | 201803/457 |
| Rannsóknarlögreglumaður | Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | Reykjanesbær | 201803/456 |
| Sérfræðingur í geðteymi | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201803/455 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, Blóðbankinn | Reykjavík | 201803/454 |
| Sjúkraliði | Landspítali, öldrunarlækningadeild | Reykjavík | 201803/453 |
| Sjúkraliði, morgunvaktir | Landspítali, öldrunarlækningadeild | Reykjavík | 201803/452 |
| Sérfræðilæknir | Landspítali, svæfinga-/gjörgæslulækn. | Reykjavík | 201803/451 |
| Ráðgjafi í atferlisíhlutun | Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins | Kópavogur | 201803/450 |
| Rannsóknarlögreglumaður | Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra | Akureyri | 201803/449 |
| Doktorsnemi | Háskóli Íslands, Umhverfisverkfræði | Reykjavík | 201803/448 |
| Verkefnastjóri á fjármálasviði | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201803/447 |
| Aðstoðarverslunarstjóri | ÁTVR, Vínbúðin | Sauðárkrókur | 201802/446 |
| Landvörður, sumarstarf | Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | Þingvellir | 201802/445 |
| Sérfræðingur á ferskvatnslífríki | Hafrannsóknarstofnun | Reykjavík | 201802/444 |
| Skjalavörður | Landmælingar Íslands | Akranes | 201802/443 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, svæfingadeild | Reykjavík | 201802/442 |
| Svæfingahjúkrunarfræðingur | Landspítali, svæfingadeild | Reykjavík | 201802/441 |
| Skurðhjúkrunarfræðingur | Landspítali, skurðstofur | Reykjavík | 201802/440 |
| Aðstoðardeildarstjóri | Landspítali, skurðstofur | Reykjavík | 201802/439 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | Landspítali, öldrunarlækningadeild | Reykjavík | 201802/438 |
| Iðjuþjálfar | Landspítali | Reykjavík | 201802/437 |
| Sérfræðingur í heimilislækningum | Heilsugæslan á Seltjarnarnesi | Seltjarnarnes | 201802/436 |
| Móttökuritari/símavakt | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201802/435 |
| Hjúkrunarfr. á bráðamóttöku | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201802/434 |
| Aðstoðarmaður í eldhús | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201802/433 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Fjarðabyggð | 201802/431 |
| Sjúkraliði, heimahjúkrun, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Fjarðabyggð | 201802/430 |
| Sumarstörf | Landgræðsla ríkisins | Hella | 201802/429 |
| Kennari í bifreiðasmíði | Borgarholtsskóli | Reykjavík | 201802/428 |
| Sálfræðingur | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201802/427 |

## FASTEIGNASALA / FASTEIGNASALAR

Við á Fasteignalandi í Faxafeni 10 Reykjavík ætlum að bæta við okkur þremur starfsmönnum við sölu á fasteignum. Góð aðstaða, tæki og staðsetning.

**Nánari upplýsingar veitir Halldór Ingi í s: 897 4210 og halldor@fasteignaland.is**

Fasteignaland
Faxafen 10 - 108 Reykjavík - sími 599 6700 www.fasteignaland.is

# ÍSAFJARÐARBÆR

## Laus störf á skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær er bær í sókn og hefur upp á margt að bjóða. Má þar nefna öfluga grunnskóla og leikskóla, menntaskóla, fjölbreytt íþrótta- og tómstundastarf, öflugt tónlistar- og menningarlíf, eitt besta skíðasvæði landsins og endalausa möguleika á að njóta einstakrar náttúrfegurðar svæðisins. Í Ísafjarðarbæ búa um 3700 íbúar og þar eru fimm leikskólar og fjórir grunnskólar í fjórum byggðakjörnum. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf milli skólanna en þó sjálfstæði og fjölbreytni.

Ísafjarðarbær auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar:

**Grunnskólinn á Ísafirði**
- Umsjónarkennarar á öllum stigum 100%
- Þroskaþjálfi 100%
- Íþróttakennari 50-80%
- Kennari í myndmennt 50-80%
- Danskennari 50-80%
- Smíðakennari 50-80%
- Tónmenntakennari 50-80%

**Grunnskólinn á Suðureyri**
- Grunnskólakennarar á mið- og yngra stigi 50-100%
- Íþróttakennari 40-100%

**Grunnskóli Önundarfjarðar**
- Grunnskólakennarar 50-100%
- Íþróttakennari 25-50%

**Grunnskólinn á Þingeyri**
- Íþróttakennari 60-100%

**Leikskólinn Grænigarður Flateyri**
- Deildarstjóri 100%
- Leikskólakennari 100%

**Heilsuleikskólinn Laufás Þingeyri**
- Deildarstjóri 100%
- Starfsmaður í leikskóla 60-100%

**Leikskólinn Sólborg Ísafirði**
- Leikskólakennarar 100%

**Leikskólinn Tjarnarbær Suðureyri**
- Leikskólakennari 100%

Umsóknarfrestur um ofangreind störf er til og með **23. mars 2018.** Frekari upplýsingar um störfin má nálgast á vef Ísafjarðarbæjar (www.isafjordur.is) undir *„Laus störf"*. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.

***-Við þjónum með gleði til gagns-***

# Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing



FAST Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
www.fastradningar.is

---

JARÐBORANIR



## VÉLFRÆÐINGUR

Jarðboranir leita að öflugum aðila í starf vélfræðings. Um er að ræða krefjandi og spennandi starf á framkvæmdasvæðum við djúpboranir eftir jarðhita sem og aðrar borframkvæmdir, hér á landi og erlendis. Helstu verkefni vélfræðings eru viðhald og viðgerðir véla og tækjabúnaðar sem tilheyrir borflota félagsins. Um er að ræða vökvakerfi, rafbúnað, loftþrýstikerfi sem og annan búnað. Viðkomandi kemur til með að sinna vaktavinnu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Hafa lokið 4. stigi vélfræðings
- Sveinspróf í vélvirkjun eða rafvirkjun
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Reynsla af viðhaldi og viðgerðum stórra tækja og/eða vinnuvéla
- Góð samskiptahæfni og hæfni til að vinna í krefjandi starfsumhverfi
- Sjálfstæð, traust og vönduð vinnubrögð

**Upplýsingar um starfið veitir Torfi Pálsson, starfsmannastjóri í síma 585-5290 eða torfip@jardboranir.is. Sækja skal um starfið á www.jardboranir.is fyrir 12. mars næstkomandi.**

Jarðboranir er leiðandi hátæknifyrirtæki á heimsvísu sem sérhæfir sig í djúpborunum eftir jarðhita. Félagið á og rekur flota hátæknibora og er með starfsemi víðsvegar um heiminn. Nánari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á www.jardboranir.is.

---

# GAKKTU TIL LIÐS VIÐ KRAFTMIKINN HÓP

KLETTUR

Vegna aukinna verkefna hjá Kletti - sölu og þjónustu ehf bætum við nýjum liðsmönnum við okkar góða starfsmannahóp. Við leitum að vönu og áhugasömu fólki sem vill takast á við fjölbreytt og áhugaverð störf hjá leiðandi þjónustufyrirtæki í mikilli sókn.

## BIFVÉLAVIRKJAR

Óskum eftir að ráða bifvélavirkja á verkstæði þar sem helstu verkefni eru allar almennar viðgerðir á vörubifreiðum og rútum.

## STARFSMAÐUR Á SMURSTÖÐ

Óskum eftir starfsmanni á smurstöð þar sem helstu verkefni eru almenn smurþjónusta á öllum tegundum bifreiða og vinnuvéla.

Öll störfin eru störf í vaktavinnu á **Scania-verkstæði** þar sem unnið er fjögur kvöld, þriðju hverja viku.

## HÆFNISKRÖFUR

Heiðarleiki og liðsheild eru tvö af gildum Kletts. Því gerum við kröfu um góða samskiptahæfileika, virðingu fyrir samstarfsfólki og viðskiptavinum. Snyrtimennsku, góða umgengni og öryggishugsun í vinnu. Frumkvæði, sjálfstæð og vönduð vinnubrögð. Metnað til að læra og vaxa í starfi.

## MENNTUN

- Bifvélavirki eða vanur maður við vörubílaviðgerðir.
- Vanur starfsmaður á smurstöð.




ARNASYNIR

**Umsóknir sendist á svsi@klettur.is til og með 12. mars 2018**. Óskað er eftir ferilskrá með meðmælum, og kynningarbréfi þar sem fram kemur ástæða þess að sótt er um. Nánari upplýsingar veita **Sigurjón Örn Ólafsson**, þjónustustjóri (s. **825 5757**), og **Sveinn Símonarson**, framkvæmdastjóri þjónustusviðs (s. **825 5752**).

**Hjá Kletti vinna um 95 manns við sölu og þjónustu á meðal annars Scania vörubílum, Caterpillar tækjum og vélum, IR loftpressum og Goodyear hjólbörðum.**

**Gildi Kletts eru heiðarleiki, fagmennska, liðsheild og staðfesta.**

SCANIA CAT MULTIONE GOODYEAR Ingersoll Rand

KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK
590 5100
www.klettur.is

ÓBYGGÐANEFND

## Áskorun frá óbyggðanefnd

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur, fyrir hönd íslenska ríkisins, afhent óbyggðanefnd kröfur ríkisins um þjóðlendur á svonefndu svæði 9B, sem tekur til Snæfellsness ásamt fyrrum Kolbeinsstaðahreppi og fyrrum Skógarstrandarhreppi. Tilkynning um kröfurnar var birt í Lögbirtingablaðinu 23. febrúar síðastliðinn og er útdráttur úr efni hennar nú birtur hér í samræmi við 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Á svæði 9B eru eftirtalin sveitarfélög: Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Eyja- og Miklaholtshreppur, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær, hluti Borgarbyggðar (fyrrum Kolbeinsstaðahreppur) og hluti Dalabyggðar (fyrrum Skógarstrandarhreppur). Þjóðlendukröfur ríkisins ná til fimm sérgreindra hluta svæðisins, það er 1) Eyrarbotns, 2) Snæfellsjökuls, 3) lands sunnan og austan Snæfellsjökuls, 4) landsvæðis milli Hraunhafnardals, Mælifells og Bjarnarfossdals og 5) fjalllendis milli Elliða og Lágafells, auk Baulárvalla. Nánari lýsingu krafna og yfirlitskort er að finna á vefsíðunni obyggdanefnd.is og á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga og sýslumannsembættis.

**Skorað er á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á þeim svæðum sem ríkið gerir kröfur til að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, í síðasta lagi föstudaginn 25. maí 2018. Með kröfunum þurfa að fylgja þær heimildir og gögn sem aðilar byggja rétt sinn á.**

Leiðbeiningar um frágang kröfulýsinga, þ.á m. korta, er að finna á vefsíðunni obyggdanefnd.is og fást jafnframt á skrifstofu óbyggðanefndar.

Óbyggðanefnd er úrskurðarnefnd á stjórnsýslustigi. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt 7. gr. laga nr. 58/1998 er að 1) kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, 2) skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og 3) úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 verður yfirlýsingu um þjóðlendukröfur ríkisins þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar eru í þinglýsingabók og eru á viðkomandi svæði.

*Óbyggðanefnd*

## Mannvirkjastofnun auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Fræðslusjóði brunamála

Markmið sjóðsins er að stuðla að aukinni þekkingu þeirra sem starfa að brunamálum á sviði brunavarna og slökkviliðsstarfa. Sjóðurinn greiðir styrki til rannsóknar- og þróunarverkefna, námskeiðsgjöld, ferða- og dvalarkostnað, laun á námstíma og styrki vegna námskeiða og endurmenntunar. Mannvirkjastofnun annast úthlutun styrkja í samræmi við verklagsreglur um sjóðinn. Sjóðurinn hefur til umráða 4,0 millj. kr. og mun 60% til 90% verða ráðstafað til slökkviliða og til einstakra slökkviliðsmanna. Aðrir aðilar sem vinna að brunamálum eiga kost á 10% til 40% af ráðstöfunarfé sjóðsins. Verklagsregla Mannvirkjastofnunar um afgreiðslu umsókna og úthlutun styrkja má nálgast á heimasíðu stofnunarinnar.

Umsóknir merktar **„Fræðslusjóður brunamála 2018“** skal senda til Mannvirkjastofnunar, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík eða á netfangið **petur@mvs.is**, fyrir **26. mars** á eyðublaði sem hægt er að nálgast á heimasíðu stofnunarinnar. Athygli er vakin á því að styrkveiting fellur úr gildi ef styrkur er ekki nýttur innan tveggja ára frá veitingu.

Nánari upplýsingar veitir Pétur Valdimarsson (petur@mvs.is)

Mannvirkjastofnun
Skúlagata 21
101 Reykjavík
Sími 591 6000
Fax 591 6001
www.mvs.is
Skrifstofan er opin
kl. 8.30-16 virka daga.

Mannvirkjastofnun

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Forvarnarsjóður Reykjavíkur

Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um styrki til forvarnarverkefna úr Forvarnarsjóði Reykjavíkur. Hægt er að sækja um styrki til verkefna í einstökum hverfum eða almennt í borginni. Hverfisráð veita styrki til verkefna í hverfum, en velferðarráð til almennra forvarnarverkefna í borginni.

Styrkirnir gefa einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum tækifæri til að vinna að forvörnum í borginni.

Stofnanir Reykjavíkurborgar eða starfsmenn þeirra geta ekki sótt um styrki í sjóðinn en geta verið samstarfsaðilar í verkefnum sem aðrir sækja um styrk fyrir.

**Umsóknum um styrk skal skilað inn á Rafrænni Reykjavík;**
*http://reykjavik.is/thjonusta/minar-sidur-rafraen-reykjavik*

**Úthlutanarreglur má nálgast á heimasíðu sjóðsins;**
*www.reykjavik.is/forvarnarsjodur*

**Opnað verður fyrir umsóknir 5. mars kl. 13:00 og umsóknarfrestur er til miðnættis 2. apríl 2018.**

**Alls eru 10,5 milljónir króna til úthlutunar 2018.**

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að forvörnum og styrkja félagsauð í hverfum Reykjavíkur. Styrkir úr sjóðnum verða veittir til verkefna sem styðja:

- Forvarnir í þágu barna og unglinga
- Eflingu félagsauðs í hverfum borgarinnar
- Bætta lýðheilsu
- Markvisst samstarf íbúa, félagasamtaka, og fyrirtækja í þágu forvarna og félagsauðs
- Önnur verkefni sem mæta þeim markmiðum sem borgarstjórn setur hverju sinni



## LÝSING TILLÖGU AÐ DEILISKIPULAGI
## FYRIR MIÐSVÆÐI OG SUÐURNES ÁLFTANESS Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr.123/2010 samþykkt skipulagslýsingu á gerð deiliskipulagsins Miðsvæði og Suðurnes Álftaness.

Fyrirhugað er að vinna deiliskipulag skv. henni af svæði sem er á Miðsvæði og Suðurnesi og er svæðið um 94 ha að stærð. Markmiðið er að deiliskipuleggja svæðið fyrir íbúðabyggð og nærþjónustu í samræmi við Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030.
Byggðin verði þéttust og hæst næst skólasvæði en lágreistari sem nær dregur opnum svæðum með strandlengju og tjarnarbökkum.
Tillagan skal byggja á vinningstillögu úr samkeppni um deiliskipulag svæðisins sem efnt var til á síðasta ári.
Lýsingin er aðgengileg á vef Garðabæjar www.gardabaer.is og í þjónustuveri.

Ábendingar vegna lýsingarinnar skulu berast tækni- og umhverfissvði Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabær, fyrir 15. mars 2018.

GARÐABÆR

GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS



## FORVAL VEGNA ÚTBOÐS Á VERKFRÆÐIRÁÐGJÖF

Landsnet stuðlar að öflugu og öruggu flutningskerfi raforku um landið og ábyrgist þannig heilbrigt fjárfestingarumhverfi fyrir íslenskan raforkumarkað auk minni sóunar í raforkugeiranum í heild. Höfuðáhersla er lögð á flutningsnetið í öllum ákvörðunum sem snúa að fjárfestingum og rekstri og ávallt er tekið mið af þjóðhagslegum hagsmunum. Landsnet fer vel með þá fjármuni sem fyrirtækinu er treyst fyrir, sýnir ráðdeild, kostnaðarvitund og hagsýni við uppbyggingu og rekstur flutningskerfa.

Landsnet hf. óskar eftir hæfum aðilum til að taka þátt í útboði rammasamnings um ráðgjafaþjónustu vegna verkhönnunar, útboðshönnunar og framkvæmdaeftirlits. **Forvalinu verður skipt í þrjá hluta:**

1. Verkhönnun
2. Útboðshönnun
3. Eftirlit

Forvalsgögn verða aðgengileg á útboðsvef Landsnets Delta e-sourcing, frá og með 7. mars næstkomandi, nánari upplýsingar um hvernig hægt er að nálgast forvalsgögn má finna á www.utbodsvefur.is.

Kynningafundur vegna þessa forvals verður þann 14. mars kl. 14:30 hjá Landsneti, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík. Óskað er eftir að þátttakendur tilkynni mætingu í gegnum útboðsvef Landsnets. **Umsóknum skal skila rafrænt fyrir kl. 11:00 þann 23. mars 2018.**

LANDSNET

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

## Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu vátryggingastofns

Hér með tilkynnist um fyrirhugaða yfirfærslu vátryggingastofns: Yfirfærsla vátryggingastofns frá AXA Belgium SA til Portman Insurance SE.

Vátryggingartakar og vátryggðir geta skilað skriflegum athugasemdum til Fjármálaeftirlitsins vegna fyrirhugaðrar yfirfærslu innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar.

Fjármálaeftirlitið veitir nánari upplýsingar ef óskað er.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

FISKISTOFA

## Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2017/2018 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 604, 3. júlí 2017

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 227/2018 í Stjórnartíðindum.

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:

**Norðurþing (Raufarhöfn og Kópasker)**

**Sveitarfélagið Hornafjörður**

**Vopnafjarðarhreppur**

**Sveitarfélagið Ölfus (Þorlákshöfn)**

**Árneshreppur**

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu ásamt samningi við vinnsluaðila, á eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. mars 2018.**

*Fiskistofa, 1. mars 2018.*

## Verkfræðihönnun – Austurbakki 2 –



**Landsbankinn auglýsir eftir samstarfsaðilum til að sjá um verkfræðihönnun nýbyggingar bankans við Austurbakka 2 í Reykjavík. Frumtillaga liggur fyrir og eru Arkþing ehf. og C.F. Møller höfundar tillögunnar.**

Að flatarmáli verður byggingin 14.500 m² ofanjarðar og um 2.000 m² í kjallara, auk bílakjallara sem mun nýtast öllu svæðinu við Austurhöfn. Landsbankinn hyggst nýta um 10.000 m² af húsinu undir eigin starfsemi. Á jarðhæð er gert ráð fyrir verslun og þjónustu, auk móttöku og afgreiðslu fyrir bankann, og á efri hæðum er gert ráð fyrir skrifstofurýmum.

Óskað er eftir að þeir aðilar sem áhuga hafa á að sjá um verkfræðihönnun sendi bankanum tölvupóst með upplýsingum um fyrri verk, reynslu, tæknibúnað og starfsmannafjölda, auk annarra viðeigandi upplýsinga. Ekki er gerð krafa um að sama teymið geti tekið að sér heildarhönnun á öllum verkfræðiþáttum verksins. Landsbankinn mun einnig semja við ráðgjafa til að sinna eftirliti með verklegum framkvæmdum og sjá um kostnaðargát verksins.

**Tölvupóstur með umbeðnum upplýsingum skal hafa borist Landsbankanum á netfangið austurbakki@landsbankinn.is eigi síðar en mánudaginn 19. mars nk.**

**Landsbankinn** • landsbankinn.is • 410 4000

## Óskum eftir sumarhúsi á leigu



Starfsmannafélag HS Orku óskar eftir sumarhúsi á leigu frá júní til lok ágúst. Æskileg staðsetning er innan 100 km radíuss frá Reykjavík.

Áhugasamir vinsamlega sendið upplýsingar á **sig@hsorka.is**

hsorka.is HS ORKA

## Blikksmíði ehf

**Óskar eftir blikksmiðum**
**eða vönum mönnum í Blikksmíðavinnu,**
**einnig aðstoðarmönnum.**

Upplýsingar í síma: 893 4640 eða
blikksmidi@simnet.is

## ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **ÍR frjálsíþróttavöllur – yfirborðsfrágangur,** útboð nr. 14176.
- **Grunnskóli 2. áfangi. Yfirborðsfrágangur suðurlóðar,** EES útboð nr. 14172

Nánari upplýsingar er að finna á
***www.reykjavik.is/utbod***

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is



# INNKAUP Á REIÐUAFLI

## Fyrirhuguð endurnýjun samninga um innkaup á reiðuafli

Landsnet hefur í hyggju að endurnýja samninga við Landsvirkjun um kaup á reiðuafli. Annars vegar er fyrirhugað að endurnýja fyrir 30. apríl nk. samning um reiðuafl í Fljótsdalsstöð. Hins vegar er fyrirhugað að endurnýja fyrir 31. desember nk. samning um reiðuafl á Þjórsársvæði. Um er að ræða 30 MW reiðuafl í Fljótsdalsstöð og önnur 30 MW á Þjórsársvæði. Nánar er fjallað um reiðuafl og kerfisþjónustu í reglugerð nr. 513/2003 um kerfisstjórnun í raforkukerfinu og í Netmála C2: Skilmálar um kerfisþjónustu Landsnets hf. Jafnframt vísar Landsnet til skilgreininga og tæknilegra krafna til aflvéla, sem fram koma í nýjasta samningi við Landsvirkjun um reiðuafl á Þjórsársvæði og Blöndu, sem tók gildi 1. janúar 2017 og finna má á heimasíðu Landsnets.

Landsvirkjun er í dag eini aðilinn á Íslandi sem uppfyllir þær kröfur sem Landsnet gerir til tíðnistýrðs reiðuafls. Landsnet metur það hins vegar svo að það sé æskilegt að til staðar séu fleiri aðilar á þessum markaði og hvetur því markaðsaðila á raforkumarkaði að skoða hvort þeir séu viljugir og hæfir til þess að veita þessa mikilvægu þjónustu. Landsnet áformar á árinu að auglýsa eftir þátttakendum í nýsköpunarsamstarf en þar mun aðilum gefast tækifæri til að þróa þjónustu sína í samstarfi við Landsnet þannig að hún uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til reiðuafls.

Hafi aðilar athugasemdir við endurnýjun samninga við Landsvirkjun eru þeir hvattir til að koma þeim á framfæri við Landsnet **fyrir 22. mars 2018** á tölvupóstfangið landsnet@landsnet.is með efnislínu merkta **„Reiðuafl 2018, athugasemdir“**.

LANDSNET

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is




## Gott tekjutækifæri

**Atvinnurekstur tengdur ferðamannaiðnaði til sölu miðsvæðis í Reykjavík og háannatími framundan.**
Áhugasamir sendi nafn, kennitölu og símanúmer merkt **„Tekjutækifæri“** á box@frett.is

## ÚTBOÐ

### GATNAGERÐ
**Glaðheimar**
**Yfirborðsfrágangur á götum og stígum**

„Það er mikill áhugi hjá Íslendingum á að fara í aðalkeppnina í Portúgal og sóttu yfir 150 manns um að fá aðdáendapakka í aðalkeppnina en við fengum þá bara 52. Margir ætla út á eigin vegum og ég geri ráð fyrir að á annað hundrað Íslendingar fari utan til að baða sig í portúgalskri sól og njóta glyss og glamúrs Eurovision-veislunnar.“

Flosi segir sigurvegarann frá því í fyrra, Salvador Sobral, allan að hressast en hann fékk nýtt hjarta í desember síðastliðnum.

„Við reiknum með að Salvador stígi á svið í Lissabon. Hann stóð einn á sviðinu þegar hann sigraði í fyrra og var atriðið látlaust og sætt. Portúgalar hafa hug á að mynda svipaða stemningu í ár og dempa aðeins ljósasjó og tæknibrellur. Það er áhugi fyrir því að draga svolítið úr umbúnaði keppenda en einblína frekar á sönginn og lagið, eins og var á árum áður. Með því er öllum löndum gert jafn hátt undir höfði því ekki eru þau öll í stakk búin að halda eins íburðarmikla keppni og ríkari löndin geta,“ útskýrir Flosi.

### Æsispennandi keppni í ár

Flosi vill ekki gera upp á milli laganna sem keppa til úrslita í Laugardalshöll í kvöld.

„Hvert einasta atriði hefur sinn sjarma og hefur keppnin aldrei verið jafn spennandi. Lög sem grípa mann strax eiga mesta von. Hvert land hefur aðeins þrjár mínútur til að stimpla sig inn í hug og hjörtu kjósenda og verður lagið helst að grípa mann á fyrstu sekúndu. Við í FÁSES styðjum alla keppendur jafnt enda eru þeir allir flottir söngvarar með frábærar lagasmíðar.“

Í dag eru sléttir sjötíu dagar í aðalkeppnina í Lissabon.

„Þá verður FÁSES í Portúgal að njóta þess að vera túristar og skemmta sér í botn. Við munum þó miðla upplifun okkar að utan og taka fullt af skemmtilegum snúningum úti.

Hægt verður að fylgjast með því öllu á fases.is þar sem nú þegar er mikið um að vera fyrir keppnina. Við fylgjumst vel með öllum forkeppnunum úti og því helsta sem er að frétta í tengslum við keppnina,“ segir Flosi og hlakkar mikið til kvöldsins.

„Í Höllinni mun hver og einn keppandi finna fyrir stuðningi FÁSES. Draumur okkar er að allir áhorfendur í salnum séu með fána og blöðrur, líkt og sænska ríkissjónvarpið útvegar gestum sínum í úrslitakeppninni í Svíþjóð. Það kemur mjög vel út í sjónvarpi og skapar jákvæða orku fyrir þátttakendur og alla viðstadda.“

Fylgstu með á fases.is og á Facebook undir FÁSES.

BRÚÐKAUPSBLAÐ

Veglegt sérblað Fréttablaðsins
um brúðkaup kemur út 23. mars nk.
Allt sem hugsast getur varðandi brúðkaup.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss
í langmest lesna dagblaði landsins.



Upplýsingar hjá auglýsingadeild Fréttablaðsins í síma 512 5402
eða sendu okkur póst á netfangið serblod@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ


LOHILO®
HIGH-PROTEIN ICE CREAM
CARAMEL CHOCOLATE
LOHILO®
HIGH-PROTEIN ICE CREAM
CARAMEL CHOCOLATE
23 GRAMS OF PROTEIN
350 ML
175 G NET WEIGHT
LO CARB
HI PROTEIN
LO FAT
SALTED CARAMEL
LOHILO®
HIGH-PROTEIN ICE CREAM
SALTED CARAMEL
23 GRAMS OF PROTEIN
350 ML
175 G NET WEIGHT
LOHILO®
HIGH-PROTEIN ICE CREAM
COOKIE DOUGH
25 GRAMS OF PROTEIN
350 ML
BANANA SPLIT
LOHILO®
HIGH-PROTEIN ICE CREAM
BANANA SPLIT
23 GRAMS OF PROTEIN
350 ML
175 G NET WEIGHT
LOHILO®
CARAMEL & PEANUT
PROTEIN ICE CREAM BAR
ONLY 3,2 G SUGAR!
NUTS FOR WORKOUT
70 ML
LO CARB
HI PROTEIN
LO FAT



Vinirnir hafa farið hver í sína áttina.

## Ekki fleiri vinir

Leikarinn Matt LeBlanc sem lék Joey Tribbiani í hinum geysivinsælu þáttum Friends, segir að ekki geti orðið af nýrri þáttaröð vinanna. Þetta sagði Matt í samtali við ástralska sjónvarpið. Áður hafði Jennifer Aniston ekki útilokað þennan möguleika. „Ég býst við að margir myndu vilja framhald þáttanna en það er ekki hægt,“ segir Matt. „Þessir þættir fjalla um ungt fólk á aldrinum 20-30 ára og líf þess. Eldra fólk lifir ekki slíku lífi,“ segir hann. „Að vita hvernig vinirnir hafa það í dag er svolítið eins og „bókin er betri en kvikmyndin“. Hverjir vilja til dæmis horfa á þegar Joey fer í ristilkrabbameinsrannsókn? Það er betra að láta staðar numið,“ segir Matt sem stýrir Top Gear þáttunum.

Einn af höfundum Friends, Marta Kauffman, hefur sagt að framhald þáttanna sé ekki mögulegt. „Friends fjallar um ungt fólk og vinskap. Þegar fólk eldist stofnar það sína eigin fjölskyldu. Um það fjalla þessir þættir ekki,“ sagði hún.

Fyrsti þátturinn af Friends fór í loftið 22. september 1994 og urðu þáttaraðirnar tíu talsins. Þættirnir voru tilnefndir 62 sinnum til Emmy-verðlauna. Þættirnir eru enn í sýningu víða um heim.



Þjóðminjasafnið.

## Áttu ljósmynd í fórum þínum?

Þjóðminjasafnið býður upp á greiningu á gömlum ljósmyndum á morgun, sunnudag, milli klukkan 14 og 16. Nú gefst tækifæri til þess að gramsa í gömlum kössum forfeðranna uppi á háalofti og fá sérfræðiálit.

Tvisvar á ári, í mars og í nóvember, býðst almenningi að mæta með gripi í safnið og fá sérfræðinga til þess að meta hlutinn. Ljósmyndirnar verða greindar af sérfræðingum Ljósmyndasafns Íslands. Greiningin er ókeypis og fer fram í fyrirlestrarsal safnsins á 1. hæð.

Á safninu stendur einnig yfir sýningin Prýðileg reiðtygi þar sem hægt er að skoða úrval skreyttra söðla, söðulreiða og söðuláklæði úr safneign Þjóðminjasafnsins.

# Í hvaða bók á ég heima?

Árleg ráðstefna um barna- og unglingabækur verður haldin í Borgarbókasafninu í Gerðubergi í dag milli kl. 10.30-13.30. Sjónum verður einkum beint að raunveruleika barnabóka, birtingarmyndum kynjanna og hvort barnabækur séu í takt við tímann. Eliza Reid forsetafrú mun ávarpa ráðstefnugesti og setja ráðstefnuna. Árni Matthíasson blaðamaður rifjar upp barnabækur æsku sinnar, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastjóri jafnréttismála hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, fjallar um áhrif dægurmenningar á samskipti kynjanna, Ásta Rún Valgerðardóttir sálfræðingur fjallar um þau fjölskylduform sem birtast í barna- og unglingabókum og að lokum mun Erlingur Sigvaldason fjalla um barna- og unglingabækur út frá sjónarhorni hinsegin unglinga. Að ráðstefnunni lokinni verður tilkynnt hvaða bækur eru tilnefndar til barnabókmenntaverðlauna Reykjavíkurborgar. Ráðstefnan er opin öllu áhugafólki um íslenskar barna- og unglingabækur.



Árleg ráðstefna um barna- og unglingabækur verður haldin í Borgarbókasafninu í Gerðubergi í dag.



## Múrarar

**Múrverk**

Getum bætt við okkur verkefnum í múrverki og flísalögnum

**Endilega hafið samband í síma 770 0894**

Steingrímur Birgisson
Múrverk og flísalögnir

SS MÚR verk

## Keypt & Selt

## Til sölu



Tilvalin fermingargjöf!

**BENSÍNSVESPA**

Engin trygging! Ekkert próf!

**Kr. 229.900,-**

NITRO

Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

jonogoskar.is s.552-4910

## Heilsa

## Nudd

**HEILNUDD**

Heilnudd, slökun, íþróttanudd og snyrting. Afslappandi og gott umhverfi á sv. 105 rvk. Opið kvöld og helgar. S. 894 4817

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.




## Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH & NORWEGIAN F. FOREIGNERS - ENSKA - NORSKA**

Levels/Stig: I, II, III, IV, V: ÍSLENSKA f. útlendinga, NORSKA, ENSKA f. Fullorðna: Start/Byrja: 5/2, 5/3, 2/4, 30/4. 28/5, 25/6: 4 weeks/vikur x 5 days/daga. 2-6 students/nem. Morn/Aftern/Evening. Morgna/ Síðd/Kvölds. Aukatímar: STÆ/EÐL: www.iceschool.is - ff@icetrans.is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.



**GEFÐU VATN**

gjofsemgefur.is

907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

## Heimilið

## Antík



**WWW.UR.IS**

Antikklukkur og viðgerðir Sérhæfð viðgerðarþjónusta á gömlum klukkum og úrum. Guðmundur Hermannsson úrsmíðameistari. S. 554 7770 & 691 8327. www.ur.is ur@ur.is

## Þjónusta




Plettac vinnupallar
- Protekt fallvarnarbúnaður
Láttu öryggi og lausnir ráða ferðinni

**VINNUPALLAR EHF**

s. 618 8418 • vinnupallarehf@gmail.com

**Komdu og prófaðu!**

# bill.is

Malarhöfði 2

Sími 5773777

www.bill.is



**TOYOTA Corolla.**
Árgerð 2014, ekinn 90 Þ.KM, dísel, 6 gírar.
**Verð 1.990.000.**
Rnr.271145.



**TOYOTA Auris terra.**
Árgerð 2015, ekinn 82 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 1.780.000.**
Rnr.250255.



**SUZUKI Grand vitara.**
Árgerð 2015, ekinn 65 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.790.000.**
Rnr.107010.



**SKI-DOO Mxz x 800.**
Árgerð 2009, ekinn 3 Þ.KM, bensín, .
**Verð 590.000.**
Rnr.260818.



**RENAULT Kadjar.**
Árgerð 2017, ekinn 31 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
**Verð 3.390.000.**
Rnr.251098.



**POLARIS Sportsman x2 800.**
Árgerð 2008, ekinn 11 Þ.KM, bensín, .
**Verð 990.000.**
Rnr.251177.



**NISSAN X-trail plus-2.**
Árgerð 2017, ekinn 27 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 4.890.000.**
Rnr.250975.



**NISSAN Note.**
Árgerð 2016, ekinn 34 Þ.KM, dísel, 5 gírar.
**Verð 1.790.000.**
Rnr.260726.

## Barnavörur



**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

Einstaklingsíbúð á Langholtsvegi til leigu. Laus strax. S. 5532171

## Húsnæði óskast

**LEIGUÍBÚÐ/HERBERGI ÓSKAST**
Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna vantar til leigu 3-4 herbergja íbúð eða herbergi á höfuðborgarsvæðinu. Íbúðin þarf að vera búin nauðsynlegum húsgögnum og heimilistækjum. Herbergin þurfa að vera búin húsgögnum og bjóða upp á aðgang að tækjum til þrifa, þvotta og eldunar. Leigutími er frá 15. apríl til 7. október 2018. Nánari upplýsingar í s:569 6069/6000 og thi@os.is.

Ung kona óskar eftir velbúnu herbergi eða stúdíóíbúð. Meðmæli,upplýsingar í s:7760390

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinnuhúsnæði

**SKRIFSTOFUR TIL LEIGU!**
og líka stærri skrifstofurými fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Bæði í Borgartúni og Síðumúla í snyrtilegu húsnæði með aðgengi að sameiginlegu rými.

Hægt að leigja án eða með húsgögnum. Verð frá 65 þús.

Allar upplýsingar veitir Einar í síma 861 7200 eða á netfangi einar@efnividur.is

## Atvinna

## Atvinna í boði

**RÓTGRÓIÐ VERKTAKAFYRIRTÆKI**
óskar eftir mönnum í hellulagnir. Næg verkefni framundan, reynsla æskileg.

Umsóknir og ferilskrár berist til baldur@btverk.is

Heimaás

**VERKAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða verkamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

Heimaás

**KRANAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða kranamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

**- TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -**

Silfri ehf óskar eftir trukkabílstjóra og einnig vantar bílstjóra á fjögurra öxla bíl.

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

**SÖLUMENN ÓSKAST.**
Óska eftir sölumönnum til að selja í hús usb lykla sem á er digital bók. Geta sölumenn auðveldlega haft margar milljónir eftir skatt. Gengið er í hús milli kl 12-22 alla daga þegar gott er veður. Uppl.í s: 776-4111

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegu starfsfólki í fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Til sölu / Þjónusta

**Vírushreinsun og stýrikerfis-hreinsun**

*Fljót og góð þjónusta*



tölvuvinir.is
tölvuverkstæði
**Hafðu samband Sími: 445 0100 Langholtsvegur 126 104 Rvk.**

SKER Hönnun & Gjafavara



Opnunartími:
Mánudaga-Miðvikudaga frá 12-17
Laugardaga frá 12-15
Langholtsvegur 126
104 Reykjavík
www.sker.is




## Til sölu

GLUGGA GERÐIN

**Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það**
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is



**Járnabakkar**
**Járnabindingavörur**

**Erum með á lager allar helstu gerðir af járnabökkum**

- Bindivír 1 mm U hankir og rúllur 1.4 mm
- Fjarlægðarstjörnur og steinar 20-50 mm
- Plastlistar á undirslegnar plötur, einnig harðir
- U listar á ull eða plasteinangrun
- Járnstólalengjur, sterkir og góðir stólar frá 50 mm
- Mótarör og kónar 10–50 mm
- Öryggishlífar á kambstál, listar og sveppir

**Vír og lykkjur ehf**
www.viroglykkjur.is - viroglykkjur@internet.is
772-3200/692-8027

# Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

**ráðum**
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

## Ferðaþjónustuhús



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

## Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

## Löggiltur málarameistari

Gerum föst verðtilboð í utanhússmálun og endurmálun sameigna fyrir húsfélög og fleira.
Vönduð vinnubrögð og notum einungis topp efni.

**Vaskir Drengir ehf** **vaskirdrengir@gmail.com sími 844-9188**

## LOK Á HEITA POTTA



**Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.**
**Metum ástand og gerum við.**
***www.fjardarbolstrun.is***

**Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com**

## viftur.is

Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir

**íshúsið**



S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.



**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

# HELGARTILBOÐ

OPIÐ ALLA HELGINA – LAU. 11-16 og SUN. 13-17 Á SUÐURLANDSBRAUT
OG LAU. 10-17 og SUN. 13-17 Á GLERÁRTORGI

**GILDIR 2. – 4. MARS**

## KYNNUM SEGWAY Á ÍSLANDI
## 15% KYNNINGARAFSLÁTTUR UM HELGINA







**Philips 39PHT4112**
Nett og einfalt 39" HD LED sjónvarp með 1366x768 upplausn og 16W Incredible Surround hljóðkerfi. Með helstu tengimöguleika m.a. USB tengi og 2 HDMI tengi.

**TILBOÐ 39.995**
FULLT VERÐ 49.995




**Panasonic TX65EX700E**
Hágæða 65" VIERA LED sjónvarp með 4K UHD 3840x2160 upplausn og Moxilla Firefox netvafra. Frábær hljóðgæði með 20W VR-Audio TruSurround hljóðkerfi, allir helstu tengi- og tæknimöguleikar ásamt appi fyrir Apple og Android snjalltæki.

**TILBOÐ 199.995**
FULLT VERÐ 269.995

Síðan 2008
MOTTUMARS

TÆKI FRÁ UPPHAFI TIL ENDA

1000 krónur af öllum seldum Philips rakvélum, skeggsnyrtum og hárklippum 1. - 31. mars renna til Krabbameinsfélagsins



## CANDY ER KOMIÐ Í HEIMILISTÆKI



**25% KYNNINGARAFSLÁTTUR**
GILDIR TIL 10. MARS

Opið alla helgina!

**Heimilistæki** ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • Austurvegi 34 **SELFOSSI** S: 414 1745 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

**Saga til næsta bæjar**



**Stefán Pálsson** skrifar um afleitan kóng.



# Boltabulla á konungsstól

Hvert yrði þitt fyrsta verk ef þú vaknaðir dag einn sem konungur? – Endurskipuleggja herinn og bæta samgöngur í landinu? Já, mögulega. Gera nákvæma úttekt á stöðu heilbrigðis- og menntakerfisins og vinna metnaðarfulla umbótaáætlun? Jú, ekki slæmt. En svo væri líka bara hægt að taka að sér stjórn fótboltalandsliðsins. Það er í það minnsta það sem Carol 2. Rúmeníukonungur ákvað að gera þegar hann komst til valda árið 1930. Og eftir á að hyggja var það kannski ein af hans skástu ákvörðunum.

Stjórnmálasaga Evrópu á árunum milli heimsstyrjaldanna tveggja hefur að geyma marga kynlega kvisti. Stjórnarfar ýmissa ríkja var afar brothætt og þótt heita ætti að einhvers konar þingræðisstjórnarfar væri víðast hvar við lýði, voru gömlu konungsættirnar enn valdamiklar og tóku fullan þátt í stjórnmálalífinu. Carol annar (eða Karl annar eins og nefna mætti hann á íslensku) var þannig furðuleg blanda af nítjándu aldar kóngafólki og popúlískum fasistaleiðtoga millistríðsáranna. Út í þá skringilegu blöndu mátti svo hræra vænum skammti af kvensemi, glaumgosalíferni og já, fótbolta.

Saga rúmensku konungsættarinnar er ekki ýkja löng og tengslin við Rúmeníu ekki mikil í fyrstu. Rúmenar öðluðust sjálfstæði sitt undan Ottómanaveldinu á nítjándu öld, ekki hvað síst með stuðningi Frakka. Fengu Rúmenar margir hverjir sérstakt dálæti á franskri menningu og sér þess enn stað í fána landsins sem er eins og sá franski nema með gulum lit í staðinn fyrir hvítan. Valdastéttin í Rúmeníu tileinkaði sér alla þá frönsku siði sem hún gat, talaði helst ekki nema frönsku og leit á París sem sína andlegu höfuðborg.

Þjóðríkið Rúmenía stóð veikum fótum og logaði í illdeilum héraðshöfðingja og ættarvelda. Nauðsynlegt var því talið að sækja þjóðhöfðingja út fyrir landið. Slíkt var raunar alsiða á þessum árum og ekki þótti verra að sækja slíkan konung inn í evrópska háaðalinn til að tryggja sér í leiðinni sambönd og ættartengsl. Napóleon III Frakklandskeisari mælti með hentugum þýskum prinsi, sem lá á lausu. Hann hlaut titilinn Carol fyrsti.

Carol hafði varla heyrt um Rúmeníu getið þegar hann var krýndur þar konungur. Sama má segja um bróðurson hans, Ferdínand, sem var gerður að krónprinsi þegar ljóst varð að kónginum yrði ekki sonar auðið. Ferdínand tók síðar við af frænda sínum og ríkti sem Ferdínand fyrsti frá 1914 til dauðadags árið 1927. Báðir voru þeir frændur alla tíð útlendingar í sínu eigin ríki, án nokkurra sérstakra tengsla við rúmenskt samfélag þótt þeir reyndu að stýra landinu eftir bestu getu.

Öðru máli gegndi um Carol yngri, son Ferdínands og framtíðarerfingja konungsveldisins. Hann fæddist og ólst upp í Rúmeníu og sá hlutina með talsvert öðrum augum en faðir hans og frændi. Hafa ýmsir af ævisöguriturum Carols annars viljað kenna uppvaxtarárum prinsins unga um margar af þeim ógöngum sem hann átti eftir að rata í á ævinni.

## Spjátrungur og gosi

Carol fyrsti leit á nafna sinn sem soninn sem hann aldrei eignaðist og spillti honum með eftirlæti, en um leið fékk drengurinn ekki að eiga eðlilegt samband við sína réttu foreldra. Hjónaband þeirra stóð líka á brauðfótum, þar sem María, eiginkona Ferdínands, átti í ástarsamböndum við ýmsa menn, meira og minna fyrir opnum tjöldum. Upplifði Carol ungi þetta sem mikla niðurlægingu föður síns og lagðist það þungt á hann.

Óánægjan með framhjáhaldsævintýri móðurinnar varð þó ekki til þess að gera soninn að sérstökum siðapostula. Strax á táningsárum var Carol orðinn alræmdur fyrir svall og kvennafar. Hann eignaðist börn utan hjónabands, en það olli þó Rúmenum mun minna hugarangri en barnið sem hann tók upp á að eignast í hjónabandi!

Sumarið 1918 stakk krónprinsinn af úr herþjónustu og hélt til Úkraínu með dóttur rúmensks hershöfðingja og kvæntist henni á laun. Carol var þá 24 ára en unnustan, „Zizi“, tvítug. Fyrir utan þá lítt konunglegu hegðun að stinga af úr hernum, var hjúskapurinn reginhneyksli. Zizi var fjarri því nógu ættgöfug til að giftast krónprinsi, auk þess sem stjórnarskrá landsins bannaði það hreinlega að þjóðhöfðinginn kvæntist Rúmena. (Þessi sérkennilega regla hefur væntanlega átt að tryggja valdajafnvægi milli helstu valdaætta landsins.)

Vorið eftir tókst fjölskyldu Carols að fá hann ofan af þessu gönuhlaupi sínu og hjónabandið var úrskurðað ógilt. Rétt rúmum níu mánuðum síðar eignaðist Zizi þó dóttur og sá rúmenska ríkið um að greiða framfærslu þeirra beggja.

Um tíma virtist Carol ætla að snúa baki við glaumgosalífinu þegar hann varð ástfanginn af Helen frænku sinni, systur Alexanders Grikklandskonungs. Þau giftust í skyndi vorið 1921 eftir stutt kynni og sjö mánuðum síðar eignuðust þau soninn Mikael.

Allt fór þó fljótlega í sama farið hjá Carol prins. Hann svallaði, naut lífsins og eignaðist nýjar og nýjar ástkonur. Hafa sagnritarar prinsins bent á að Carol virðist fremur hafa leiðst stúlkur úr sinni eigin stétt, en þess í stað fallið fyrir konum af „lægri“ stéttum, þar sem þær hafi verið óhefladri, hispurslausari og líflegri í háttum. Að lokum kynntist hann svo konu sem átti eftir að fanga hjarta hans til æviloka, hún hér Elena Lupescu. Elena, sem raunar var kölluð „Magda“, var lyfsaladóttir úr efri millistétt. Faðir hennar var gyðingur, en hafði snúist til kaþólskrar trúar. Gyðinglegi uppruninn átti þó eftir að reynast afdrifaríkur.

> **Á TÁNINGSÁRUM VAR CAROL ORÐINN ALRÆMDUR FYRIR SVALL OG KVENNAFAR.**

## Ítalskt hneyksli

Sagnfræðingar sem kannað hafa sögu Rúmeníu á þriðja og fjórða áratugnum viðurkenna að nær vonlaust sé að draga upp óbrenglaða mynd af Mögdu Lupescu. Svo miklu hefur verið logið um hana, jafnt til lofs eða lasts. Lengi vel var henni lýst sem einhvers konar norn sem hefði getað stjórnað ástsjúkum unnusta sínum eins og strengjabrúðu og ráðið öllu sem hún vildi. Í dag er þó fremur litið á hana sem lífsnautnakonu sem notaði hvert tækifæri til að maka krókinn en kærði sig að öðru leyti lítið eða ekkert um stjórnmál.

Samband prinsins og Mögdu vakti almenna hneykslan við hirðina í Búkarest, en almenningur hafði litla hugmynd um hvað gekk á. Opinberlega var allt í himnalagi í hjónabandi Carols og Helenar. Blaðamenn vissu svo sem eitt og annað, en ströng ritskoðunarlög í landinu komu í veg fyrir að fregnir af opinberu framhjáhaldi krónprinsins rötuðu á prent.

En í loks árs 1925 varð fjandinn laus. Alexandra Bretadrottning, eiginkona Játvarðs sjöunda, lést og var jarðsungin í Lundúnum. Hún var náskyld meira og minna öllu kóngafólki Evrópu og var Carol krónprins sendur í útförina sem fulltrúi rúmensku hirðarinnar. Hann fór einn í ferðina.

Á bakaleiðinni ákvað prinsinn að rétt væri að staldra við á Ítalíu og gera sér glaðan dag. Og hver hafði komið þangað til fundar við hann önnur en Magda Lupescu? Skötuhjúin nutu tilverunnar á Ítalíu og sinntu næturlífinu af krafti. Þau gerðu enga tilraun til að leynast fyrir ítölskum blaðamönnum og ljósmyndurum og fljótlega kom í ljós að ritstjórum ítalskra blaða stóð hjartanlega á sama um rúmensk ritskoðunarlög. Allur heimurinn vissi nú af hinni fölleitu, rauðhærðu og seiðandi ástkonu Carols krónprins.

Rúmenía logaði stafnanna á milli þegar Carol sneri aftur heim úr fríinu. Leiðtogar valdaflokksins í landinu, Frjálslynda þjóðarflokksins, sem var hægrisinnaður flokkur borgarastéttarinnar, kröfðust afsagnar krónprinsins. Höfðu flokksmenn og krónprinsinn raunar lengi eldað grátt silfur vegna annarra mála. Almenningur hafði líka litla samúð með ríkisarfanum sem hafði niðurlægt vinsæla eiginkonu sína með opinberu framhjáhaldi og þjóðernissinnarnir litu á það sem sérstaka synd að hjákonan væri gyðingur.

Carol átti því þann kost einan að afsala sér ríkiserfðum til sonar síns og flytja úr landi. Hann fluttist til Parísar og bjó þar með Mögdu sinni án þess að gera minnstu tilraun til þess að fela samband þeirra. Að nafninu til stóð hjónaband hans og Helenar prinsessu þó til ársins 1928 þegar hún sótti um skilnað.

Konungsskipti urðu í Rúmeníu um mitt ár 1927 þegar Ferdínand fyrsti lést. Við valdataumunum tók Mikael litli, þá rétt á sjötta ári. Drengurinn hélt þó ekki sjálfur um valdataumana, heldur var dagleg stjórn ríkisins í höndum þriggja manna ráðs, í þeim hópi var föðurbróðir hans, Nikulás. Stýrði ráðið í ágætri sátt við valdaflokk landsins, Frjálslynda þjóðarflokkinn.

Þegar skýjabakkar heimskreppunnar tóku að hrúgast upp jókst pólitískur óstöðugleiki í Rúmeníu og þegar formaður Frjálslynda þjóðarflokksins féll frá, hrundi fylgi flokksins í kosningum. Bændaflokkurinn tók við völdum, en hann sótti fylgi sitt einkum til sveita, Stefna hans hvíldi á þjóðlegum rúmenskum gildum og tortryggni í garð yfirstéttarinnar og dálæti hennar á vestur-evrópskum og þá einkum frönskum siðum.

Við þessar aðstæður sá hinn útlægi fyrrverandi krónprins sér leik á borði. Sumarið 1930 sneri Carol aftur til heimalandsins og ruddi hinum barnunga syni sínum til hliðar með fulltingi nýju ríkisstjórnarinnar. Hann tók sér embættistitilinn Carol annar og hóf þegar að leggja drög að valdatíma sínum.

En nú kynni einhver að spyrja: hvað með fótboltann? Átti þessi pistil ekki að fjalla um knattspyrnuóðan kóng sem hlutaðist til um fótboltalandslið þjóðar sinnar? Jú, jú, en það verður ekki fyrr en í næsta hluta, eftir viku.








**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM .COM/ILVAISLAND




# VELKOMIN Á OPIÐ HÚS Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

## LAUGARDAGINN 3. MARS KL. 12–16

Fjölbreytt dagskrá verður á háskólasvæðinu þar sem í boði verða námskynningar, viðburðir og uppákomur sem sýna vísindin í litríku og lifandi ljósi.



### HÁSKÓLABÍÓ

Sprengjugengið
Vísindasmiðjan
Vísindabíó
Háskóladansinn



### HÁSKÓLATORG

Félagsvísindasvið HÍ
Menntavísindasvið HÍ
Heilbrigðisvísindasvið HÍ
Háskólinn á Akureyri
Landbúnaðarháskóli Íslands
Háskólinn á Hólum
Háskólabrú Keilis
Háskólinn á Bifröst
Listaháskóli Íslands



### VERÖLD

Hugvísindasvið HÍ



### ASKJA

Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ
Tæknifræðinám Keilis

**HÁSKÓLA DAGURINN**
3. mars

**Kynning á öllu háskólanámi á Íslandi**

f /haskoladagurinn
haskoladagurinn.is
#hdagurinn

**Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands**
verða á Háskólatorgi Háskóla Íslands

**Háskóli Íslands**
kynnir nám sitt á Háskólatorgi, í Veröld, Öskju og Háskólabíói

**Háskólinn í Reykjavík**
kynnir nám sitt í Háskólanum í Reykjavík

**Háskólinn á Bifröst**
kynnir nám sitt á Háskólatorgi Háskóla Íslands og í Háskólanum í Reykjavík

**Listaháskóli Íslands**
kynnir nám sitt í húsnæði skólans að Laugarnesvegi 91

PIPAR\TBWA · SÍA



## KYNNTU ÞÉR FJÖLBREYTT NÁMSFRAMBOÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS
## YFIR **400 NÁMSLEIÐIR** Í BOÐI Í BÆÐI GRUNN- OG FRAMHALDSNÁMI

### HÁSKÓLADAGURINN 3. MARS 2018
**DAGSKRÁ**

| HÁSKÓLATORG | |
|---|---|
| 12–16 | Bragðlaukaþjálfun |
| | Gripstyrksmælingar |
| | Útreikningar á próteinþörf |
| | Skutlukeppni |
| | Blóðsykursmælingar |
| | Handhreinsun |
| | Þjálfun í heimlich, hjartahnoði og endurlífgun |
| 13–14 | Stökkmælingar |

*Kynning frá kl. 12–16 á öllu námi Félagsvísindasviðs, Menntavísindasviðs og Heilbrigðisvísindasviðs.*

| ASKJA | |
|---|---|
| 12–16 | Jarðskjálftamælir og jarðskjálftaborð |
| | Hvalahljóð úr undirdjúpunum |
| | Rafknúinn kappakstursbíll Team Spark |
| | Umhverfis heiminn á höndunum |
| | Sævar Helgi leiðir gesti um himinhvolfið |
| 12:20 | Stjörnuverið |
| 12:40 | Stjörnuverið |
| 13:00 | Stjörnuverið |
| 13:30 | Stjörnuverið |
| 14:20 | Stjörnuverið |
| 14:40 | Stjörnuverið |
| 15:00 | Stjörnuverið |
| 15:20 | Stjörnuverið |

*Kynning frá kl. 12–16 á öllu námi Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.*

| VERÖLD | |
|---|---|
| 12–16 | Ljóðagjörningur |
| 12:20 | Örnámskeið í rússnesku |
| 12:40 | Ljóðalestur á ensku |
| 13:00 | Háskólakórinn |
| 13:10 | Örnámskeið í þýsku (30 mínútur) |
| 14:00 | 1001 nótt á arabísku |
| 14:20 | Kínverskur dreki |
| 14:40 | Ljóðalestur á ensku |
| 15:00 | Ju Jitsu – elsta bardagalist Japans |
| 15:30 | Karabískir dansar |

*Kynning frá kl. 12–16 á öllu námi Hugvísindasviðs.*

| HÁSKÓLABÍÓ | |
|---|---|
| 12:40 | Vísindabíó |
| 13:30 | Spunaverk á skólahljóðfæri |
| 13:50 | Háskóladansinn |
| 14:00 | Sprengjugengið |
| 14:40 | Vísindabíó |

*Vísindasmiðjan er opin kl. 12–16.*

Ertu með spurningar um námið við Háskóla Íslands?
Sendu þær á **#haskolasnappid**

**Fríar strætóferðir milli HÍ, HR og LHÍ**

**Kynntu þér námsframboð og samstarf opinberu háskólanna**
Háskólinn á Akureyri
Háskóli Íslands
Hólaskóli – háskólinn á Hólum
Landbúnaðarháskóli Íslands

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

HÁSKÓLI ÍSLANDS



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Helga Ívarsdóttir**
Hátúni 8,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli 22. febrúar. Útför hennar fer fram í Langholtskirkju þriðjudaginn 6. mars nk. kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á SKB, Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

**Guðrún Stefanía Guðjónsdóttir — Sigurður V. Gunnarsson**
**Sólrún Ása Guðjónsdóttir — Rúnar Friðgeirsson**
**Vignir Guðjónsson — Guðný Atladóttir Hraunfjörð**
**Guðjón Guðjónsson — Margrét Grétarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

FALLEGIR LEGSTEINAR



Afsláttur
til 15. mars
af öllum legsteinum

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

*Nærgætni, hlýja og virðing — Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

Ísleifur Jónsson — Útfararstjóri — Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir — Útfararþjónusta — Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi — SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


Kristín Ingólfsdóttir


Sverrir Einarsson


Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahrauni 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is



„Þetta eru allt verk sem eru þrungin miklum tilfinningum," segir Ágústa um efni tónleikanna í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Upphitun fyrir kvöldið

**Tímamót í tjaldkirkjunni er yfirskrift tónleika í Breiðholtskirkju síðdegis í dag í tilefni þess að hún á þrjátíu ára vígsluafmæli á árinu og kórinn verður fjörutíu og fimm ára.**

Það er söngkonuhljómur í rödd Ágústu Sigrúnar Ágústsdóttur þegar hún svarar símanum enda er hún félagi í kór Breiðholtskirkju. Svo er hún líka formaður kórsins og hennar hlutverk er að halda fólki við efnið. Yfirleitt segir hún vel mætt á æfingar. „Reyndar setti flensan rosalegt strik í reikninginn í vetur, það var bara eins og kórinn væri tannlaus á tímabili, en nú eru allir að verða hressir," segir hún.

Það er líka eins gott því nú á að halda veglega tónleika klukkan 17 í dag til að fagna tvennum tímamótum, þrjátíu ára vígsluafmæli kirkjunnar og fjörutíu og fimm ára afmæli kórsins. Í efnisskrá tónleikanna er nokkrum trúarlegum verkum Jóns Leifs fléttað inn í hina frægu sálumessu eftir Gabriel Fauré. „Þetta eru allt verk sem eru þrungin miklum tilfinningum," upplýsir Ágústa.

Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson tónskáld samdi lag fyrir kórinn fyrir fjörutíu ára afmælið, Rennur upp um nótt, nefnist það. Nú segir Ágústa unnið að útgáfu á því. Höfundurinn syngur með kórnum, Ágústa segir hann einn af máttarstólpunum í bassanum. „Við erum rík af tónskáldum því auk Hróðmars Inga eru þrír félaganna í tónsmíðanámi." Fjöldinn í kórnum er í kringum tuttugu og fimm að hennar sögn. „Svo erum við með stúlknakór til að syngja með í einu verkinu, undir stjórn Sigrúnar Þorgeirsdóttur. Þar var hóað saman dætrum og frænkum kórfélaga, svo hann er nokkurs konar afurð," segir Ágústa glaðlega.

Einsöngvarar á tónleikunum eru Ágúst Ólafsson, Marta Guðrún Halldórsdóttir og Ásta Sigríður Arnardóttir og hljóðfæraleikarar eru Elísabet Waage á hörpu og Steingrímur Þórhallsson á orgel. Kórstjóri er Örn Magnússon.

Breiðholtskirkja er eitt af kennileitum Bakkanna neðst í holtinu. „Ég segi stundum að hún sé eins og félagsheimilið í myndinni Með allt á hreinu, hún er miklu stærri að innan en að utan, því það er svo góður salur í kjallaranum," segir Ágústa. „En fækkað hefur í söfnuðinum með árunum enda hefur margt fólk í öðrum trúfélögum hreiðrað um sig í Bökkunum."

Tónleikana ber upp á sama dag og Söngvakeppni Sjónvarpsins. Ekki telur Ágústa þá viðburði þó stangast á, heldur þvert á móti. „Tónleikarnir eru ágæt upphitun fyrir kvöldið og ef fólk jafnar út áhrifin af þeim og keppninni held ég að gott jafnvægi skapist í sálinni."

**gun@frettabladid.is**



Okkar ástkæri

**Salómon Gunnlaugur Gústaf Kristjánsson**
Erluhrauni 9, Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeildinni í Kópavogi 26. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 7. mars kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim er vildu minnast hans er bent á Ljósið og Krabbameinsfélagið.

**Ingibjörg Kjartansdóttir**
**G. Margrét Salómonsdóttir — Júlíus Jóhannesson**
**Hulda S. Salómonsdóttir — Steingrímur Ólason**
**Kjartan F. Salómonsson — Kolbrún K.B. Alexandersdóttir**
**og barnabörn og langafabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðfinna Snæbjörnsdóttir**
fv. ellimálafulltrúi,
Löngulínu 2, Garðabæ,

lést að Hrafnistu í Hafnarfirði að morgni 28. febrúar sl. Jarðarförin fer fram frá Vídalínskirkju þann 9. mars kl. 15.00.

**Snæbjörn Tr. Össurarson — María H. Baldursdóttir**
**Guðrún H. Össurardóttir — Brynjólfur Steingrímsson**
**Bjarni S. Össurarson — Britt Augustson**
**Birgir Össurarson**
**Ómar Össurarson — Steinunn Geirsdóttir**
**Hulda S. Össurardóttir — Markús Jóhannesson**
**Margrét Össurardóttir — Albert Þórðarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Fréttablaðið.is ætlar að bjóða fjölskyldu í drauma sumarleyfi þar sem allt er innifalið.
Flug, gisting, matur og drykkur svokallað „all-inclusive“.
Smelltu þér núna inn á Fréttablaðið.is/nyskraning skráðu þig í leikinn og freistaðu gæfunnar.
ALLT INNIFALIÐ!
ÖLL FJÖLSKYLDAN SAMAN
Vinningsfjölskyldan getur m.a. valið:
1. Tenerife
2. Almeria
3. Benidorm
4. Sett saman eigin draumaferð
Verðmæti allt að
800.000 kr.
Góða ferð!
inná frettabladid.is
- Skráning stendur til og með 7. mars -

# Merkisatburðir

**1882** Landshöfðingi tilkynnir um stofnun sameiginlegrar geymslu fyrir skjalasöfn æðstu embætta. Þar með er lagður grunnur að Þjóðskjalasafni Íslands.

**1938** Olía finnst í Sádi-Arabíu.

**1955** Elvis Presley kemur fram í sjónvarpi í fyrsta sinn.

**1969** Tveggja daga hungurvaka hefst í Menntaskólanum í Reykjavík til að vekja athygli á hungri í heiminum.

**1974** Surtsey er lýst friðland og Surtseyjarfélaginu falin umsjón með eyjunni og vísindarannsóknum þar.

**1984** Hundahald er leyft í Reykjavík, að uppfylltum ströngum skilyrðum. Það hafði verið bannað 1. september 1971.

ÞETTA GERÐIST: 3. MARS 1984

# Atómstöðin var frumsýnd

Íslenska kvikmyndin Atómstöðin var frumsýnd þennan mánaðardag árið 1984 í leikstjórn Þorsteins Jónssonar. Hún er byggð á samnefndri skáldsögu Halldórs Kiljans Laxness og sú fyrsta sem Íslendingar gerðu upp á eigin spýtur eftir bókum hans. Hún var líka dýrasta kvikmynd sem Íslendingar höfðu gert til þess tíma, kostaði fjórtán milljónir króna.

Atómstöðin fjallar um líf sveitastúlkunnar Uglu sem kemur til borgarinnar og ræðst sem þjónustustúlka til þingmannsins og heildsalans Búa Árland og hans borgaralegu fjölskyldu.

Með hlutverk Uglu í myndinni fer Tinna Gunnlaugsdóttir og Búa Árland leikur Arnar Jónsson.

Nóbelsskáldið var ánægt með myndina eftir frumsýningu og sagði fólkið sem að henni stóð vera feikilega flinkt. Hins vegar taldi hann söguna bara ekki nógu góða hjá sér enda hefði hann rubbað henni af á svipstundu.



**Tinna Gunnlaugsdóttir og Gunnar Eyjólfsson léku aðalhlutverk í Atómstöðinnni sem frumsýnd var 1984.**

---



†

Elsku mamma, tengdamamma, amma og langamma,

**Ingunn Sighvatsdóttir**

frá Túnprýði, Stokkseyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Ási, Hveragerði, miðvikudaginn 21. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegt þakklæti sendum við starfsfólki á hjúkrunarheimilunum Kumbaravogi, Stokkseyri og Ási, Hveragerði.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**G. Erna Halldórsdóttir**

frá Hlíðarendakoti í Fljótshlíð, síðast til heimilis að Seftjörn 9, Selfossi,

varð bráðkvödd á heimili sínu 25. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Selfosskirkju þriðjudaginn 6. mars klukkan 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda, Viðar Zóphóníasson**

---



†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Kristínar Kristvarðsdóttur**

Sérstakar þakkir fyrir alúð og umhyggju fær starfsfólk á Hrafnistu í Hafnarfirði.

**Agnar Erlingsson — Elín Erlingsson**
**Þorkell Erlingsson — Margrét Hrefna Sæmundsd.**
**Ólafur Erlingsson — Anna Arnbjarnardóttir**
**Kristinn Ágúst Erlingsson — Sølvi Aasgaard**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elsku bróðir okkar, mágur og frændi,

**Þorbjörn Garibaldason**

þjónn frá Ísafirði,

er látinn.

Útförin hefur farið fram. Þökkum sýndan hlýhug.

**Áslaug Garibaldadóttir — Stefán Benediktsson**
**Einar Garibaldason — Karin Johansson**
**og frændsystkini.**

---



†

Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,

**Ásgeir Tómasson**

frá Reynifelli, Rangárvöllum, síðast til heimilis að Kollabæ í Fljótshlíð,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 23. febrúar. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 5. mars kl. 13.00.

**Fanney Tómasdóttir**
**Trausti Tómasson**
**Unnur Tómasdóttir — Karl Reynir Guðfinnsson**
**Birgir Tómasson**
**og systkinabörn.**

---



†

Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma okkar,

**Sigríður Kristín Magnúsdóttir**

lést á Borgarspítalanum 10. febrúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Eyrún Olsen Jensdóttir — Hjörtur Þórarinsson**
**Ásberg Ástþórsson**
**Auðunn Ástþórsson**

---



†

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Inga Dagmar Karlsdóttir**

Lönguhlíð 3, Reykjavík,

lést sunnudaginn 25. febrúar á Landspítalanum við Hringbraut. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 12. mars kl. 13.00.

**Helga Karitas Nikulásdóttir**
**Einar Nikulásson**
**Karl Kristján Nikulásson — Sólrún Valdimarsdóttir**
**Þuríður Ingunn Nikulásdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Hjartkær móðir okkar og amma,

**Ólöf Pálsdóttir**

myndhöggvari,

lést miðvikudaginn 21. febrúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 5. mars kl. 15.00.

**Hildur Helga Sigurðardóttir, Ólafur Páll Sigurðsson, Óðinn Páll Ríkarðsson**

---



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kár Óskar Guðmundsson**

frá Flekkuvík á Vatnsleysuströnd,

lést í Perth í Ástralíu þann 27. febrúar 2018. Útför hans fer fram þriðjudaginn 6. mars í Perth.

**Júlía Einarsdóttir**
**Kristinn Kársson**
**Súsan Freydís Kársdóttir**
**Signý Kársdóttir**
**Helga Björg Kársdóttir**
**Benedikt Jóhannes Kársson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær unnusti minn, faðir, sonur, bróðir og mágur,

**Heimir Klemenzson**

frá Dýrastöðum,

er lést 20. febrúar, verður jarðsunginn frá Reykholtskirkju laugardaginn 3. mars kl. 13.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning 0309-13-110278, kt. 041088-3629.

**Iðunn Hauksdóttir**
**Ingibjörg Heimisdóttir**
**Ragnheiður Steinunn Hjörleifsdóttir**
**Hlynur Klemenzson — Anja Mager**
**Jónmundur Rúnar Ingibjartsson**

---



†

Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Bjarni Jón Gottskálksson**

bifreiðastjóri, Gaukshólum 2,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Reykjavík 28. febrúar síðastliðinn. Útförin verður auglýst síðar.

**Ragnar Bjarnason**
**Gottskálk Jón Bjarnason — Arndís Anna Hervinsdóttir**
**Heiða Kristín Þ. Bjarnadóttir — Helgi Magnússon**
**Hinrik Daníel Bjarnason — Kristín Harðardóttir**
**Jón Erlendsson — Anna Ólöf Bjarnadóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

**Erla Dürr**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli 27. febrúar, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 9. mars kl. 13.00.

**Magnús H. Guðjónsson — Ása V. Einarsdóttir**
**Páll R. Guðjónsson — Sigurlaug Val Sigvaldadóttir**
**Kristinn Guðjónsson — Marianne E. Klinke**
**Hjördís Dürr**
**Anna Sigríður Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð við andlát og útför okkar ástkæra

**Jóns Þorbergs Eggertssonar**

fyrrverandi skólastjóra.

**Ólafur Ólafsson — Alda Konráðsdóttir**
**Svala Haukdal Jónsdóttir — Kjartan Oddur Þorbergsson**
**Þórdís Elva Jónsdóttir — Hafsteinn Ágústsson**
**Guðríður Erna Jónsdóttir — Ólafur Ágúst Gíslason**
**Jórunn Linda Jónsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



†

Þökkum auðsýnda samúð vináttu og hlýhug við fráfall

**Kristínar Marsibil Aðalbjörnsdóttur**

Sérstakt þakklæti fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar.

**Aðstandendur**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Björgvin Vilmundsson**

Staðarhrauni 23, Grindavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 24. febrúar. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju miðvikudaginn 7. mars, kl. 14. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Alzheimersamtökin.

**Sigríður Þ. Þórðardóttir**
**Ingibjörg Marín Björgvinsdóttir — Jón Fanndal Bjarnþórss.**
**Björgvin Björgvinsson**
**og barnabörn.**

TILBOÐIN GILDA 3. OG 4. MARS.

# HELGAR TILBOÐ



## VIVOBOOK Á 30.000 KRÓNA AFSLÆTTI Í 48 TÍMA !

ASU-S410UAEB108T

ÖFLUG, GLÆSILEG OG FISLÉTT. ASUS VIVOBOOK ER 14" FARTÖLVA MEÐ ÖRÞUNNUM SKJÁRAMMA. INTEL i3 ÖRGJÖRVI, SSD DISKUR, 8GB VINNSLUMINNI OG BAKLÝST LYKLABORÐ. ÓTRÚLEG KAUP.

-25%

**89.995**

VERÐ ÁÐUR 119.995



-20%

**11.995**

VERÐ ÁÐUR 14.995

## 2TB TOSHIBA FLAKKARI SEM PASSAR Í VASA

TOS-HDTB320EK3CA

TRAUSTUR TOSHIBA CANVIO FLAKKARI SEM ÞARF EKKI STRAUMBREYTI HELDUR TEKUR STRAUM Í GEGNUM USB TENGIÐ. USB3.0 HÁHRAÐAFLUTNINGUR. NETTUR OG MEÐFÆRILEGUR.



-33%

**7.995**

VERÐ ÁÐUR 11.995

## ÞRÁÐLAUS PRENTARI SEM SKANNAR OG LJÓSRITAR

EPS-XP342

ÓTRÚLEGT HELGARTILBOÐ Á ÞESSUM VINSÆLA HEIMILISPRENTARA SEM PRENTAR, LJÓSRITAR OG SKANNAR. EINFALDUR OG ÞÆGILEGUR Í NOTKUN.



-30%

**13.995**

VERÐ ÁÐUR 19.995

## STEELSERIES ARCTIS 5 LEIKJAHEYRNARTÓL

STE-61443

BRJÁLAÐ HELGARTILBOÐ Á LEIKJAHEYRNARTÓLUM FRÁ STEELSERIES. SÉRSTAKLEGA ÞÆGILEG OG SÉRHÖNNUÐ FYRIR LEIKJASPILUN MEÐ GÓÐUM HLJÓÐNEMA, DOLBY 7.1 SURROUND OG LED LÝSINGU.

**OPIÐ Á LAUGARDAG OG SUNNUDAG**
**Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI !**

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | REYKJANESBÆR | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRTORG | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR




Lausnarorð síðustu viku var

**STÓRMARKAÐUR**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| M | O | R | G | U | N | S | K | Í | M | A | | G | | S | | Ú | | E | |
| A | | Æ | | M | | L | | T | | M | A | R | Í | U | S | T | A | K | K |
| R | O | K | K | S | T | J | A | R | N | A | | Á | | M | | B | | R | |
| Í | | T | | A | | Ó | | O | | B | O | L | L | A | S | Ú | P | U | M |
| U | T | A | N | M | Á | L | I | Ð | | A | | E | | R | | N | | N | |
| E | | R | | I | | E | | S | E | N | D | I | S | V | E | I | N | U | M |
| R | Æ | L | I | N | N | I | | L | | N | | T | | Í | | R | Á | M | I |
| L | | E | | N | | K | Ó | A | L | A | B | I | R | N | I | | M | | N |
| U | G | G | S | A | M | A | R | | E | | J | | Ó | | L | E | S | I | N |
| | L | | T | | Ó | | É | | I | Ð | U | F | A | L | L | | M | | I |
| V | E | G | A | N | E | S | T | I | Ð | | G | | R | | S | K | A | N | S |
| | Ð | | Ð | | Y | | T | | U | N | G | H | A | N | A | | N | | T |
| L | I | Ð | V | A | G | N | I | N | N | | U | | N | | K | A | N | K | A |
| | S | | Í | | Ð | | N | | U | M | M | Y | N | D | I | R | | | P |
| U | P | P | S | L | I | T | N | U | M | | | F | | Ö | R | L | Æ | T | I |
| | I | | I | | | J | | M | | H | R | I | N | G | | A | | Í | |
| G | L | E | R | B | L | Á | S | T | U | R | | R | | G | | K | | U | |
| | L | | | O | | S | | A | | A | | F | Ó | L | G | I | N | N | A |
| S | I | G | U | R | K | U | F | L | | U | | Ö | | I | | N | | D | |
| | R | | | G | | M | | A | F | T | U | R | S | T | I | N | G | U | R |

**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist vonandi eitthvað staðgott. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 9. mars næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „3. mars“.




## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Þorsti** eftir **Jo Nesbø** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ari Blöndal Eggertsson, 101 Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

**1** Salla svala á vansælt grey (9)
**11** Spónn æsku minnar endurspeglar það tímabil (12)
**12** Sé hér voka vatnajurt á lygnu (9)
**13** Geymir digra sjóði þótt þú leggir ekkert inn og takir bara út (12)
**14** Sísyndandi deli er sem hávaxin kona (9)
**15** Hér er alltaf rok og því erum við reið en loftum þó út (12)
**16** Veður voru hættuleg sem forynjur (9)
**17** Standa við að merkja lausnir Hg, Fe o.fl. (9)
**19** Blómastúlka vill hæglátan mann (7)
**25** Tel fisk ólyfjanar gleypa orminn skæða (13)
**28** Gef skata og slithólk fyrir eitt æviskeið (8)
**29** Sá sendisveina detta milli brimskafla (9)
**30** Afhöfða drápsmenn sem afhöfða menn? (12)
**31** Bara strípað brauð með kaffinu? (9)
**32** Kasta í hann krónu og bið þess að sviðinn læknist (12)
**34** Vængfjöturinn er vinsælt skart (9)
**38** Varist ofsa vængjaða vargsins þótt lítill sé (12)
**39** Lærðir þú af blöðum hvernig ég verð öryrki? (9)
**40** Að utan kemur afhending og skipan innandyra kemst í lag (10)
**41** Yfirgangi siðaðra framagosa verður að slota (9)

### LÓÐRÉTT

**1** Pottlok sem ná ekki niður að eyrum gera fólk framlágt (9)
**2** Jörð Kalla bónda (9)
**3** Hér segir af þeim sem voru á lista en eru það ekki lengur (9)
**4** Um velunnara vélanna og félagann hans falska (9)
**5** Reisi hús mitt á vatni, segir minn trausti vin (10)
**6** Frá broti að afnámi (10)
**7** Háls er ekki íþrótt sem ég girnist (8)
**8** Stækka buxur og taka aðrar með til vara (8)
**9** Hristi þá Erna skæða öskju (8)
**10** Hélt sig við lærið þrátt fyrir mótspyrnuna (8)
**18** Skipti á fötunum og yfirdekkjunum (9)
**20** Bergmál óttans í eyrum barnsins (7)
**21** Kann krap vel við sig á eyrum útskaga? (7)
**22** Þarf að fiska og kem með allt sem ég fæ fyrir það (12)
**23** Sú þriðja var með það um sig miðja (8)
**24** Fann ég þá brúsk í beitilandi (8)
**25** Fyrst kemur heitið, svo þetta til frekari aðgreiningar (11)
**26** Sjá ekki eftir einni sekúndu (11)
**27** Færi ýsumagana í miðjurnar (7)
**29** Spilli ævintýri með óþarfa upplýsingum (9)
**32** Þrælerfið reim rann niður (6)
**33** Skref munu skiptast í norður og austur (6)
**35** Þessi strokkur er eins og belja (5)
**36** Krækti í þá sem festi á mig orðuna (5)
**37** Bensi lék í Brúðuheimilinu eftir þennan (5)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | | | 3 | | | 8 | 2 |
| | 8 | | 9 | | | | | 7 |
| | | | 5 | | | | | |
| 4 | | 6 | | | 7 | 8 | | 9 |
| | 5 | | 1 | 9 | 3 | | | 4 |
| | 2 | | | | | | | |
| 2 | 3 | | | 4 | 5 | | 1 | |
| | | | | 6 | | | | |
| | 9 | | 8 | | | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | 1 | | 9 | | |
| 8 | 9 | 5 | | | | 4 | | |
| | | | 9 | | | 6 | | 8 |
| 3 | | 9 | 6 | 7 | | 5 | 8 | 1 |
| | | | 3 | 4 | | | | |
| | | | | | | | | |
| 5 | 2 | 8 | | | | 7 | | 4 |
| | | | 4 | 5 | 9 | | 3 | |
| | | | | | | | 5 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | 3 | | | 6 | |
| 3 | | 7 | | | | | | 5 |
| | 5 | | 7 | 8 | | | 2 | |
| 6 | 1 | | | | | | | |
| | | | 1 | 4 | | | | |
| 2 | | 9 | | | | 7 | | |
| | | 3 | | 2 | | | | 4 |
| | | | 3 | | 9 | 5 | | |
| | | 1 | | 7 | 6 | | | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 9 | 7 |
| 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 6 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 2 |
| 9 | 1 | 8 | 2 | 3 | 6 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 7 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 3 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 3 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 1 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 8 |
| 4 | 6 | 3 | 5 | 8 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 8 | 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 5 | 3 |
| 9 | 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 9 | 7 | 5 | 6 | 2 |
| 5 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 5 | 2 | 4 | 3 | 9 |
| 5 | 3 | 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 3 | 8 | 9 | 5 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 5 | 3 | 2 | 6 |
| 7 | 5 | 4 | 8 | 2 | 9 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 2 | 7 | 4 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 4 | 1 | 5 | 9 | 8 |

## Skák

Gunnar Björnsson



Jóhann H. Ragnarsson (TG) átti leik gegn Birki Karli Sigurðssyni (Breiðablik/Bolungarvík) í sjöttu umferð Íslandsmóts skákfélaga í fyrradag.
**Hvítur á leik**
**25. Rh5! Dxc2 26. Rf6+! gxf6 27. gxf6.** Þótt hvítur sé tveimur mönnum undir er svartur varnarlaus. Birkir reyndi **27.… Db1+** en gafst upp eftir **28. Kf2 Dxh1 29. Hxh1 Rh7 30. Hxh7! Kxh7 31. Dh2+.** Mótið klárast í kvöld. Það stefnir í öruggan sigur Víkingaklúbbsins.
**www.skak.is:** Fylgst með Íslandsmóti skákfélaga.

## Bridge

Ísak Örn Sigurðsson

### GÓÐ ALSLEMMA

Mikilvægt er að landslið Íslands í opnum flokki og í „seniora“ (eldri) flokki séu í góðri spilaæfingu fyrir Evrópumótið í sumar (Ostende í Belgíu 9.-16. júní). BSÍ fékk boð um að senda sveit á Lederer-mótið í Lundúnum um síðustu helgi. Bestu spilarar heims eru vanir að mæta þar og því var andstaðan ekki af verra taginu. Íslenska sveitin var skipuð Ómari Olgeirssyni-Ragnari Magnússyni úr opna landsliðinu og Hauki Ingasyni-Þorláki Jónssyni úr eldri flokki. Árangurinn var ekkert til að hrópa húrra fyrir, Ísland endaði í 7. sæti af 10 þjóðum. Sveit Ísraela vann sigur í Lederer-mótinu en sveit Íslands vann sigur 33-17 í innbyrðis viðureign þjóðanna. Ísland græddi vel á þessu spili í leiknum. Ísraelar létu sér nægja að segja 6 lauf á sínu borði í NS en metnaðurinn var meiri hjá Hauki og Þorláki. Austur var gjafari og enginn á hættu:

**Norður**
♠ G10752
♥ K2
♦ 93
♣ ÁK96

**Vestur**
♠ D8
♥ D63
♦ D7652
♣ 1084

**Austur**
♠ 9643
♥ G984
♦ KG104
♣ G

**Suður**
♠ ÁK
♥ Á1075
♦ Á8
♣ D7532

Eftir pass austurs opnaði Þorlákur á sterku laufi (16+) í suður. Haukur svaraði á 1 ♠ í norður. Þá kom 1 grand og 2 ♣ frá norðri. Þorlákur sýndi stuðning sinn með 3 ♣ og 3 ♥ sýndu fyrirstöðu í litnum (K eða Á). Þá komu 4 grönd ásaspurning og svarið var 5 ♥ sem sýndi 2 ása (trompkóngur talinn sem ás) en neitaði drottningunni. Þá valdi Þorlákur 7 ♣ sem varð lokasamningurinn. Hann var auðveldur til vinnings þegar spaðadrottning kom hlýðin önnur. En Þorlákur ætlaði annars að trompsvína spaðanum þegar í ljós kom að vestur átti 3 ♣ og austur 1 (betri leið en að gera ráð fyrir 3-3 legu).

ego dekor

# MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM



CAMILO TUNGUSÓFI
Stærð: 297 x 172cm
Stillanlegir höfuðpúðar
VERÐ: 269.900,-



JERSEY HORNSÓFI
Stærð: 285 x 190cm
Höfuðpúðar seldir sér
VERÐ: 245.000,-



OSCAR LEÐURHORNSÓFI
Stærð: 267 x 220cm
VERÐ: 385.000,-



ERIC SJÓNVARPSSKENKUR
Hnota/Hvítt matt
Breidd: 210cm
VERÐ: 159.900,-



ALEXA STÆKKANLEGT BORÐ
Stærð: 190(230)x90cm
VERÐ: 138.000,-



JERSEY HORNTUNGUSÓFI
Stærð: 316 x 211/165cm
VERÐ: 295.000,-



MONET STÓLL
VERÐ: 19.900,-



JADE LEÐURSTÓLL
VERÐ: 29.900,-



MORRIS STÓLL
VERÐ: 19.700,-



TORINO STÓLL
VERÐ: 16.900,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau: 10.00 - 16.00 Sun: 13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

# KRAKKAR




„Jæja þá, tvær sudoku gátur,“ sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku gátur að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa þær,“ bætti hún við. Konráð horfði á gáturnar. „Allt í lagi,“ sagði hann. „Til er ég.“ Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við þær báðar og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,“ sagði hún. „Allt í lagi,“ sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,“ sagði hún montin.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 1 | | 2 | | | 7 |
| 4 | 7 | 6 | | | 8 | | 9 | |
| | | | | | | | | 5 |
| | | | 6 | | | 9 | 1 | |
| | 2 | | | | | 5 | 4 | 6 |
| | 1 | | | 4 | | | 3 | |
| 7 | 3 | | 2 | | | 8 | | 4 |
| 8 | | | | | 4 | | | |
| 1 | | | | 5 | | 6 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | 2 | | | | | 6 |
| | | | | 1 | | | 8 | |
| 2 | 3 | | | 9 | 8 | | 5 | |
| | | 2 | | | 1 | | | 3 |
| 3 | | 9 | 6 | 5 | | 8 | | |
| 5 | | | | 3 | 4 | | | |
| | 8 | | | 6 | | 2 | | 7 |
| | 5 | | 4 | 2 | | 6 | 3 | |
| | | | 1 | | 7 | 9 | 4 | |

**Heldur þú að þú getir leyst þessar sudoku gátur hraðar en Kata?**



## Listaverkið

Mynd vikunnar er að þessu sinni eftir hann **Baldur Gísla Sigurjónsson.**






**„Mig langar ekki til að vera fræg, ég held að það sé ekki gott,“ segir hún Gríma.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

# Borðaði 20 kartöflur í einu

Hin þrettán ára Gríma Valsdóttir sló rækilega í gegn í kvikmyndinni Svaninum og var nýlega tilnefnd til Edduverðlauna sem leikkona í aðalhlutverki fyrir frammistöðu sína.

**Gríma, hvernig leið þér í tökunum á Svaninum?** Mér leið vel. Það tók um það bil einn mánuð að taka myndina upp. Það var svolítið erfitt en samt mjög skemmtilegt.

**Hvað fékkstu að borða?** Við tókum upp nokkrar matarsenur og við fengum alvöru mat að borða. Ég þurfti til dæmis að borða kartöflu tuttugu sinnum í röð í einu atriðinu.

**Voru vinnudagarnir langir?** Stundum. Suma dagana þurfti ég að vinna fram á kvöld en aðra daga bara til kannski fimm.

**Hafðir þú leikið áður?** Áður en ég lék í Svaninum lék ég í nokkrum leikritum í Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu, til dæmis í Línu Langsokk og Óvitum. Ég hafði líka leikið í Sjónvarpinu, til dæmis í Jólaþætti í Stundinni okkar og í Prins Póló auglýsingu.

**Eru einhver leikverkefni fram undan?** Ég lék síðast í Bláa hnettinum í Borgarleikhúsinu sem hætti nýlega í sýningu og um leið og það kemur nýtt tækifæri í leikhúsunum langar mig að fara í prufu.

> **ÁÐUR EN ÉG LÉK Í SVANINUM LÉK ÉG Í NOKKRUM LEIKRITUM Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU OG BORGARLEIKHÚSINU, TIL DÆMIS Í LÍNU LANGSOKK OG ÓVITUM.**

**Hvernig er að verða orðin fræg?** Mér líður ekki eins og ég sé fræg. Mig langar ekki til að vera fræg, ég held að það sé ekki gott.

**Hvaða námsgrein í skólanum finnst þér skemmtilegust?** Ég er mikill dundari og þess vegna finnst mér gaman í smíði og svo er smíðakennarinn minn líka frábær.

**Hvaða tónlistarmaður/kona er í uppáhaldi?** Rihanna og Beyoncé. Ég fór á tónleika með Beyoncé í London og það var mjög gaman.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?** Mig langar að fara í leiklistarnám og verða leikkona.

# EUROVISION PARTÝIÐ BYRJAR Í ICELAND

ICELAND 12 MOZZARELLA STICKS
399KR
VERÐ ÁÐUR 499

ICELAND 16 JUMBO TEMPURA PRAWNS
599KR
VERÐ ÁÐUR 799

ICELAND 14 STICKY CHICKEN SKEWERS WITH SESAME SEEDS
1.199KR
VERÐ ÁÐUR 1.349

ICELAND 100 INDIAN PLATTER
999KR
VERÐ ÁÐUR 1.299

ICELAND MINI DEEP DISH PIZZAS
599KR
VERÐ ÁÐUR 799

NÓA MEGA KROPP 200G
399KR
VERÐ ÁÐUR 549

NÓA KROPP M.PIPARDUFTI 180G
399KR
VERÐ ÁÐUR 529

STJÖRNUPOPP 90–100 G 2 TEG
169KR
VERÐ ÁÐUR 229

LAY'S 175 G - 6 TEGUNDIR
199KR
VERÐ ÁÐUR 249

FREYJU DRAUMUR 50GR
99KR
VERÐ ÁÐUR 229

PEPSI OG PEPSI MAX 2L
199KR
VERÐ ÁÐUR 299

Tilboðin gilda út sunnudaginn 4. mars eða á meðan birgðir endast.

50%
AFSLÁTTUR Í NAMMILANDI
FÖSTUDAG, LAUGARDAG OG SUNNUDAG

OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

ENGIHJALLI – VESTURBERG – ARNARBAKKI – GLÆSIBÆR – STAÐARBERG – HAFNARGATA – KAUPANGUR

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Áframhaldandi norðaustanátt með éljum á norðan- og austanverðu landinu en bjart og fallegt veður sunnan jökla og á vestanverðu landinu. Kalt í veðri, og jafnvel harðnandi frost í kvöld.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. -1° | Oslo -5° | Stokkhólmur -6° | Gautaborg -2° | Helsinki -8° | Þórshöfn 2° | Nuuk -7° |
| London 4° | Amsterdam 5° | París 5° | Berlín -2° | Madríd 10° | Brussel 9° | Róm 12° |
| Boston 4° | New York 3° | Orlando 11° | Moskva -9° | Singapúr 27° | Tókýó 7° | Sydney 22° |

## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -1° ↙10 | -2° ↙11 | -0° ↙9 | 0° ↙10 | -2° ↙8 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -5° ↙8 | -6° ↙12 | -5° ↙14 | -5° ↙9 | -6° ←3 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -5° ↙5 | -7° →2 | -3° ↙9 | -4° ↓4 | -5° ↓4 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -5° ↓10 | -7° ↘7 | -3° ↓10 | -3° ↓11 | -5° ↘7 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -2° ↙5 | -2° ↙7 | -1° ↙9 | -1° ↓4 | -2° ↙7 |


# AÐALFUNDUR

Aðalfundur Ferðafélagsins Útivistar verður haldinn fimmtudaginn 22. mars 2018 kl. 20.

Fundurinn verður haldinn í sal Ferðaklúbbsins 4x4 að Síðumúla 31.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf. Lagabreytingar.

Ferðafélagið Útivist

ÚTIVIST

Laugavegi 178 • Sími 562 1000 • www.utivist.is

HITACHI SKJÁVARPAR Í MIKLU ÚRVALI





OG BÚNAÐUR SEM LÆTUR ÞIG LÍTA VEL ÚT Á FUNDUM

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á EXTON.IS

EXTON Ljós - Hljóð - Mynd


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# FERMINGAR & FJÖR!









**Kubbaklukka**
Verð: 8.199.-

**Skartgripatré**
Verð: 7.999.-

**Þrívíddar LED lampar**
Verð: 14.999.-




**Tuðra Week, 66 eða 73 cm**
**VILDARVERÐ: 8.749.-**
Verð: 12.499.-










**Tuðra á hjólum**
**VILDARVERÐ: 13.299.-**
Verð: 18.999.-

**Gestabók munstruð**
**VILDARVERÐ: 4.549.-**
Verð: 6.499.-

**LED lampi - Geimfari**
**VILDARVERÐ: 9.099.-**
Verð: 12.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 5. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.


KRÓNAN
Gestus pönnukökumix
199 kr. pk.
AMERIKANSKE PANDEKAGER
LÆKRE & BLØDE
Gestus músli, 750 g
249 kr. pk.
CHOKO MYSLI
MORGENMAD
750 g
GRÆSK YOGHURT
10%
Jarðarber Driscolls 454 g
799 kr. pk.
Ódýrt
Gestus grísk jógúrt, 1 l
699 kr. stk.
Gæðabakstur Crossant
109 kr. stk.
LÚXUS BRÖNS
FYRIR 4
ALLT ÞETTA UNDIR 1000 KR. Á MANN
*Heildarverð 3905 kr. Miðað við 400 g pakka af beikoni
RAUCH
happy day
Orange Mango
Vitamin C
Happy Day mangó og appelsínu safi
199 kr. stk.
Krónu beikon
1719 kr. kg
KRÓNAN
BACON
Gul melóna
199 kr. kg
BAKED BEANS i tomatsauce
Stjörnu egg, 6 stk.
369 kr. pk.
Gestus bakaðar baunir
69 kr. stk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 5. mars. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.


KRÓNAN
VERIÐ VELKOMIN
Kjötkompaní
Kjötkompaní
LAMB
í ömmusósu
Kjötkompaní
KJÚKLINGUR
í hnetusósu
Kjötkompaní
NAUTA OSSO BUCO
Kjötkompaní tilbúnir réttir, 1 kg, fyrir 4
3990 kr. stk.
-25%
2999 kr. kg
Ungnauta steikur sérmeyrnað, Írland
Verð áður 3999 kr. kg
Kjötkompaní
HAKK BOLLUR
í teriyakisósu
Kjötkompaní
HAKK BOLLUR
í tómat&basil
Kjötkompaní hakk bollur, 1 kg, fyrir 4
2990 kr. stk.
Krónan mælir með!
-20%
Kjötkompaní
NAUTA HAKK BOLOGNAISE
Kjötkompaní Bolognaise, 750 g, fyrir 4
1990 kr. stk.
3999 kr. kg
Lambafile með fituönd
Verð áður 4999 kr. kg
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 5. mars. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# Fjarvera samkenndar og hvernig hún birtist í lífinu

**Kvikmyndin Loveless er á sigurför um heiminn. Leikstjórinn Andrey Zvyagintsev er lærður leikari og starfaði lengi sem slíkur og hann segir að hann geti ekki séð fyrir sér framtíð án sköpunar og lista.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Kvikmyndin Loveless eftir rússneska leikstjórann Andrey Zvyagintsev er á meðal fjölmargra spennandi kvikmynda sem verðar sýndar á Stockfish-kvikmyndahátíðinni sem hófst í gær og stendur fram til 11. mars í Bíói Paradís. Loveless hefur hlotið mikið lof víða um heim og þykir jafnvel líkleg til að vinna til Óskarsverðlauna en aðspurður virðist leikstjórinn Andrey Zvyagintsev ekki vera með hugann við þessa upphefð. Fyrir honum er þetta fyrst og síðast spurning um að halda áfram að skapa list. „Það gleður mig þegar vel gengur en núna er hugurinn samt allur við handritsgerð fyrir mína næstu mynd. Mér líður eins og ég blómstri í því sem ég er að gera og ég get ekki séð fyrir mér framtíð án listar, sköpunar og kvikmyndagerðar. Þetta er líf mitt.“

Leikstjórnarferill Andrey Zvyagintsev er í raun ekki ýkja langur. Hann er fæddur árið 1962 og útskrifaðist sem leikari frá leiklistarskólanum í Novosibirsk aðeins tvítugur að aldri og fluttist til Moskvu nokkru síðar þar sem hann starfaði sem leikari án þess að ferill hans næði miklum hæðum. Árið 2000 tók Zvyagintsev svo að sér að leikstýra þremur þáttum í vinsælli sjónvarpsþáttaseríu. Það reyndist eiga einstaklega vel við hann og eftir það sneri hann sér alfarið að leikstjórninni. Hann leikstýrði sinni fyrstu mynd í fullri lengd þremur árum síðar og hans þekktasta mynd til þessa, Leviathan, var árið 2014 tilnefnd til Óskarsverðlauna.



Andrey Zvyagintsev, leikstjóri Loveless, segist gera kröfu um nánd í verkum sínum og að slíkt kalli á að gefa sér tíma.

## Krafa um nánd

Andrey Zvyagintsev segir að bakgrunnur hans sem leikara eigi mikinn þátt í að móta hvernig hann vinnur sem leikstjóri og að í því felist kannski einhver sérstaða og þar með velgengni. „Ég veit ekki hvort það er hægt að segja að myndirnar mínar séu leikaramyndir en ég vona að leikararnir séu sannfærandi og að fólk treysti þeim – trúi á það sem þeir eru að gera. Ég veit hvernig leikarar vinna og ég þekki það sem þeir eru að glíma við. Ég man vel hvernig það var að að koma í prufur, standa fyrir framan myndavélina og finna að leikstjórinn hefur ekki minnsta skilning á því sem maður er að gera og það getur verið erfitt. Ágætt dæmi um þetta er rússneskur leikstjóri frá sjöunda áratugnum sem var spurður að því hvernig hann ynni með leikurum. Svarið var einfalt: Ég vinn ekki með þeim, ég borga þeim peninga.

Þetta er auðvitað óraveg frá allri skynsemi því ef maður nálgast leikara út frá því að hjálpa honum eða henni til þess að skapa persónu, þá skilar það árangri. Þar kemur mín reynsla sér vel og fyrir hana er ég þakklátur og fyrir vikið sé ég auðvitað ekki eftir þeim árum í lífinu sem ég varði sem leikari.“

Það er sitthvað við kvikmyndina Loveless sem ber þessu gott vitni. Senurnar fá að lifa lengi og leikararnir fá gott rými til að mynda tengsl við áhorfendur. Andrey Zvyagintsev tekur undir þetta og segist elska þessa nánd hvort sem verið er að skoða leikara í ramma eða landslag og þá líka borgarlandslag. „Nánd gerir kröfu til þess að maður gefi sér tíma. Leyfi senum að anda. Í kvikmynd er sagan ekki einvörðungu sögð með samtölum heldur þarf meira til. Það þarf að hugsa um heildina og hleypa áhorfendum inn í þessa veröld. Leyfa þeim að dvelja þar um stund og mynda tengsl við það sem þar á sér stað.“

## Fjarvera samkenndar

Loveless segir sögu óhamingjusamra hjóna sem hafa tekið ákvörðun um að þau verði að skilja. Eiginkonan er í sambandi með öðrum manni en eiginmaðurinn er meira hikandi þar sem skilnaður getur kostað hann gott starf hjá íhaldssömu fyrirtæki. Saman eiga þau einn son sem verður vitni að rifrildi þeirra á milli og hverfur daginn eftir. Foreldrarnir fá litla hjálp frá lögreglunni og leita því til sjálfboðaliðasveitar sem sérhæfir sig í að finna týnd börn. Þó svo grunnsagan sé einföld þá er Loveless gríðarlega áhrifarík mynd sem ýtir við áhorfendum á mörgum plönum.

*En skyldi það hafa verið eitthvað ákveðið sem varð til þess að Andrey Zvyagintsev ákvað að segja þessa tilteknu sögu?* „Nei, í rauninni ekki. Þetta er ekki sönn saga en þetta eru engu að síður raunverulegar aðstæður. Barn hverfur í rússneskri borg og það er litla hjálp að fá frá lögreglunni. Eina hjálpin er í þessum samtökum sem eru raunveruleg og reyna að hjálpa þeim að finna drenginn.“

*Er þetta þá spurning um kerfið annars vegar og manneskjur hins vegar?* „Já, í Loveless er það tilfellið að einhverju leyti enda er Rússland í miklum umbrotum. Það eitt að þessar aðstæður eru raunverulegar þó svo sagan sé skálduð segir okkur eitthvað. En það er ekkert nýtt að við Rússar séum að takast á við kerfið í okkar skáldskap – takast á við valdið með einum eða öðrum hætti. Í Loveless eru fleiri slík minni á borð við einsemdina í stórborginni.“



Maryana Spivak og Matvey Novikov í hlutverkum móður og sonar í Loveless.

Zvyagintsev leggur þó einnig áherslu á að þetta sé ekki pólitísk kvikmynd í þeim skilningi heldur fjalli hún mun fremur um manneskjuna sem slíka. „Þetta er kvikmynd um samkennd eða kannski öllu heldur skort á henni. Þessi skortur eða jafnvel algjöra fjarvera á samkennd er eitt elsta einkenni mannlegs eðlis. Hann birtist með ýmsum hætti í lífinu og nær líka inn í stjórnmálin og kemur þar fram í viðhorfum valdsins til mannslífa.“

## Skellum skuldinni

Í Loveless birtist samfélag sem er um margt svipað því sem við þekkjum á Vesturlöndum þar sem samfélagsmiðlar eru nánast þungamiðjan í lífi fólks. Á sama tíma sjáum við einnig nánast dystopískt vald afturhaldssamra stórfyrirtækja sem virðast hafa tögl og hagldir í lífi starfsmanna sinna. Andrey Zvyagintsev segir Loveless endurspegla rússneskan veruleika og hvað varðar samfélagsmiðla og annað sem fólk þekkir vel þá sé það normið.

„En hvað varðar aðstæður eiginmannsins í sínu starfi þá er það vissulega undantekning frá reglunni en engu að síður byggt á ákveðnum veruleika þó hann sé ekki lýsandi fyrir rússneskt samfélag. Þessi veruleiki er sóttur í þekktan vinnuveitanda í litlum bæ rétt utan við Moskvu sem varð frægur fyrir að skikka alla sína starfsmenn til þess að vera kvæntir og það þurftu allir að hafa gengið í hjónaband í kirkju. Ef starfsfólkið vildi ekki hlíta þessu þá beið bara eftir því uppsagnarbréf.

Þetta var auðvitað galið og það var mikið grín gert að honum í fjölmiðlum. En ég nýti þessa sögu og þessa hugmynd til þess að sýna breytingarnar í samfélaginu og ótta föðurins við valdið en það er eitthvað sem er óneitanlega sterkt í Rússum.“

Zvyagintsev bendir á að það séu fleiri slík atriði innan sögunnar sem þjóni þeim tilgangi að skerpa á ákveðnum hugmyndum og eiginleikum sem eru ríkjandi innan samfélagsins. Ágætt dæmi sé ömurlegt samband móðurinnar við sína eigin móður sem virðist ekki vilja hafa neitt með hana að gera eða þær hvor aðra. „Það sem við erum og það sem við gerum er oft eins konar endurómur af okkar eigin æsku. Það er líka svo auðvelt að skella skuldinni á foreldra sína og segja: Ég er eins og ég er út af foreldrum mínum og hvernig þau lifðu sínu lífi. En það er óábyrgt. Við verðum sjálf að taka ábyrgð á okkar eigin lífi. Eigum ekkert með að skella skuldinni af okkar eigin mistökum á aðra. Fullorðið fólk á ekkert með að skella skuldinni á foreldra sína fremur en að samfélag geti réttlætt sig með sinni sögu.“

# Ef það þarf meira til að draga þig í bíó þá ættir þú að leita þér læknishjálpar

Kvikmyndahátíðin Stockfish stendur fram til 11. mars en á hátíðinni er lögð áhersla á að sýna eingöngu sérvaldar alþjóðlegar verðlaunamyndir. Kvikmyndir sem er óvíst að ættu greiða leið í kvikmyndahús á Íslandi ef ekki væri á slíka hátíð sem er mikil veisla fyrir kvikmyndanörda og allan almenning.

Það er úr mörgu að velja og þess vegna fékk Fréttablaðið nokkra valinkunna einstaklinga til þess að segja lesendum frá því hvaða myndir þeir ætluðu öruggleg að sjá á hátíðinni og hvers vegna.



**Edda Björgvinsdóttir**, leikkona og nýbakaður Edduverðlaunahafi, segir að hún geti ekki beðið eftir að sjá myndina An Ordinary Man með uppáhalds kvikmyndastjörnunni sinni, Ben Kingsley, og súperstjörnunni Heru Hilmarsdóttur. „Guð minn góður hvað ég myndi borga margar milljónir fyrir að fá að leika á móti Ben! Svo hef ég heyrt að myndin sé þar að auki aldeilis mögnuð og okkar íslenska stjarna sé hreinlega að leika Ben út af tjaldinu," segir Edda og hlær. „Önnur mynd sem ég ætla að sjá er A Fantastic Woman. Ótrúlega áhugaverð saga. Og þriðja myndin er þrillerinn L'atelier eða The Workshop sem virkar mjög spennandi."



**Þóra Karitas**, leikkona og stjórnarmeðlimur í Stockfish, hefur þegar séð An Ordinary Man og að auki séu þrjár myndir á listanum. „Fyrst er það Loveless sem er framlag Rússa til Óskarsins í ár og þykir mjög góð og A Fantastic Woman eftir Sebastian Lelio sem er einnig tilnefnd til Óskarsins. Aðalleikkona myndarinnar, Daniela Vega, er transkona eins og persónan sem hún leikur í myndinni.

En síðast en ekki síst er ég spennt fyrir að sjá nýjustu mynd leikstýrunnar Iram Haq, What Will People Say? Hún byggir myndina á eigin ævi en sem innflytjandi í Noregi og upprunalega frá Pakistan og segist hafa lifað tvöföldu lífi sem unglingur. Pabba hennar fannst hún vera á glapstigum þegar raunin var að hún hagaði sér eins og hver annar skandinavískur unglingur. Hann fann sig knúinn til að siða hana til og minna hana á upprunann og foreldrar hennar gengu svo langt að láta ræna henni og senda í uppeldisbúðir til skyldfólks í Pakistan sem hún hafði aldrei hitt.

Iram Haq mun taka þátt í umræðum norrænna kvenleikstjóra á Stockfish sem verður næstkomandi laugardag klukkan fimm en ég fæ þann heiður að stýra umræðunum og verð því að sjá myndina til að undirbúa mig."



**Unnsteinn Manuel Stefánsson**, tónlistar- og sjónvarpsmaður, er nýbakaður Edduverðlaunahafi, eins og Edda Björgvinsdóttir, sem sjónvarpsmaður ársins og rétt eins og þær Edda og Þóra Karitas ætlar hann að sjá An Ordinary Man. „Hera er náttúrulega frábær leikkona og ég hlakka til að sjá hana leika á móti Ben Kingsley," segir Unnsteinn Manuel.

Hann bætir við að næsta mynd á listanum sé svo Loveless eftir rússneska leikstjórann Andrey Zvyagintsev og ástæðan fyrir valinu virðist vera einföld. „Ég er búinn að sjá stikluna fyrir þessa svo oft í Bíó Paradís að ég verð að sjá hana auk þess sem hún er bara virkilega brútal. Að lokum vil ég nefna að mig langar til þess að sjá The Nothing Factory vegna þess að hún er á portúgölsku. Ég fæddist í Portúgal, en er bara nýbúinn að uppgötva listrænar portúgalskar myndir."



**Bylgja Babýlons** uppistandari er líka búin að negla niður fyrstu þrjár mydirnar og þar er að finna bæði skemmtilegt og forvitnilegt val. Efst á lista hjá Bylgju er japanski vísindatryllirinn Before We Vanish. „Japanskt scifi. Ef það þarf meira til að draga þig í bíó þá ættir þú að leita þér læknishjálpar. Seríuslí. Geimverur."

> **HANN FANN SIG KNÚINN TIL AÐ SIÐA HANA TIL OG MINNA HANA Á UPPRUNANN OG FORELDRAR HENNAR GENGU SVO LANGT AÐ LÁTA RÆNA HENNI OG SENDA Í UPPELDISBÚÐIR TIL SKYLDFÓLKS Í PAKISTAN SEM HÚN HAFÐI ALDREI HITT.**
>
> Þóra Karitas

Listinn hjá Bylgju er skemmtilega fjölbreyttur og næst á dagskrá hjá henni er What Will People Say eftir hina norsk-pakistönsku Iram Haq. „Þegar ég var 19 ára bjó ég í Danmörku og leigði í gettói með þremur tyrkneskum stelpum. Ein vinkona okkar var strangtrúuð búrkukona á virkum dögum en um helgar var hún ekki heima hjá foreldrum sínum og þá fór búrkan af og gerviaugnhárin á. Einn meðleigjandi minn grínaðist einhvern tíma með að hún væri að hætta á að vera send heim. Fyrir íslenska stelpu var þetta smá menningarsjokk. Ég er mega spennt að sjá þessa."

Bylgja bætir við að sig langi einnig til þess að sjá norsku heimildarmyndina The Golden Dawn Girls eftir Håvard Bustnes. „Þetta er mynd sem mig langar að sjá af sömu ástæðu og ég horfi á heimildarmyndir og les bækur og greinar um sértrúarsöfnuði, raðmorðingja og siðblindingja almennt. Það er svo fokking skrýtið að þetta fólk sé til."

– mg




**Aðalfundur**

Aðalfundur Rauða krossins í Reykjavík 2018 verður haldinn fimmtudaginn 8. mars kl. 17 í húsnæði deildarinnar að Efstaleiti 9.

**Á dagskrá verða** venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.

**Þorsteinn Valdimarsson** verkefnastjóri heldur erindi um verkefni deildarinnar í Breiðholti.

**Stjórn Rauða krossins í Reykjavík**

RAUÐI KROSSINN ICELANDIC RED CROSS

# Draugar höfðu áhrif á frumflutning

**TÓNLIST**

★★★☆☆

**Sinfóníutónleikar**

**Verk eftir Schumann, Beethoven og Jónas Tómasson. Sinfóníuhljómsveit Íslands lék undir stjórn Eivinds Aadland. Einleikari: Baiba Skride.**

**Eldborg í Hörpu**
fimmtudaginn 1. mars

Óvanalegt verður að teljast að draugar skipti sér af frumflutningi tónverks. Það ku þó hafa gerst í tilfelli fiðlukonsertsins eftir Schumann. Eða hvað?

Konsertinn var fluttur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Schumann, sem var uppi á árunum 1810-1856, þjáðist af geðhvarfasýki. Ofsjónir hrjáðu hann og sjúkdómurinn ágerðist eftir því sem árin liðu. Á endanum reyndi hann að fremja sjálfsmorð og varði lífi sínu á geðveikrahæli eftir það.

Schumann samdi konsertinn seint á ævinni, fyrir vin sinn fiðlusnillinginn Joseph Joachim. Joachim var ekki hrifinn, taldi konsertinn bera öll merki sjúkleika Schumanns, og lék hann því aldrei opinberlega. Í staðinn kom hann handritinu fyrir á safni með þeim fyrirmælum að ekki mætti flytja konsertinn fyrr en hundrað árum eftir dauða Schumanns, þ.e. árið 1956. Verkið féll svo í gleymskunnar dá.

Víkur þá sögunni til miðilsfundar sem haldinn var árið 1933 í London. Á fundinum voru tvær systur, báðar fiðluleikarar og ættingjar Joachims. Samkvæmt þeim kom sjálfur Schumann „í gegn“ og sagði þeim frá óútgefnu verki eftir sig. Andi Joachims fræddi þær svo um hvar það væri geymt. Var hann í algerri mótsögn við sjálfan sig hérna megin grafar, greinilega búinn að skipta um skoðun þarna á astralplaninu! Systurnar fundu handritið og þá fóru hjólin að snúast. Fjórum árum síðar var konsertinn frumfluttur.

Þessi furðulega saga er því miður hið eina áhugaverða við tónsmíðina. Hún er arfaslök, laglínurnar eru stirðbusalegar og óinnblásnar. Tónlistin í heild er lítið annað en léleg stílæfing.

Einleikari var hin lettneska Baiba Skride, og leikur hennar einkenndist af afar fallegri tónmyndun og tæknilegum yfirburðum. Hljómsveitin spilaði líka glæsilega undir öruggri stjórn Eivinds Aadland. Það dugði þó ekki til að lyfta tónlistinni upp úrládeyðunni.

Á tónleikunum var einnig frumflutt Sinfóníetta II eftir Jónas Tómasson. Það var mögnuð tónsmíð. Fyrst heyrðust stakar, ómstríðar laglínur sem smátt og smátt runnu saman í óræðan, þétt ofinn tónavef. Vefurinn var myrkur en fullur af tjáningu, sagði heila sögu. Það var einhver náttúrustemning í tónlistinni, eins konar þoka og margt sem bjó í henni. Kannski hefði vefurinn mátt njóta sín lengur; verkið var mjög stutt, aðeins fimm mínútur.

Flutningurinn var ekki gallalaus. Óhreinn hornablástur skemmdi töluvert heildarmyndina fyrri hluta tónsmíðarinnar og var það pínlegt á að heyra. Strengjaleikurinn í seinni hlutanum var hins vegar fókuseraður, áferðin var vönduð og nostursamleg.

Um lokaatriði dagskrárinnar þarf ekki að hafa mörg orð. Þetta var Örlagasinfónía Beethovens, sú fimmta. Hún er lýsandi fyrir innri átök tónskáldsins, sem horfðist í augu við þverrandi heyrn, auk þess sem ófriðlega lét í heiminum. Laglínurnar eru áleitnar og framvindan spennuþrungin, hvergi er dauður punktur. Tónlistin er oftast hröð, en hljómsveitin var samtaka og leikurinn öruggur. Málmblásararnir voru hreinir, strengirnir þéttir; aðrir hljóðfærahópar voru líka pottþéttir. Túlkunin var ákóf og ástríðuþrungin, ofsinn yfirgengilegur á köflum. Þetta var hrífandi stund. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Konsert eftir Schumann var lélegur og flutningurinn á prýðilegu verki Jónasar Tómassonar var ekki hnökralaus, en Örlagasinfónía Beethovens hitti í mark.



**Baiba Skride, einleikari og Eivind Aadland á æfingu með Sinfóníunni.**




Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins verður haldinn **fimmtudaginn 22. mars 2018** á Icelandair Hótel Reykjavík Natura kl. 17:15.

**Dagskrá**

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2017 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Vakin er athygli á því að framboðum til stjórnar (aðalmenn) skal skila viku fyrir ársfund sjóðsins. Framboðsfrestur til stjórnar rennur út þann **15. mars 2018 kl. 24:00**. Hægt er að senda inn framboð á netfangið almenni@almenni.is.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur konum og þremur körlum. Á ársfundi lýkur kjörtímabili tveggja kvenna og því skal kjósa tvær konur í aðalstjórn. Að auki skal kjósa einn varastjórnarmann.

Ársreikningur sjóðsins, nánari upplýsingar um ársfundinn og breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.

- Hæsta raunávöxtun 2017: 7,9%
- Heildareignir: 209 milljarðar
- 44 þúsund skráðir sjóðfélagar
- 1/3 lágmarksiðgjalds í séreign
- Sjö ávöxtunarleiðir í boði
- Lífeyrissjóður ársins 2017 í Evrópu*

*samkvæmt fagtímaritinu European Pensions

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN

**Nánar á nýjum vef www.almenni.is**



**Edda og Bryndís Halla tóku smá hlé frá spilamennskunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Leika sónötur í rómantískum stíl og líka falleg sönglög Liszts

Sónötur og ljóðræn smálög munu hljóma í Kaldalóni, Hörpu á morgun, sunnudag. Á tónleikum sem hefjast klukkan 17 flytja þær Bryndís Halla Gylfadóttir og Edda Erlendsdóttir verk fyrir selló og píanó eftir Liszt, Bridge og Brahms.

Þegar ég hringi í Eddu segir hún þær akkúrat í þögn í miðri æfingu á einni af sónötum Bridges! Spurð hvort þær kunni þetta ekki allt svarar hún glaðlega: „Það er aldrei góðs viti að þykjast of öruggur en við erum búnar að vinna mjög vel síðan ég kom heim og vorum búnar að taka skorpu fyrr í vetur. Við erum samtaka í að vilja vinna svona verkefni á löngum tíma.

Edda segir tónlistina sem þær eru að æfa ótrúlega fallega. „Sónatan eftir Frank Bridge er samin 1919 í mjög rómantískum stíl og undir áhrifum frá Brahms og Rachmaninoff. Svo eru sönglög sem Liszt útsetti sjálfur fyrir píanó og selló. Þau eru ekkert oft flutt en hann skrifaði mörg falleg sönglög.“

*En það er enginn að syngja með ykkur, eða hvað?* „Nei, það er sellóið sem syngur og ég reyni að vera auðmjúkur meðleikari,“ segir Edda. „Svo er Brahms-sónata eftir hlé. Hún fær að standa alveg sér og ein.“

Edda hefur búið yfir 40 ár í París. Kennt við tónlistarháskólana í Lyon og Versölum og spilað mikið í Frakklandi og víðar í Evrópu. En nú kveðst hún tekin að flakka milli Íslands og meginlandsins. „Þegar ég fór á eftirlaun úti kom upp í hendur mínar spennandi starf sem gestakennari við Listaháskólann hér og svo fleiri verkefni í framhaldinu. Nú er ég að kenna masterklassnemendum í Tónlistarskóla Kópavogs og Nýja tónlistarskólanum, vinna með ungum söngvurum og við Bryndís Halla ætlum að halda þrenna tónleika úti á landi. Nú er vor hér en snjór og kuldi í París og maðurinn minn á leiðinni hingað.“

Tónleikarnir í Kaldalóni tilheyra tónleikaröðinni Sígildir sunnudagar í Hörpu. **gun@frettabladid.is**

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Fullmeyrnað ÍSLENSKT Ungnautakjöt




**4.598** kr. kg

**Íslandsnaut**
Ungnauta Ribeye




**398** kr. 250 ml

**Íslandsnaut Bernaissósa**
250 ml




**1.998** kr. kg

**Íslandsnaut**
Ungnauta Flanksteik

## SAMA VERÐ UM LAND ALLT




1kg

**1.098** kr. 1 kg

**Jarðarber Askja**
1 kg, Spánn



# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **4. mars** eða meðan birgðir endast.




**Fararstjóri:** Vilborg Halldórsdóttir

Í þessari ferð gefst farþegum tækifæri til að skyggnast inn í framandi heim Marokkó. Komdu með og upplifðu borgirnar Marrakech, Essaouira og Agadir í Marokkó!

Marrakech er forn konungsborg sem á rætur sínar að rekja til 11. aldar en dvalið er þar fyrstu 5 næturnar. Í dag er borgin fjórða stærsta borg Marokkó eftir Casablanca, Fez og Tanger. Í borginni er mikið um að vera, þá sérstaklega á miðbæjartorginu Djemaa El Fna en þar er einstök stemming. Sagt er að hvergi í Marokkó finnist betur þessi samruni gamla tímans og nútíma en í Marrakech, borgin dáleiði, töfri og kryddi upplifun þess sem sæki hana heim! Frá Marrakech er ekið til sjávarþorpsins Essaouira, þar sem gist er í 3 nætur.



Essaouira er ein af hafnarborgum Marokkó og í borginni er að finna vel varðveitt borgarvirki frá 18. öld sem er á heimsminjaskrá Unesco. Á slóðum Essaouira fóru fram tökur Orson Welles á kvikmyndinni Óþelló og upp úr 1970 fóru hippar að flykkjast í borgina. Í bænum er gaman að rölta um gamla bæjarhlutann en ólíkt Marrakech er auðvelt að rata um borgina. Essouira er einnig þekkt fyrir áhugaverðar verslanir og hér hefur þróast sérstakur s.k. „naive" myndstíll sem kallast Gnawa og finna má á markaðnum og í galleríum. Eftir dvölina í Essaouria er svo ekið til Agadir.

Agadir borgin er við strandlengju Marokkó en Agadir er stærsti sólstrandarstaður Marokkó. Við dveljum síðustu 3 næturnar í Agadir og þegar komið er til borgarinnar heimsækjum við „Kasbah" sem eru rústir af borgarmúr sem byggður var árið 1540 til varnar Portúgölum. Frá borgarmúrnum er gott útsýni yfir alla borgina. Í Agadir er bæði upplagt njóta alls þess sem borgin hefur upp á að bjóða ásamt því að slaka á í sólinni, fara í arabískt Hammam nudd / gufubað og njóta góða veðursins!

**Frá kr. 254.995 m/hálfu fæði o.fl.**

**Innifalið:** Flug og flugvallarskattar til og frá Agadir, innrituð 23 kg taska og 10 kg handfarangur. Gisting á 4* hótelum í 11 nætur m/ hálft fæði innifalið. Hádegisverður daga 2, 3, 4, 6 og 8. Akstur og kynnisferðir samkvæmt ferðatilhögun. Íslensk fararstjórn miðað við lágmarksþátttöku 20 manns.

Heimsferðir
-fáðu meira út úr fríinu

ENNEMM / SIA • NM86143 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 3. MARS 2018

### Sýningar

**Hvað?** Sýningaropnun: Náttúruskynjun eftir Þórunni Báru
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14
Gallerí Fold kynnir með stolti sýninguna „Náttúruskynjun" eftir Þórunni Báru Björnsdóttur. Þórunn hefur mikinn áhuga á sambandi manns og náttúru, hvernig við skynjum og upplifum náttúruna og áhrif á líkamlega og andlega heilsu okkar. Verk Þórunnar eru oft stór og litrík með óræðum formum, vill hún með þeim sýna okkur að með því að stoppa eitt augnablik muni það draga úr streitu í innra samtali manns við hversdagslega náttúru. Verk hennar vekja áhuga á umhverfisheimspeki og mannkyninu eins og það kemur fyrir. Það er vaxandi vitund um að menn séu óaðskiljanlegur hluti náttúrunnar, þar sem bæði maðurinn og náttúran hafa slæm og góð áhrif hvort á annað. Þau hrikalegu áhrif loftslagsbreytinga á umhverfi okkar er gott dæmi um slæm áhrif sem maðurinn hefur haft á náttúruna í samanburði við þau góðu grös og lækningarmátt sem náttúran hefur gefið okkur í gegnum aldir. Þórunn Bára brýnir fyrir áhorfandanum að raddir listamanna eru þörf til að framkvæma eða leggja áherslu á þessar staðreyndir til að betrumbæta hugsun okkar hvers annars í garð.

### Viðburðir

**Hvað?** Matarmarkaður Búrsins
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Harpa
Matarmarkaður Búrsins í Hörpu alla helgina. Bændur, sjómenn og smáframleiðendur samankomin í Hörpu með alls konar matarhandverk víðsvegar af landinu. Uppruni, umhyggja og upplifun.

**Hvað?** Strandarhreinsun
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Faxaskjól
Sjálfboðaliðar ætla að hittast og hreinsa strandlínuna við Ægisíðu. Hún er full af rusli.

**Hvað?** Hjólreiðaferð á laugardegi
**Hvenær?** 10.15
**Hvar?** Hlemmur
Laugardagsferðir Landssamtaka hjólreiðamanna og Hjólafærni frá Hlemmi. Hist á Hlemmi kl. 10 og hjólað af stað um 10.15. Hjólaðar eru mismunandi leiðir um borgina og höfuðborgarsvæðið eftir rólegum götum og stígum í um 1-2 tíma. Markmiðið er að hittast og sjá og læra af öðrum hjólreiðamönnum hversu auðvelt er að hjóla í borginni.
Ferðin er ókeypis og allir velkomnir. Farið í kaffi í lok ferðar.



Tónlistarskólar halda uppskeruhátíð sína í Eldborg.

**Hvað?** KaKó súkkulaði danspartí
**Hvenær?** 20.08
**Hvar?** Yogavin
Það verður sannkallað KaKó partí. Í boði verður 100% hreint súkkulaði frá Gvatemala sem kitlar hjartarætur og gefur okkur rými til að stíga algjörlega inn í kraftinn sem býr innra með okkur. Einnig verður í boði að fá andlitsmálingu til að fylla fögnuðinn með litum. Tónlistarmaðurinn Óli Hrafn, aka Óló, mun stýra tónlist kvöldsins með seiðandi tónum sem eiga eftir að leiða þig inn í DansAndi töfra. Slepptu takinu á öllu sem þjónar þér ekki lengur og leyfðu flæði dansins að færa þig inn á við. Að lokum verður boðið upp á slökun með heilandi tónum gongs, shaman-trommu og kristalssöngskála. Mælt er með að fasta 2-3 tímum fyrir viðburðinn. Komdu í þægilegum fötum sem þér finnst gott að dansa í. Kvíða- eða þunglyndislyf fara ekki alltaf vel með kakóinu. Viðburðurinn kostar 1.500 krónur. Hægt er að borga við innganginn, aðeins með reiðufé.



**Hvað?** Grettissaga Einars Kárasonar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Landnámssetrið, Borgarnesi
Einar Kárason mun koma fram á Söguloftinu í Landnámssetrinu í Borgarnesi og flytja Grettissögu. Einar er sá listamaður sem hefur verið með flestar frumsýningar í Landnámssetrinu. Þetta verður hans sjötta sýning hjá okkur, en mörgum er í fersku minni frábær flutningur hans á Skáldinu Sturlu og Óvinafagnaði. Hann er fyrir vikið orðinn jafn virtur sem sögumaður og rithöfundur. Nú ætlar hann að segja okkur eina vinsælustu Íslendingasöguna, söguna um ógæfumanninn Gretti Ásmundsson.

Miðaverð kr. 3.500 og 3.000 fyrir hópa 10+, eldriborgara. námsmenn og börn.

**Hvað?** Háskóladagur HÍ
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskóli Íslands
Bragðlaukaþjálfun, örnámskeið í rússnesku, mögnuð sýning hjá Sprengjugenginu og jarðskjálftaborð sem hermir eftir Suðurlandsskjálftanum 2008 auk kynningar á um 400 námsleiðum í grunn- og framhaldsnámi er meðal þess sem í boði verður í Háskóla Íslands þegar Háskóladeginum verður fagnað. Háskólinn opnar dyr sínar upp á gátt fyrir landsmönnum öllum á Háskóladeginum og býður upp á ótal viðburði, kynningar og uppákomur sem sýna nám, nýsköpun, rannsóknir og vísindi í litríku og lifandi ljósi. Á staðnum verða vísindamenn, kennarar og nemendur úr öllum deildum háskólans sem svara spurningum um allt milli himins og jarðar. Margþætt þjónusta skólans, félagslíf og starfsemi verður kynnt og hægt að skoða rannsóknarstofur, tæki og búnað.

**Hvað?** Kynjaþing 2018
